**allt**
**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
*Marsipansamkeppni á aðventunni*
jólin koma • bílar • ferðir
**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**KIND**
**HÖNNUÐIRNIR SUNNEVA VIGFÚSDÓTTIR OG MARÍA ÓLAFSDÓTTIR**
*Hanna mokkajakka undir nafninu Kind*
FÓLK 58



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

14. desember 2005 — 338. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

### Jólablóm og túlipanar



Myndlistarmaðurinn Pétur Gautur er kominn í jólaskapið og opnar sýningu á vinnustofu sinni næsta laugardag.
MENNING 41

### Diddú og drengirnir



Í níu ár hefur Sigrún Hjálmtýsdóttir komið fram á tónleikum skömmu fyrir jól með Blásarasextett Mosfellsbæjar.
MENNING 40

### Að kjósa sér ríkisstjórn

Ólafur Hannibalsson segir að þorri landsmanna hafi lengi skynjað að Framsóknarflokkurinn eigi ekkert erindi við kjósendur í dag.
Í DAG 30

### Úrvalsdeildarliðin fá allan pakkann



Forráðamenn neðri deildarfélaga í íslenskri knattspyrnu eru ekki sáttir við þá ákvörðun KSÍ að skipta 50 milljón króna styrk frá UEFA aðeins á milli félaga í efstu deild.
ÍÞRÓTTIR 50

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐAST VÆTA** en þó ekki fyrir austan þar sem búast má við björtu veðri með köflum. Lægir með kvöldinu. Hiti 3-8 stig á láglendi.

# Skyrdrykkja veldur skorti á nautakjöti

**Svo mikill skortur er á innlendu nautakjöti að Sláturfélag Suðurlands og Ferskar kjötvörur eiga ekki nautakjöt í hakk og hamborgara. Ástæðurnar eru tvær, offramboð nautakjöts fyrir tveimur árum og vinsældir skyrdrykkja.**

**KJÖTFRAMLEIÐSLA** Skortur er á íslensku nautakjöti og þá sérstaklega kjöti í hakk. Auka þyrfti framboð um þrjú til fjögur prósent til að mæta eftirspurninni.

Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, segir að hann eigi ekki til eitt einasta kíló til að selja stórviðskiptavinum á borð við Hagkaup og Bónus. Undir þetta tekur Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

Leifur segir ástandið óvenjuslæmt. „Ástandið hefur verið slæmt á köflum en nú hefur keyrt um þverbak,“ segir hann.

Nautakjötsskorturinn hefur verið viðvarandi í að minnsta kosti eitt ár og virðist einkum eiga við um Suðurland þar sem tvær kjötvinnslur eru á sama svæðinu í samkeppni við Mjólkurbú Flóamanna sem hefur slegið í gegn og náð góðum árangri í sölu á skyri og skyrdrykkjum.

Búast má við að eftirspurn eftir innlendu nautakjöti tvöfaldist milli jóla og nýárs því að neytendur leita gjarnan í ferska kjötið um nýárið, en í ár verður lítið nautakjöt á markaðnum þó að innflutningur á nautalundum geti mætt eftirspurninni að mestu þar.

Innflutningur var nýlega leyfður á 35 tonnum af nautahakki en Leifur telur að það sé bara „dropi í hafið“ auk þess sem sá innflutningur sé ekki enn hafinn. „Ráðuneytið vill sjá hvað þessi 35 tonn gera fyrir markaðinn. Það er enginn skilningur á því að markaðinn vantar hakkefni, kjöt til að hakka og búa til hakk, hamborgara og þess háttar,“ segir Leifur.

Steinþór segir að ástæðurnar fyrir skortinum séu einkum tvær. Offramboð á nautakjöti fyrir tveimur til þremur árum hafi orðið til þess að bændur drógu úr nautakjötsframleiðslu. Sá samdráttur sé að koma fram núna. Þá hafi nytin aukist verulega þannig að færri kýr þurfi til að anna eftirspurn eftir mjólk. Bændur haldi kúnum í mjólkurframleiðsu, kálfum fækki og framboðið á kýrkjöti og ungnautakjöti hafi minnkað. Þá jaðri við að vera skortur á mjólk en góður árangur hafi náðst í sölu á skyri og skyrdrykkjum.

Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að framboð og eftirspurn eftir nautakjöti sé í jafnvægi hjá Norðlenska.
**- ghs**



**GLUGGAÞVOTTUR Á AÐVENTUNNI** Það eru ekki bara jólasveinarnir sem þurfa að klifra upp í húsglugga landsins þessa dagana. Sigvaldi Snær Kaldalóns hefur þvegið glugga í rúm 40 ár og var í gær í óða önn að gera glugga Landsbankans á Laugavegi fína fyrir jólahátíðina. Sigvaldi raular jafnan lagstúf fyrir munni sér við iðju sína enda barnabarn nafna síns tónskáldsins. Vel viðraði til gluggaþvotta í Reykjavík í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimmtíu milljónir til uppbyggingar fangelsa á fjárlögum 2006:

# Tólf fangar í ónýtu fangelsi

**FANGELSISMÁL** Tólf fangar sitja nú í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg, sem rekið hefur verið á undanþágum um áratuga skeið. Í bráðabirgðaskýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins segir það óásættanlegt að gæsluvarðhaldsfangar skuli vistaðir þar, enda standist það engan veginn þær kröfur sem nú séu gerðar til slíkra fangelsa.

Þetta kemur fram í nýrri greinargerð um stöðu fangelsismála hér á landi, sem forstjóri Fangelsismálastofnunar, Valtýr Sigurðsson, hefur tekið saman. Þar kemur einnig fram að fangelsið í Kópavogi sé allsendis ófullnægjandi til að hýsa kvenfanga í langri afplánun. Að auki eigi það að hverfa á næstu árum samkvæmt skipulagi Kópavogsbæjar. Í því fangelsi dvelja nú tíu fangar.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar bendir á að í ítarlegri skýrslu Stefáns P. Eggertssonar verkfræðings um uppbyggingu fangelsanna, sem hann vann fyrir dómsmálaráðuneytið, hafi verið talið að 266 milljónir króna þyrfti á árinu 2006 til fangelsismála. Í nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi séu taldar fram 50 milljónir króna til að hefja framkvæmdir á Akureyri, auk þess sem gert sé ráð fyrir að framkvæmdir við Kvíabryggju verði fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum. Þær upphæðir nema 27 milljónum króna, samkvæmt upplýsingum forstjórans. Hann segir enn fremur að ekki sé hægt að leggja Hegningarhúsið niður fyrr en fangelsið á Hólmsheiði verði tilbúið. Áætlanir gera ráð fyrir að það verði fyrir árslok 2009. Undanþága fyrir Hegningarhúsið rennur hins vegar út í febrúar 2006.
**- jss**



**SÓTSVARTUR SJÓNDEILDARHRINGUR** Slökkt var í leifum síðasta olíugeymisins síðdegis í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Buncefield-olíubirgðastöðin:

## Slökkvistarfi loksins lokið

**HEMEL HEMPSTEAD, AP** Slökkviliðsmönnum tókst í gær að slökkva síðustu eldana sem loguðu í tönkum Buncefield-olíubirgðastöðvarinnar norður af Lundúnum.

Talið er að rífa þurfi á annan tug húsa í nágrenninu sem stórskemmdust í mikilli sprengingu sem varð í stöðinni á sunnudagsmorguninn. Talið er að óhapp hafi valdið sprengingunni og eldunum í kjölfarið en öllum möguleikum er þó haldið opnum. 43 slösuðust, þar af tveir alvarlega. Rýma þurfti fjölmörg íbúðarhús skammt frá stöðinni en íbúar þeirra fengu að snúa til síns heima í gær. ■

Jólabækurnar í sölu:

## 100 prósent verðmunur

**VERÐKÖNNUN** Allt að 100 prósent verðmunur var á jólabókum í gær að því er fram kemur á fréttavef ASÍ. Þetta eru niðurstöður verðlagseftirlits ASÍ í fjórtán verslunum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Bónus var oftast með lægsta verðið á 26 titlum af 36 en oft var lítill verðmunur milli Bónuss og Nettós eða innan við 10 krónu munur á 20 af þeim 29 titlum sem til voru í báðum verslununum í Reykjavík. Mesti verðmunurinn var 65 krónur.

Griffill var oftast með hæsta verðið. Ekki er tekið tillit til þess að í Griffli er tilboð á bókum. **- ghs**

**> Markaðurinn**
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


MARKAÐURINN
Fimm með yfir fimm prósent í SPRON
Bykofjölskyldan til liðs við Eyri





## SPURNING DAGSINS

*Hjalti, er nokkuð mál að gera mynd um Jón Pál?*

„Já, ég þarf að hafa mig allan við.“

Hjalti Úrsus Árnason er með í bígerð heimildarmynd um kraftajötuninn Jón Pál Sigmarsson heitinn.

Ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hófst í gær:

# Mótmælendur lömdu lögreglu

**HONG KONG, AP** Til átaka kom á milli nokkurra tuga mótmælenda og lögreglu við upphaf ráðherrafundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO í Hong Kong í gær.

Eftir að friðsamlegri kröfugöngu lauk í gærmorgun þar sem 4.500 manns fylktu liði reyndu rúmlega sjötíu suðurkóreskir bændur að brjóta varnarlínu lögreglunnar umhverfis fundarstað erlendu sendinefndanna í borginni. Þeir létu höggin dynja á lögreglumönnum með bambusstöfum sem svöruðu að bragði með því að sprauta á þá piparúða.

Áður en til þessarar snerru kom stukku um eitt hundrað Suður-Kóreumenn ofan í eina af höfnum borgarinnar og freistuðu þess að synda til ráðstefnuhallarinnar. Áður en þeir komust á leiðarenda voru þeir hins vegar veiddir upp úr vatninu af lögreglumönnum á bátum.



**HANDALÖGMÁL** Mótmælendur huldu andlit sín með grímum til að verjast piparúða lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suðurkóresku bændurnir óttast að kröfur WTO um að hrísgrjónamarkaðir landsins verði opnaðir muni ganga af stétt þeirra dauðri.

John Tsang, viðskiptamálaráðherra Hong Kong, kvaðst harma átökin og varaði óeirðaseggina við að tekið yrði á þeim af hörku. Einn leiðtogi mótmælendanna sagði hins vegar að þeir væru hvergi nærri hættir aðgerðum sínum.

Á fundinum var fyrirhugað að ljúka svonefndri Doha-samningalotu sem miðar að því að draga verulega úr hvers kyns tollamúrum og niðurgreiðslum en ekki er búist við að mikill árangur verði af viðræðunum. **- shg**

Ótti við útbreiðslu sjúkdóma:

# Svíar bregðast við farsóttum

**SVÍÞJÓÐ** Svíar ætla að koma sér upp verksmiðju til að framleiða efni til bólusetninga fyrir árið 2010. Verksmiðjan er hluti af viðbragðsáætlun Svía ef farsótt á borð við fuglaflensu brýst út. Ríkisstjórnin mun ræða við fulltrúa alþjóðlegra lyfjarisa um samstarf.

Á vefútgáfu Dagens Nyheter kemur fram að áætlað sé að verksmiðjan kosti um 10 milljarða sænskra króna og að ekki sé endanlega frágengið hversu mikið Svíar muni greiða og hvort aðrar þjóðir taki þátt í að byggja verksmiðjuna. **- ghs**



**Á IÐUFELLI** Sextugur maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna ræktunar á marijúana. MYND/SUNNLENSKA

Marijúana á Selfossi:

# Maður í viku gæsluvarðhald

**LÖGREGLA** Á annað hundrað kannabisplöntur og fimm kíló af marijúana fundust við húsleit á ferðaþjónustubænum Iðufelli í Laugarási í gær. Þetta er einn stærsti fíkniefnafundur lögreglunnar á Selfossi hvað magnið varðar. Söluverð fíkniefnanna er 3.000 til 3.500 krónur grammið komið á götunni.

Lögregla hefur handtekið einn mann vegna málsins og óskað eftir að hann verði úrskurðaður í viku gæsluvarðhald. Maðurinn hefur áður verið ákærður fyrir tryggingasvik og íkveikjutilraun í húsi á Stokkseyri og verður það tekið fyrir í dómi á næstunni. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Ásakanir um leynifangelsi trúverðugar

**Svissneskur öldungadeildarþingmaður sem rannsakað hefur ásakanir um fangaflutninga og leynifangelsi CIA fyrir Evrópuráðið segir þær trúverðugar í nýútkominni skýrslu sinni. Hann átelur bandarísk stjórnvöld fyrir þögn sína.**

**MANNRÉTTINDI** Dick Marty, öldungadeildarþingmaður frá Sviss, segir í skýrslu sinni fyrir Evrópuráðið að ásakanir um leynifangelsi og fangaflutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA séu trúverðugar. Hann segir þó engin slík fangelsi starfrækt í Evrópu í dag. Marty kynnti niðurstöður bráðabirgðaskýrslu sinnar fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins í gær en hann var fenginn til að kanna hvort fótur væri fyrir því að CIA flytti grunaða hryðjuverkamenn um evrópska flugvelli í leynileg fangelsi til yfirheyrslna í trássi við alþjóðalög. Í skýrslunni segir Marty að „upplýsingar sem safnað hefur verið fram á þennan dag renni stoðum undir trúverðugleika ásakananna um flutninga og tímabundið varðhald einstaklinga, án dóms og laga, í evrópskum ríkjum.“

Á blaðamannafundi í kjölfarið sagði Marty telja að engin leynifangelsi væru ennþá starfrækt í álfunni heldur hefði þeim verið lokað í kjölfar frétta af málinu og fangarnir fluttir til Norður-Afríku, að líkindum til Marokkó.

Engin Evrópulönd voru sérstaklega nefnd í skýrslunni. Þar segir samt að „þótt of snemmt sé að staðhæfa að ríkisstjórnir landanna sem í hlut eiga hafi haft vitneskju um eða tekið þátt í ólöglegu athæfi er alvara ásakananna svo mikil og vísbendingarnar svo eindregnar að rétt sé að halda ítarlegri rannsókn áfram.“

Marty fer hörðum orðum um bandarísk stjórnvöld í skýrslunni og bendir á að þau hafi aldrei neitað ásökununum. „Skýrsluhöfundur vill lýsa vanþóknun sinni á að Rice gaf engar upplýsingar eða útskýringar um málið í Evrópuför sinni,“ segir í skýrslunni og er þar átt við Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.




**Á FUNDI MANNRÉTTINDANEFNDARINNAR** Að sögn Dicks Marty flutti CIA alla sína fanga frá Evrópu til Marokkó þegar umræður um leynifangelsin komu upp í síðasta mánuði. MYND/AP

Rannsókn málsins mun halda áfram og hefur Marty meðal annars farið fram á að fá gervihnattamyndir af tveimur herflugvöllum í Rúmeníu og Póllandi en mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa haldið því fram að þar hafi leynifangelsin verið starfrækt. **sveinng@frettabladid.is**



**ÞEGAR NEYÐIN ER STÆRST** Hundruð milljarða króna berast til Afríku frá innflytjendum sem fengið hafa störf í Evrópu. NORDICPHOTOS.AFP

Innflytjendur á Spáni:

# Senda fúlgur til síns heima

**SPÁNN** Afrískir innflytjendur á Spáni senda sem svarar til 24 milljarða króna af launum sínum hvert ár til ástvina sinna í heimalöndum sínum og lina þannig þjáningar og fátækt hjá hálfum milljarði manna.

Þetta er niðurstaða rannsóknar sem spænsk stofnun í alþjóðamálum lét gera. Þar kemur auk þess fram að gera megi því skóna að þetta fé, og annað það sem berst frá innflytjendum í öðrum vestrænum löndum, geri meira fyrir fátæka íbúa í mörgum ríkjum álfunnar en sú neyðarhjálp er þjóðir heims senda reglulega til Afríku þar sem fleiri milljónir manna lifa á 60 krónum eða minna hvern dag. ■

## BANASLYS

**Nafn hins látna** Maðurinn sem lést í umferðarslysi á hringveginum við Sætún í Svalbarðsstrandarhreppi hét Sigurður Arnar Róbertsson. Hann var fæddur árið 1967 í Reykjavík en búsettur að Laxagötu 6 á Akureyri. Sigurður lætur eftir sig þrjú börn. Bifreið sem hann ók lenti út af hringveginum að morgni mánudagsins 12. desember, hafnaði á hvolfi og kom eldur upp. Vegfarendum sem komu að bílnum tókst ekki að slökkva eldinn með handslökkvitæki. Þegar lögregla og Slökkvilið Akureyrar komu á staðinn var Sigurður látinn.





JÖRUNDUR HUNDADAGA-KONUNGUR

Ævintýramaðurinn sem lagði Ísland undir sig.

Lygilegri en nokkur skáldskapur.

Frábær ævisaga.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 - Reykjavík
s. 5528866 - skrudda@skrudda.is


Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson verður gefin út í Þýskalandi:

# Metverð fyrir útgáfurétt

**BÆKUR** Þýskt útgáfufyrirtæki hefur keypt útgáfuréttinn að skáldsögu Árna Þórarinssonar, Tíma nornarinnar, í Þýskalandi fyrir 2,3 milljónir króna. Útgáfufyrirtækið JPV, sem gefur bækur Árna út, segir það metfé fyrir íslenska bók.

Um er að ræða fyrirtækið Droemer Knaur sem er eitt hið öflugasta í Þýskalandi. Tvö önnur forlög sýndu einnig mikinn áhuga á bók Árna.

Sjálfur segir Árni að þetta hafi komið honum á óvart. „Það er greinilegt að áhrif Arnalds Indriðasonar eru mikil og hann hefur rutt glæpaskáldsögum ákveðna braut í Þýskalandi. Ég er að vonum ánægður með árangurinn og tel ljóst orðið að Jóhann Páll Valdimarsson sé ansi góður sölumaður.“

Tími nornarinnar er fjórða skáldsaga Árna en fyrsta bók hans, Nóttin hefur þúsund augu, var einnig gefin út í Þýskalandi. „Það var með litlum árangri og það forlag fór á hausinn skömmu síðar. Þessi nýi samningur er hins vegar mikil búbót og hver veit nema pakkarnir undir jólatrénu þessi jólin verði stærri en ella fyrir vikið.“ **- aöe**



**HRÓÐUR ÍSLENSKRA RITHÖFUNDA EYKST ENN** Fjórða bók Árna Þórarinssonar, Tími nornarinnar, hefur verið seld fyrir 2,3 milljónir til Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GOTT FÓLK McCANN

# ÁST ER...

## AÐ BREYTAST Í PRINSESSUR, KÓNGSSYNI OG GALDRAKARLA Á HVERJU KVÖLDI

Því það er ómetanlegt að leiða dóttur sína á vit spennandi ævintýra og setja þannig punktinn aftan við skemmtilegan dag.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ LÍF

SVO AÐRIR GETI TREYST Á ÞIG

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,88 | 63,18 |
| Sterlingspund | 111,16 | 111,7 |
| Evra | 74,94 | 75,36 |
| Dönsk króna | 10,057 | 10,115 |
| Norsk króna | 9,401 | 9,457 |
| Sænsk króna | 7,936 | 7,982 |
| Japanskt jen | 90,08 | 90,62 |
| SDR | 88,46 | 89,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*
105,4811

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ástralska lögreglan grípur til aðgerða eftir uppþot og ólæti:

# Hart tekið á kynþáttahöturum

**ÁSTRALÍA, AP** Lögreglan í Sydney í Ástralíu hefur fengið aukin völd til að berjast gegn óeirðaseggjum sem hafa sett allt á annan endann í kynþáttaóeirðum í suðurhluta borgarinnar undanfarna tvo daga.

Óeirðirnar hófust á sunnudaginn þegar um fimm þúsund manns gerðu aðsúg að nokkrum mönnum sem eiga ættir að rekja til Mið-Austurlanda. Talið er að ástæður átaka megi rekja til þess að viku áður voru tveir lífverðir á Cronulla-ströndinni í Sydney barðir af mönnum sem var lýst af vitnum sem arabískum í útliti.

Í gær slösuðust sjö manns í áframhaldandi átökum og ellefu óeirðaseggir voru settir í gæsluvarðhald.

„Lögreglan verður kölluð á neyðarfund á fimmtudaginn og henni verður veitt aukið svigrúm til að fást við glæpamennina sem hafa valdið óeirðunum í borginni,“ sagði Morris Iemma, leiðtogi ríkisstjórnarinnar í Nýja Suður-Wales í Ástralíu.

Einnig hefur verið ráðist á fjölskyldur frá Mið-Austurlöndum í Perth í vesturhluta Ástralíu og á líbanskan leigubílstjóra í Adelaide í Suður-Ástralíu. Talið er að rekja megi þær árásir til kynþáttaóeirðanna í Sydney. - sk



**HITI Í MÖNNUM** Lögregla hefur ákveðið að taka þá sem efnt hafa til óspekta að undanförnu föstum tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir þurfa að borga sektir:

# Komu með hass frá Köben

**DÓMSMÁL** Tveir menn, 21 og 22 ára, hafa verið dæmdir til að borga sektir vegna hass sem fannst falið í farangri þeirra í Leifsstöð við komuna frá Kaupmannahöfn 12. ágúst síðastliðinn. Sá yngri var með 42 grömm í farangri sínum og þarf að greiða 154.000 krónur í sekt, en hinn var með 66 grömm í sínum farangri og var gert að greiða 226.000 krónur. Mennirnir játuðu báðir brot sitt greiðlega fyrir dómi. Sævar Lýðsson, fulltrúi sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, sótti bæði málin, en í þeim var dæmt á mánudag í Héraðsdómi Reykjaness. Dómari var Guðmundur L. Jóhannesson. - óká

Lundúnalögreglan:

# Kom í veg fyrir þrjár árásir

**BRETLAND** Lögreglan í Lundúnum hefur þrívegis komið í veg fyrir hryðjuverkaárásir síðan tilraun til slíkra árása var gerð þann 21. júlí síðastliðinn. Hálfum mánuði áður fórust 56 manns í árásum á samgöngukerfi borgarinnar.

Þetta kom fram í máli Ians Blair, lögreglustjóra Lundúnalögreglunnar, á blaðamannafundi í fyrrakvöld. Hann varaði þó við því að hættan væri vissulega enn til staðar.

Fimmmenningarnir sem stóðu fyrir árásunum misheppnuðu hafa verið ákærðir og er búist við að réttarhöld í máli þeirra hefjist í september á næsta ári. ■



**FJALLABÍLLINN** Bílilnn fannst við Rauðavatn og allt nýtilegt hafði verið tekið úr honum.

Strípaði jeppinn við Rauðavatn:

# Einn grunaður um þjófnaðinn

**LÖGREGLA** Lögreglan á Selfossi handtók í fyrrinótt mann á þrítugsaldri sem liggur undir grun um að hafa stolið fjallajeppa í Breiðholti í síðustu viku.

Bíllinn, sem er af Nissan Patrol-gerð, fannst við Rauðavatn og eins og greint var frá í Fréttablaðinu hafði allt laust sem fast verið hirt úr bílnum.

Að sögn eiganda bílsins var það glöggt auga vegfaranda sem leiddi til handtöku hins grunaða, hann hafði séð til ferða bílsins eftir að sagt var frá þjófnaðinum. - sk

# Óviðunandi árangur í byggðapólitík

**Árangur stjórnvalda er rýr og jafnvel óviðunandi í byggðamálum segir í umsögnum um framvindu byggðaáætlunar 2002 til 2005. Meginmarkmið í áætluninni eru sögð skýrari nú en í fyrri áætlunum. Þó skorti á að þeim sé fylgt eftir.**

**STJÓRNMÁL** Aðgerðir í byggðamálum frá árinu 2002 hafa ekki skilað nægum árangri á nokkrum landsvæðum, svo sem á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, norðausturhorninu og sunnanverðum Austfjörðum.

Þetta kemur fram í mati Byggðastofnunar á framvindu byggðaáætlunar árin 2002 til 2005, sem Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi fyrir helgina.

Í umsögn Byggðastofnunar segir að við þessu þurfi að bregðast, en það hafi verið gert að nokkru leyti, svo sem með gerð vaxtarsamnings fyrir Vestfirði. Einnig sé unnið að slíkum samningum fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar.

Stofnunin leitaði álits hjá atvinnuþróunarfélögum og sveitarfélögum víða um land þegar aflað var gagna um framvinduna undanfarin ár.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Umsagnir bera með sér að byggðamarkmiðin séu góð en talsvert skorti á framkvæmdir.

Í samantekt Byggðastofnunar kemur fram að meginmarkmið byggðaáætlunar hafi verið skýrari nú en í fyrri áætlunum enda gætti þar langtímamarkmiða. „Hins vegar kemur einnig fram það sjónarmið að þrátt fyrir að markmið byggðaáætlunar séu góð hafi nokkuð skort á að þeim hafi verið fylgt eftir með framkvæmdum.“

Efling byggðarlaga með mesta aðdráttaraflið er sagt umdeilt markmið og nokkur sveitarfélög telja sig afskipt í byggðaaðgerðum.

Umsagnir af Vesturlandi bera með sér að hlutur landshlutans í byggðaáætlun hafi verið rýr. Vestfirðingar benda á að aðgerðir hafi ekki náð að stöðva fækkun íbúa og starfa og árangur sé að því leyti ekki viðunandi. Þó bindi þeir vonir við nýjan vaxtarsamning.

Í umsögnum frá Norðurlandi vestra segir að landshlutinn hafi verið afskiptur í aðgerðum stjórnvalda í byggðamálum. Markmið byggðaáætlunar séu raunhæf en skort hafi aðgerðir.



**VESTMANNAEYJAR** Bæjaryfirvöld Vestmannaeyjabæjar gagnrýna stjórnvöld fyrir að nýta ekki möguleika til að flytja opinber störf út á landsbyggðina og hefðu sjálf viljað fá Vaktstöð siglinga.

Umsögn er jákvæðari af Eyjafjarðarsvæðinu en þó eru stjórnvöld gagnrýnd fyrir að hafa ekki staðið sig sem skyldi við flutning starfa í opinberri þjónustu til svæðisins.

Samband sunnlenskra sveitarfélaga taldi í umsögn sinni þörf á að móta sérhæfða byggðastefnu fyrir hvern landshluta.

Þótt umsagnir í skýrslu ráðherra byggðamála séu að þessu leyti neikvæðar er vakin athygli á því að íbúaþróun hafi verið hagstæðari undanfarin ár en áður og atvinnuleysi minna. Engu að síður hafi atvinnutekjur ekki aukist á landsbyggðinni jafn mikið og á höfuðborgarsvæðiðnu.

Sjá síðu 26

johannh@frettabladid.is



**ÞÚSUNDASTI ÍBÚINN** Alexandra Líf, þúsundasti íbúi Voga, fékk glaðning frá hreppsnefndinni. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Íbúarnir orðnir eitt þúsund:

# Íbúum fjölgar um þriðjung

Íbúatal Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps afhenti þúsundasta íbúa sveitarfélagsins glaðning í tilefni tímamótanna.

Þúsundasti íbúinn fæddist 10. nóvember síðastliðinn og heitir Alexandra Líf Ingþórsdóttir.

Á heimasíðu sveitarfélagsins, vogar.is, kemur fram að í kjölfar átaksins „Vogar færast í vöxt“ hafi fólksfjölgun verið ör í sveitarfélaginu á síðustu árum.

Á vefsíðunni kemur einnig fram að íbúum þar hafi fjölgað um rúm 32 prósent á síðustu sjö árum. - sk

## BANDARÍKIN

**Mæðgur reka vændishús** Mæðgur í San Antonio í Texas hafa verið handteknar fyrir að reka vændishús í íbúðarhverfi í borginni. Nágrannar kvennanna tóku eftir tíðum mannaferðum og skynjuðu að ekki var allt með felldu. Þegar lögreglan kom á svæðið báru þær af sér allar sakir, þær starfræktu einungis nuddstofu.

## PALESTÍNA

**Átök á Vesturbakkanum** Þrír særðust þegar ísraelskir hermenn skutu á hóp palestínskra mótmælenda í borginni Nablus á Vesturbakkanum í gærmorgun. Tveir mannanna eru sagðir alvarlega særðir. Talsmaður Ísraelshers neitaði að staðfesta skotárásina en sagði hins vegar tvo hermenn hafa særst af völdum sprengna sem kastað hafi verið að þeim í átökunum í morgun.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASAMT Í KORTUNUM** Kári verður nokkuð kröftugur í dag. Lætur að sér kveða víða um land, einkum fyrripartinn og fyrir austan. Þegar líður á daginn dregur úr þessum vindi, fyrst á Vestfjörðum. Það er lægð fyrir norðan land sem þessu veldur og henni fylgir úrkoma sem smám saman dregur úr.

**BORGIN Í DAG** Fremur stíf suðvestanátt. Rigning eða skúrir. Dregur úr vindi síðdegis og úrkomu í kvöld. Milt.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C heiðskírt | París | 6°C heiðskírt | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | -6°C hálfskýjað | Berlín | 6°C alskýjað | Mílano | 10°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 1°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | New York | 1°C heiðskírt |
| Helsinki | -1°C heiðskírt | Madríd | 11°C heiðskírt | San Francisco | 15°C hálfskýjað |
| London | 6°C alskýjað | Barcelona | 11°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 22°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Hagkaup
bjóða einfaldlega meira úrval
Héri
Kengúra
Dúfa
Kanína
Kálfasteik
Dádýr
Andabringur
Kalkúnaskip smjörsprautað
Fasani
Lynghænur
Rjúpa skosk
Akurhæna
Villiönd
Einiberja hátíðarlambalæri
Marineraðar kjúklingabringur
Krónhjörtur
Aligæs
Hreindýrasteik
Fasana bringur
Önd
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Á að setja íslensk lög um kynjakvóta?*

Já 19,3%

Nei 80,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að eftirlitsmyndavélar verði settar upp á Laugaveginum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Þingmaður sendir ríkislögreglustjóra bréf vegna ummæla um Byggðastofnun:

# Vill láta rannsaka forstjóra

**STJÓRNMÁL** Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sendi Haraldi Jóhannessen ríkislögreglustjóra bréf síðastliðinn mánudag þar sem farið er fram á að rannsakað verði hvað hæft sé í fullyrðingum Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um störf fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar.

Ummæli Kristins komu fram í viðtali við hann á Útvarpi Sögu 28. nóvember síðastliðinn og snúast um embættisfærslu Theodórs A. Bjarnasonar, en við hann var gerður starfslokasamningur eftir að ráðherra byggðamála hafði gert honum grein fyrir því að hann yrði áminntur.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON, FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM** Magnúsi finnst ummæli Kristins H. Gunnarssonar gefa tilefni til lögreglurannsóknar.

Kristinn segist standa við allt sem hann sagði í umræddu viðtali. Hann lét meðal annars þau orð falla að forstjórinn hefði selt í heimildarleysi hlutabréf í eigu stofnunarinnar, ráðið starfsmenn án heimildar, haldið erindum frá stjórn og stjórnarformanni Byggðastofnunar, sem þá var Kristinn H. Gunnarsson. Auk þess hefði forstjórinn látið Byggðastofnun greiða hlut í húsi sínu á Sauðárkróki þrátt fyrir að samist hefði um að hann gerði það sjálfur. Kristinn segir þetta aðeins nokkur dæmi. Stjórnvöld gerðu nærri 20 milljóna krónu starfslokasamning við forstjórann í júní 2002.

Magnús Þór sendi ríkislögreglustjóra afrit af umræddu viðtali og biður um rannsókn málsins. - jh

Efnahagsstefna stjórnarinnar:

## Danska þjóðin fær jólagjöf

**DANMÖRK** „Ég undrast að það virðist vekja meiri athygli að vinna verðlaun á sundmóti en að við sláum hvert metið í efnahagsstjórn á fætur öðru,“ segir Thor Pedersen, fjármálaráðherra Danmerkur.

Hann tilkynnti í gær að danskar fjölskyldur megi eiga von á að fá allt að 200 þúsund krónum meira í sinn vasa á næsta ári vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Segir hann efnahaginn svo sterkan að stærri verði jólagjafirnar vart undir dönskum jólatrjám enda sé atvinnuleysi í lágmarki, útflutningur í hámarki og verðbólga með því minnsta sem gerist. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Krafði eiganda hunds um lausnargjald** Maður í smábæ í Wisconsin gerði sér lítið fyrir og nam bolabít á brott á meðan eigandinn var í kirkju. Hann setti auglýsingu í blöðin þar sem tólf þúsund króna lausnargjalds var krafist en þegar eigandinn hringdi snarhækkaði hann gjaldið. Lögregla hefur handtekið þennan óprúttna hundsþjóf.

### SVÍÞJÓÐ

**Féfletti fólk á netinu** Maður í vesturhluta Svíþjóðar hefur verið handtekinn fyrir að féfletta fólk. Vefmiðlinn DN sagði í gær að maðurinn hefði svarað auglýsingum eftir tónleikamiðum og ferðagjafakortum á netinu og sagst myndu senda miðana eða gjafakortin í pósti eftir að búið væri að millifæra á reikning sinn. Það gerði hann aldrei.









# Skipstjórinn sagður hafa verið drukkinn

**Lögregla hefur lokið rannsókn sinni á sjóslysinu á Viðeyjarsundi aðfaranótt 10. september. Karl og kona létust í slysinu. Hjón, eigendur bátsins, björguðust ásamt syni þeirra á ellefta ári. Leita þurfti að líki mannsins sem drukknaði.**

**LÖGREGLA** Niðurstaða rannsóknar lögreglu á sjóslysinu á Viðeyjarsundi þar sem skemmtibáturinn Harpa steytti á skeri er að Jónas Garðarsson, eigandi bátsins, hafi einn verið við stjórn hans. Lögregla segir staðfest að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Í slysinu fórust karl og kona. Jónas er formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og þekktur fyrir störf sín að verkalýðsmálum.

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir málið nú á forræði lögfræðideildar Reykjavíkurlögreglunnar. „Næsta skref er að meta hvort einhver verði dreginn til ábyrgðar,“ segir hann, en jafnvel kemur til greina að málið verði sent ríkissaksóknara vegna alvarleika þess. „En þá aldrei nema með tillögum frá okkur,“ bætir hann við.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**REYKJAVÍKURHÖFN AÐFARANÓTT 10. SEPTEMBER** Mikill viðbúnaður var bæði hjá björgunarsveitum og lögreglu þegar skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri. Mikael R. Ólafsson björgunarsveitarmaður og kafari, sést hér taka við búnaði.



**HARPA** Báturinn sökk eftir að honum var siglt frá Skarfaskeri.

Í bátnum sem fórst var GPS-staðsetningarbúnaður sem skráði staðsetningu, tíma, stefnu og hraða bátsins. Lögregla segir ferð bátsins kvöldið sem slysið varð hafa hafist nokkru eftir klukkan sjö. Lagt var upp frá Snarfarahöfn og siglt um ytri höfnina og inn á Reykjavíkurhöfn, Gömlu höfnina. „Þaðan var siglt út á Sundin, m.a. með viðkomu í Þerney, þar var viðdvöl í 1 klst. og 40 mínútur. Síðar lá leiðin inn Elliðavog þar sem m.a. var lagst að bryggju í Bryggjuhverfinu um kl. 22.47. Þaðan er siglt af stað aftur um kl. 00.55,“ segir í tilkynningu lögreglu, en síðasti hluti siglingarinnar var um Viðeyjarsund til vesturs. „Út af Laugarnesi var stefnunni breytt, snúið við og siglt til baka. Þá var klukkan orðin rúmlega hálf tvö um nóttina, rigning og myrkur. Eftir að bátnum var snúið við var honum siglt á auknum hraða og samkvæmt GPS-tækinu var báturinn á 17 hnúta hraða þegar hann lenti á Skarfaskeri um kl. 01.38.“ Sautján hnútar jafngilda um 31 kílómetra hraða á klukkustund.

Eftir að báturinn hafði verið kyrr við eða á skerinu í 20 mínútur var honum siglt frá því og áfram áleiðis austur Viðeyjarsund. „Vegna skemmda sem hlutust af ásiglingunni var kominn leki að bátnum, honum hvolfdi og hann sökk, eftir að hafa verið siglt nokkur hundruð metra í austur frá Skarfaskeri.“ Þá kemur fram hjá lögreglu að símasamband hafi verið við bátinn um GSM-síma frá klukkan 01.50 um nóttina, um tíu mínútum eftir áreksturinn, fram til klukkan 02.28.

Rannsókn málsins hefur tekið rétt um þrjá mánuði og telur Hörður það eðlilegan tíma miðað við umfang þess. Hann segir rannsóknina þó í eðli sínu þá sömu og eigi sér stað við bílslys þar sem grunur leiki á um ölvun við akstur. „En þetta er svolítið þyngra í vöfum og stærra. Verkferlarnir eru ekki í jafnföstum skorðum og í bílslysum og við aðrar stofnanir að eiga.“

olikr@frettabladid.is

Hæstiréttur staðfestir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í kynferðisbrotamáli:

# Smokkur sendur í rannsókn

**DÓMSMÁL** Smokkur sem er sönnunargagn í kynferðisbrotamáli verður sendur til rannsóknar hjá Réttarmeinafræðistofnuninni í Ósló. Hæstiréttur staðfesti nýverið úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þar að lútandi.

Verjandi manns sem grunaður er um gróf a kynferðislega misnotkun á dóttur sinni frá því hún var átta ára fram til fjórtán ára aldurs, frá 1998 til sumarsins 2004, mótmælti frekari rannsókn á smokki sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Réttarmeinafræðistofnunin í Ósló hafði áður rannsakað smokkinn og komist að því að DNA-snið þekjufruma sem fundust utan á honum samrýmdust DNA-sniði stúlkunnar. Faðir hennar bar fyrir dómi að það gæti verið vegna þess að stúlkan hefði handfjatlað verjuna.



**UMBÚÐIR UTAN AF VERJU** Verjandi manns, sem grunaður er um áralanga misnotkun á ungri dóttur sinni, mótmælti fyrir hans hönd frekari rannsókn á smokki sem lagður er fram sem sönnunargagn í málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ / AFP

Ákæruvaldið vildi því fá frekara álit réttarmeinafræðistofnunarinnar á því hvort magn þekjufrumanna sem á smokknum fundust samrýmdust því að hann hefði verið tekinn upp með fingrunum og hvort hægt væri að ráða af rannsókninni hvaðan úr líkama stúlkunnar þekjufrumurnar væru. Þessari framhaldsrannsókn mótmælti verjandi föðursins. Héraðsdómur Reykjavíkur heimilaði hana hins vegar með úrskurði 1. desember síðastliðinn og Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð með dómi sínum.

Ríkissaksóknari höfðaði málið á hendur manninum 18. mars síðastliðinn, en hann er sakaður um að hafa misnotað dóttur sína á mjög grófan máta, auk þess að hafa sýnt henni klámmyndir í tölvu þegar hún var tíu til fjórtán ára gömul.

Í Hæstarétti dæmdu málið Árni Kolbeinsson, Ingibjörg Benediktsdóttir og Ólafur Börkur Þorvaldsson. - óká




# ÞEIR SEM TAKA **KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG GREIÐA SÖMU VEXTI NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!





Tólfti fanginn líflátinn í Kaliforníu frá endurupptöku dauðarefsingar:

# Engin grið hjá Schwarzenegger

**BANDARÍKIN, AP** Stanley Tookie Williams, stofnandi Crips-glæpaklíkunnar, var tekinn af lífi í San Quentin-fangelsinu í gærmorgun.

Williams var dæmdur til dauða árið 1981 fyrir að skjóta til bana fjórar manneskjur og sögðu vitni við réttarhöldin að hann hefði stært sig af morðunum og hlegið að fórnarlömbum sínum.

Lögmenn Williams höfðu farið fram á að dauðadómnum yfir honum yrði breytt í lífstíðarfangelsi og höfðu ýmsir þekktir Bandaríkjamenn, eins og séra Jesse Jackson, leikarinn Jamie Foxx og rapparinn Snoop Dogg, mótmælt því að aftakan færi fram.

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, neitaði að verða við beiðninni og sagði að þar sem Williams hefði aldrei sýnt iðrun vegna ódæða sinna ætti hann ekki skilið að hljóta vægari dóm.

Á meðan á fangelsisvist Williams stóð skrifaði hann barnabækur þar sem hann fordæmdi glæpi og tilvist glæpaklíka og það varð til þess að svissneskur háskólaprófessor og fleiri stungu upp á að hann yrði tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels. **- sk**



**TOOKIE BEÐIÐ GRIÐA** Fjöldi fólks mótmælti aftökunni fyrir utan San Quentin-fangelsið í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Klerkar hvetja súnnía til að kjósa í íröksku þingkosningunum morgun:

# Herirnir halda brátt heim á leið

**ÍRAK** Útlit er fyrir góða kjörsókn í þingkosningunum í Írak á morgun. Bandarískir og breskir ráðamenn ráðgera að kalla heri sína heim eins fljótt og auðið er.

Yfir eitt þúsund súnní-klerkar gáfu í gær út tilskipun þar sem írakskir súnníar voru hvattir til að greiða atkvæði í þingkosningunum sem fram fara í landinu á morgun. Súnníar sniðgengu kosningarnar í janúar á þessu ári og einangruðust á stjórnmálasviðinu fyrir vikið. Góð kjörsókn súnnía á morgun er afar þýðingarmikil fyrir þróun friðar í landinu og því er tilskipunin í fagnaðarefni.

Lundúnablaðið The Times greindi frá því í gær að bresk og bandarísk yfirvöld ráðgerðu stórfelldan brottflutning herliðs frá Írak nánast strax að loknum kosningum. Heimildarmenn blaðsins segja Bandaríkjamenn ætla að kalla 30.000 hermenn heim strax í upphafi ársins 2006 og á næstu mánuðum fari fjöldi þeirra niður fyrir 100.000.

Hoshyar Zebari, utanríkisráðherra Íraks, segir í viðtali við blaðið að ótímabær brottför herjanna geti steypt landinu ofan í hyldýpi borgarastyrjaldar þar sem nágrannaríkin myndu nota hvert tækifæri til að etja stríðandi fylkingum saman.

Viðhorfskönnun BBC sem sagt var frá í vikubyrjun sýnir að aðeins tíu prósent Íraka telja brottflutning erlends herliðs forgangsatriði. **- shg**



**FJARRI FÖÐURLANDINU** Thyab Albusaid, íbúi í Michigan í Bandaríkjunum, er á meðal tugþúsunda Íraka sem búa erlendis, en atkvæðagreiðsla þessa hóps hófst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








**SVERÐ Á UPPBOÐI** Sveðju sem notuð var í tveimur alvarlegum árásum í Hafnarfirði í byrjun október hefur verið þannig lýst að hún hafi verið með bognu og breiðu blaði allt að 40 sentímetra löngu. AFP MYND/JOCHEN LUEBKE

# Sveðjumaður áfram í gæslu

**Staðfest hefur verið gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um alvarlega líkamsárás. Hann játar árás en neitar að hafa beitt sveðju.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir ungum manni sem grunaður er um tvær alvarlegar líkamsárásir með sveðju aðfaranótt sunnudagsins 2. október í haust. Gæsluvarðhaldið gildir til 13. janúar næstkomandi.

Árásirnar áttu sér stað í Hafnarfirði, en hann var nærri búinn að höggva fingur af einu fórnarlambi sínu auk þess sem hann veitti því djúpa skurði á höfði og sprungur komu í höfuðkúpu.

Fjögur vitni eru að árás mannsins, en hann neitaði í fyrstu sök hjá lögreglu. Síðan breytti hann framburði sínum og játar að hafa átt þátt í árásinni í félagi við aðra, en neitar því að hafa beitt vopninu.

Vitnunum ber öllum saman um að við árásina hafi verið beitt sveðju og það hafi umræddur maður gert. Tvö vitni lýsa henni þannig að hún sé með bognu og breiðu blaði, allt að 40 sentímetra löngu. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að lagt hafi verið hald á sveðju, en ekki hafi verið unnt að greina á henni sýni. Þá kemur fram í dómnum að blóð úr fórnarlambinu hafi fundist á skóm þess sem situr í gæsluvarðhaldi.

Að auki kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá því 2. desember að lögregla hafi undir höndum ljósmyndir úr samkvæminu þar sem árásirnar áttu sér stað. Á mynd sem tekin var klukkan eitt um nóttina sjáist maðurinn klæddur í bol sem líti eins út og bolur sem fannst rennandi blautur ásamt gallabuxum í fataskáp. Jafnframt sjáist að maðurinn hafi á þessum tíma verið nokkuð hárprúður.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu segist maðurinn hafa fengið blóð í fötin við árásina á þann sem mest slasaðist, reynt að skola úr þeim og látið klippa á sér hárið í samkvæminu.

Maðurinn verður í gæsluvarðhaldi meðan beðið er niðurstöðu DNA-rannsóknar, síðan verður málið sent ríkissaksóknara til meðferðar. **olikr@frettabladid.is**




* í 84 mánuði m.v. SP bílasamning og 30% innborgun.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is







Íbúðaverð hækkaði verulega um mestallt land á árunum 1990 til 2004:

# Mikil verðlækkun á Vestfjörðum

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Meðal íbúðaverð á Íslandi hefur hækkað um 2,6 prósent á tímabilinu 1995-2002 á meðan meðalhækkun íbúðaverðs hefur verið fjögur prósent hjá ríkjum innan OECD. Raunverð íbúðarhúsnæðis hér hefur hins vegar hækkað um 1,1 prósent árlega frá 1960 til 2004.

Frá 1990 til 2004 hefur raunhækkunin mest verið á Vesturlandi, eða um 63 prósent, 52 prósent á höfuðborgarsvæðinu en næstminnst á Norð-Vesturlandi, eða eitt prósent, og minnst á Vestfjörðum. Þar hefur húsnæðisverðið lækkað um 28 prósent að raungildi.



**ÍSAFJÖRÐUR** Verð á íbúðum hækkaði minna á Íslandi en í ríkjum innan OECD frá 1995 til 2002.

Í nýrri skýrslu um þróun fasteignaverðs á Íslandi kemur fram að hagvöxtur, tekjur og mannfjöldi séu lykilþættir í þróun íbúðaverðs. Þá hafi fjarlægð frá þéttbýli einnig áhrif en þéttbýli þrýsti gjarnan upp verðinu.

Sveiflur í íbúðaverði hér eru með því mesta sem gerist innan OECD eða um 10 prósent. Ástæðurnar má rekja til hagsveiflna, verðlags- og gengismála og smæðar hag- og gjaldeyriskerfisins.

Húsnæðisskuldir Íslendinga hafa vaxið á þessu tímabili og teljast nú með því mesta innan OECD en á móti kemur að verð á eignunum hefur hækkað. - ghs




**STRÆTÓFERÐIR UPP Á SKAGA TVÖFALDAST** „Ástæðan er sú að Akranes, Reykjavík og Grundartangasvæðið er eitt þjónustu- og atvinnusvæði. Það er mjög mikilvægt að samgöngur séu skilvirkar á slíku svæði," segir Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi. Strætó byrjar að keyra upp á Skaga í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Strætó byrjar að ganga upp á Skaga

**Strætó byrjar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Akraness á fyrsta degi nýs árs. Farnar verða yfir 80 ferðir á viku milli Akraness og Mosfellsbæjar en í Háholtinu verður skiptistöð sem tengir ferðirnar við leiðakerfi höfuðborgarsvæðisins.**

**SAMGÖNGUR** Allar líkur eru á því að strætó byrji að keyra milli Reykjavíkur og Akraness 1. janúar 2006. Við þetta rúmlega tvöfaldast ferðatíðnin þarna á milli, jafnvel þrefaldast.

Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi, segir að samningaviðræður séu á lokastigi og gert sé ráð fyrir að samningur verði undirritaður nú í vikunni. „Við erum að ganga frá samningsdrögum við Strætó bs. um að Strætó þjónusti leiðina og að Akranes falli inn í leiðakerfi Strætós," segir hann.

Farnar verða rúmlega 80 ferðir á viku, 13 ferðir fram og til baka á virkum dögum, níu ferðir á laugardögum og sjö á helgidögum. Strætisvagnarnir keyra milli Akraness og Háholts í Mosfellsbæ en þar verður skiptistöð.

Strætisvagnarnir hefja akstur til og frá Akranesi vel fyrir klukkan sjö á morgnana á virkum dögum en þjónustustigið er miðað við að farþegarnir komist til vinnu eða náms frá Akranesi og Reykjavík. Farþegar frá Akranesi eiga því að vera komnir á áfangastað vel fyrir átta á flestum stöðum í Reykjavík og farþegar frá Reykjavík eru komnir á áfangastað um hálfátta. Síðasti vagn fer af stað um hálfellefu á kvöldin á virkum dögum.

Sama gjald verður milli Akraness og Reykjavíkur og í innanbæjarvagnana á höfuðborgarsvæðinu og gilda sömu reglur um skiptimiða og á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaðurinn við þjónustuna milli Reykjavíkur og Akraness nemur 22 milljónum króna á ári. Guðmundur Páll segir að Strætó bs. beri engan kostnað, Akraneskaupstaður greiði 16 milljónir og sex milljónir fáist frá samgönguráðuneytinu.

„Þetta er samstarfsverkefni Strætó, Akraness og samgönguyfirvalda. Sérleyfinu, sem hefur gilt á þessari leið, hefur verið breytt. Við förum inn í sérleyfið og breytum þessu svona. Ástæðan er sú að Akranes, Reykjavík og Grundartangasvæðið er eitt þjónustu- og atvinnusvæði. Það er mjög mikilvægt að samgöngur séu með skilvirkum hætti á slíku svæði," segir hann.

Um tíu prósent Akurnesinga fara daglega milli Reykjavíkur og Akraness.

ghs@frettabladid.is

Tillaga um minni olíugeymslu í Örfirisey bíður afgreiðslu í Umhverfisráði:

# Þotueldsneytið fari í Helguvík

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Í Umhverfisráði Reykjavíkur er til umfjöllunar tillaga sem felur í sér að borgin efni til viðræðna við olíufélögin um að minnka vægi olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey.



**KJARTAN MAGNÚSSON** Kjartan er borgarfulltrúi í Reykjavík.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði fram tillöguna 21. nóvember síðastliðinn en segir afgreiðslu hennar hafa verið frestað að ósk fulltrúa Reykjavíkurlistans. Hann vill hefja uppskipun og geymslu þotueldsneytis í olíutönkum í Helguvík, sem Íslendingum hafi verið boðin afnot af. „Samþykkt slíkrar tillögu yrði mikilvægt skref í þá átt að minnka vægi olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey og um leið að draga úr hættu á alvarlegum afleiðingum, fari þar allt á versta veg vegna slyss," segir hann og bætir við að vægi olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey hafi verið aukið verulega án nokkurs samráðs við borgaryfirvöld. „Við sjálfstæðismenn áteljum þennan skort á samráði og höfum óskað eftir frekari upplýsingum um málið," segir Kjartan. - óká



**SÉÐ YFIR HÖFNINA TIL ÖRFIRISEYJAR** Kjartan Magnússon borgarfulltrúi segir olíufélögin hafa aukið vægi birgðastöðvarinnar í Örfirisey án samráðs við borgaryfirvöld.


Það vilja allar mömmur kyssa jólasveininn okkar!
ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR
PEPSI
MAX
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • Mynd: Gunnar Karlsson



**LÖGREGLAN TIL VARNAR** Sjúklingar, hermenn og fangar hófu að kjósa í þingkosningum í Írak í gær. Einnig þeir Írakar sem búa erlendis. MYND/AP

Kínverjar minnast fallinna í einu mesta blóðbaði seinni tíma:

# Nauðgunarinnar í Nanking minnst

**KÍNA** Kínverjar minntust þess í gær með athöfnum víða um land að 68 ár eru liðin frá einhverju skelfilegasta blóðbaði sem þjóðin hefur orðið fyrir. Þá réðust japanskar hersveitir inn í borgina Nanking og drápu milli 300 og 400 þúsund saklausa borgara á skömmum tíma.

Er atburðurinn enn greyptur í hina kínversku þjóðarsál sem „nauðgunin í Nanking“. Stjórnvöld í landinu notuðu harmleikinn lengi í áróðursskyni gegn Japönum lengi vel á eftir og enn eimir af andúð milli þjóðanna tveggja sem að mörgu leyti má rekja til atburðanna í Nanking 13. desember árið 1937.

Þá höfðu japanskar hersveitir náð Shanghai á sitt vald og héldu rakleiðis norður áleiðis til Nanking. Engir hermenn voru í borginni heldur aðeins almennir borgarar en það kom ekki í veg fyrir að japanskir hermenn gengu milli bols og höfuðs á hverjum einasta manni sem á vegi þeirra varð. Ekkert lífsmark var í borginni þegar þeir hurfu brott.

- aöe



**MINNINGARATHÖFN Í PEKING** Milli 300 og 400 þúsund íbúar Nanking létu lífið fyrir 68 árum þegar innrásarherir japanska keisarans fóru um borgina. NORDICPHOTOS/AFP

## FINNLAND

**Olíuskip á skeri** Sænskt olíuskip steytti á skeri fyrir utan Helsinki um helgina. Skipið hefur tvöfaldan botn og lak því engin olía í hafið. Skipið hafði lóðs um borð og fimmtán manna áhöfn og var á leið til Turku. Fljótlega tókst að losa skipið og var það lóðsað til hafnar.

## SAMKEPPNI

**Nýtt nafn** Stjórnendur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur telja nafn félagsins barn síns tíma og hafa boðað til samkeppni um nýtt nafn. Öllum er frjálst að senda inn tillögu og fær höfundur uppástungunnar sem verður fyrir valinu 300 þúsund krónur í verðlaun. Skilafrestur er til 15. janúar.

## IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

**Framlengt til fimm ára** Kristján Skarphéðinsson hefur verið skipaður ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá áramótum til næstu fimm ára. Kristján hefur verið skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu síðustu sjö árin og settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum frá 1. janúar 2003.

Dæmt í meiðyrðamáli Ástþórs Magnússonar vegna skrifa í DV í fyrra:

# 90 prósent skrifa DV standa

**DÓMSMÁL** Dæmd voru ómerk í Héraðdómi Reykjavíkur í gær tvenn ummæli sem birtust um Ástþór Magnússon athafnamann í DV í maí og september síðasta ár. Annars vegar fyrirsögnin „Börn látin skrifa undir vafasamt plagg - Ástþór notar börn til að ná völdum“ sem var birt 21. maí 2004 og svo setningin „Ástþór mun vera fastakúnni á barnum“ sem birtist 25. september sama ár.

Illugi Jökulsson, sem gegndi starfi ritstjóra DV á þeim tíma, og Mikael Torfason voru hvor um sig dæmdir til að greiða 50.000 krónur í sekt. Útgáfufélag blaðsins, 365 prentmiðlar, og blaðamaðurinn, sem einnig var kærður, voru sýknuð. Ekki var fallist á fimm milljón króna miskabótakröfu Ástþórs.

Mikael Torfason, ritstjóri DV, segir umfjöllun blaðsins um Ástþór Magnússon standa eftir dóminn, enda sé dæmt fyrir smávægilega framsetningu, ekki meginatriði. „Við vorum að fjalla um alvarlega hluti, eins og þessa tombólu hans, sem erindi áttu við allan almenning. En hvort hann er fastakúnni á einhverjum bar skiptir náttúrulega minna máli. Af tuttugu atriðum sem hann kærir eru tvö ómerkt,“ segir hann, en það eru 90 prósent. „Þetta virðist vera óttalegur tittlingaskítur sem eftir stendur.“ Mikael segir ekki búið að taka ákvörðun um mögulega áfrýjun dómsins.

Vísað var frá dómi kröfum Ástþórs vegna þriggja ummæla, en sýknað vegna þeirra fimmtán sem eftir stóðu í kærunni. - óká



**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Hilmar Ingimundarson, lögmaður Ástþórs Magnússonar, mætti við uppkvaðningu dóms gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Suðaustur-Asíuleiðtogar:

# Vilja umbætur í Mjanmar

**KÚALA LÚMPÚR, AP** Ráðherrar Suðaustur-Asíuríkja kröfðust þess á fundi sínum í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, í síðustu viku að herforingjastjórnin í Mjanmar hrinti í framkvæmd lýðræðisumbótum. Einnig að stjórnin léti Aung San Suu Kyi, friðarverðlaunahafa Nóbels, lausa úr stofufangelsi.

Ályktunin er skýrasta merkið til þessa um vaxandi gremju stjórnmálaleiðtoga í heimshlutanum með stífni og mannréttindabrot herforingjastjórnarinnar. ■



**RÁÐHERRAFUNDUR ASEAN** Malasískur hermaður stendur vörð við ráðstefnumiðstöðina í Kúala Lúmpúr þar sem ráðherrar SA-Asíuríkja koma saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Fjöldauppsagnir hjá Seat:

# 1.400 störf gætu lagst af

**SPÁNN** Leitað er nú allra leiða til að koma í veg fyrir uppsagnir allt að fjórtán hundruð starfsmanna bílaframleiðandans Seat í Katalóníu. Fyrirtækið hefur glímt við fjárhagsvandræði um árabil.

Hefur heldur birt til undanfarin ár en engu að síður er fyrirhugað að loka einni verksmiðju fyrirtækisins sem hefði í för með sér missi umræddra starfa. Eru starfsmenn reiðubúnir að aðstoða eftir megni og er nú reynt að semja um að verksmiðjan keyri aðeins fimmtán daga í mánuði og starfsmenn haldi eftir sjötíu prósentum launa sinna. ■

KEA og Sparisjóður Norðlendinga styrkja löggæslu á Norðurlandi:

# Hasshundur á tvær milljónir

**FÍKNIEFNANOTKUN** Kaupfélag Eyfirðinga og Sparisjóður Norðlendinga ætla að verja samtals tveimur milljónum króna til kaupa á fíkniefnaleitarhundi til notkunar á Norðurlandi. Hundurinn, sem keyptur verður í Bretlandi en þjálfaður í Noregi, mun koma til landsins næsta vor en hann verður í umsjá lögreglunnar á Akureyri.

Daníel Snorrason, lögreglufulltrúi á Akureyri, segir ekki nýnæmi að einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök leggi lögreglunni lið með fjárframlögum og hann fagnar framtaki KEA og Sparisjóðs Norðlendinga. Daníel segir notkun og sölu fíkniefna vaxandi vandamál á Akureyri en lögreglan hefur að undanförnu haft til rannsóknar nokkur umfangsmikil fíkniefnamál.

Lögreglan á Akureyri hefur nú yfir einum fíkniefnaleitarhundi að ráða en sá hefur takmarkaða þjálfun og getur til að mynda ekki leitað að fíkniefnum í fjölmenni. Nýi hundurinn verður ekki þeim takmörkunum háður og verður meðal annars notaður við fíkniefnaleit á skemmtistöðum og útisamkomum. **- kk**



**GENGIÐ FRÁ FJÁRMÖGNUN** Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, Baldur Dýrfjörð, formaður barnaverndarnefndar Eyjafjarðar, Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, og Örn Óskarsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga.



**MINNINGARATHÖFN UNDIRBÚIN** Taílendingar undirbúa veglega minningarathöfn um fórnarlömb flóðbylgjunnar sem haldin verður á öðrum degi jóla. Þúsundum sem slösuðust á suðurströndum landsins fyrir ári hefur verð boðið þangað til þriggja daga dvalar til að taka þátt í athöfninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æfðu viðbrögð við farsóttum:

# Æfðu viðbrögð við stórfaraldri

**HEILBRIGÐISMÁL** Í haust fóru hér fram æfingar á vegum Evrópusambandsins, en sviðsettur var heimsfaraldur inflúensu.

Æfingarnar voru tvær og stóð hvor um sig yfir í tvo daga að því er fram kemur í Farsóttafréttum Landlæknisembættisins. Sú fyrri fór fram í október og var nokkurs konar undirbúningur fyrir hina sem fram fór í nóvember.

Alls tóku þátt 25 aðildarríki Evrópusambandsins auk Íslands, Noregs og Sviss. Þá komu að æfingunum Framkvæmdastjórn Evrópu, Sóttvarna-, og Lyfjastofnun Evrópu, lyfjafyrirtæki og bóluefnisframleiðendur.

Hér þótti æfingin takast vel og samstarf stofnana hefur verið til fyrirmyndar þó að æfingarnar hafi líka leitt í ljós atriði sem kanna þarf nánar. **- óká**

Birgðir í landinu af lyfjunum tamiflu og relensa gegn fuglaflensu:

# Flensulyf fyrir þriðjung þjóðarinnar

**FUGLAFLENSA** Alls eru til í landinu 89 þúsund skammtar af tamiflu og relensa, inflúensulyfjunum sem gripið verður til komi upp heimsfaraldur inflúensu. Þessi skammtafjöldi er talinn duga þriðjungi þjóðarinnar. Þetta kom fram í svari Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Samfylkingu, um viðbúnað og birgðir inflúensulyfja vegna hugsanlegrar fuglaflensu. Í svari ráðherra kom ennfremur fram að unnið sé að mati á frekari þörf inflúensulyfja. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að auka lyfjabirgðahaldið verði talin þörf á því.

Inflúensulyfin eru geymd á stað þar sem fyllsta öryggis er gætt. Þeim inflúensulyfjum sem keypt hafa verið á þessu ári er einungis hægt að ávísa ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsir því yfir að heimsfaraldur inflúensu sé skollinn á. Læknar hafa heimild til að ávísa inflúensulyfjum ef ábendingar eru fyrir hendi og hafa lyfjainnflytjendur flutt inn lyf á ári hverju í því skyni. Gert er ráð fyrir að birgðunum verði dreift til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

Spurningu þingmannsins um hverjir nytu forgangs í lyfjagjöfum segir ráðherra að tekið verði mið af því að næsti inflúensufaraldur leggist þyngst á hefðbundna áhættuhópa, svo sem aldraða og fólk með tiltekna undirliggjandi sjúkdóma. Í áætlunum sé gert ráð fyrir því að þeir sem lækna og líkna sjúkum og starfsfólk sem sér um allra nauðsynlegustu starfsemi í landinu fái fyrirbyggjandi meðferð. **- jss**




**VARNIR GEGN INFLÚENSU** Sóttvarnalæknir sér um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á.






**Tryggðu þér ADSL áskrift í ár**




- Einn mánuður innifalinn
- Sjónvarpsþjónusta og vídeóleiga heima í stofu sem veitir þér aðgang að Skjánum
- Í boði er fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva
- Uppsetning innifalin fyrir sjónvarp




Þráðlaust Internet og

sjónvarp

**Einn með öllu**

- Valmynd á íslensku
- MP3 spilari
- 2 Megapixla myndavél með sjálfvirkum fókus
- Minniskorta-stuðningur



Sony Ericsson K750i

24.980 kr.

**Hönnun í fyrirrúmi**

- 1.3 Megapixla myndavél
- Bluetooth
- Hraður gagnaflutningur EDGE
- Hraðritun á íslensku (T9)



800 7000 - **siminn.is**

Komdu við í næstu Símabúð og kynntu þér vöruvalið
og jólatilboðin. Þú færð jólagjöfina hjá okkur.

Síminn



**SIGURDAGURINN UNDIRBÚINN** Þann 16. desember halda Indverjar svonefndan sigurdag hátíðlegan, meðal annars í Kalkútta. Þá verða liðin 34 ár síðan þeir sigruðu Austur-Pakistana í orrustu. Þeir síðarnefndu fengu raunar sjálfstæði skömmu síðar og nefndu land sitt þá Bangladess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valtýr Sigurðsson forstjóri Fangelsismálastofnunar um stöðu fangelsismála:

# Vantar 28 pláss fyrir fanga

**FANGELSISMÁL** Nú vantar 28 pláss fyrir fanga til að hægt sé að leggja Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fangelsið í Kópavogi niður. Bæði þessi fangelsi eru talin ófullnægjandi, hið síðarnefnda til langtímavistunar kvenfanga. Öll starfsemi færi úr böndum ef móttökufangelsið á svæðinu færi. Þá er Kópavogur eina fangelsið sem hægt er að vista konur í. Þetta segir Valtýr Sigurðsson forstjóri Fangelsismálastofnunar.

„Það eru engir biðlistar í afplánun nú,“ segir Valtýr. „En það er fullt í öllum fangelsum. Ef við hefðum ekki Vernd, sem er orðinn annar stærsti afplánunarstaður á Íslandi, þá væri þetta kerfi löngu sprungið.“

Að sögn Valtýs verður uppbyggingu Kvíabryggju lokið í september á næsta ári. Þar fjölgar um átta pláss. Þá verður lokið vinnu við hönnun og útboð fangelsis á Akureyri, sem stækkað verður um tvö pláss vorið 2007, en ástand fangelsismála nyrðra er slæmt. Áfram verður unnið að gerð frumáætlunar varðandi fangelsið að Litla-Hrauni þannig að unnt verði að hefja vinnu við hönnun á næsta ári. Samkvæmt áætlun er stefnt að því að bjóða verkið út í lok næsta árs og að ljúka því fyrir árslok 2008. Áætlaður kostnaður er 500 milljónir króna.

Gerð frumáætlunar varðandi fangelsi á Hólmsheiði er ekki hafin en í það verður ráðist þegar í ársbyrjun 2006. Samkvæmt áætlun eiga framkvæmdir að hefjast í byrjun árs 2008 og ljúka fyrir árslok 2009. Áætlað er að þær kosti 1,2 milljarða króna.

„Það er afar brýnt að þessi áætlun standist,“ segir Valtýr. „Rýma má Kópavogsfangelsið þegar framkvæmdum við Litla-Hraun lýkur. En Hegningarhúsið við Skólavörðustíg verður ekki rýmt fyrr en Hólmsheiðarfangelsið er tilbúið.“ -jss



**FORSTJÓRI FANGELSISMÁLASTOFNUNAR** Valtýr Sigurðsson segir nú afar mikilvægt að fyrirliggjandi áætlanir í fangelsismálum standist.

Byggingarsaga nýs fangelsis:

## Á byrjunarreit í 45 ár

**1960** Dómsmálaráðuneytið felur Valdimar Stefánssyni sakadómara að gera áætlun um að koma fangelsismálum í nútímalegt horf. Hann leggur til að ríkisfangelsi rísi á Korpúlfsstöðum.

**1961** Ný lög um ríkisfangelsi samþykkt þar sem ákveðið var að stofna deildaskipt fangelsi fyrir bæði kynin, afplánun, gæsluvarðhald, öryggisgæslu og geðsjúka.

**1965** Nefnd dómsmálaráðherra leggur til gæsluvarðhaldsdeild í Síðumúla, utan ríkisfangelsis.

**1974** Reykjavíkurborg veitir vilyrði fyrir lóð undir fangelsi við Tunguháls 6.

**1976** Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykkir að gerð verði áætlun um byggingu fangelsis við Tunguháls.

**1978** Framkvæmdum við grunn og botnplötu lokið. Vegna fjárskorts varð ekki af frekari framkvæmdum.

**1991** Dómsmálaráðherra skipar nefnd til að gera úttekt á fangelsismálum og skila tillögum.

**1992** Nefndin skilar skýrslu og vildi nýtt afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík. Ný bygging var reist á Litla Hrauni og plássum fjölgað þar.



**KÓPAVOGSFANGELSI** Eina fangelsið sem hýsir kvenfanga. Það er talið algjörlega ófullnægjandi.

# Fangelsi á undanþágum í áratugi

**Tvö fangelsi á höfuðborgarsvæðinu eru algerlega ófullnægjandi. Annað er fangelsið í Kópavogi. Hitt er Hegningarhúsið við Skólavörðustíg sem rekið hefur verið á undanþágum um áratuga skeið.**

**FANGELSISMÁL** Hegningarhúsið við Skólavörðustíg hefur um áratuga skeið verið rekið á undanþágum. Rekstrarleyfið rennur út í febrúar 2006. Að mati Fangelsismálastofnunar á að taka húsið úr notkun sem fangelsi eins fljótt og mögulegt er. Þá er fangelsið á Kópavogsbraut 17 allsendis ófullnægjandi til að hýsa til langtíma kvenfanga og á auk þess að hverfa samkvæmt skipulagi bæjarins á næstu árum.

Þetta kemur meðal annars fram í nýrri greinargerð Valtýs Sigurðssonar forstjóra Fangelsismálastofnunar um stöðu fangelsismála hér á landi. Þar fer hann meðal annars yfir byggingasögu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Sú saga nær nú yfir 45 ár.

Í greinargerðinni er vitnað í skýrslu Stefáns P. Eggertssonar verkfræðings sem ráðinn var af dómsmálaráðuneytinu til að gera frumathugun á uppbyggingu fangelsa í landinu. Í skýrslunni sem hann skilaði af sér í september segir að 266 milljónir króna þyrfti til verksins á árinu 2006. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er 50 milljónum veitt til uppbyggingar fangelsisins á Akureyri. Að auki er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Kvíabryggju verði fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum. Þær heimildir nema 27 milljónum króna, samkvæmt upplýsingum Valtýs.

Í greinargerð Valtýs er jafnframt vísað til bráðabirgðaskýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins, CPT-nefndar, sem heimsótti Hegningarhúsið sumarið 2004, þar sem segir að óásættanlegt sé að gæsluvarðhaldsfangar skuli vistaðir í Hegningarhúsinu, enda standist það ekki nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra fangelsa. CPT-nefndin ítrekar í skýrslu sinni kröfu frá árinu 1998 um að íslensk stjórnvöld setji byggingu nýs gæsluvarðhaldsfangelsis í Reykjavík í algeran forgang.

Þá bendir forstjóri Fangelsismálastofnunar á að vinna þurfi að markmiðum stofnunarinnar varðandi afplánun fanga og þá einkum meðferðaráætlun samkvæmt nýjum lögum um fullnustu refsinga sem fer ekki af stað að neinu marki fyrr en flutt hefur verið í nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

jss@frettabladid.is



**HEGNINGARHÚSIÐ** Hefur verið rekið á undanþágu svo árum skiptir. Nýjasta undanþágan rennur út í febrúar.

### Fjöldi fanga í afplánun

Í íslenskum fangelsum




Byggingarsaga nýs fangelsis, framhald:

**1995** Dómsmálaráðherra skipar nefnd til að gera áætlun um byggingu gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsis á Tunguhálsi 6. Nefndin var leyst frá störfum ári síðar.

**1996** Skipaður starfshópur til að hafa umsjón með frumathugun, áætlanagerð og framkvæmdum við nýtt Tunguhálsfangelsi.

**1998** Nefndin skilaði tillögum sínum um móttöku-, gæsluvarðhalds-, og afplánunarfangelsi á Tunguhálsi 6. Ekki varð af framkvæmdum.

**2001** Dómsmálaráðherra kallar saman hóp til að taka upp þráðinn við undirbúning nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu.

**2001** Fangelsismálastofnun ríkisins falið að vinna að frekari undirbúningi verkefnisins.

**2001** Reykjavíkurborg úthlutar lóð undir nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

**2004** Starfshópur Framkvæmdasýslu skilar drögum fyrir alútboð fyrir byggingu gæslu- og afplánunarfangelsis.

**2004** Fangelsismálastofnun skilaði ítarlegri heildarlausn um uppbyggingu fangelsa til dómsmálaráðherra.

**2005** Fangelsismálastofnun skilar framkvæmdaáætlun um uppbygginu fangelsa til dómsmálaráðherra.

**2005** Áætlun fangelsismálastofnunar samþykkt í ríkisstjórn.






Gagnrýni Margrétar Frímannsdóttur alþingismanns:

# Aðstæður eru ekki sæmandi

**FANGELSISMÁL** „Ástandið er alvarlegt í fangelsinu í Kópavogi en aðstæðurnar í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg eru okkur ekki sæmandi,“ segir Margrét Frímannsdóttir alþingismaður um stöðu fangelsismála.

Hún segir að þurft hefði 266 milljónir á fjárlögum næsta árs til að fara í framkvæmdir sem aftur hefðu gert kleift að loka Hegningarhúsinu og fangelsinu í Kópavogi. Það þjóni ekki tilgangi að setja nýja löggjöf um fangelsi og meðferð fanga séu aðstæður þannig að ekki sé nokkur leið að framfylgja henni. Umrædd fangelsi séu „geymslustaðir“ sem ætti að vera búið að loka.

„Ég held að ef ekki verður gerð bragarbót núna á aukafjárlögum eða með yfirlýsingu dómsmálaráðherra komum við líka til með að tapa mjög góðu og hæfu starfsfólki sem við höfum í fangelsismálastofnun og fangelsunum. Starfsemin í fangelsunum á Akureyri, Kópavogi og í Hegningarhúsinu gæti aldrei gengið nema af því að við höfum frábært starfsfólk. Það gleymist alltaf í umræðunni að tala um aðbúnað starfsfólks fangelsanna.“ -jss



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR** Margrét segir núverandi forstjóra Fangelsismálastofnunar hafa tekið upp breytta og betri stefnu og markmið í fangelsismálum. Ráðamenn eigi að sjá sóma sinn í því að hægt sé að framfylgja þeirri stefnu.


Leikföngin á stuðverði í Bónus!
FJARSTÝRÐAR DROSSÍUR
MEÐ KRAFTA Í KÖGGLUM
2279 KR.
Merkt verð 2999kr.
*9.6v hleðslurafhlaða
*Hleðslutæki
*Tveggja hraða
*Demparar að framan og aftan
25% afsláttur við kassann
4499 KR.
Merkt verð 5999kr.
3749 KR.
Merkt verð 4999kr.
STÓRAR HALLIR OG GLÆSIVILLUR
974 KR.
Merkt verð 1299kr.
2249 KR.
Merkt verð 2999kr.
Öll leikföng með 25% afslætti við kassann til jóla!
VELJIÐ SJÁLF
187 KR.
Merkt verð 249kr.
VELJIÐ SJÁLF
187 KR.
Merkt verð 249kr.
25% afsláttur við kassann
-og skórinn!
www.bonus.is
BÓNUS
bonus.is
SERVÓ VERSLANIR
ERAN/Landlist




Bandarísk Gallup-könnun á viðhorfum almennings til málefna Íraks:

# Fleiri ánægðir með forsetann

**BANDARÍKIN** Þrátt fyrir þrjár þrumuræður um stjórnmálauppbygginguna í Írak að undanförnu bendir ný viðhorfskönnun CNN, USA Today og Gallup til að 58 prósent Bandaríkjamanna telji George W. Bush forseti skorta stefnu sem skila mun árangri í hernaðinum í Írak.

Könnunin var gerð um helgina en greint var frá niðurstöðum hennar í fyrrakvöld. Rúmlega þúsund Bandaríkjamenn voru spurðir um afstöðu sína til frammistöðu forsetans.

59 prósent sögðu hann hafa haldið illa á málefnum Íraks, sem er lægra hlutfall en í könnun síðastliðins mánaðar en þá voru 63 prósent óánægð með forsetann. 63 prósent telja að Írakar séu á réttri leið í lýðræðisátt.



**GEORGE W. BUSH** Forsetinn viðurkenndi í fyrrakvöld að 30.000 borgarar hefðu fallið í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush hélt ræðu í Philadelphiu í fyrrakvöld um Íraksmálin en ræðan var sú þriðja og næstsíðasta í fundaherferð sem farin er í því markmiði að vinna hernaðinum stuðning. Í ræðunni undirstrikaði hann að enn væri langt í land með að lýðræði kæmist á í Írak en þegar þeim áfanga væri náð væri heimurinn öruggari fyrir hryðjuverkamönnum.

Hann viðurkenndi ennfremur að sennilega hefðu 30.000 óbreyttir borgarar fallið í Írak síðan innrásin var gerð 2003 en hingað til hafa bandarísk stjórnvöld verið mjög treg til að áætla slíkt mannfall. - shg

# Ungur brotamaður áfrýjar héraðsdómi

**Máli 16 ára pilts sem fyrir helgi var dæmdur í tveggja ára fangelsi verður áfrýjað til Hæstaréttar. Lögmaður piltsins segir hér vanta úrræði fyrir afbrotaunglinga. Af fimm sem voru ákærðir í málinu voru þrír sýknaðir.**

**DÓMSMÁL** Tekin hefur verið ákvörðun um að áfrýja til Hæstaréttar tveggja ára fangelsisdómi sem fyrir helgi var kveðinn upp yfir 16 ára pilti í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann nam, í félagi við aðra, á brott starfsmann Bónusverslunar á höfuðborgarsvæðinu og píndi hann til að taka út peninga í banka. Árásin átti sér stað föstudaginn 2. september.

Jóhannes Ásgeirsson, lögmaður piltsins, staðfesti að til stæði að áfrýja. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar piltinum verður gert að sitja af sér dóminn, en líklegt er talið að það verði á Litla-Hrauni. Er það vegna þess að pilturinn hefur áður orðið uppvís af tilraun til að smygla um 44 grömmum af hassi í fangelsið á Litla-Hrauni og því ólíklegra að fallist verði á lágmarksgæslu. Einnig var dæmt vegna þess núna, en bróðir piltsins, tveimur árum eldri, játaði að hafa fært honum efnin. Sá var dæmdur til greiðslu 150.000 króna sektar.

Jóhannes segir hér vanta úrræði fyrir unga afbrotamenn. „Að sjálfsögðu verður að vera til unglingafangelsi og einhver uppbyggileg starfsemi þar," segir hann og telur aðstæður sem ungum afbrotamönnum eru hér búnar vera forkastanlegar. Lögmaðurinn segir hins vegar nokkuð vel útlistað í dómsorðinu hvernig á því standi að dómurinn yfir piltinum sé jafnþungur og raun ber vitni.

Fram kemur í dómnum að með broti sínu hafi pilturinn rofið 13 mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu, sem kveðin var upp yfir honum sama dag, en alls hljóðaði sá dómur upp á 16 mánaða fangelsi. Að auki var pilturinn með á bakinu 5 mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir þjófnað frá því í desember 2004. „Að rjúfa skilorð dómsins samdægurs þykir bera vott um styrkan og einbeittan brotavilja ákærða og er það virt til refsihækkunar," segir í dómnum, en tekið fram að á móti komi skýlaus játning og ungur aldur.

Sá elsti í hópnum sem rændi Bónusstarfsmanninum, 26 ára að aldri, var ökumaður bílsins sem notaður var við árásina. Hann var fyrir aðild sína dæmdur í fimm mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár. Þá voru hann og pilturinn dæmdir til að greiða þeim sem rænt var 300.000 krónur í miskabætur. olikr@frettabladid.is



**VIÐ ÞINGFESTINGU Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Í NÓVEMBERBYRJUN** Fimm voru ákærðir í máli þar sem starfsmanni í Bónusverslun var rænt og hann píndur til að taka út peninga í hraðbanka. Tveir voru sýknaðir, einn hlaut tveggja ára fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tryggingastofnun greiddi 6,6 milljarða í fæðingarorlof:

# Greiðslurnar jukust um ríflega milljarð

**FÉLAGSMÁL** Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði Tryggingastofnunar árið 2004 námu alls um 6.6 milljörðum króna og jukust um yfir einn milljarð ár hvert frá árinu 2000.

Þetta kemur fram í Staðtölum almannatrygginga sem nýkomnar eru út. Kemur þar í ljós að árið 2000 fengu rúmlega fjögur þúsund manns fæðingarorlofsgreiðslur. Þar af voru karlmenn heldur færri en konur.

Fjórum árum síðar nutu yfir tólf þúsund manns sömu greiðslu og voru þar af 6600 konur móti 5600 karlmönnum.

Reyndust heildargreiðslur Tryggingastofnunar vegna þessa 1.6 milljarður um aldamótin en er nú 6.6 milljarðar króna. - aöe



**RÚMLEGA FJÖGUR ÞÚSUND FÆÐINGAR ÁRIÐ 2004** Fæðingaorlofsgreiðslur jukust um fimm milljarða króna frá árinu 2000 til ársins 2004.



**NEYSLA Á VINNUSTÖÐUM** Danir neyta í síauknum mæli fíkniefna í vinnunni.

Vaxandi vandamál:

# Danir dópaðir í vinnunni

**DANMÖRK** Danskir atvinnurekendur hafa áhyggjur af aukinni notkun inni á vinnustöðunum.

Þetta kemur fram í dagblaðinu Industriens Dagblad þar sem bent er á hversu margar fyrirspurnir berist frá vinnuveitendum um hvernig eigi að taka á starfsmönnum sem neyta efna í vinnutímanum. Er þar um að ræða allt frá kókaíni og amfetamíni til örvandi lyfja af ýmsu tagi. Telja sérfróðir þetta afleiðingu álags sem leiðir sífellt fleiri til þunglyndis sem þeir telja auðveldara að eiga við með hjálp slíkra efna. ■

Umsækjendur um ríkisfang:

# Taka próf í danskri sögu

**DANMÖRK** Umsækjendur um danskan ríkisborgararétt verða í framtíðinni að standast próf um sögu og menningu Danmerkur. Þetta er meðal nýrra og strangari skilyrða sem ríkisstjórnin hyggst setja um veitingu ríkisborgararéttar. Kröfur um dönskukunnáttu verða einnig hertar.

Forsvarsmaður mannréttindasamtaka hefur gagnrýnt frumvarpið og segir greinilegt að fækka eigi þeim sem fái ríkisborgararétt. Ríkisstjórnarflokkarnir vísa þessari gagnrýni á bug.

Árlega fá tíu þúsund manns danskan ríkisborgararétt. **- ks**

Fórnarlömb umferðarslysa á Spáni undir áhrifum fíkniefna:

# Sífellt fleiri ökumenn í kókaínvímu

**SPÁNN** Fimm prósent allra þeirra sem létust í umferðinni á Spáni á síðasta ári reyndust vera undir áhrifum kókaíns samkvæmt tölum frá spænskum yfirvöldum.

Er þetta fjórða árið í röð sem aukning mælist meðal þeirra sem þannig látast en árið 2001 reyndust tvö prósent allra látinna í umferðinni hafa neytt kókaíns áður en ekið var.

Önnur fíkniefni mælast einnig í auknum mæli. Þannig mældust rúm sjö prósent fórnarlamba á vegum úti hafa neytt annars konar efna á síðasta ári og var þar fyrst og fremst um amfetamín og alsælu að ræða.

Mælingar þessar eru hluti af áætlun spænskra stjórnvalda til að bæta umferðarmenningu landsmanna. Banaslys á spænskum vegum eru afar algeng og til að mynda hafa 98 látist í umferðinni þar á fyrstu tveimur vikum desembermánaðar þessa árs. Er það þó nokkur fækkun frá fyrri árum en árið 2003 höfðu 137 látist í bílslysum á fyrstu tólf dögum desembermánaðar. **- aöe**



**MARGIR UNDIR ÁHRIFUM FÍKNIEFNA** Áfengi er ósjaldan með í för þegar Spánverjar setjast undir stýri en nú hefur komið í ljós að fimm prósent þeirra sem látast í umferðinni þar hafa neytt kókaíns. NORDICPHOTOS/AFP



**EGGERT FELDSKERI** Verslunin þykir fallega skreytt.

Eggert feldskeri verðlaunaður:

# Fallega skreytt nú sem áður

**MIÐBORGIN** Verslun Eggerts feldskera hefur fengið viðurkenningu fyrir fallegustu verslunarskreytinguna í miðborg Reykjavíkur fyrir jólin 2005. Það var Þróunarfélag miðborgarinnar sem veitti viðurkenninguna.

Að mati dómnefndarinnar hefur verslunin verið með áberandi og fallegar skreytingar í mörg ár, en sjaldan jafn fallegar og núna.

„Ég er óskaplega ánægður með viðurkenninguna, sérstaklega þar sem við í versluninni höfum lagt mikið á okkur við að skreyta fallega. Það er alltaf gaman þegar eftir því er tekið,“ segir Eggert Jóhannsson, feldskeri. Guðbjörg Jónsdóttir, blómaskreytingakona, sá um skreytingu búðarinnar. **- sk**



**SVEITARSTJÓRNARMENN** Hér getur að líta fulltrúa sveitarfélaga í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu sem nýverið rituðu undir samstarfssamning um sorpförgun.

Norðurland vestra:

# Samið um sorpförgun

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stofnað hefur verið byggðasamlag um sorpeyðingu fyrir Skagafjörð og Austur-Húnavatnssýslu en síðustu tvö ár hefur verið unnið að undirbúningi og rannsóknum til að finna framtíðarlausn sorpeyðingarvandans þar.

Sveitarfélögin hafa urðað sorp hvert á sínum stað við misgóðar aðstæður og vænta þess að nú komist þau mál í heppilegri farveg.

Meðal annars hefur verið gerð rannsókn á mögulegum urðunarstöðum og kannaðir möguleikar á byggingu brennslustöðvar fyrir úrgang með orkunýtingu í huga. „Tillaga að matsáætlun fyrir hugsanlegar lausnir hefur verið send Skipulagsstofnun og er reiknað með að formlegt umhverfismat verði gert í ársbyrjun 2006,“ segir í tilkynningu. **- óká**



# Vinsælar

**OPIÐ til kl. 22**
**öll kvöld til jóla**
í Skeifu, Smáralind,
Kringlu.



34.990

### Kenwood hrærivél
700w 4,6 lítra hrærivél. Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja. Sjálfvirktur eletróniskur hraðastillir með púls möguleika. Hakkavél fylgir




19.990

### Elna saumavél
15 sporgerðir, þægilegt að finna rétta sporið þar sem sporvalið er sýnt á töflu framan á vélinni. Þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Nál stillanleg frá miðju og aukahlutageymsla. Auðvelt að minnka saumborð ef þörf krefur. Innbyggð spóluvinda og áfastur tvinnahnífur. 5 gerðir saumfóta fylgja.



3.990

### Ideline súkkulaði pottur
Súkkulaðipottur til að bræða súkkulaði. Hentar vel til að búa til heimatilbúið konfekt, húða ávexti með súkkulaði eða sem súkkulaði fondú. Bræðir súkkulaði án þess að brenna það. Hentar fyrir allar tegundir af súkkulaði. Margir fylgihlutir og uppskriftabæklingur fylgja.



15.990

### Kenwood matvinnsluvél
1000w matvinnsluvél með mörgum möguleikum. Blandari og margir aukahlutir



5.990

### Melissa matvinnsluvél
500w matvinnsluvél með mörgum möguleikum.1,4l skál, 1,2l blandari. 2 hraðastillingar með púls. Hnífur úr ryðfríu stáli. Margir aukahlutir.



3.990

### Exido brauðrist
Brauðrist - Stál



7.990

### United MP3 spilari
MP3 Spilari í lyklakippustærð! Innbyggt 512mb minni, FM útvarp, diktafónn. LCD skjár með baklýsingu. Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög. USB 2.0 tengi fyrir gagnaflutning. Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu. Heyrnartól og rafhlaða fylgja.



4.990

### Philips sléttujárn
Sléttujárn með löngum keramik plötum. LCD skjár sem sýnir nákvæmt hitastig sléttujárnsins. ION tækni sem afrafmagnar hárið. 17 mismunandi hitastillingar á milli 80° - 160° Einungis 30 sekúndur að hitna uppí 100°.



2.990

### Philips Hárblásari
1900w öflugur hárblásari með 3 hita og hraðastillingum, köldu lofti og viðbótarhaus fylgir



14.990

### Dantax myndabandstæki/DVD
DVD/CD/CDR/CDRW/SVCD/VCD/JPEG/MP3 spilari. Dolby digital - AC3, digital theatre sound (DTS), valmyndakerfi, 6 hausa (4 myndhausar og 2 hljóð), longplay, nicam stereó, upptökuminni, sjálfleitari. Hægspilun og index leitun, NTSC afspilun. Scart tengi og RCA tengi að framan, coax útgangur og fjarstýring.

Gildir á meðan birgðir endast.

# jólagjafir

**Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og á Akureyri. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.**



4.990

### United ferðatæki
Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og geislaspilara



1.990

### Sudoku tölvuspil
• Yfir 1,000,000 gátur
• 3 mismunandi stig
• Vistar gátur
• Enskar leiðbeiningar

**Plasma skjárinn sem slegið hefur í gegn í Evrópu!**



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
9.999* kr
á mán. í 15 mánuði
Verð 149.985,-

### United 42" Plasma breiðtjaldssjónvarp
• 42" Plasma skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1 • Birta: 1000 cd/m2 • Progressive scan HDTV Ready • 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum • Sjónsvið (H/V): 160/160° • 2 scart tengi, DVI-D og PC tölvutengi component (YPbPr/YCbCr) • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð (bxhxd): 124,7x64,5x8,5 (með hát.) • Stærð (bxhxd): 105,5x64,5x8,5 (án hát.) • Þyngd: 39kg



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
8.999* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 89.990,-

### United 27" LCD sjónvarp
27" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn 1280x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:600:1 og birta: 550 cd/m2• Svartími: 16ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x7w nicam stereo hljóðkerfi með SRS surround • 2 scart, component, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
9.999* kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 199.980,-

### Thompson 42" Plasma sjónvarp
42" ED 16:9 Plasma Sjónvarp • Upplausn 852x480 með skerpu 3.000:1 • Sjónsvið (H/V): 160/160° og Birtustig: 1000 cd/m2 • HDTV ready • 2x14w nicam stereó hljóðkerfi • Mynd í mynd (1 tuner) • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA) • Scart,



24.990

### United 28" sjónvarp
• 28" flatur black matrix myndlampi
• Textavarp
• 2x20w nicam stereó hljóðkerfi
• Allar aðgerðir á skjá
• Svefnrofi
• 2 scart tengi
• Fjarstýring
• Mál (bxhxd) : 73x55x49



18.990

### United 21" sjónvarp
• 21" Flatur black matrix myndlampi
• Textavarp
• Nicam stereó hljóðkerfi
• Scart tengi og svefnrofi
• Fjarstýring
• Mál (bxhxd) : 59x45x49

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

19. nóvember - 31. desember



2005
Hátíðar
vín



Nýr bæklingur um
hátíðarvínin í næstu Vínbúð

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Íbúar við Vesturlandsveg geta ekki tekið strætó:

# Strætó neitar að stoppa

**SAMGÖNGUMÁL** Íbúar sem búa nálægt gróðrarstöðinni Lundi við Vesturlandsveg njóta ekki þjónustu Strætó eftir að nýjar brýr yfir Úlfarsá voru teknar í notkun. Áður en umferð var hleypt um brýrnar og skipulagi á akandi umferð breytt, var stoppistöð nálægt Lundi þar sem farþegar gátu komist í strætisvagninn.

„Þeir hjá Vegagerðinni segja að forsvarsmenn Strætó hafi ekki viljað setja upp stoppistöð, en þeir hjá Strætó segja að Vegagerðin hafi gleymt að setja upp stöðina,“ segir Einar Símonarson, íbúi á svæðinu.

„Vegagerðin virðist hafa nóg að gera við að koma upp reiðvegi í hverfinu en það er ekkert hugsað um fólkið. Ég skrifaði Stefáni Jóni Hafstein borgarfulltrúa bréf en hef ekki fengið neitt svar,“ segir Einar.

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdarstjóri Strætó, segir að það sé við Vegagerðina að eiga. „Okkur er ekkert að vanbúnaði að stoppa þarna,“ segir hann. Vegagerðin á þennan veg og þetta mál er í vinnslu þar. Þeir eru að skoða hvernig best er að útfæra þetta þannig að umferðaröryggi gangandi vegfarenda, fyrst og fremst, sé tryggt.“ - sk



**EINAR SÍMONARSON** Strætó stoppar ekki lengur fyrir íbúum sem búa nálægt gróðrarstöðinni Lundi við Vesturlandsveg. Einar Símonarson er íbúi á svæðinu.



**STRITAÐ UNDIR BRENNANDI SÓLINNI** Dæmi eru um að vestrænir aðilar hafi vísvitandi strandað úreldum skipum sínum við strendur fátækari landa þar sem íbúar eru fljótir að grípa gæsina án mikils kostnaðar fyrir eigendur skipsins. Fyrir vikið er mengun alvarlegt vandamál og rusl víða við strendur Pakistans, Indlands, Bangladess og Kína. NORDICPHOTOS/AFP

# Ruslahaugur Vesturlanda er í Asíu

**Fá lönd í Evrópu taka að sér niðurrif stærri skipa vegna umhverfissjónarmiða. Skipin eru því gjarnan send til fátækustu landa heims þar sem menn strita undir brennandi sólinni á lágum launum og með frumstæð verkfæri.**

**BANGLADESH** Framundan er gósentíð í niðurrifsbransanum. Innan fimm ára verður olíuskipum sem ekki eru með tvöfalt eða þrefalt ytra byrði meinað að landa olíu í Evrópu en meirihluti þeirra sem flytja olíu til álfunnar í dag eru aðeins með eitt ytra byrði. Olíuleki er þannig nánast óhjákvæmilegur komi gat á skipið eða það strandi.

En meðan enginn hörgull er á skipasmíðastöðvum í Evrópu þá fækkar þeim óðum sem taka að sér niðurrif stærri skipa á borð við olíuskip. Ástæðurnar eru margvíslegar en helstar að af því stafar mikil mengunarhætta auk þess sem kostnaður við slíkt er svo mikill að ríkisstjórnum bregður við. Þannig hefur til að mynda franska ríkið tvívegis hætt við niðurrif eins stærsta flugmóðurskips franska flotans, Clemenceau, vegna kostnaðar.

Vandamálið er að í öllum eldri skipum finnst mikið magn mengunarvaldandi efna, þ. á m. asbest, PCB og þungmálmar ýmsir. Þessi efni þarf að rífa úr áður en niðurrifið sjálft getur hafist eða skipinu er sökkt á hafi úti eins og tíðkast enn með smærri skip.

Þá er í fá önnur skjól að venda en senda skipin til niðurrifs til Bangladess, Pakistans, Kína eða Indlands þar sem þúsundir atvinnulausra bíða þess í röðum að fá hamar og meitil í hönd og hefja þá vinnu sem fáir vilja á meginlandi Evrópu. Störfin eru unnin án þeirrar tækni og aðstöðu sem auðveldar fólki störfin á Vesturlöndum og án þeirra mengunarvarna sem gerðar eru kröfur um þar. Lög og reglur eru engar, eða þeim ekki framfylgt, og afleiðingarnar eru að eiturefni berast auðveldlega í allan jarðveg auk þess sem einn af hverjum fjórum verkamönnum fær krabbamein sem rekja má til vinnu þeirra við niðurrifin. Önnur meiðsl, örkuml og brunar eru einnig algengir en réttindi launafólks eru lítil og verði menn fyrir alvarlegu slysi er starfsferlinum lokið.

Náttúruverndarsamtökin Greenpeace og fleiri slík hafa bent á nauðsyn þess að úrbætur eigi sér stað og verið er að vinna að hönnun niðurrifsverksmiðju þar sem hægt verður að vinna fljótt og örugglega og um leið uppfylla öll skilyrði um umhverfisvernd. Enn eru þó mörg ár í að hún taki til starfa og í millitíðinni munu vestrænir eigendur áfram senda skip sín til niðurrifs í fátækustu ríkjum heims.

albert@frettabladid.is

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

METSÖLULISTI
EYMUNDSSON
sala í nóvember

5
SÆTI

ÞRIÐJA PRENTUN
ER KOMIN






Gunnar Hersveinn hefur getið sér gott orðspor fyrir vandaða umfjöllun um gildin í lífinu. Hann skrifaði vinsæla pistla í *Morgunblaðið* um árabil og eignaðist þar stóran og tryggan lesendahóp.

**„Líklega er réttast að kalla *Gæfuspor* lífsspeki … lýsing á því hvað er fólgið í hamingjuríku lífi.“**

Kristján G. Arngrímsson / MORGUNBLAÐIÐ

„Vísar lesendum veginn til mögulegs þroska og mögulegrar hamingju … **Kaflinn um tilfinningar er einkar vel skrifaður.**“

Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

„*Gæfuspor* Gunnars Hersveins er viskurit sem vekur til umhugsunar, **gagnlegt öllum sem vinna að lífsgæðum og vanda ævigönguna.**“

Sigurður Árni Þórðarson

# *Vandaðu ævigönguna*

Í *Gæfusporum* fjallar Gunnar Hersveinn um **mannkosti og tilfinningar, stríð og frið og hamingju og rósemd** af hugkvæmni og varpar oft óvæntu ljósi á rótgróin hugtök. Markmið bókar hans er meðal annars að sýna hversu mikilvægt er að **rækta tilfinningar sínar,** það sé forsenda fyrir velferð hverrar persónu og árangri í lífi og starfi.

## „ORÐRÉTT“

### Góð spurning

**„Getur KB banki keypt forgang á biðlistum spítalanna fyrir viðskiptavini sína?“**

INGIBJÖRG ÁSGEIRSDÓTTIR FORSTJÓRI Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU UM EINKATÓNLEIKA SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR FYRIR KB BANKA OG FORSETAEMBÆTTIÐ.

### Heyr heyr

**„Framkoma sem þessi við íslenska neytendur er forkastanleg og ég óska eftir að atvinnurekendur skili aftur þessum peningum.“**

JÓHANNES GUNNARSSON, FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA, UM ÞÁ STAÐREYND AÐ VÖRUVERÐ LÆKKAR EKKI ÞRÁTT FYRIR HÁTT GENGI KRÓNUNNAR. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SMÁRI GEIRSSON FORSETI BÆJARSTJÓRNAR Í FJARÐABYGGÐ:

# *Ein milljón vinnustunda án slysa*

„Nú var einmitt verið að fagna því að menn hefðu náð þeim árangri að vinna samanlagt eina milljón vinnustundir við nýtt álver án þess að slys henti við framkvæmdirnar,“ segir Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, og bætir við að nú vinna um þúsund manns við álversframkvæmdir.

Hann segir íbúa Fjarðabyggðar komna í aðventuskap, enda hús og garðar víða fagurlega skreytt. Sjálfur segist Smári hvorki fá að baka né skreyta. Það finnist honum slæmt því hann sé „annálað smekkmenni.“ En konan vill sjá um þann undirbúning fyrir jólahátíðina.

Smári segir að mikil uppbygging sé í Fjarðabyggð og mikið byggt af íbúðarhúsnæði. „Við höfum gert okkur grein fyrir því að það verður ekki mikil fjölgun í sveitarfélagi eins og þessu fyrr en verður farið að fastráða í störf,“ segir Smári. „Á uppbyggingartímanum er það ekki gert heldur koma menn að þessum uppbyggingarverkum á vegum ýmissa framkvæmdaaðila. Það verður fyrst á næsta ári sem verður farið að fastráða í störf við álverið.“



Smári segist alinn upp við að það sem skiptir máli fyrir samfélög eins og Fjarðabyggð er að fólk hafi atvinnu og góða lífsafkomu.

„Ég er alinn upp í pólitík af Norðfjarðarkommum,“ segir hann og leggur áherslu á hvert orð. „Og þetta er það sem ég lærði fyrst og fremst. Ég get alveg sagt þér að þetta er leiðarljósið. Hér fyrir austan höfum við um langt skeið verið í gríðarlegri varnarbaráttu. Störfum hefur fækkað mjög, einkum í frumvinnslugreinunum. Það hefur leitt til þess að samfélögin hafa veikst ár frá ári, íbúunum hefur fækkað og það er auðvitað alveg ljóst að það varð að gerast eitthvað mjög stórt hér á sviði efnahags- og atvinnumála til að snúa þróuninni við. Nú hafa menn náð árangri eftir að hafa reynt ýmislegt sem sumt skilaði litlu og margt engu.“



**ALLT Á KAFI** Bobbi Benedict, sem býr í bænum Concord í New Hampshire í Bandaríkjunum, þótti vissara að skafa fyrst frá númeraplötunni og ganga úr skugga um að þetta væri hennar bíll áður en hún hóf að moka frá rúðunum. Gríðarlegt fannfergi var í Concord á þriðjudag, svo mikið raunar að elstu menn muna vart annað eins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sektir vegna gsm nema andvirði nýs jepplings

**Ætla má að þeir skipti hundruðum - jafnvel þúsundum - ökumennirnir sem á degi hverjum tala í gsm síma án handfrjáls búnaðar. Slíkt er lögbrot sem við liggur fimm þúsund króna sekt. Lögreglan hefur ekki undan við að stöðva fólk og benda því á að bannað sé að tala í gsm síma undir stýri.**



TALAÐ Í FARSÍMA UNDIR STÝRI

„Þetta er endalaust,“ svarar Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, spurður hversu algengt sé að fólk tali í gsm síma um leið og það ekur eftir götum höfuðborgarinnar. Hann segir að þó öllum kröftum lögreglu yrði varið í eftirlit með ökumönnum myndi það ekki duga til. „Þessu mun aldrei linna,“ segir Geir Jón. Og ástæðan er einföld; fólk skilur þetta ekki. „Það verður svo undrandi þegar lögreglumenn stoppa það og finnst ótrúlegt að sektað sé fyrir þetta. Menn eiga nánast ekki til orð yfir það.“





GEIR JÓN ÞÓRISSON

Á síðasta ári greiddu lögbrjótar samtals um þrjár milljónir króna í sektir fyrir að tala í gsm síma undir stýri en sem kunnugt er má fá ágætan jeppling fyrir þá upphæð. Það sem af er þessu ári hefur verið sektað fyrir tæpa tvær og hálfa milljón króna eða sem svarar til andvirðis góðrar fólksbifreiðar.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segist þess fullviss að rekja megi fjölda óhappa og jafnvel slysa í umferðinni til gsm notkunar ökumanna. „Það má leiða getum að því að þetta sé ein algengasta orsök athyglisbrests í umferðinni,“ segir hann.

Þegar bannað var með lögum að tala í síma undir stýri án þess að notast við handfrjálsan búnað var stífur áróður rekinn fyrir notkun slíks búnaðar. Nú, nokkrum misserum síðar, virðist sem áróðurinn hafi gleymst. „Það er eins og mönnum finnist þetta allt í lagi,“ segir Einar Magnús og ítrekar um leið áhættuna sem því fylgir að tala í síma undir stýri.



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

# Þorskurinn sækir mjög á

„Ýsan er alltaf vinsælust en þorskurinn sækir mjög á,“ segir Þóra Egilsdóttir, fisksali í Fiskbúðinni Freyjugötu, um vinsælustu tegundirnar þessi dægrin. Hún segir greinilegt að margir kjósi að borða fisk á aðventunni. „Það hefur verið gott að gera að undanförnu. Reyndar er alltaf meira að gera fyrripart viku og svo hægist um þegar líður á vikuna.“

Sjálfri finnst Þóru fiskur góður. „Ég borða mikinn fisk, mjög mikinn reyndar. Það er svo þægilegt að grípa þetta heim með sér.“ Henni og eiginmanni hennar og samstarfsmanni í fiskbúðinni, Einari Steindórssyni, finnst fiskur reyndar svo góður að þau gætu borðað hann sjö daga vikunnar. „Við myndum gera það ef ekki væri unglingur á heimilinu sem tekur fyrir það,“ segir hún og hlær.

Þóra er frá Eyrarbakka og Einar frá Stokkseyri og eru þau því alin upp við sjávarsíðuna og fiskinn. Þau hafa rekið Fiskbúðina við Freyjugötu í tæp fimmtán ár.



**ÚR MATARKISTU HAFSINS** Þóra Egilsdóttir í Fiskbúðinni á Freyjugötu gæti borðað fisk sjö daga vikunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

allt atvinna
Alla sunnudaga

DV
Kýs konu frekar en bachelorinn

Jenný í úrslitum í Bachelor á morgun
Þorir þegar aðrir þegja!

# Frábærar jólagjafir

**OPIÐ til kl. 22**
**öll kvöld til jóla**
í Skeifu, Smáralind,
Kringlu.

þáttur um gerð disksins er sýndur
á RÚV kl.23:40 í kvöld.

"Það er greinileg einlægni og auðmýkt ásamt gífurlegu öryggi sem einkennir plötuna September, og Bergsveinn hefur með henni fengið stóra fjöður í hatt sinn."

heida@vbl.is

"Bergsveinn er góður söngvari, nett rámur baritónn sem á auðvelt með að skríða upp og niður tónstigann. Hann landar glæsilega hinum háu tónum Gabriel."

Arnar Eggert Thoroddsen




KAUPAUKI After Eight 400gr. fylgir með hverju keyptu eintaki.




1.999 kr

BERGSVEINN - September

Ólýsanleg er nýr og jafnframt fyrsti sólódiskur Matta Matt. Matti ætti að vera öllum vel kunnugur sem söngvari Papanna og Dúndurfrétta. Á þessum glæsilega disk eru ný lög eftir Magnús Þór og fleiri í frábærum flutningi Matta.




KAUPAUKI After Eight 400gr. fylgir með hverju keyptu eintaki.



1.999 kr

MATTI - Ólýsanleg

Önnur sólóplata Óskars Péturssonar frá Álftagerði. Með sinni fyrstu sólóplötu söng hann sig svo sannarlega inn í hjörtu landans svo um munaði. Þessi plata er í raun rökrétt framhald af henni þar sem hann er nú komin með heila sinfóníusveit á bak við sig. Þessi plata er sannkölluð skyldu eign.




KAUPAUKI After Eight 400gr. fylgir með hverju keyptu eintaki.




1.999 kr

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Svona erum við

Uppfærslur áhugaleikfélaga




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MICHELLE BACHELET, FORSETAFRAMBJÓÐANDI Í CHILE

# *Barnalæknir með bein í nefinu*

Þing- og forsetakosningar voru haldnar í Chile um helgina. Í forsetakosningunum hlutu þau Michelle Bachelet og Sebastian Pinera flest atkvæði og verður því kosið á milli þeirra tveggja 15. janúar næstkomandi. Aðeins einu sinni hefur kona verið kjörinn þjóðarleiðtogi í Suður-Ameríku þannig að ef Bachelet verður forseti er sannarlega um tímamót að ræða.

**Hvað mótaði pólitískar skoðanir hennar?**
Michelle Bachelet fæddist árið 1951 í Santíagó inn í rótgróna félagshyggjufjölskyldu. Þegar Salvador Allende komst til valda var faðir hennar settur yfir matvælastofnun þjóðarinnar en við herforingjabyltinguna haustið 1973 lést hann í haldi lögreglu eftir pyntingar. Hún sætti sjálf pyntingum ásamt móður sinni en árið 1975 voru þær reknar úr landi. Þaðan héldu þær til Austur-Þýskalands þar sem hún hélt áfram læknanámi.



Bachelet sneri svo aftur til Chile 1979 og lauk hún námi í barnalækningum nokkrum árum síðar. Á tíunda áratugnum settist hún enn á skólabekk og tók þá að nema varnar- og öryggismál.

**Hver er stjórnmálalegur bakgrunnur hennar?**
Bachelet skráði sig í Sósíalistaflokk Chile árið 1970 og hefur alla tíð síðan verði virk í starfi hans. Vorið 2000 kom hins vegar fyrsta stóra tækifærið þegar Ricardo Lagos forseti skipaði hana heilbrigðisráðherra. Tveimur árum síðar varð hún varnarmálaráðherra landsins, fyrst kvenna í álfunni til að gegna slíkri stöðu. Eftir að vinsældir hennar komu ítrekað fram í skoðanakönnunum ákvað hún hins vegar að segja af sér á síðasta ári til að geta helgað sig baráttunni fyrir sjálfu forsetaembættinu.

Bachelet hlýtur að teljast sigurstrangleg því hún hlaut 46 prósent atkvæða á sunnudaginn.

**SPURT & SVARAÐ**

FEGURÐARSAMKEPPNIR

## *Hlutgerving á konum*



**EDDA JÓNSDÓTTR**
Verkefnastýra

Verkefnastýrur baráttuárs kvenna 2005 mótmæltu heillaóskaskeyti Halldórs Ásgrímssonar til Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur þegar hún var kjörin ungfrú heimur. Edda Jónsdóttir er ein verkefnastýran sem undirritaði yfirlýsinguna.

**Af hverju senduð þið mótmæli við skeyti forsætisráðherra?**
Vegna þess að okkur finnst ekki réttlætanleg að senda þetta í nafni þjóðarinnar, það sem skiptar skoðanir eru um fegurðarsamkeppnir.

**Af hverju ertu mótfallin fegurðarsamkeppnum?**
Mér finnast fegurðarsamkeppnir vera hlutgerving á konum. Verið er að ýta undir að þær séu fallegar en ekki eitthvað annað.

**Hvaða áhrif hefur krýning Unnar Birnu sem Ungfrú heimur?**
Ég held að þetta sé ákveðin afturför. Í mínum draumaheimi myndu konur ekki vilja taka þátt í fegurðarsamkeppni og því væru slíkar keppnir ekki til. Þetta eru slæm skilaboð til ungra kvenna og karla um að meta konur út frá fegurð en ekki út frá því fyrir hvað þær standa að öðru leyti.

# Hallæri í góðærinu

**Grundvöllur búsetu verður æ ótraustari í sjávarbyggðum á öllu norðanverðu landinu, frá Snæfellsnesi að Vopnafirði. Þingmenn úr röðum stjórnarliða og stjórnarandstöðu tala um ómarkvissa byggðastefnu og áhugaleysi stjórnvalda.**

Einhver stærsta og mikilsverðasta aðgerð í byggðamálum á síðari tímum, stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi, draga með ákveðnum hætti máttinn úr byggðarlögum frá norðanverðu Snæfellsnesi um Vestfirði og yfir allt Norðurland. Tilraunum Seðlabankans til þess að slá á þenslu og verðbólgu með hávaxtastefnu og ofurgengi krónunnar hefur Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýst þannig að þegar hóstahryglurnar hætta og lífsandinn hverfur úr vitum þessara byggðarlaga, hverfi einnig sjúkdómseinkennin.

Í raun má orða það svo að mótvægisaðgerðir stjórnvalda gegn þenslunni valdi nú uppdráttarsýki í nær gervallri sjávarbyggð landsins.



**SIGLUFJÖRÐUR** Kvótinn fer, Síminn fer, lögreglan fer og allir í leit að hagkvæmni. Lifir sjávarbyggðin þensluna af?

### Órólegir stjórnendur

En hver eru þessi einkenni? Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er ómyrkur í máli og segir að þörf sé á sérstakri byggðastefnu fyrir allt norðanvert landið í það minnsta. „Forsvarsmenn fyrirtækjanna velta ekki aðeins fyrir sér þeim möguleika að auka hagkvæmni og arðsemi með því að flytja fyrirtækin á suðvesturhorn landsins heldur einnig úr landi. Hvers vegna ætti rækjufyrirtæki, sem fær hráefnið frá Noregi ekki að setjast að í Skotlandi, steinsnar frá mikilvægasta markaðnum í Englandi? Ég veit að menn hafa verið að skoða Skotland og Eystrasaltslöndin,“ segir Kristinn.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, segir að fyrirtæki á borð við Sæplast hf. á Dalvík geti velt fyrir sér leiðum til að auka arðsemina. „Það er háð dýrum flutningum á aðföngum og á fullunnum framleiðsluvörum sem þurfa að komast á markað. Það gæti hæglega verið hagkvæmara fyrir það að óbreyttu að koma sér fyrir í Hafnarfirði.“

Steingrímur telur að rótina að samruna málningarframleiðendanna Hörpu og Sjafnar hafi mátt rekja til hagræðis sem fengist með minni flutningum.

„Menn hafi ákveðið að hafa aðeins þá framleiðslu á Akureyri sem síður væri háð flutningum og þyldi háan flutningskostnað. Fyrir þremur árum var ætlunin að kanna möguleikana á jöfnun flutningskostnaðar sem hefur farið sífellt hækkandi með auknum flutningum á landi og hækkandi eldsneytisverði. Ekkert hefur gerst í því máli enn,“ segir Steingrímur og telur að ósamkomulag stjórnarflokkanna og tómlæti ríkisstjórnarinnar ráði þar mestu um.

### 20.000 tonna byggðakvóti

Kristinn H. Gunnarsson segir að rót vandans megi rekja til kvótakerfisins. „Fyrirtæki sem eru að byggja sig upp með kvótakaupum, til dæmis í Bolungarvík, eru í rauninni að vinna fyrir aðra kvótaeigendur. Þau taka lán til kvótakaupa og borga skuldir en kvótaeigandinn, sem telur seðlana, er annars staðar.“

Kristinn segir að í þenslunni hafi stjórnvöld tekið sjávarútvegsmálin út fyrir sviga og sagt að ekki mætti hreyfa þar við neinu. „Samt hafa skýrslur, meðal annars á vegum Byggðastofnunar, sýnt samspilið á milli fiskveiðistjórnunarinnar og afkomu mikilvægustu atvinnufyrirtækjanna á þessum landsvæðum. Það sem þar



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** „Það gæti hæglega verið hagkvæmara fyrir það [Sæplast] að óbreyttu að koma sér fyrir í Hafnarfirði.“



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** „Sjávarbyggðir standa veikar en oft áður. Framleiðslu- og samkeppnisiðnaður hefðu ekki getað hækkað sín laun.“



**KRISTINN H. GUNNARSSON** „Átak stjórnvalda er sundurlaust og ómarkvisst og stefna eiginlega ekki til.“

var sagt hefur í raun allt gengið eftir. Það hefur ekki verið pólitískur vilji til þess að breyta kerfinu. Hagsmunir fárra eru teknir fram yfir hagsmuni margra.

Til að snúa þessu að einhverju leyti við þarf afgerandi aðgerð eins og tuttugu þúsund tonna byggðakvóta í stað þrjú þúsund tonna. Vandinn mun gjósa upp þangað til tekið verður á honum,“ segir Kristinn.

### Auglýst eftir byggðastefnu

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, benti á það í Fréttablaðinu í gær að á suðvesturhorninu búi sveitarfélög við skilyrði sem færir þeim auknar tekjur. „Þegar komið er norður fyrir Snæfellsnes og allt austur á land eru sveitarfélög með allt að fjögur þúsund íbúa í kröggum vegna minnkandi útsvarstekna.“ „Mér finnst hafa ríkt ákveðinn doði og engin stór skref stigin nema á Austurlandi.“

Útsvarstekjur eru lang mikilvægustu tekjur sveitarfélaga og eru algerlega háðar atvinnuástandi, fjölda starfa og tekjum einstaklinga. Minnkandi tekjur þeirra endurspegla þannig fækkun starfa og minnkandi tekjur.

„Sjávarbyggðir standa veikar en oft áður. Framleiðslu- og samkeppnisiðnaður hefðu ekki getað hækkað sín laun og það kemur niður á tekjum þessara sveitarfélaga. Þetta er svo aftur tengt vaxtahækkunum Seðlabankans,“ segir Einar Oddur Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Í þessum byggðarlögum er afturför í atvinnumálum og fækkun starfa í sjávarútvegi,“ segir Kristinn H. Gunnarsson. „Það hafa ekki verið möguleikar til að bregðast við framsalinu því brottflutningur veiðiheimilda veldur fækkun starfa og atvinnuuppbyggingin hefur ekki verið í öðrum greinum, hvorki í opinberri þjónustu né á öðrum sviðum. Mikið óöryggi fylgir kvótatilflutningunum. Framtakið hefur verið sáralítið. Eina umtalsverða átakið eru álversframkvæmdirnar á Austurlandi og svo nokkur viðleitni í Eyjafirði í kringum menntastofnanir og hugsanlega stóriðju þar. Að öðru leyti skila stjórnvöld nánast auðu. Átak stjórnvalda er sundurlaust og ómarkvisst og stefna eiginlega ekki til,“ segir Kristinn.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is






# Þúsund og einni nótt frá innrásinni

**Kosningarnar sem haldnar verða í Írak á morgun munu vafalaust ráða miklu um friðarhorfurnar í þessu stríðshrjáða landi. Kjörsókn súnnía og uppgangur heittrúaðra sjía eru á meðal þeirra þátta sem mest áhrif eiga eftir að hafa í því sambandi.**

Í dag er þúsund og ein nótt liðin síðan herir bandamanna réðust inn í Írak og steyptu Saddam Hussein af stóli. Sjálfsagt er það tilviljun að rétt eins og ævintýrin sem sögð voru í Bagdad á sínum tíma tóku enda að þeim tíma liðnum, ljúki formlegri stjórnmálauppbyggingu landsins eftir sama tíma. Írakar ganga nefnilega að kjörborðinu á morgun í þriðja og síðasta sinn á þessu ári og velja sér nýtt löggjafarþing sem starfa mun á grundvelli stjórnarskrárinnar sem samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslunni í október.



**BÚINN AÐ KJÓSA** Kjörfundur í Írak hófst raunar í vikubyrjun en þá fengu sjúklingar á spítölum og hermenn að greiða atkvæði. Þessi hermaður í Basra var greinilega búinn að neyta atkvæðisréttar síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Hvað gera súnníar?**

Í kosningunum í janúar, þegar stjórnlagaþingið var valið, ákváðu súnníar að sitja heima á kjördag. Afleiðingin varð sú að þeir voru að mestu settir til hliðar í stjórnarskrárvinnunni og einangrun þeirra þýddi að uppreisnaröflunum óx fiskur um hrygg. Í októberkosningunum höfðu súnníar áttað sig á að þeir höfðu gert mistök og því létu þeir sig ekki vanta á kjörstað í það skiptið.

Góð kjörsókn súnnía í kosningum á morgun mun hafa afgerandi áhrif á friðarþróunina í landinu á komandi mánuðum. Eins og Philip Kosnett, staðgengill sendiherra Bandaríkjanna, benti á í viðtali hér í blaðinu um helgina er stór hluti uppreisnarinnar knúinn áfram af óánægðum súnníum sem sakna þeirra tíma þegar þeir réðu lögum og lofum í landinu. Þótt þeir skilji flestir að þeir tímar séu liðnir er mikilvægt að þeim finnist þeir hafa völd sem eru að minnsta kosti í einhverju samræmi við fjölda þeirra í landinu.

Í janúarkosningunum var Írak eitt kjördæmi og þar sem súnníar hundsuðu þær var uppskeran rýr. Nú fær hvert hérað hins vegar þingmenn í samræmi við fólksfjölda og það mun vafalaust koma þeim vel því í fjórum héruðum eru þeir meirihluti íbúa. Súnníar ganga hins vegar nokkuð sundraðir til kosninga, margir smáflokkar berjast um hylli þeirra og ólíkt sjíum og Kúrdum hafa þeir enga afgerandi leiðtoga innan sinna raða.

Spennandi verður að sjá hvernig þessi þjóðfélagshópur skilar sér í kjörklefana á morgun. Skráning súnnía á kjörskrá hefur raunar gengið prýðilega og af því má draga þá ályktun að þeir hyggist upp til hópa nýta kosningarétt sinn. Verði sú raunin eru það góðar fréttir.

**Flokkadrættir hjá sjíum**

Sjíar eru langstærsta þjóðarbrot landsins en ríflega sextíu prósent þjóðarinnar tilheyra þeim hópi. Í janúarkosningunum vegnaði þeim afar vel, bæði sökum hve margir þeir eru en líka vegna þess að súnníar sniðgengu kosningarnar.

Þrátt fyrir að sjíar skilgreini sig út frá trúarlegum forsendum skiptast þeir mjög í tvö horn eftir því að hversu miklu leyti þeir telja að íslam eigi að móta samfélagsskipanina.

Stærri fylkingin, sú sem bauð sig fram í janúar undir merkjum Sameinaða sjíabandalagsins, er samansafn einstaklinga og hreyfinga, til dæmis Muqtada al-Sadr og Íslamska byltingarráðsins í Írak (SCIRI), sem telja að þjóðfélagið eigi fyrst og fremst að mótast af íslam. Á hinum vængnum eru síðan veraldlega þenkjandi sjíar sem Iyad Allawi, fyrrverandi forsætisráðherra, fer fyrir. Þeir eru í samfloti við Kúrda og súnnía sem eru sama sinnis.

Grunnt er á því góða á milli þessara hópa. Á dögunum var gerður aðsúgur að Allawi á ferð í Najaf og er talið að menn al-Sadr hafi þar verið að verki. Heittrúaðir sjíar telja að Allawi, sem eitt sinn var á mála hjá bandarísku leyniþjónustunni CIA, sé annað hvort leppur Bandaríkjamanna eða „Saddam án yfirvaraskeggs“. Allawi og menn hans hafa hins vegar haldið uppi kröftugri gagnrýni á móti og sakað, með nokkrum rétti, leiðtoga Sameinaða sjíabandalagsins um að berjast eingöngu fyrir hagsmunum sinna umbjóðenda. Náin tengsl SCIRI við stjórnvöld í Teheran hafa jafnframt vakið nokkurn ugg þeirra sem vilja að Írak fái að þróast í friði fyrir erlendum áhrifum.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni á þorri sjía að líkindum eftir að fylkja sér á bak við Sameinaða sjíabandalagið. Mestu munar þar um óbeinan stuðning Ali al-Sistani erkiklerks við hreyfinguna en segja má að hans orð séu bindandi fyrir heittrúaða sjía í landinu. Allawi þótti ekki standa sig vel í starfi forsætisráðherra og hefur aldrei notið sérstakrar lýðhylli í landinu.

**Flókin stjórnarmyndun framundan**

Ekki þarf að eyða mörgum orðum á Kúrda. Í janúar greiddi langstærstur hluti þeirra sameinuðum kúrdískum lista atkvæði sitt sem skilaði þeim umtalsverðum völdum í landinu. Sá listi verður í framboði á morgun og eru allar líkur að honum muni ganga aftur vel þá.

Erfitt er að spá fyrir um hverjir munu taka við stjórnartaumunum að loknum kosningunum, það eina sem er víst er að rétt eins og í janúar mun stjórnarmyndunin taka langan tíma og mikið baktjaldamakk mun fara fram.

Líklegt verður að teljast að staða súnnía batni talsvert en á hinn bóginn er ósennilegt að þeir fái nógu mikið fylgi til að geta myndað ríkisstjórn með flokki Allawi. Kúrdar eru ennþá mjög tortryggnir í garð súnnía og þeir eru auk þess ósammála um grundvallaratriði stjórnskipunarinnar, eins og hversu miðstýrt ríkið eigi að vera, þannig að sennilega líta þeir frekar til áframhaldandi samstarfs við Sameinaða sjíabandalagið.

Þótt slík ríkisstjórn hefði drjúgan meirihluta á bak við sig er ekki víst að stöðugleiki komist þar með á í landinu. Frammistaða núverandi ríkisstjórnar í þeim efnum gefur í það minnsta ekki tilefni til mikillar bjartsýni því enn eru rósturnar miklar og hermdarverk nánast daglegt brauð. Ef raunverulegur vilji er hjá stjórninni til að sætta þjóðarbrotin í landinu verða þeir að byrja á að draga úr óánægju súnnía með einhverjum hætti, fyrst og fremst með að gera nauðsynlegar breytingar á nýju stjórnarskránni eins og þeir lofuðu raunar í haust en líka með að skipa þá í áhrifastöður. Þá og ekki fyrr er hægt að gera sér raunverulegar vonir um að friður fari að komast á í landinu þótt það sé langt í frá öruggt.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is

## Leiðtogarnir hvetja til þátttöku

Leiðtogar sjía, súnnía og Kúrda í Írak hafa hvatt kjósendur til að nýta kosningarétt sinn á morgun. Þá velur þjóðin löggjafarþing í samræmi við ákvæði nýrrar stjórnarskrár.

**Þeir munu hafa sitt að segja í kosningunum á morgun**



**Abdul-Aziz al-Hakim,** 55 ára gamall sjíaklerkur og öflugur leiðtogi SCIRI. Hann er í forsvari fyrir Sameinaða sjíabandalagið.



**Ali al-Sistani, erkiklerkur,** 75 ára. Hann er að líkindum áhrifamesti maðurinn í Írak og hefur óbeint hvatt sitt fólk til að flokk al-Hakim.



**Iyad Allawi,** 60 ára. Sjíi sem vill aðskilnað ríkis og trúar. Leiðtogi flokks hófsamra sjía, súnnía og Kúrda



**Saleh al-Mutlaq.** Súnníi sem mun knýja á um breytingar á stjórnarskránni.



**Jalal Talabani,** 72 ára forseti Íraks. Hann er annar leiðtogi Kúrda en þeir störfuðu með sjíum að stjórnarskrárgerðinni.

AP





BÓNUSVÍDEÓ
til 6. janúar 2006
Jólaleikur
Bónusvídeó & Pepsi Max
Taktu þátt! Leigðu spólu eða keyptu Pepsi Max
í Bónusvídeó og þú getur fengið jólaglaðning.
400
vinningar
3x Flug fyrir 2 til einhvers af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu.
242x Pepsi 2l kippur
1x United 32" glæsilegt LCD tæki
3x United DVD spilarar
5x DVD Kids tæki frá Myndform
28x DVD pakki með 3 myndum frá SAM Myndum
1x Desprerate Housewives DVD safn
28x Bíómiðar fyrir 2 í Smárabíó
28x DVD pakki með 3 myndum frá Senu
1x Simpsons Series 6 DVD safn
20x Mackintosh 1,2 kg
20x Konfekt frá Nóa Síríus
20x Roses Konfekt
Vinningar verða dregnir út
12. janúar 2006
Iceland Express
DVD VIDEO
PEPSI
MAX
DESPERATE HOUSEWIVES
Quality Street
Roses

# skoðun

SJÓNARMIÐ
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Sinfóníuhljómsveitin hefur ekki bitið úr nálinni vegna boðstónleikanna í síðustu viku.

## Falskur tónn

Gestir KB banka og forsetaembættisins á lokuðum boðshljómleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói á fimmtudag urðu víst vitni að stórkostlegum söng velska barítónsöngvarans Bryn Terfel. Hástemmd lýsingarorð hafa fallið um frammistöðu hans og sumir höfðu víst aldrei heyrt jafn fagran og góðan söng um ævina - og búast jafnvel ekki við að heyra annað eins það sem eftir lifir.

Bryn Terfel er heitasta númerið á barítónsviðinu um þessar mundir og á aðdáendur um allan heim. Hann er eins og U2 í rokkinu. Margir eiga sér þann draum heitastan að komast á tónleika með honum en hjá flestum verður sá draumur bara áfram draumur.

Það voru því mikil tíðindi þegar spurðist að Terfel myndi syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Íslandi. Þau tíðindi breyttust hins vegar í martröð fyrir suma þegar í ljós kom að hann myndi aðeins syngja á einum tónleikum - og það á lokuðum boðstónleikum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur á síðustu árum vakið athygli og eftirtekt í útlöndum. Hljómsveitin þykir góð og hefur hlotið lofsamlega dóma fyrir tónleika og hljómplötur hjá virtum tónlistarrýnum. Um leið hefur sveitin verið umdeild á Íslandi, eins og reyndar margar aðrar menningarstofnanir, og er það skoðun sumra að íslenska ríkið eigi ekki að starfrækja hljómsveit, hvorki sinfóníska né aðra.

En hljómsveitin er til og eins og með annað sem heyrir undir hið opinbera ættu allir að eiga möguleika á að njóta þess sem sveitin býður upp á. En því er ekki að heilsa. Í það minnsta ekki á fimmtudaginn í síðustu viku þegar sjálfur Bryn Terfel tróð upp með henni. Það má í raun spyrja hvort þetta ætti ekki að vera öfugt. Lokaðir boðshljómleikar árið um kring en opna salinn upp á gátt þegar stórmenni á borð við Terfel koma í heimsók.

Nú þegar er ljóst að Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur skaðast á hljómleikahaldi fimmtudagsins. Skuggi hefur fallið á ímynd hennar sem látlausrar og vinalegrar menningarstofnunar því þegar stórmenni fást á sviðið með henni er boðið upp í dans með KB banka og forsetaembættinu en skellt í lás á almúgann.

Þetta láta aðdáendur Sinfóníuhljómsveitarinnar ekki yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust. Tvær konur skrifuðu í Morgunblaðið í gær og lýstu skoðunum sínum. Önnur þeirra, Steinunn Theodórsdóttir, hefur verið unnandi hljómsveitarinnar frá fyrstu tónleikum hennar í Austurbæjarbíói. Hún hefur sótt allflesta tónleika hljómsveitarinnar og verið fastur áskrifandi um áratugaskeið. En nú segir hún sig úr vinafélaginu. „..hljómsveitin okkar er notuð í fáfengileik og snobb,“ segir Steinunn í greininni í Morgunblaðinu.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir veltir meðal annars fyrir sér tilgangi og hlutverki ríkisstofnana í grein í sama blaði. Hún segist lengi hafa verið einlægur aðdáandi Bryn Terfel og látið sig dreyma um að komast á tónleika og heyra hann syngja í eigin persónu. Það hafi því verið skelfileg vonbrigði að hafa ekki einu sinni fengið tækifæri til að kaupa miða á tónleikana í síðustu viku.

Stjórnendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands ættu að hafa áhyggjur af orðum þessara tveggja kvenna og ákveða að halda aldrei aftur lokaða boðstónleika. Forseti Íslands hefur líka vonandi tekið þátt í slíku hljómleikahaldi í síðasta sinn.

„Keppikefli Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að sem flestir komi og njóti tónleika sveitarinnar,“ segir meðal annars í stefnumörkun hennar. Það var sannarlega ekkert sérstakt keppikefli á fimmtudaginn í síðustu viku.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvorki né

Það er einkennilegur tími í pólitíkinni að mati Egils Helgasonar. „Annars vegar eru miklar breytingar. Við erum að horfa upp á banka og fyrirtæki sem eru orðin stærri en íslenska ríkið, ofboðslega auðsöfnun á stuttum tíma. Engan óraði til dæmis fyrir því að einkavæðing bankanna myndi breyta svo miklu, gera stjórnmálamennina svona áhrifalausa,“ segir hann í pistli á Vísi í gær. Agli finnst pólitíkin eins og veðrið þessa dagana - hvorki né. „Maður veltir því fyrir sér hvort stjórnmálamenn skipti kannski fjarskalega litlu máli á hinu nýja Íslandi. Þingið kom saman 1. október, það fór í jólafrí 9. desember, kemur aftur saman í byrjun febrúar og hættir örugglega snemma vegna sveitarstjórnakosninganna í vor. Það hefur verið algjör ládeyða í þinginu í vetur, ekkert gerist, flest bendir til þess að það verði eins eftir jól.“



### Sammála um allt

Hver getur skýringin verið? „Kannski er ein ástæðan sú,“ segir Egill, „að stjórnmálaflokkarnir eru ekki ósammála um nein meginatriði, ekkert sem snertir grunngerð samfélagsins. Það er sagt að öll stjórnmál séu að færast inn á miðjuna. Sjálfstæðisflokkurinn sækir inn á miðjuna, Samfylkingin segist ætla að verja miðjuna, en Framsókn telur sig vera hinn eiginlega miðjuflokk.“ Hann segir að það sé liðin tíð þegar Sjálfstæðisflokkurinn gat verið á móti vökulögunum eða barnaheimilum og jafnaðarmenn höfðu þjóðnýtingu á stefnuskrá sinni. „Gömul ágreiningsmál meika ekki lengur sens. Það er mjög breið samstaða um að takmarka hlut ríkisvaldsins, nýta einkaframtakið, en halda um leið uppi sterku velferðarkerfi, jafnrétti og lýðræði.“

### Holur tónn

„Stundum er eins og það sé einfaldast að skipta stjórnmálaflokkum í Evrópu í þá flokka sem eru við völd og þá flokka sem eru ekki við völd,“ segir Egill. „Í Bretlandi og víða í Skandinavíu eru það sósíaldemókratar, hér vill svo til að það er flokkur sem er til hægri að nafninu til. Þetta er nokkurn veginn sama pólitíkin. Þess vegna er tónninn í stjórnmálamönnum sem rífast oft svo holur. Alls staðar er stjórnarandstöðuflokkum borin á brýn málefnafátækt, vegna þess einfaldlega að þeir eru að mestu leyti sammála þeim sem stjórna.“

**gm@frettabladid.is**

## Að kjósa sér ríkisstjórn

Í DAG
VALD KJÓSENDA



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Þorri landsmanna hefur skynjað allt frá falli SÍS að Framsóknarflokkurinn á ekkert erindi við kjósendur dagsins í dag.*

Stundum hefur verið vikið að því hér í þessum dálkum hversu lýðræðinu hér á landi er í mörgu áfátt. Í manna minnum hefur það ekki gerst að ríkisstjórn leggi verk sín óhikað undir dóm kjósenda og óski eftir endurkosningu út á verk sín. Þvert á móti hafa flokkar stjórnarsamsteypunnar lagt áherslu á að þeir gangi óbundnir til kosninga, afsakað flest sín verk með því að þau séu niðurstaða málamiðlunar og hrossakaupa en ekki árangur af stefnu flokksins; séu tilbúnir að vinna með hverjum sem er að kosningum loknum; biðja hæstvirta kjósendur þess eins að veita sér fylgi og traust til góðrar stöðu í hrossakaupum um stjórnarsetu og ráðherrastóla eftir kosningar.

Stjórnarandstöðuflokkar hafa sama háttinn á; fjargviðrast í kosningabaráttu yfir ýmsum gerðum fráfarandi stjórnar, en eru tilbúnir til að slá striki yfir stóru orðin eftir kosningar og ganga til samstarfs við einhvern fyrri stjórnarflokka án teljandi stefnubreytingar. Komi til stjórnarskipta er stundum engu líkara en stjórn og stjórnarandstaða skiptist á ræðum á þingi. Fyrrum stjórnarandstæðingar flytja nú sömu tuggurnar og fyrrverandi ráðherrar, sem fyrir sitt leyti fara að flytja gömlu tuggurnar stjórnarandstöðunnar og finna þeirri stefnu allt til foráttu sem þeir studdu hvað ákafast meðan þeir voru innan veggja stjórnarráðsins. Ræður ráðherra eru auðvitað mestan part samdar af embættismönnum, sem flestir voru æviráðnir af fráfarandi stjórnum og þær taka því litlum breytingum þótt nýir og óvanir menn komi í bestikkið.

Kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunin gera það svo að verkum að kjósendur geta harla litlu áorkað til að refsa eða umbuna þingmönnum eftir frammistöðu þeirra. Kjördæmaskipunin lögfestir verulegt misvægi atkvæða eftir búsetu og flokkum. En þar að auki gerir listafyrirkomulagið í tiltölulega stórum kjördæmum það að verkum að í raun er ekki kosið um nema örfáa þingmenn í hinum almennu lögbundnu kosningum; úrslit þeirra gefa aðens til kynna hlutföllin milli flokkanna, sem þeir geta notfært sér til fyrrgreindra hrossakaupa um aðild að stjórn landsins. Hinar raunverulegu kosningar fara fram innan flokkanna í prófkjörum eða með ákvörðunum fulltrúaráða, þar sem fáar reglur gilda og þessar fáu eru mjög sveigjanlegar. Og þeir sem telja sig órétti beitta hafa fá - eða engin - úrræði til að fá leiðréttingu sinna mála. Þarna er í raun úthlutað í hin „öruggu sæti“. Sennilega eru þau þingsæti sem ráðast í almennum kosningum ekki fleiri en 6 til 7, oftast færri. Harkan sem oft fylgir stjórnmálum er nú fremur milli pólitískra samflokksmanna en andstæðinga.

Sagt er að kosningabarátta snúist um atkvæði þeirra sem staðsetja sig á miðjunni milli hægri og vinstri sjónarmiða. Þessir kjósendur eru taldir svo vandfýsnir að þá verði að nálgast af stökustu varkárni. Því verður æ algengara að kosningabarátta flokkanna er fengin í hendur auglýsingastofum í einskonar alútboði: þær hanna bæði stefnumálin, sem sett eru fram og framvindu kosningabaráttunnar sjálfrar, láta litgreina frambjóðendur og klæða þá í samræmi við það, ákveða markhópa á grunni neytendakannana, svo og kjörorð til brúks í baráttunni. Þannig hefur verið fullyrt að auglýsingastofa nokkur hafi unnið nokkrar síðustu kosningar fyrir Framsókn, urgað upp fylgið úr ca. 7 prósentum í upphafi kosningabaráttu í ca. 17 prósent, sem nægði sem aðgöngumiði að kjötkötlum valdsins.

Það er til mikils að vinna fyrir Framsókn því að þorri landsmanna hefur skynjað allt frá falli SÍS fyrir meira en áratug að sá flokkur á ekkert erindi við kjósendur dagsins í dag. Hins vegar var flokknum nauðsyn að ná því að verða „skiptaráðendur“ í þrotabúi SÍS og koma eignum þess á hendur réttra arftaka forkólfa kaupfélaganna. Verður ekki annað séð en að þessu meginmarkmiði hafi verið náð í góðri samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn með þeim hætti að varla ætti flokkinn að skorta fé til reksturs umsvifamikillar kosningabaráttu í fyrirsjáanlegri framtíð.

Eina leiðin til þess að komast út úr þessari eilífðarvél, sem tryggir Sjálfstæðisflokknum undirtök í öllum ríkisstjórnum með aðstoð smáflokka á vinstri væng á víxl, er sú að Samfylkingin taki af skarið og bjóði upp á trúverðuga stjórnarstefnu undir sinni forystu og gefi þannig kjósendum kost á því í fyrsta sinn um áratugi að kjósa yfir sig ríkisstjórn líkt og Verkamannaflokkurinn norski gerði í nýafstöðnum kosningum þar í landi og Reykvíkingar hafa raunar getað í undanförnum þrennum borgarstjórnarkosningum. Það er í þessu ljósi, sem verður að skoða ákaft ákall Morgunblaðsins undanfarið um að eðalkratar kljúfi nú Samfylkinguna og myndi hækjulið, sem verði til taks, ef og þegar framsóknarhækjan bregst. Það væri mikið óþurftarverk í íslenskum stjórnmálum, ef þessi draumur Morgunblaðsins gengi eftir.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.14 | 13.22 | 15.30 |
| Akureyri | 11.29 | 13.07 | 14.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ


*Góðan dag!*

Í dag er miðvikudagurinn 14. desember, 348. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Siv nýtur aðventunnar þrátt fyrir annríki í þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## LIGGUR Í LOFTI
### [JÓL, BÍLAR & FERÐIR]

**Vetrarólympíuleikarnir** fara fram í Tórínó eftir rúma tvo mánuði og tilvalið að skella sér suður eftir í skammdeginu. Þetta er í tuttugusta skiptið sem leikarnir eru haldnir og því um mikil tímamót að ræða.

**Hlíðarfjall** er líka opið, og fyrir þá sem ekki komast til Torínó er hægt að renna sér þar. Í Hlíðarfjalli fellur daglega jólasnjór úr snjóvélum.



**Citroën** bílar eru um þessar mundir á tilboði hjá Brimborg. Öllum bílum fylgir að auki vetrardekk auk sumardekkjanna. Frekari upplýsingar um tilboðin er að finna á heimasíðu Brimborgar, www.brimborg.is.

**Blóðbíllinn** verður við Ráðhúsið á Selfossi í dag frá 10:00 til 17:00. Það vantar alltaf blóð og það er tilvalin jólagjöf að gefa einhverjum þurfandi blóð. Allir heilsuhraustir einstaklingar á aldrinum 18 til 60 ára eru hvattir til að mæta.

**Þvörusleikir** kemur í kvöld og því ættu húsmæður og feður að passa eldhúsbúnaðinn í nótt. Það er líka þjóðráð fyrir börnin að lauma einni skeið af skyri í gluggakistuna við hlið skósins svo ekki svengi sveinka.



**Reykingamönnum** fækkar ef marka má nýja könnun sem Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð. Um nítján prósent fólks á aldrinum 15-89 ára reyktu nú samanborið við þrjátíu prósent árið 1990. Algengast er að fólk á tvítugsaldri reyki en sjaldgæfast að 70-89 ára gamalt fólk geri það.

**Bláa lónið** býður upp á jólahlaðborð næstu helgi. Boðskort í heilsulindina fylgir með. Það er gott að slappa af í þessari náttúruperlu, ligna aftur augunum og hlusta á öll erlendu tungumálin sem töluð eru í Lóninu.



# Marsipankeppni hjá fjölskyldunni

***Smákökubakstur, laufabrauðsskurður og marsipansamkeppni eru fastir liðir á aðventunni hjá alþingismanninum Siv Friðleifsdóttur.***

„Mesta tilhlökkunarefnið á aðventunni er hinn stórspennandi viðburður, marsipankeppni fjölskyldunnar. Við systkinin hittumst þá með mökum og börnum en mamma stendur fyrir keppninni og er yfirdómari,“ segir Siv brosandi þegar hún er innt eftir föstum hefðum á aðventunni. Þessu verður hún að lýsa nánar.

„Við mætum með marsipan í ýmsum litum, kókosmjöl, möndlur, súkkulaði og allskonar fínerí til að skreyta marsipanið. Það fer svo um helmingurinn ofan í magann í leiðinni en keppnin felst í því að búa til frumlegasta og flottasta marsipanmolann. Einhverntíma vann jaxl sem systir mín tannlæknirinn gerði og í annað sinn fór moli sem hét Mývatn með sigur af hólmi. Þetta höfum við gert í mörg ár og borðum saman í leiðinni. Við erum mikið marsipanfólk. Það er trúlega arfur frá Noregi því mamma er norsk og í aðdraganda jóla í Noregi er vinsælt að borða marsipangrísi. Síðan er önnur aðventuhátíð í föðurfjölskyldunni þegar Sigríður Stefánsdóttir föðursystir mín og hennar maður standa fyrir laufabrauðsbakstri. Þar mætum við systkinin með mökum og börnum og skerum út laufabrauð. Okkur þykir laufabrauðið ómissandi með hangikjötinu á jólunum.“

Siv bakaði fjall af smákökum eitt kvöldið ásamt Hákoni syni sínum og Óla Birni vini hans og spurð um skreytingarmálin svarar hún.

„Við erum með aðventuljós í glugga og aðventukrans með kertum sem við kveikjum á á sunnudögum eins og hefð er fyrir. Stundum höfum við búið til kransinn sjálf en að þessu sinni var hann keyptur tilbúinn. Svo setjum við upp jólaljós á svalirnar og trén í garðinum. Erum búin að ná í seríurnar í geymsluna og eigum bara eftir að ganga frá þeim.“


**Einhyrningurinn minn**
**Undarlegir atburðir**

**Fjórða bókin í vinsælum flokki**



Er draugagangur í kofanum í skóginum? Lára vill komast að því hvað þar er á seyði.

**Spennandi saga!**

**Kókoshneta byrjar í skóla**

**Verðlaunahöfundurinn** Ingo Siegner segir frá Kókoshnetu elddreka og vini hans Óskari rándreka.




**Gamansöm saga og skemmtilegar myndir.**

**Gefin út í fjölda landa.**

**Kossinn sem hvarf**

eftir metsöluhöfundinn David Melling
– sem nefndur var til Kate Greenaway-verðlaunanna fyrir bókina).

**Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!**

**“Þetta er dásamleg saga.**




Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans.”
*The Guardian*

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

**Ljós** á bílum eru mikið öryggisatriði í skammdeginu. Það verður að gæta þess að ljósin séu í lagi og séu hrein. Ef ljósin eru mjög óhrein verður lýsingin ekki nógu góð og þau koma ekki að fullum notum.



PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf.
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

Jólapakkar
Full búð af aukahlutum á bílinn þinn
Neonljós, sportstýri, græjur, bílhátalarar, bassabox o. fl.
ÁG MOTOR SPORT
Opið virka daga 8-18
Laugardaga 12-16
Rafmagnshlaupabretti
15km hámarkshraði
12.995,-
Módel 2 stærðir
með ljósi
Verð frá
2.995,-
ÁG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is
Bónstöðin - Njarðarnesi 1
603 Akureyri - 466 3900

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA
OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

allt
markvissar auglýsingar
...um heilsu
á þriðjudögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"
Síminn er 550-5000



Jónsi er mjög sáttur með Citroën C4 bíllinn sinn, sem hann og sonur hans kalla Töffarabílinn. VILHELM

# Gott glerþak og mikið öryggi

***Jón Jósep Snæbjörnsson á tvo bíla sem hann segist vera mjög sáttur við. Aðspurður segist hann varla geta valið eitt atriði í sambandi við bílana sem sé í uppáhaldi hjá honum.***

Jón Jósep eða Jónsi, eins og flestir þekkja hann, á tvo bíla, Volvo V50 station og Citroën C4. Þegar hann var beðinn um að velja hvað væri það besta við bílana sína gat hann ómögulega dregið út eitthvert eitt atriði. Sem málamiðlun fékk hann að velja eitt atriði í hvorum bíl fyrir sig.

„Í Citroën-inum er það pottþétt glerþakið. Það er æðislegt að keyra eftir götunum á bílnum, bæði að degi og nóttu til. Það er svo frábært hvað er mikil birta í honum." Þegar skammdegið skellur síðan á finnst Jónsa afar þægilegt að horfa á stjörnurnar í gegnum þakið.

„Ég og sonur minn erum líka ofboðslega hrifnir af bílnum og köllum hann töffarabílinn. Við notum hann alltaf þegar við erum að keyra saman, hann dáist alveg að bílnum." Citroën bílinn notar Jónsi sem borgarbíl á meðan Volvoinn er meiri fjölskyldubíll.

Jónsi átti í aðeins meiri vandræðum með að finna eitt atriði sem væri það besta við Volvoinn. „Það er svo margt gott við hann. Ég veit ekki hvort ég á að segja krafturinn, sjálfskiptingin eða leðurinnréttingin en ef ég þarf að velja eitthvað eitt þá verð ég að segja sænska öryggið. Það er líka númer eitt, tvö og þrjú þegar maður á fjölskyldu. Þessi bíll er eins og búr, það er svo mikil öryggistilfinning sem fylgir honum. Þó að stór trukkur mundi keyra yfir bíllinn þá mundi ég bara segja honum að reyna aftur," segir Jónsi, greinilega fullur öryggis.

# Eins og Alien geimskip

***Citroën C2 VTS hefur fengið andlitslyftingu sem tekið er eftir.***

Það tók SQ Plus breytingarsérfræðingana 6 mánuði að útbúa Citroën C2 VTS eins og geimfar úr Alien myndunum. Bíllinn er nánast óþekkjanlegur en útbúnaður bílsins er hreint ótrúlegur.

Hann er meðal annars búinn hljóðkerfi með 11 mögnurum og 20 hátölurum sem telja samtals 15.780 vött. Það eitt væri nóg til að opna ágætan skemmtistað í miðbænum en til að tryggja aðsókn er bíllinn alsettur ljósum og skrauti.

Örsmáar myndavélar koma í stað inni- og hliðarspegla sem endurvarpast á skjá í mælaborði bílsins. Stýri bílsins, ef bíl skyldi kalla, er eins og í þotu og sætin eru eins og í Formúlu 1 bíl. 20 tommu krómfelgur eru undir bílnum og bara lakkvinnan kostaði litlar 1,6 miljónir króna. Það eitt er nálægt kaupverði Citroën C2 VTS á Íslandi.

Phil Leach, framkvæmdastjóri SQ Plus í Manchester, segir að markmiðið hafi verið að gera eitt ótrúlegasta farartæki sem sést hefði, byggt á bíl sem almenningur þekkti og hefði efni á. Hann spáir því að C2 VTS bíllinn verði vinsæll til breytinga á næstu mánuðum og árum.



20 tommu krómfelgur, lakkvinna sem kostaði bílverð og myndavélar í stað spegla.



Það ætti að fara vel um bílstjórann, eða flugmanninn, en bara eitt sæti er í bílnum.



Bíllinn minnir óneitanlega á geimskip úr Alien myndunum. Ætli maður þurfi bílpróf eða flugpróf á hann?



Hljóðkerfið samanstendur af 11 mögnurum og 20 hátölurum, alls 15.780 vött.



# Nýr Benz jeppi á næsta ári

***Höfuðstöðvar Mercedes Benz hafa gefið það út að Benz GL jeppalínan sé væntanleg frá fyrirtækinu í lok næsta árs.***

Það eru margir sem fagna komu nýju GL-línunnar frá Mercedes Benz. Það sem vekur helst áhuga á bílnum, umfram aðra Benz-jeppa, er að hann er sjö sæta og mun verða búinn geysilega öflugum öryggisbúnaði. Sérstakt tæki er í bílnum sem sér fyrir yfirvofandi árekstur og stillir allan búnað bílsins í samræmi við það. Meginloftpúðarnir verða höggstýðir og einnig hnakkapúðar.

Bíllinn verður fáanlegur með tveim mismunandi dísilvélum og öðrum tveim mismunandi bensínvélum. Bíllinn kemur á Evrópumarkað eins og fyrr segir í lok árs 2006.



# *Tónlistin úr tölvunni í bílinn*

***Hljómflutningstæki með þráðlausri tengingu.***

Áður en langt um líður mun bíllinn þinn vera með á hreinu hvað er að finna í iTunes tónlistarsafninu í tölvunni þinni. Þetta kemur fram á vefsíðu tímaritsins Wired, og segir þar jafnframt að fyrirtækið SimpleDevices í samstarfi við Delphi vinni nú hörðum höndum að því að búa til hljómflutningstæki í bílinn sem nær gögnum úr tölvunni með þráðlausri tengingu. Einfalt er fjarlægja harða diskinn úr hljómflutningstækinu sem hægt er að tengja við heimilistölvuna með USB tengi.

Spekúlantar spá þessu tæki vinsældum og sjá það jafnvel fyrir sér að um 2007 verði það hluti af staðalbúnaði í dýrari bílum eins og Cadillac, Lexus og Audi.

# Seðlabankinn á móti lækkun bensíngjalds

***Seðlabankinn hefur lagst gegn frumvarpi Alþingis um lækkun bensíngjalds.***

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði þann 10. maí síðastliðinn eftir umsögn Seðlabanka Íslands um um frumvarp til laga um bensíngjald og olíugjald. Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af bensíni og olíugjald af dísilolíu í almennri sölu verði lækkað um 4 krónur á lítra frá byrjun nóvember til loka mars. Lækkun útsöluverðs og tekjutap ríkissjóðs verða öllu meiri en þessu nemur, því virðisaukaskattur leggst ofan á eldsneytisgjöld og eldsneytisnotendur greiða að meðaltali lægri virðisaukaskatt af því sem þeir kaupa fyrir bensínsparnaðinn.

Í svari frá Seðlabankanum sagi meðal annars: „Frumvarpið kallar á sértæka skattalækkun á þensluskeiði sem færi í bága við viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af verðbólgu. Þótt ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu myndu lækka verð tímabundið, gengur lækkunin til baka þegar lögin falla úr gildi. Horft til lengri tíma en skattalækkunin varir yki gjaldalækkunin lítillega eftirspurn og e.t.v. verðbólgu. Loks draga ráðstafanir frumvarpsins úr eðlilegum viðbrögðum við hækkandi eldsneytisverði, t.d. með vali á sparneytnari bílum og minni akstri. Af framangreindum ástæðum leggst Seðlabankinn gegn því að frumvarpið verði samþykkt.“

(Tekið af billinn.is)



Seðlabanki Íslands telur að lækkun bensíngjalds geti aukið þenslu í þjóðfélaginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA










NOTAÐAR VÉLAR



O&K L45,5
árg. '01
notkun 6.000 vst.



Hyundai W95
árg. '03
notkun 2.372 vst.



O&K RH 12,5
árg. '03
notkun 3.900 vst.



Komatsu PC 210
árg. '03
notkun 3.300 vst.



Hyundai 290LC
árg. '02
notkun 3.900 vst.



O&K MH Plus
árg. '90
notkun ca. 11.000 vst.

Sturlaugur Jónsson & Co hf.

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
S: 899 5549 / 892 3996.


# Ástand í öryggismálum batnar

***Á hverju ári slasast um 40 börn, 6 ára og yngri, í umferðinni sem farþegar í bíl. Þetta er óásættanlegt að mati Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, Lýðheilsustöðvar og Umferðarstofu. Þess vegna höfu þessar stofnanir að gera árlegar kannanir á öryggisbúnaði barna í bílum við leikskóla fyrir 10 árum í von um að bæta ástandið.***

Þegar litið er á þróunina í öryggismálum barna í bílum sjást greinileg batamerki á öryggisvitund ökumanna. Tilfellum þar sem enginn öryggisbúnaður var notaður hefur fækkað en fyrir 10 árum var eitt barn af hverjum þremur ekki einu sinni í öryggisbelti. Nú er þetta hlutfall 5%. 84% ökumanna hafa sín mál á hreinu og eru með réttan öryggisbúnað. Þetta hlutfall er mismunandi eftir landshlutum og eru Austfirðingar manna samviskusamastir í þessum efnum. 87% ökumanna þar höfðu viðeigandi öryggisbúnað og aðeins 1% engan. Sunnlendingar komu verst út en 80% þeirra uppfylltu kröfur könnunarinnar en 12% ökumanna sýndu enga tilburði í þá átt að tryggja öryggi barna í bílnum.

Alls tóku 2.938 ökumenn þátt í könnuninni og voru tæp 80% þeirra í beltum. Það sýndi sig að þeir ökumenn sem ekki voru í beltum voru mun líklegri til að uppfylla ekki öryggiskröfur fyrir hönd barnanna í bílnum. Konur voru einnig líklegri til að standa betur að öryggismálum en karlar.

Það segir skýrt í umferðarlögum að ökumönnum sé skylt að sjá til þess að allir farðegar í bíl, yngri en 15 ára, noti viðeigandi öryggisbúnað. Brot á lögunum varðar 10.000 kr. sekt. Þeir sem vilja kynna sér réttan aðbúnað barna í bílum er bent á Landsbjörg og Lýðheilsustöð.

tryggvi@frettabladid.is



Það er mikilvægt að öryggisbúnaðar henti aldri og stærð barnsins og að hann sé rétt upp settur.



Það er skylda hvers ökumanns samkvæmt lögum að barn í bíl sé eins öruggt og kostur er á.
NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES





Með bílinn handa þér
HYUNDAI hefur gæðin
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

**Sólarlandaferðir** verða sífellt vinsælli hjá Íslendingum um jólin. Það skiptir máli þegar farið er til sólarlanda að gleyma ekki að nota sólarvörn þar þó að það sé hávetur hérna heima.




# Góðir veitingastaðir í London

***Ólöf Björnsdóttir er íslensk myndlistarkona sem hefur verið búsett í London til fjölda ár. Hún er mikill matgæðingur og hér er listi yfir uppáhaldsveitingastaði hennar í heimsborginni sem Íslendingar sækja mikið til.***



Það er meira hægt að gera í London en að versla.

**MORO RESTAURANT** Frábær marokkóskur/spænskur veitingastaður. Þarf helst að panta. Ekki alveg í miðbænum, frekar á mörkum City, en þess virði að taka leigubíl þangað. Meðalverð á aðalrétt er um 30 pund. *www.moro.co.uk/, á Exmouth Market sími: 0044 (0) 207 833 8336*

**CORK AND BOTTLE** Virkilega góður vínbar með mat, sérstaklega áströlsk og nýsjálensk vín. Hann er ódýr þótt sum af 1000 vínum sem boðið er upp á kosti sitt, óformlegur og frábærlega staðsettur. Er á Cranbourn street sem liggur frá Charing Cross Rd inn á Leicester Square. Þar er hann á vinstri hönd, gengið niður hringstiga niður í kjallara (vinstra megin við brúnt skilti sem á stendur „Sex shop"). Þarf yfirleitt ekki að panta nema ef til vill á föstudagskvöldi. *44-46 Cranbourn Street, Leicester Square, sími: 0044(0)20 7734 7807*

**MOHSEN** Góður persneskur matur. Gott að taka leigubíl eða tube a High Street Kensington. Má hafa vín með sér (bring your own). Þarf ekki að panta. *152 Warwick Road, sími: 0044 (0) 207 602 9888.*

**SMITH'S** Fyrir steikarunnendur er enginn staður betri en Smith´s. Þar er gengið af hæð á hæð og steikurnar verða sífellt dýrari og fínni eftir því sem ofar er komið uns komið er á efstu hæð með útsýni yfir St. Pauls og dýrðlegum 23 daga svartfjallasteik. Þarf að panta á efstu hæð en ekki neðar í húsinu. *Við Smithfields market (kjötmarkað borgarinnar), 67-77 Charterhouse St., sími 0044(0)2072517997.*

**FRENCH HOUSE DINING ROOM** Franskur og skemmtilegur, mjög lítill og notalegur. Matseðillinn hljómar ekki alltaf vel, nautatunga með beinmerg til dæmis, en látið ekki blekkjast, Virkilega gott. Þarf að panta. *49 Dean Street, Soho, LONDON, W1D 5BG, W1D 5BG sími: 0044(0)207 437 2477.*

**THE RED FORT** Einn af bestu indversku veitingastöðum London (og þar með heimsins!?). *77 Dean Street, Soho, London, W1D 3SH sími: 020 7437 2115.*

**BELGO** Fínn belgískur matur í Covent Garden, borinn fram af þjónum í munkakuflum. Þarf yfirleitt ekki að panta. Þeir eru með hádegistilboð fyrir tæp 6 pund. *http://www.belgo-restaurants.com/. 29B Sheldon Street.*

**ITSU** Sushi á færibandi. Fínn fyrir hádegismat og svona rétt fyrir bíó. Sniðugt fyrir mjög litla hópa. *103 Wardour Street, Soho.*

**LA PORTE DES INDES** London Fransk indverskur matur. Namm. Ævintýralegt umhverfi. Frábær fyrir hópa. Endar alltaf með að vera frekar dýr. Ágætis kokteilar hækka reikninginn. Matseðill kostar 38 pund. *http://www.blueelephant.com/pi/london/set_menu.html*

# *Stærsti skógur á Íslandi*

***Hallormsstaðarskógur er stærstur allra skóga á Íslandi. Þar er hægt að ganga um fjörutíu kílómetra eftir merktum gönguleiðum og skoða sum elstu tré landsins. Eins er landslagið umhverfis skóginn afar fjölbreytt og heillandi.***

Stærsti skógur landsins er við sunnanvert Lagarfljót. Hallormsstaður, sem áður var prestssetur, er tæplega þrjátíu kílómetra frá Egilsstöðum, skammt frá þeim stað sem Jökulsá í Fljótsdal fellur í Fljótið.

Lög um verndun Hallormsstaðarskógar voru sett árið 1899 og sex árum síðar var megnið af skóginum girt af. Nú eru um 740 hektarar innan girðingar en heildarflatarmál friðlandsins er 18,54 ferkílómetrar. Árið 1940 var skógurinn friðaður fyrir búfjárbeit.

Skógrækt var stofnuð í Hallormsstaðarskógi árið 1903 og eru þar nú framleiddar trjáplöntur og gerðar tilraunir með erlendar tegundir. Þar eru framleiddar um það bil tvö hundruð þúsund plöntur árlega, sem svo eru gróðursettar á skógræktarsvæðum landsins.

Trjásafn er við gróðrarstöðina, þar sem flest elstu og stærstu trén er að finna.

Um sjötíu prósent skógarins eru náttúrulegur birkiskógur og eru þau elstu þeirra um 160 ára gömul og ná allt að tólf metra hæð. Jafnframt er meira af náttúrulegum reyniviði og gulvíði þarna en annars staðar á landinu.

Í Hallormsstaðarskógi eru um fjörutíu kílómetrar af götuslóðum og merktum gönguleiðum og er öllum frjálst að ganga um skóginn.


Trén í Hallormsstaðarskógi eru afar fjölbreytt og falleg.





Miðað við fyrstu ellefu mánuði áranna 2004 og 2005 hefur ferðamannastraumur um Keflavíkurflugvöll aukist um 10,6 prósent.

# Fleiri fara um Keflavíkurflugvöll

***Sífellt meiri straumur ferðamanna fer í gegnum Keflavíkurflugvöll samkvæmt nýjustu tölum.***

Samkvæmt tölum frá Keflavíkurflugvelli eru farþegar á þessu ári orðnir mun fleiri en allt árið 2004. Í nóvember á síðasta ári fóru 107 þúsund farþegar um völlinn en í sama mánuði á þessu ári voru farþegarnir tæplega 116 þúsund. Aukningin er því upp á átta prósent.

Það sem af er þessu ári hafa rúmlega 1,7 milljónir farþega farið um Keflavíkurflugvöll. Taldir eru allir ferðamenn, bæði þeir sem fara frá landi, millilenda eða hafa viðdvöl. Aukning á straumi ferðamanna nemur því 10,6 prósentum milli ára. Fyrstu ellefu mánuði ársins í fyrra fóru rúmlega 1,5 milljónir farþega um völlinn.





**Jólakonfekt** er alltaf gott en það er allra best ef það er heimatilbúið. Það getur verið gaman að búa til jólakonfekt með fjölskyldunni því það er bragðið sem skiptir máli en ekki útlitið.

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
GJAFABRÉF ER GÓÐ LAUSN
PANTANIR Í SÍMA 561 3060
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163



Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.
Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is

GJAFAKORT
Jólagjöfin í ár fyrir mömmu og pabba, afa og ömmu.
Snyrti-Nudd og Fótaaðgerðarstofan
Eygló
Langholtsveg 17 Sími 553-6191

Verslun
Lámarks álagning
Mikið úrval
Búsáhöld- jólavörur- klukkur
Ljós- leikföng- sjöl- skartgripir
slæður- úr- verkfæri- veski ofl. ofl.
Flottur fatnaður á alla fjölskylduna
á sama verði og erlendis
nýkomið í verslun!
Allt í jólapakkann fæst hjá okkur
B.MAGNÚSSON
Austurhrauni 3,Gbæ/ KAYS (nóg af bílastæðum)
www.bmagnusson.is bm@bmagnusson.is sími: 5552866
Opið virka daga 10-18, og á lau.17.des. 10-18



Kassagítarar..
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12. 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21. 105 Reykjavík s.5524515
tonabudin.is



Það er svo sannarlega heimilisleg stemning í strætóskýlinu við Kringluna, sunnan megin við Miklubrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólastrætóskýli við Kringluna

***Pósturinn hefur í samstarfi við AFA JCDecaux á Íslandi byggt skemmtilega jólastemningu í kringum strætóskýli sem stendur við eina mestu umferðaræð landins.***

Margir ökumenn reka upp stór augu þegar þeir keyra eftir Miklubrautinni framhjá Kringlunni. Í kringum þetta umrædda strætóskýli hefur verið reist stórt jólaskýli ef svo mætti kalla. Hönnun skýlisins er mjög skemmtileg, bæði að utan sem innan.

,,Skýlið var gert fyrir Póstinn en ráðamenn þar langaði til þess að gera eitthvað öðruvísi og vekja athygli á sér. Þeim fannst þessi hugmynd því tilvalin þar sem þetta er jú ein fjölfarnasta gata Reykjavíkur,“ segir Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri AFA JCDecaux á Íslandi, sem sér um rekstur og uppihald flestra strætóskýla á höfuðborgarsvæðinu.

Skýlið var gert á Íslandi og tók um viku í smíði. ,,Við settum nýtt þak yfir þakið sem fyrir var. Nýja þakið er um tíu metrar að lengd og yfir tveir metrar á hæð þar sem það er hæst. Inn í þakið settum við reykvél og þá virðist sem verið sé að elda í skýlinu. Í stað glerveggjanna voru settar plötur og á þær festar ýmis konar munir. Loks voru settar hitaperur í skýlið og þannig virðist vera heitara inni í því en ella,“ segir Einar. Hann bætir við að fyrirtækið hafi fengið mjög jákvæð viðbrögð og að almenningur virðist vera ánægður með þetta skemmtilega framtak.

steinthor@frettabladid.is



Það fer greinilega ágætlega um gesti skýlisins. STEFÁN



Skýlið mun standa svona í um 2 vikur í viðbót. STEFÁN

allt jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga

Viltu veita þér og þínum forskot í námi eða starfi?
Minnum á hin vinsælu gjafabréf Hraðlestrarskólans
"Enginn ætti að láta þetta framhjá sér fara. Á skipulegan og skjótvirkan hátt er hægt að margfalda lestrarhraða án þess að það bitni á skilning. Samfara lestri er námstækni sem nýtir aukin afköst lesturs og tryggir að það sem lesið er gleymist ekki."
Þorvaldur H., 24 ára lögfræðinemi.
Gjafabréfið gildir á eitthvert þeirra námskeiða sem haldið verður 2006 og hverju gjafabréfi fylgir 3.000 kr. inneign inn á bók frá JPV-útgáfu.
JPV ÚTGÁFA
Hægt er að panta gjafabréfið í síma 586-9400 og á www.h.is
...næsta námskeið 5. janúar 2006
HRAÐLESTRARSKÓLINN



Ljúffengir veislubakkar
Frí heimsending
Pöntunarsími: 554-6999
Júmbó
Samlokur
www.jumbo.is



Starfsmenn Skósmíðaverkstæðis Hafþórs finna fyrir jólaösinni og þurfa að vinna fram eftir til jóla. FRETTABLAÐIÐ/HARI

# Skósmiðir önnum kafnir fyrir jólin

***Skósmiðir hafa nóg að gera fyrir jólin því allir vilja vera í sínu fínasta pússi á aðfangadag. Sumir þurfa að láta laga gamla skó, aðrir þurfa að breyta nýjum skóm og enn aðrir vilja láta lappa upp á spariskóna.***

„Það er alltaf meira að gera fyrir jólin,“ segir Þráinn Jóhannsson betur þekktur sem Þráinn skóari. „Annars erum við orðin svo mörg og við vinnum svo hratt að það er löngu liðin tíð að við springum viku fyrir jól,“ segir Þráinn.

Logi Arnar Sveinsson vinnur á skóvinnustofu Hafþórs og hann finnur vel fyrir jólavertíðinni. „Fólk vill fá spariskóna sína vel burstaða og svo eykst salan á mannbroddum þegar frostið eykst,“ segir Logi. „Fólk kemur líka inn í stressi rétt fyrir jól og ætlast til þess að við vinnum eins og ofurmenni og björgum öllu rétt fyrir jól. Svo eru þessir skór ekki sóttir fyrr en eftir áramót.“

Skósmiðir fá ekki einungis gömul skópör inn á borð til sín því margir þurfa að láta breyta nýjum skóm sem einhverra hluta vegna passa ekki eða gætu passað betur. Jónína Sigurbjörnsdóttir á skóvinnustofu Sigurbjörns segir að ýmis verkefni tengd nýjum skóm verði algengari rétt fyrir jól. „Við setjum mikið af gúmmíbotnum á spariskó með þunnum leðurbotni því það eykur endingu þeirra,“ segir Jónína. „Svo erum við mikið í stígvélavíkkunum því svo virðist sem íslenskar konur séu kálfameiri en þær ítölsku.“

Flestar skóvinnustofur lengja opnunartíma sinn um jólin eftir því sem þurfa þykir. Skóvinnustofa Hafþórs hefur opið 9-18, Skóvinnustofa Sigurbjörns 8-18 og Þráinn skóari opnar klukkan 8.30 eins og hann hefur gert síðastliðin 24 ár. „Ég hef lengi sagt að það þurfi að breyta opnunartímanum í miðbænum svo að hann verði annar en í Kringlunni og Smáralind,“ segir Þráinn. „Það er fullt af fólki sem vill versla snemma á daginn og það er grátlegt að horfa á útlendingana á Laugaveginum á sunnudagsmorgnum sem vita ekkert hvað þeir eiga að gera við sjálfa sig. Þeir geta ekki einu sinni fengið kaffi því allt er lokað.“

## á jóladöfinni }

### 14. desember

**Stúfur** heimsækir Þjóðminjasafnið kl. 11.

**Jólahrollur í hádeginu** - Yrsa Sigurðardóttir les úr bók sinni Þriðja táknið í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12:15.

**Reyklaust hádegi** á aðventunni á Súfistanum í Hafnarfirði. Hjörleifur Valsson og Brynhildur Guðjónsdóttir leika af fingrum fram frá kl. 12.15.

**Jól í hjarta** - Aðventutónleikar verða haldnir í Hallgrímskirkju undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur kl. 20. Kórarnir sem fram koma eru: Gospelsystur Reykjavíkur, Stúlknakór Reykjavíkur, Vox Feminae og Vox Junior.




































Jón Geir Jóhannsson í Dressmann segir að bindi hafi aldrei selst jafn vel og séu mjög í tísku.

# Litadýrð og stjórnleysi í bindistísku

***Bindi eru gríðarlega vinsæl og svo virðist sem frelsi og djörfung séu tískuorðin fyrir þessi jól er kemur að hálstaui. Allt er leyfilegt svo lengi sem þú sjálfur ert sáttur við það.***

Það er ekki langt síðan bindi voru einskorðuð við fjölskylduboð, stjórnmálamenn og yfirmenn fjármálafyrirtækja. Nú hins vegar er það móðins að ganga með bindi við öll tækifæri. Ungir menn bera hálstau með stolti og bindisflóran virðist fjölbreyttari nú en nokkru sinni fyrr. En hvernig er bindistískan í ár?

„Það sem þér þykir flott gengur,“ segir Jón Geir Jóhannsson í Dressmann. „Það er nett stjórnleysi í gangi í bindistískunni. Þessi afskaplega sterku þverröndóttu bindi eru ekki jafn mikið áberandi og litadýrðin er meiri en fyrr.“

Vilhjálmur Vilhjámsson í Hugo Boss mælir líka gegn skáröndóttum bindum. „Nr. eitt, tvö og þrjú þá er eitthvað sem heitir skáröndótt alveg búið hjá okkur. Fín regluleg munstur sem áður þóttu karlaleg eru orðin trendí í dag,“ segir Vilhjálmur. „Sterkir litir eru að koma sterkir inn í dag og bindin eiga að vera ofin frekar en prentuð.“



Next

Hugo Boss

Dressmann

Bjarni Þór Pálsson, starfsmaður Next, er ekki sama sinnis og kollegar sínir að skáröndótt sé að detta út. „Bindistískan í ár er litabundin og með sterkum bindum. Skáteinótt er vinsælt og skiptir þá einu hvort teinarnir eru fínir eða grófir.“ segir Bjarni. Hann segir það færast í vöxt að ungir menn séu með bindi við fráhneppta skyrtu og í gallabuxum. Það eru ekki allir á einu máli um ágætibleikra binda en þau seljast vel í Next. „Bleikt er mjög vinsælt en annars finnst mér að menn eigi bara að vera í því sem þeir eru ánægðir með og þá líta þeir vel út,“ segir Bjarni.

**tryggvi@frettabladid.is**

## jólasveinar }



MYND ÞJÓÐMINJASAFN

### Þvörusleikir

*Sá fjórði, Þvörusleikir,*
*var fjarskalega mjór.*
*Og ósköp varð hann glaður,*
*þegar eldabuskan fór.*
*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Í kvöld er það Þvörusleikir sem arkar til byggða og bregður á leik. Þvörusleikir var vanur að stelast í þvörurnar sem notaðar voru til að skefa pottana með og ríghélt hann um þvöruna svo hún rynni honum ekki úr greipum. Milli þess sem Þvörusleikir gefur þægum börnum í skóinn kíkir hann eftir óuppvöskuðum þvörum sem hann gæti gripið í. Því er gott að ganga vel frá í eldhúsinu í kvöld ef ekki er óskað eftir því að Þvörusleikir kíki þar inn og geri óskunda.

## jólaspurningin }

### Hvað langar þig í jólagjöf?



Karen Jónsdóttir: Myndavél.



Jóhanna Vilbergsdóttir: Ég væri alveg til í smá frí.



Þorsteinn Marinósson: Hef ekki ennþá myndað mér skoðun um það.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 14. desember 2005 – 37. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


**Umsvif Björgólfs Thors**

Vildi í tóbakið



6




10-12

**Halli hátíðanna**

Allir tapa á jólunum



18



PÁLMI HARALDSSON

## Rólegt Express

Ekki er von á því að nein niðurstaða fáist í sölu Iceland Express í gær.

Félagið er í söluferli, en ekkert hefur hreyfst í málinu í bili. Samkvæmt heimildum gengur reksturinn vel og núverandi eigendum liggur ekki á að selja félagið. Þar við bætist að menn telja að betra sé að láta uppgjörsárið líða áður en tekið er til við sölu af fullum krafti, þannig að ársreikningur liggi fyrir.

Ýmsira hafa lýst áhuga sínum á kaupum en enn sem komið er hefur engum verið hleypt inn í reikninga félagisins. **-hh**

## Hefja yfirtöku Whittard

Allar líkur eru á því að yfirtökutilboð verði lagt fram í verslunarkeðjuna Whittard of Chelsea í dag. Samkvæmdt heimildum er það félag í eigu verslunarkeðjunnar Julan Graves sem leggja mun tilboðið fram.

Julan Graves selur sælkeravörur svo sem hnetur og þurrkaða ávexti og á Baugur sextíu prósenta hlut í því. Aðrir eigendur eru Nick Shutt, forstjóri Julian Graves, Arev sem er í eigu Jóns Scheving Thorstensonar og Pálmi Haraldsson sem er stjórnarformaður.

Unnið hefur verið að gerð yfirtökutilboðs að undanförnu. Stjórn Whittard mun samþykk tilboði Julian Graves og góður stuðningur við yfirtökuna í hópi stórra hluthafa. **-hh**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Kögun kaupir** | Kögun hf. hefur skrifað undir samning um kaup á bandarísku hugbúnaðarfyrirtæki sérhæfðu í sölu og innleiðingu á viðskiptahugbúnaði Microsoft.

**Síminn í raforku** | Forstjóri Orkuveitunnar telur Símann undirbúa sölu á raforku. Stjórnendur Símans staðfesta ekkert en ætla að auka hlutafé og fara inn á nýja markaði.

**OM nær Skandia** | Talið er að Old Mutual hafi tryggt sér um 70 prósenta hlut í Skandia og muni hækka tilboðið til að fá það sem eftir stendur.

**Stofa verður banki** | Verðbréfastofa hefur sótt um leyfi til að stunda fjárfestingarbankastarfsemi. Búist er við að leyfið gangi í gegn fljótlega.



**Vísar á bug** | Forstjóri KB banka vísar á bug aðdróttunum Íbúðalánasjóðs um að KB banki hafi reynt að hafa áhrif á verð skuldabréfa með viðskiptum sínum 22. nóvember.

**Sátt um Norse** | Norskir fjárfestar hafa fallið frá kröfu um lögbann á sölu Norse Securities til Íslandsbanka. Búist er við að endanleg kaup geti gengið fljótt fyrir sig.

**Umfram spár** | Neysluverðsvísitalan hækkaði um 0,36 prósent í milli nóvember og desember en spár bentu til þess að verðlag myndi standa í stað milli mánaðana.

**Lánar meira** | Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í nóvember námu tæpum 5,9 milljörðum króna. Það er 48 prósenta aukning miðað við sama tíma í fyrra.

# Fimm með yfir fimm prósent í SPRON

## Stærstu stofnfjáreigendurnir auka hlut sinn. Stofnfé metið á tæpa átján milljarða eftir útboð.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Stærstu stofnfjáreigendurnir í SPRON hafa verið að auka hlut sinn undanfarna mánuði samfara mikilli útgáfu nýs stofnfjár sem gefið var út í tveimur útboðum. Þannig eiga fimm stofnfjáreigendur hver um sig yfir fimm prósent af stofnfé SPRON eftir síðasta stofnfjárútboð, sem fór fram í síðasta mánuði. Þetta eru: Holt Investment Group, sem er í eigu Skúla Þorvaldssonar, Föroya Sparikassi, Exista, Sundagarðar, sem eru í eigu Gunnars Þórs Gíslasonar, og VÍS. Eignarhlutur KB banka er svo rétt undir fimm prósentum. Aðeins Holt átti yfir fimm prósent stofnfjár í apríl þegar stofnfé var aukið í fyrra skiptið.

Hámarksatkvæðisréttur aðila í sparisjóði miðast við fimm prósent, hvort sem um er að ræða beinan eða óbeinan eignarhlut, þannig að það er ljóst að umræddir stofnfjáreigendur, fyrir utan KB banka, gætu ekki nýtt sér eignarhlut sinn að fullu að þess kæmi.

Stjórnendur í SPRON eru einnig meðal stærstu eigenda stofnfjár. Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri á 1.298 stofnfjárhluti, sem samsvarar 1,5 prósentum, og nokkrir eignarhaldsfélög í eigu lykilstjórnenda eiga samanlagt yfir fimm prósent stofnfjár.

Síðustu viðskipti á stofnfjármarkaði SPRON fóru fram á genginu 4,5 og hafa bréfin hækkað um 214 prósent frá áramótum að því gefnu að stofnfjáreigendur hafi nýtt sér rétt sinn í útboðunum og keypt nýja hluti á genginu einum. Stofnfé SPRON hefur verið sexfaldað á árinu og nemur nú fjórum milljörðum að nafnvirði, sem gefur markaðsvirðið átján milljarða króna. Til samanburðar var eigið fé sparisjóðsins ellefu milljarðar eftir síðustu aukningu.

Talið er að gengishækkunina megi rekja til nokkurra þátta, til dæmis góðrar afkomu SPRON á fyrstu níu mánuðum ársins og aukningar stofnfjár sem geri sjóðnum kleift að greiða út háan arð. Þá er bent á að með frekari aukningu stofnfjár skapist forsendur fyrir því að breyta SPRON í hlutafélag.

**TÍU STÆRSTU STOFNFJÁREIGENDUR Í SPRON:**

| Nafn | % |
|---|---|
| Holt Investment Group | 9,94 |
| Föroya Sparikassi | 8,06 |
| Exista ehf. | 7,92 |
| Sundagarðar hf | 5,03 |
| Vátryggingafélag Íslands | 5,02 |
| Kaupþing banki | 4,93 |
| Veifa ehf | 4,01 |
| SGP Fjárfestingar ehf | 2,32 |
| Birkir Baldvinsson ehf | 2,22 |
| JP Fjárfestingar ehf | 2,19 |

# Bykófjölskyldan til liðs við Eyri

## Eyrir eflist og forsvarsmenn þess telja félagið betur fallið til að styðja við bakið á núverandi fjárfestingum og takast á við ný verkefni.

Feðginin Jón Helgi Guðmundsson og Steinunn Jónsdóttir hafa keypt nýtt hlutafé í fjárfestingarfélaginu Eyri Invest.

Eyrir, sem er að stærstum hluta í eigu feðganna Þórðar Magnússonar og Árna Odds Þórðarsonar, jók hlutafé sitt og fjölgaði í hluthafahópnum. „Við sjáum þetta sem fyrsta skrefið í að breikka hluthafahóp Eyris,“ segir Árni Oddur, sem er framkvæmdastjóri félagsins.

Eftir hlutafjáraukninguna er eigið fé Eyris 9,5 milljarðar króna, en heildareignir nema um sextán milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall félagsins er því hátt og möguleikar til frekari landvinninga, auk þess sem eigendur eru vel fjáðir. Umfang félagsins myndi duga því til að komast í úrvalsvísitölu Kauphallar ef það væri skráð félag

Að sögn Árna Odds er félagið betur í stakk búið eftir hlutafjáraukninguna til þess að takast á við ný verkefni og styðja þau fyrtæki til uppbyggingar sem þegar hefur verið fjárfest í. Eyrir hefur markað sér þá stefnu að fjárfesta í félögum sem eru leiðandi á sínu sviði í heiminum og falla tveir þriðju fjárfestinga félagsins í Össuri og Marel undir þá skilgreiningu. Eyrir á þrjátíu prósenta hlut í Marel og fimmtán prósent í Össuri.

Þriðjungur fjárfestinganna er í nokkrum skráðum félögum á Norðurlöndunum. **-hh**


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember–1. desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 1% | 30% |
| Bakkavör Group | 5% | 112% |
| Flaga Group | -2% | -19% |
| FL Group | 4% | 78% |
| Grandi | -1% | 22% |
| Íslandsbanki | 2% | 50% |
| Jarðboranir | 0% | 19% |
| Kaupþing Bank | 2% | 54% |
| Kögun | 0% | 28% |
| Landsbankinn | 0% | 102% |
| Marel | -2% | 30% |
| SÍF | 0% | -14% |
| Straumur | 1% | 65% |
| Össur | 4% | 54% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Skýrr í símaþjónustu

## Símtöl í gegnum netið verða loksins að veruleika.

„Við ætlum að bjóða viðskiptavinum okkar símaþjónustu í gegnum netið," segir Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr. Verða símtölin flutt með svokölluðum IP-staðli og er ekki um hefðbundna símaþjónustu að ræða í samkeppni við Símann og Og Vodafone, að sögn Hreins. Þetta er viðbót við internetþjónustu og gagnaflutninga sem viðskiptavinum Skýrr býðst.

Forstjóri Skýrr segir þessa tækni hafa lengi verið í umræðunni en ekki rutt sér til rúms hér á landi ennþá. Fjarskipta- og tölvutækni sé að renna saman í eitt. Nú sé verið að prófa þetta kerfi, uppitíma og áreiðanleika. Áfram verði fylgst með tækniþróun en gæðin eigi ekki að vera minni en í hefðbundna símakerfinu. Kostnaður við þessi símtöl sé hins vegar mun minni.

Þetta er sambærileg tækni og notendur Skype-forritsins þekkja. Hins vegar verður notandinn bara með hefðbundin símtæki á borði sínu og getur hringt í hvaða númer sem er. – **bg**

# Sóttu 170 milljarða

## Skráð íslensk fyrirtæki duglegust að sækja peninga.

„Á síðasta ári sóttu skráð fyrirtæki um 170 milljarða króna á markað eða um 16 prósent af markaðsvirði fyrirtækjanna í árslok. Hlutfallið var hvergi hærra í Evrópu og fjárhæðin í krónum var raunar hærri en í nokkurri annarri kauphöll á Norðurlöndum. Skráð félög hafa á þessu ári haldið áfram að virkja hlutabréfamarkaðinn til vaxtar og hafa það sem af er ári gefið út nýtt hlutafé að markaðsvirði yfir 120 milljarðar," segir Kristín Jóhannsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Kauphallar Íslands, í grein sem hún ritar í Markaðinn í dag.

Kristín segir kauphöllina hafa leikið stórt hlutverk í vexti skráðra fyrirtækja. Það megi merkja best af því mikla fjármagni sem fyrirtækin hafi sótt á hlutabréfamarkaðinn. Skráning liðki líka fyrir annarri fjármögnun og skráð félög hafi nýverið gert samninga um mjög stórar lántökur á hagstæðum kjörum. – **bg**. **Nánar bls. 14**

# deCODE vill kaupa UVS

## Gagnagrunnur um krabbamein Íslendinga til sölu.

deCODE vill kaupa líftæknifyrirtækið Urður, Verðandi, Skuld (UVS). Samningaviðræður um það hafa verið í gangi í þó nokkurn tíma. Erfiðlega hefur gengið að ná saman. Er meðal annars tekist á um hversu verðmætt félagið er samkvæmt heimildum Markaðarins. Einn heimildarmaður segir að Urður, Verðandi, Skuld hafi nánast verið komið í þrot með reksturinn.

Urður, Verðandi, Skuld var stofnað árið 1998 og hefur byggt upp stórt safn lífsýna sem mynda gagnagrunn um krabbamein á Íslandi. Hafa yfirmenn fyrirtækisins sagt gagnagrunninn einstakan í heiminum.

Í byrjun desember var öllu starfsfólki UVS sagt upp. Óvissa er um framhald rekstursins. Stærstu eigendurnir eru Actavis Group og Straumur – Burðarás fjárfestingabanki.

deCODE hefur hingað til ekki einbeitt sér að þróun lyfja gegn krabbameini. – **bg**



**FORSTJÓRI DECODE** Starfsmenn Kára Stefánssonar ræða nú við fulltrúa Urðar, Verðandi, Skuldar um möguleg kaup á félaginu.

# Útgáfan nálgast 150 milljarða

## Toyota vill enn njóta íslenskra skuldabréfavaxta.

Styrking krónunnar í kjölfar nýrra verðbólgutalna eykur enn hvata til erlendrar skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum.

Fjármálaarmur bílafyrirtækisins Toyota gaf út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir fimm milljarða í gær. Erlend skuldabréfaútgáfa í krónum stefnir nú hraðbyri í 150 milljarða króna.

Toyota hafði áður gefið út bréf fyrir fimm milljarða króna og nemur því heildarútgáfan tíu milljörðum króna. Bréf gærdagsins eru til tveggja og hálfs árs, en algengasta lengdin á útgáfunni er eitt til tvö ár. Lengstu bréfin í þessari útgáfu hafa verið til fimm ára.

Nýsjálendingar hafa lengsta reynslu af slíkri útgáfu, en hún hefur staðið yfir þar í meira en tvo áratugi. Í nýrri grein í Peningamálum Seðlabankans er farið í saumana á erlendri skuldabréfaútgáfu. Þar er meðal annars bent á að reynsla Nýsjálendinga sé sú að þessi útgáfa hafi haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og geti verið til þess fallin að dýpka gjaldeyrismarkaðinn. -**hh**



# Ívið betri en Norðmenn

## Rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja er mun verra á Íslandi en í Noregi, aðallega vegna sterkrar krónu. Heilt á litið kemur þó íslenskur sjávarútvegur vel út í samanburðinum.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Samkeppnishæfni fyrirtækja getur skipt sköpum hvort heldur er innanlands eða utan. Með vaxandi alþjóðavæðingu og samkeppni á heimsvísu kjósa alþjóðleg stórfyrirtæki sér starfsvettvang þar sem hagstæðust skilyrði bjóðast, óháð staðsetningu. Okkur er mikið í mun að íslenskur sjávaútvegur haldi sínum sessi. Verði hér eftir sem hingað til í allra fremstu röð," sagði Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra þegar hann kynnti nýja skýrslu um samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í samanburði við þann norska.

Samanburðurinn var gerður í líkani sem verðlagsstofa skiptaverðs vann í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Tromsö. Sagði ráðherra líkanið góðan mælikvarða á samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

„Íslensk fiskvinnslufyrirtæki eru feti framar en þau norsku. Forskot Íslendinga er einkum að þakka háu tæknistigi og góðu samstarfi við íslenska framleiðendur fiskvinnslubúnaðar. Afli berst að landi mun jafnar hér en þar. Ástæðan er líklega meira samspil veiða og vinnslu, en hér á landi eru eignatengsl þessara þátta ríkari en í Noregi," sagði Einar Kristinn. Þó vantaði mikið upp á hér á landi í að mennta fiskvinnslufólk og millistjórnendur. Staða þeirra mála væri betri í Noregi.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu skilar fiskveiðistjórnun Íslendinga þeim töluvert hærri samkeppniseinkunn en Norðmönnum. Sjávarútvegsráðherra sgaði þetta helgast fyrst og fremst af því að á Íslandi væri framsal aflaheimilda mun frjálsari en í Noregi. Þá væri meiri ánægja með fiskveiðikerfið hér en í Noregi.

„Norðmenn eru svo aftur á móti mun sáttari við hafrannsóknir sínar og veiðiráðgjöf og munar þar töluvert miklu. Íslendingar standa sig hins vegar miklu betur við eftirlit hvers konar. Reyndar vekur það síðastnefnda nokkra athygli því útgerðarmenn hafa á stundum kvartað undan óhóflegu eftirliti að þeirra mati. Þegar á reynir virðast þeir bara býsna ánægðir, í það minnsta umtalsvert sáttari en Norðmenn," sagði Einar K. Guðfinnsson.

**SAMKEPPISHÆFNI SJÁVARÚTVEGSINS SAMANBURÐUR MILLI ÍSLANDS OG NOREGS**

| | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Heildareinkunn | 4,6 | 4,5 |
| 1. Stjórn fiskveiða | 4,5 | 4,0 |
| 2. Rekstrarumhverfi | 4,6 | 5,1 |
| 3. Innviðir rekstrar | 4,8 | 5,2 |
| 4. Sjávarútvegsfyrirtæki | 4,8 | 4,7 |
| 5. Fiskvinnsla | 4,6 | 4,2 |
| 6. Markaðsstarf | 4,3 | 4,0 |



**NÓTIN DREGIN SAMAN** „Norðmenn fá hærri heildareinkunn en Íslendingar fyrir hagstjórn og almenn skilyrði fyrirtækja. Þar vegur gengið þungt og mikill styrkur íslensku krónunnar," sagði sjávarútvegsráðherra.

# Semja um kaupin á Toyota

## Toyota-umboðið er enn óselt. Viðræður halda áfram.

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður úr Vestmannaeyjum og fjárfestir, er í viðræðum við eigendur Toyota-umboðsins á Íslandi um kaup á fyrirtækinu eins og komið hefur fram í Markaðnum. Hann segir niðurstöðuna enn óljósa í þeim viðræðum en vonar að hún fáist fyrir vikulok. Þó geti það dregist lengur. Verðhugmyndir hafi verið settar á borðið en það eigi eftir að ganga frá ýmsum lausum endum. Í mörg horn sé að líta þegar svona fyrirtæki sé keypt.

P. Samúelsson er umboðs- og söluaðili Toyota á Íslandi. Félagið á talsvert af fasteignum bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2003 nam velta þess 11,6 milljörðum króna, rekstrarhagnaður fyrir skatta var 550 milljónir og eigið fé var bókfært á 1.240 milljónir. Telja verður að velta félagsins og hagnaður hafi aukist nokkuð frá árinu 2003. Félagið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2004. Bókfærðir fastafjármunir samkvæmt uppgjöri ársins 2003 eru 105 milljónir en raunvirði þeirra nokkuð hærra. – **bg**


„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.*"

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lifeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK McCANN

www.icelandexpress.is/gjafabref




# BRÉFIN SEM TRYGGJA GOTT GENGI

## SLÁÐU Í GEGN HJÁ STARFSFÓLKINU MEÐ RÉTTU JÓLAGJÖFINNI!

Það getur bæði verið erfitt og tímafrekt að velja jólagjafir handa sínum nánustu, hvað þá að velja gjafir handa starfsmönnum fyrirtækisins. Iceland Express býður nú hagkvæma og fyrirhafnarlitla lausn sem tekur engan tíma frá fyrirtækinu.

Gjafabréf Iceland Express kostar aðeins 19.900 kr. og gildir sem flugferð til hvaða áfangastaðar Iceland Express sem er, fram og tilbaka*. Ef handhafi gjafabréfsins hefur ekki bókað ferð fyrir 1. febrúar 2006 breytist gjafabréfið í inneign sem gildir í tvö ár.

**GJAFABRÉF ICELAND EXPRESS 19.900 kr.**

Hringdu í síma 5 500 600 eða skrifaðu beiðni á netfangið jolagjafabref@icelandexpress.is og við útbúum bréfin og sendum til fyrirtækisins.

*Takmarkað sætaframboð

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

## Mat á áhættu banka

Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér nýtt umræðuskjal um ný viðmið í áhættuprófi fjármálafyrirtækja.

Eftirlitið hefur unnið að endurskoðun viðmiða með hliðsjón af þróun áhættuþátta fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið leggur til að hækka áfallaviðmið vegna hlutabréfaeignar úr 25 prósent í 35 prósent. Þetta er ákveðið með hliðsjón af þróun verðs hlutabréfa og samsvarar því að hlutabréf í Kauphöll Íslands lækkuðu til þess gildis sem var fyrir ári.

Þá hefur einnig verið bætt við lið í álagspróf fjármálafyrirtækja, breytingum á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og áhrifum á eigið fé fjármálafyrirtækja. Þetta er gert í ljósi sterkrar krónu og líkinda á veikingu hennar.

Í þriðja lagi er bætt við hugtakinu virðisrýrð lán, en það hugtak er notað í alþjóðlegum reikningsskilum sem hafa verið innleidd hér á landi. - hh



JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FME Fjármálaeftirlitið hyggst innleiða nýjar reglur við mat á áhættu banka.

## Sala Símans ekki til heilla

Á ráðstefnu um upplýsingatækni í dreifbýli gagnrýndi Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Viðskiptaháskólann á Bifröst, sölu Símans. Frá þessu er greint í nýjasta tölublaði Bændablaðsins. Sagði hann að möguleikarnir til að halda úti dreifðri búsetu snerust í auknum mæli um að gera fólki kleift að vinna að þekkingarstörfum búandi í dreifbýli. Enginn gæti ætlast til þess af einkafyrirtæki fyndi hjá sér þörf að fara út í fjárfestingar við uppbyggingu og viðhald gagnaflutningskerfis á svæðum þar sem vonlaust væri



að það skilaði nokkurri arðsemi. Því ýtti salan undir fólksflóttann af landsbyggðinni þar sem þjónusta Símans við litlu jaðarbyggðirnar myndi leggjast af.

## Skoða sameiningu

**Stjórnarformenn lífeyrissjóðs Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða eru að undirbúa viðræður um hugsanlega sameiningu eða samstarf sjóðanna. Formlegar viðræður eru þó ekki enn hafnar þó formennirnir séu að nálgast hver annan varðandi aðferðafræði í þeim efnum.**

**Ekki fékkst uppgefið í gær hvenær af viðræðum gæti orðið. Vilja viðmælendur Markaðarins stíga varlega til jarðar í þessum efnum og segja ófyrirséð um niðurstöðu slíkra viðræðna þó til þeirra verði boðað. Fari svo að stjórnendur sjóðanna vilji reyna sameiningu verði það tilkynnt sérstaklega. – bg**



## Grunaðir um kaup

Orðrómur er á kreiki um að Baugur hafi keypt hlut í tískukeðjunni French Connection. Baugur á fyrir fjórtán prósenta hlut, en The Guardian segir tveggja prósenta hlut hafa skipt um hendur í fyrradag.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Baugur ekki í hyggju að auka hlut sinn í French Connection í bili að minnsta kosti. Baugur hafi því ekki verið á ferðinni í kaupum á tveggja prósenta hlutnum, en ekki er talið útlokað að aðrir íslenskir fjárfestar hafi verið þar á ferð. - hh

# Söluhagnaður af fasteign skipti sköpum

### Nærri 650 milljóna króna viðsnúningur á rekstri Morgunblaðsins.

Yfir 650 milljóna króna viðsnúningur varð á rekstri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, á síðasta ári samkvæmt reikningum ársins 2004. Félagið skilaði 357 milljóna króna hagnaði árið 2004 samanborið við 302 milljóna króna tap árið áður.

Rekstrartekjur námu um 3,5 milljörðum króna og jukust um tæpar sjö hundruð milljónir króna frá fyrra ári en rekstrarkostnaður stóð í stað. Tekjur af áskriftar- og auglýsingasölu jukust lítillega um sex prósent. Inn í rekstrartekjur er færður söluhagnaður rekstrarfjármuna að upphæð 579 milljónir króna sem er tilkominn vegna sölu á fasteign og lóð við Kringluna. Söluverð eignarinnar var um 1,5 milljarðar króna. Ef litið er framhjá þessari upphæð er ljóst að tap af reglulegri starfsemi er um eitt hundrað milljónir króna.

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 117 milljónir króna, sem skýrist einkum af gengishagnaði af erlendum lánum. Handbært fé hækkaði um 82 milljónir á síðasta rekstrarári eftir töluverða lækkun árið áður.

Eignir Árvakurs námu um 3,7 milljörðum króna og hækkuðu um sjö hundruð milljónir króna. Árvakur fjárfesti fyrir rúmar 700 milljónir króna í vélum, áhöldum og innréttingum og má ætla að þar sé hluti af heildarfjárfestingu í nýrri prentsmiðju. Eigið fé félagsins var tæpir 1,4 milljarðar í árslok og var eiginfjárhlutfallið 37 prósent.

Hluthafar Árvakurs voru 16 í lok síðasta árs og fengu þeir 21 milljón króna í arð. Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 22 milljónum króna. - eþa




Markaðurinn/Hari

SÖLUHAGNAÐUR AF FASTEIGN Morgunblaðið skilaði 357 milljóna króna hagnaði á síðasta ári, sem var mikil breyting frá fyrra ári. Söluhagnaður af lóð og fasteign við Kringluna vó þungt í afkomu félagsins.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

9,0%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

ENNEMM / SÍA / NM17595

* Nafnávöxtun sl. 6 mánuði á ársgrundvelli m.v. 30.11.2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!



ÞÓRARINN STEFÁNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HEXIA.NET Í samstarfi við Real Network er sjálfstæðum tónlistarmönnum gert kleift að selja tónlist sína á netinu.

## Bílskúrsbönd á netið

### Hexia.net og Real Network opna nýja tónlistarveitu.

Hexia.net hefur í samstarfi við Real Networks opnað tónlistarveitu í Bretlandi sem gerir sjálfstæðum tónlistarmönnum kleift að selja tónlist sína á netinu. Á veitunni er bæði hægt að ná í lög til niðurhals á tölvu og til sendingar í síma. Íslenskar hljómsveitir geta nú skráð sig þarna en í bígerð er opnun sams konar veita á Íslandi í samstarfi við valinkunna tónlistarmenn. Mun hún líta dagsins ljós í kringum áramót. Hexia herjar nú einnig á önnur markaðssvæði, undir eigin flaggi og merkjum annarra samstarfsaðila. Þórarinn Stefánsson, framkvæmdastjóri Hexia, gerir ráð fyrir að búið verði að ganga frá tengingum á öllum Norðurlöndunum í byrjun næsta árs. Hann bendir á að helminginn af heildarsölunni af tónlist og bókum á netinu sé titlar sem seljist í litlu upplagi. Til að mynda séu 60 prósent af sölu Amazon titlar sem komist ekki inn á topplistana. Því sé til mikils að vinna á þessum markaði en jafnframt margir um hituna. - hhs


Himinn og haf – SÍA / 9050796
Rétti tíminn er núna
– sértilboð til áramóta!
Nú er rétti tíminn til þess að fjárfesta í sjóðum í sölu hjá SPRON Verðbréfum, fá góða og örugga ávöxtun og njóta afsláttar af gengismun fyrir 1. janúar 2006.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun ef keypt er fyrir 1–10 milljónir og 100% afslátt af gengismun ef keypt er fyrir meira en 10 milljónir.
Sjóðirnir eru Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa, Stuttur skuldabréfasjóður, Langur skuldabréfasjóður, Íslenskur hlutabréfasjóður og Alþjóðlegur hlutabréfasjóður. Með því að fjárfesta í ólíkum verðbréfum dreifir viðkomandi sjóður áhættu af fjárfestingum sínum og dregur úr sveiflum í ávöxtun safnsins.
Hafðu samband við ráðgjafa okkar sem mun fara yfir kostina og ráða þér heilt.
spron
VERÐBRÉF
Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spron.is

## General Motors í vanda

Gjaldþrot er ekki svo langsótt hugmynd ef fyrirtækið heldur áfram á sömu braut, sagði í tilkynningu frá matsfyrirtækinu Standard og Poor eftir að hafa í nýju mati sent hluta- og skuldabréf fyrirtækisins enn lengra niður í átt að ruslbréfunum. „Á þessum tímamótum er niðurstaða okkar sú að það sé ekki lengur langsótt að GM verði gjaldþrota ef fyrirtækinu heldur áfram að hraka á sama hraða og síðustu ársfjórðunga.“ - áa



**HÖFUÐSTÖÐVAR GENERAL MOTORS** Standard og Poor matfyrirtækið spáir gjaldþroti með sama áframhaldi hjá GM.

## Kínverjar efnast

Í nýjum hagtölum frá viðskiptaráðuneyti Kína kemur fram að viðskipti við útlönd hafi vaxið um 23 prósent fyrstu ellefu mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra og séu 75 billjónir íslenskra króna.



**SHANGHAI**

ESB er enn stærsti viðskiptaaðili við Kína með viðskipti upp á 196,7 milljarða dollara það sem af er þessu ári. Viðskiptajöfnuður við útlönd var jákvæður um 90,8 milljarða dollara fyrstu ellefu mánuði ársins.

Bandaríkjamenn hafa haft uppi efasemdir um þennan rekstrarafgang og segja stóran hluta afgangsins mega rekja til allt of lágrar gengisskráningar Kínverja á gjaldmiðli sínum.

Útflutningur Kínverja einskorðast ekki lengur við ódýrar framleiðsluvörur. Í nýrri skýrslu frá samvinnu- og þróunarstofnuninni kemur fram að Kína flytur nú meira út af hátæknivörum en Bandaríkin. Kínverjar fluttu út hátæknivörurfyrir 180 milljarða Bandaríkjadollara á árinu 2004 á meðan Bandaríkin fluttu á sama tíma út fyrir 149 milljarða Bandaríkjadollara. Sem dæmi um hátæknibyltingu Kínverja keypti kínverski tölvuframleiðandinn Lenovo alla einkatölvuframleiðsludeild IBM á 1,75 milljarða Bandaríkjadala í maí á þessu ári. - áa

# Gætu orðið af milljörðum

### Átta ríki Evrópusambandsins gætu orðið af milljörðum í skatttekjum tapist dómsmál sem höfðað er gegn þeim.

**Ágúst Agnarsson**
skrifar

Átta lönd innan Evrópusambandsins gætu orðið af fjórutíu til fimmtíu milljörðum íslenskra króna í formi skatttekna tapist dómsmál sem fyrirtækið Cadburys Schweppes hefur höfðað gegn breska ríkinu fyrir Evrópudómstólnum. Réttarhöldin snúast um hvort hin svokölluðu „controlled foreign company“ lög brjóti í bága við lög Evrópusambandsins. Áðurnefnd lög heimila breska ríkisvaldinu að leggja aukaskatt á bresk fyrirtæki sem greiða skatt í öðrum löndum innan ESB þar sem skattaprósentan er lægri en í Bretlandi. Breska ríkið hefur beitt þessum lögum og lagt aukaskatt á tekjur sem Cadburys Schweppes aflaði á Írlandi, þar sem skattar eru með þeim lægstu innan Evrópusambandsins. Tapi breska ríkið málinu sem Cadburys Schweppes höfðaði gegn því mun það leiða til að Bretum, ásamt sjö öðrum Evrópulöndum sem notast við CFC-lögin, verður gert skylt að afnema þau. Í The Financial Times er vitnað í Stefano Marchese, varaforseta Félags evrópskra endurskoðenda, þar sem hann segir að málið gæti haft þau áhrif að fjármagn myndi flæða til fyrirtækja sem yrðu stofnuð í löndum með lægri skatta og auka þannig þrýsting á önnur Evrópulönd að lækka skatta til að vera samkeppnishæf.



**HÖFUÐSTÖÐVAR EVRÓPUSAMBANDSINS Í BRUSSEL** Lönd innan Evrópusambandsins með hæstu skattprósentuna gætu tapað milljörðum í skatttekjum tapist mál fyrir Evrópudómstólnum sem myndi gera þeim ókleift að innheimta aukaskatt á tekjur sem aflað er í ESB-löndum með lægri skattprósentu.

Þau lönd sem myndu tapa mest á afnámi CFC-laganna eru þau lönd sem hafa hæstu skattaprósentuna eins og Þýskaland og Ítalía því þeim væri gert ókleift að skattleggja tekjur sem kæmu frá öðrum ESB-löndum.

Annað prófmál sem nú er fyrir Evrópudómstólnum er mál smásölufyrirtækisins Marks og Spencer gegn breska ríkinu. Marks og Spencer telur breska ríkið hafa brotið gegn lögum Evrópusambandsins með því að neita fyrirtækinu að jafna tap erlendra útibúa á móti þeim hagnaði sem fyrirtækið skilaði innan Bretlands. Ef mál Marks og Spencer tapast mun það kosta milljarða evra í skattaendurgreiðslur til alþjóðafyrirtækja.





# VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

### Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

### Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS






GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**ÁHYGGJUFULLUR VERÐBRÉFAMIÐLARI** Áætlað er að japanskur banki muni tapa 1.400 milljónum vegna innsláttarvillu.

# Villa veldur milljarðatapi

Áætlað er að japanskur banki muni tapa um 1.400 milljónum vegna mistaka sem kölluð eru „Sverfingraheilkennið“ (fat finger syndrome). Þetta kemur fram á fréttavefnum timesonline.

Ónefndur verðbréfasali hjá verðbréfafyritækinu Mizhuo ætlaði að selja einn hlut í fjarskiptafyrirtækinu J.com á 600 þúsund jen, jafnvirði 324 þúsund íslenskra króna, en seldi vegna mistaka 600 þúsund hluti á 50 aura hvern. Mistökin ollu keðjuverkun á markaðinum sem leiddi til tveggja prósenta lækkunar á Nikkei-vísitölunni þar sem verðbréfasalar seldu bréf í öllum japönskum verðbréfafyrirtækjum því enginn vissi hjá hvaða fyrirtæki mistökin voru gerð. Það verður væntanlega enginn jólabónus í ár hjá Mizhuo.

Í nóvember 1999 rak einn seinheppinn sig í lyklaborðið með olnboganum og seldi sex hundruð hluti Premier oil fyrir tuttugu krónur hvern þegar hlutirnir hefðu farið á meira en tvöhundruð milljónir íslenskra króna.

Í desember 2001 tapaði miðlari hjá svissneska fjárfestingarbankanum andvirði átta milljarða íslenskra króna á nokkrum sekúndum. Miðlarinn hafði ætlað að selja sextán hluti í japanska auglýsingarisanum Dentsu á 600 þúsund jen hvern en seldi þess í stað 610 þúsund hluti fyrirtækinu á sex yen á hlut.

Í febrúar 2005 ætlaði miðlari að selja 15 þúsund hluti í EMI tónlistarútgefandanum á um 300 krónur á hlut en setti þess í stað inn pöntun á 15 milljón hluti á verði sem hljóðaði upp á rúmlega fjóra milljarða. **- áa**

SÖGUHORNIÐ

# Roald Amundsen fyrstur á Suðurpólinn



Hinn 14. desember árið 1911 steig Roald Amundsen fyrstur manna á suðurpólinn. Hann hafði náð takmarki sem marga hafði dreymt um, að rjúfa kyrrð syðsta odda hnattarins.

Afrekið átti eftir að gera Amundsen og samferðamenn hans heimsfræga, en í bréfi þar sem hann lýsir tilfinningunni sem fylgdi því að komast á syðsta punkt jarðar skrifar hann: „Enginn maður hefur verið eins langt frá takmarki sínu landfræðilega og ég var þá“. Takmark hans hafði nefnilega alltaf verið að komast á norðurpólinn.

Amundsen var fæddur í litlu þorpi nálægt Osló og ólst upp við afrek landa síns Fridtjov Nansen, sem var heimsfrægur landkönnuður. Amundsen var því ekki hár í loftinu þegar hann hafði skipulagt framtíð sína. Hann lét hins vegar undan vilja móður sinnar, sem vildi að hann lærði læknisfræði. Þegar Amundsen var 21 árs lést móðir hans og þá beið hann ekki lengur með að láta draum sinn um að gerast landkönnuður rætast. Hann seldi skólabækur sínar og tilkynnti öllum sem hann þekkti þá áætlun sína að kanna framandi staði. Eftir mikinn undirbúning fékk Amundsen „Fram“ skip Fridtjovs Nansen lánað og lagði af stað í leiðangur á Norðurpólinn, en þær áætlaninr fóru fyrir lítið þegar fréttir bárust að Bandaríkjamaðurinn Robert Peary hefði náð Pólnum.

Amundsen var ekki lengi að jafna sig af þessum ótíðindum heldur breytti áætlunum sínum, nú skyldi hann verða fyrstur til að stíga fæti á Suðurpólinn.

Það var vitað að Englendingurinn Robert Scott, sem hafði misheppnast einu sinni áður, var að leggja í sína aðra ferð til að sigra pólinn.

Kapphlaupið var hafið, í janúar 1911 lagðist Fram við akkeri í Hvalaflóa á Suðurskautslandinu en sextíu mílum fjær pólnum sjálfum lagðist skip Roberts Scott við akkeri. Hinn 19. október hófst hin eiginlega ferð á pólinn eftir að Amundsen hafði komið sér upp matarbirgðum á nokkrum stöðum á leiðinni. Amundsen lagði af stað ásamt fjórum félögum á hundasleðum. Í fyrstu gekk ferðin mjög vel og það var ekki fyrr en þeir komu á Axel Heiberg-jökulinn með sínum botnlausu sprungum og hrikalegu landslagi að ferðin fór að sækjast hægar. En mennirnir voru vel þjálfaðir og sigruðust á jöklinum. Eftir það sóttist þeim ferðin vel. Ótti þeirra að leiðangursmenn Scotts yrðu fyrri til á pólinn reyndist ástæðulaus og hinn 14. desember 1911 náðu Amundsen og samferðamenn hans áfangastað. Scott og hans menn náðu seinna pólnum en létust allir á leið sinni til baka. **- áa**



Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

# Vildi kaupa tóbaksfyrirtæki í Búlgaríu

Umsvif Björgólfs Thors Björgólfssonar í Búlgaríu hafa eðlilega kallað á mikla fjölmiðlaathygli. Í byrjun desember birtist ýtarleg fréttaskýring fjóra útgáfudaga í röð í einu stærsta dagblaði landsins um feril Björgólfs og innkomu í búlgarskt viðskiptalíf. Þessi umfjöllun og önnur í þessum mánuði koma í kjölfar þess að Björgólfur hefur tryggt sér yfirráð yfir búlgarska símanum. *Björgvin Guðmundsson* skoðaði málið.

Stjórnendur Deutsche Bank töluðu fyrir því í Búlgaríu að Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Actavis og umsvifamikill fjárfestir, fengi að kaupa þrjú lyfjafyrirtæki sem voru í opinberri eigu árið 1999. Vegna mikilvægra tengsla þýska bankans og búlgarskra stjórnvalda, meðal annars vegna erlendra skulda ríkisins, náðust samningar um kaupin. Fyrirtækin voru sameinuð undir nafni Balkanpharma, sem síðar rann inn í Actavis Group. Þingnefnd sem fylgist með spillingu í Búlgaríu vildi taka þessi viðskipti til skoðunar í byrjun árs 2000. Af því varð ekki.

Þetta kemur meðal annars fram í greinaflokki um Björgólf Thor sem birtist fjóra útgáfudaga í dagblaðinu Standart News í Búlgaríu nú í byrjun desember. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins frá yfirmönnum blaðsins var búið að vinna að úttektinni í nokkra mánuði áður en hún birtist. Fóru blaðamenn víða til að afla sér upplýsinga, meðal annars til Íslands og Pétursborgar í Rússlandi. Þeir segja að Björgólfur Thor hafi sjálfur ekki veitt þeim viðtal. Afrakstur þeirrar vinnu var birtur í byrjun desember í kjölfar þess að fjárfestirinn frá Íslandi hafði tryggt sér yfirráð yfir búlgarska símanum, sem nýlega var einkavæddur.



**STJÓRNENDUR ACTAVIS GROUP Á ÍSLANDI** Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Actavis, hefur verið umsvifamikill í fjárfestingum í Búlgaríu. Hefur það bæði verið í gegnum Actavis og hans eigin félög. Umsvif hans þar hafa vakið athygli búlgarskra fjölmiðla, sem segja Björgólf hafa réttu mennina með sér sem tryggi þá pólitísku hagsmuni sem þurfi til að eiga viðskipti þar í landi.

### UPPGANGI BJÖRGÓLFS LÝST

Fyrir þá sem þekkja feril Björgólfs er ekki mikið nýtt sem birtist í fyrstu greinunum. Sagt er frá því hvernig feðgarnir, hann og Björgólfur Guðmundsson ásamt Magnúsi Þorsteinssyni, fara til Pétursborgar og setja á laggirnar átöppunarverksmiðju. Það hafi meðal annars verið í kjölfar Hafskipsmálsins og dregur blaðamaðurinn þær ályktanir að Björgólfur Thor hafi viljað endurheimta gott orðspor fjölskyldunnar, sem margir sögðu að hefði beðið hnekki. Bravo-bjórverksmiðjuævintýrið er rakið og átökin í rússnesku athafnalífi.

Greint er frá því að að fyrirtæki þeirra félaga hafi náð sautján prósenta markaðshlutdeild í Pétursborg og níu prósentum í Moskvu án þess að eyða eyri í auglýsingar. Rifjuð er upp frásögn sem birtist í breska blaðinu Guardian 16. júní í sumar um meint fjárhagsleg tengsl verksmiðjunnar við rússnesku mafíuna. Sagt er að breski blaðamaðurinn sem skrifaði greinina, Ian Griffiths, sé mikilsmetinn í sínu heimalandi og hafi verið tilnefndur til verðlauna sem viðskiptablaðamaður ársins 2005. „Það er ekki möguleiki að Griffiths skrifi tóma vitleysu," segir í búlgarska blaðinu.

Tekið skal fram að Björgólfur Thor hefur vísað þessum skrifum á bug og í Standart News er vitnað í viðtal við danska blaðið Berlingske Tidende þar sem hann leiðréttir það sem kom fram í grein Guardian.

### NEMUR LAND Í BÚLGARÍU

Samhliða þessu er greint frá uppgangi lyfjafyrirtækja sem Björgólfur Thor tengist ásamt föður sínum. Í júní árið 1999 hafi honum síðan verið boðið til Búlgaríu af Deutsche Bank til að fjárfesta í lyfjaiðnaðinum þar í landi. Gefið er í skyn að vegna vinveittra tengsla við stjórnvöld hafi Íslendingunum verið seld þrjú búlgörsk lyfjafyrirtæki í Dupnitsa, Troyan og Razgard langt undir markaðsverði. Úr þeim hafi Balkanpharma verið búið til, sem varð hryggjarstykkið í starfsemi Actavis Group og gerði Björgólf Thor að milljarðamæringi.

Uppbyggingu lyfjafyrirtækjanna er svo lýst, sem og tengslum Björgólfs Thors við íslenska hlutabréfamarkaðinn. Margt gerist árin eftir að Björgólfur byrjar að fjárfesta í Búlgaríu. Verðmæti skráðra fyrirtækja á Íslandi lækkar mikið árið 2001, frekari sameiningar verða í lyfjaiðnaðinum hér á landi og erlend fyrirtæki eru keypt, Bravo er selt í Rússlandi og Landsbankinn keyptur. Hækkun úrvalsvísitölunnar aftur gerir Björgólf Thor, að sögn Standart News, enn ríkari. Í kjölfarið hafi hann fjárfest í fjarskiptafyrirtækjum í Tékklandi, Finnlandi og Grikklandi.

### MIKILVÆGI DEUTSCHE BANK

Blaðamaður Standart News segir að Björgólfi Thor hafi alltaf tekist að hafa rétta fólkið með sér til að tryggja pólitíska hagsmuni, sem skipti miklu í viðskiptum í landi eins og Búlgaríu. Vorið 1999 hafi tuttugu manna hópur verið með Björgólfi í höfuðborginni Sofíu. Mikilvægasti einstaklingurinn í þeim hópi hafi verið maður að nafni Dominic Redfern, yfirmaður í Deutsche Bank. Mælti bankinn sérstaklega með Björgólfi Thor sem kaupanda að lyfjafyrirtækjum í Búlgaríu sem til stóð að selja. Sagði Redfern Björgólf hafa peninga sem hægt væri að nota til góðra verka. Voru aðrir líklegir fjárfestar í lyfjaiðnaðinum þar í landi látnir vita af þessum stuðningi þýska bankans við Íslendingana. Síðan segir í greininni að það hafi verið spurning um heiður fyrir ríkisstjórn Ivan Kostov að selja lyfjafyrirtækin til þess sem fulltrúar Deutsche Bank mæltu með. Kostov hafi augljóslega lagt blessun sína á það.

Standart News segir að þar sem miklar erlendar skuldir hvíli á búlgarska ríkinu hafi aðkoma Deutsche Bank opnað margar dyr. Veiti bankinn ekki nauðsynlega greiðslufresti á lánum ríkisins geti ríkisstjórnin komist í vanda með fjárlögin. Deutsche Bank hafi svo keypt hlutabréfin í lyfjafyrirtækjunum þremur 17. júní 1999 sem síðar varð Balkanpharma. Sagt er að Björgólfur Thor hafi aldrei sjálfur skrifað undir samninga. Í forsvari hafi verið aðilar tengdir pólitískum öflum.

### ÞINGNEFND VILL SKOÐA SPILLINGU

Snemma á árinu 2000 vildi þingnefnd um spillingu taka söluna á lyfjafyrirtækjunum þremur til skoðunar. Úr því varð ekki og kemur fram í greininni að stuðningur Þýskalands við aðildarviðræður Búlgaríu að Evrópusambandinu og aðkomu ríkisins að Schengen-landamærasamstarfinu hafi verið mikilvægur. Hagsmunir Björgólfs og Deutsche Bank hafi því ekki skaðast.

Í greininni kemur fram að Björgólfur Thor og Dominic Redfern hafi verið það ánægðir með árangurinn í fyrri viðskiptum sínum að þeir gerðu sig líklega til að kaupa búlgarska tóbaksfyrirtækið Bulgartabac árið 2002. Að þessu unnu Redfern og maður að nafni Radenko Milacovich, sem gaf til kynna að Deutsche Bank stæði á bak við tilboðið með stuðningi pólitískra afla. Reynt var að koma í veg fyrir að annar aðili, Michael Cherny, keppti um fyrirtækið. Sagt er að mikinn spillingarþef hafi lagt frá málinu og Cherny myndi ekki fá að kaupa tóbaksfyrirtækið þrátt fyrir að bjóða hærra verð. Hætt var við söluna eftir mikil átök og hótun um lögsókn. Þar með mistókst tilraun Björgólfs Thors til að kaupa Bulgartabac. Eftir það sneri hann sér að búlgarska símanum í staðinn.

Í febrúar 2002 er tilkynnt um sölu á hlut ríkisins í búlgarska símanum, BTC. Tveir aðilar keppa um hlutinn, fjárfestar frá Tyrklandi og Viva Ventures sem skráð var í Austurríki. 23. október er svo tilkynnt að Viva Ventures kaupi 65 prósent í fjarskiptafyrirtækinu. Áður en samningar voru undirritaðir urðu málsaðilar ósammála um efni samningsins og einkavæðingarnefndin neitaði að skrifa undir. Var meðal annars deilt um hvort verðið fyrir símann væri of lágt. Rætt var aftur við tyrknesku fjárfestana og Viva Ventures kærði málið til stjórnlagadómstóls. 20. febrúar 2004 er svo skrifað undir kaupsamninginn við Viva Venture. Björgólfur Thor átti þá stóran hlut í því félagi.

### ÞÁTTUR EIBANK

Búlgarska ríkið ákveður í janúar 2005 að selja þau 35 prósent sem það átti enn í búlgarska símanum. Banki þar í landi, EIBank, kaupir að minnsta kosti 25 prósent að því er fram kemur í grein Standart News. Samkvæmt bankanum er hluturinn keyptur fyrir viðskiptavin. Ekki hafi þá verið vitað að viðskiptavinurinn heitir Björgólfur Thor. Nú ræður Björgólfur yfir um 75 prósentum í símafyrirtækinu.

Sagt er að stjórnandi EIBank, Tsvetelina Borislavova, og Björgólfur Thor hafi orðið viðskiptafélagar. EIBank sé níundi stærsti banki landsins. Björgólfur keypti 34 prósent í bankanum í september og stefnir á að eignast stærri hlut.

„Yfirtakan á BTC en án efa perla í kórónu Björgólfs Thors Björgólfssonar," segir svo í síðustu greininni.

**... dregur blaðamaðurinn þær ályktanir að Björgólfur Thor hafi viljað endurheimta gott orðspor fjölskyldunnar, sem margir sögðu að hefði beðið hnekki.**


ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
8,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. nóv. 2005 - 30. nóv. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðassjóða síðustu 3,6 og 12 mánuði skv. www.sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


# ÞÚ GETUR VERIÐ SVALUR ÁN ÞESS AÐ ÞÉR SÉ KALT



GOTT FÓLK McCANN

## SETTU NORSKU ULLARNÆRFÖTIN Á ÓSKALISTANN

Allt frá því Fridthjof Nansen fór á skíðum þvert yfir Grænlandsjökul í fötum frá Devold árið 1888 hafa norrænir heimskautafarar lagt traust sitt á þetta þrautreynda vörumerki. Norska hágæðaullin og ýmsar tækninýjungar tryggja að Devold fatnaður skarar fram úr enn í dag og hentar þér betur en nokkuð annað.



Devold nærföt: síðar nærbuxur, nærbolur og bolur með rennilás.

DEVOLD




| Heimilisfang | Sími | Fax | Stofnár |
|---|---|---|---|
| Grandagarður 2 | 580 8500 | 580 8501 | 1916 |

| Veffang | Tegund verslunar |
|---|---|
| www.ellingsen.is | Ferða- og útivistarvörur, gasvörur, útgerðarvörur, björgunar- og neyðarvörur o.fl. |
| | Verslun athafnamannsins |

ELLINGSEN

**LÍFEYRISSJÓÐIR HORFA TIL FREKARI ÚTRÁSAR** Mikill vöxtur íslensku lífeyrissjóðanna kallar á ný og stærri verkefni fyrir stjórnendur þeirra; hvernig eigi að ávaxta eignir sjóðanna. Ljóst er að eignir þeirra munu aukast erlendis vegna takmarkaðra möguleika heima fyrir.



# Lífeyrissjóðir *glíma við fr*

**Eftir stöðuga ávöxtun fyrr á árum hafa sveiflur á ávöxtun lífeyrissjóða aukist. Búist er við að þeir auk þétt á næstu árum og áratugum á kostnað innlendra fjárfestingarkosta, sem getur aukið sveiflurnar steinsson kynnti sér nýlega skýrslu um ávöxtunarmöguleika framtíðarinnar og ræddi við nokkra stjó**

Fyrirsjáanlegt er að hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna muni vaxa hratt á næstu árum og jafnvel áratugum. Hreinar eignir lífeyrissjóðanna fóru yfir eitt þúsund milljarða króna í febrúar á þessu ári og voru á síðasta ári orðnar meiri en landsframleiðslan. Því er spáð að innan skamms verði eignirnar orðar tvöföld landsframleiðsla, enda vex séreignarsparnaður hratt og viðbúið að framlög launþega eigi eftir að aukast jafn og þétt.

Í nýlegri skýrslu Guðmundar Guðmundssonar og Kristíönu Baldursdóttur, Lífeyrissjóðir – framtíðarhorfur og óvissuþættir, sem birtist í síðasta hefti Peningamála, velta greinarhöfundar fyrir sér þeim fjárfestingarmöguleikum sem lífeyrissjóðirnir hafa í framtíðinni. Þar sem ljóst er að hreinar eignir sjóðanna muni vaxa hratt standa stjórnendur lífeyrissjóðanna frammi fyrir því krefjandi verkefni að ávaxta peningana. Að mati höfunda ríkir talsverð óvissa um afkomu lífeyrissjóðanna í framtíðinni en þeir spá því að fjárfestingar sjóðanna muni stóraukast erlendis á næstu árum. Viðmælendur Markaðarins tóku einnig undir það.

**YFIRLIT YFIR EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐANNA (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | des. '04 | ág. '05 | Hreyfingar í % |
|---|---|---|---|
| Heildareignir 9 | 86.535 | 1.110.028 | 12,50% |
| þ.a. innlend verðbréfaeign | 732.750 | 812.721 | 10,90% |
| þ.a. erlend verðbréfaeign | 217.578 | 264.392 | 21,50% |
| þ.a. sjóðfélagalán | 86.826 | 90.385 | 4,10% |
| þ.a. innlend hlutabréf | 127.905 | 164.829 | 28,90% |

**UMSVIFAMIKLIR Á ÍSLANDI**

Lífeyrissjóðirnir eru orðnir mjög umsvifamiklir þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði. Á hlutabréfamarkaði eru þeir meðal stærstu hluthafa í flestum félögum og eiga þeir um tólf prósent af öllum skráðum hlutabréfum í Kauphöll Íslands. Þá eiga þeir um 47 prósent af útgefnum markaðsskuldabréfum, þar af 41 prósent af verðbréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. „Ekki blasir því við í fljótu bragði hvaða fjárfestingarmöguleika lífeyrissjóðirnir eiga innanlands með þann stóra stabba sem þeir munu hafa til umráða næstu áratugina,“ segja höfundar skýrslunnar.

Fjárfestingareglur lífeyrissjóða eru með þeim hætti að annars vegar er þeim heimilt að eiga helming í hlutabréfum og helming í skuldabréfum og hins vegar er þeim heimilt að vera með helming eigna sinna innanlands og helming erlendis. Tækifæri lífeyrissjóða liggja nú að mestu leyti í fjárfestingum erlendis.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir að lífeyrissjóðirnir búi við ákveðið fjárfestingaumhverfi með lögum sem séu að stofninum frá 1997. „Við höfum talið að það væri eðlilegra að fjárfestingareglur sjóðanna væru ekki njörvaðar niður í löggjöf heldur væri það á forræði fjármálaráðherra að gefa út reglugerð hverju sinni með fenginni umsögn frá Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökunum og Seðlabankanum. Markaðurinn er orðinn svo flókinn og framþróunin svo hröð.“

**AUKIÐ SVIGRÚM TIL FJÁRFESTINGA**

Með frumvarpi, sem liggur fyrir þingi, er ætlunin að gefa lífeyrissjóðunum aukið svigrúm til fjárfestinga. Í íbúðalánum, sem hafa verið farsæl leið lífeyrissjóða til að koma peningum í ágæta vöxtun, er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir geti lánað allt að 75 prósent af markaðsvirði eignar en áður miðaðist lánveiting við 65 prósent. Enn fremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að hámark á hlutabréfum hækki úr 50 prósentum í 60 prósent sem geti gefið lífeyrissjóðunum svigrúm til frekari kaupa innanlands.

Hrafn segir að lífeyrissjóðirnir hafi alltaf verið virkir á innlendum hlutabréfamarkaði. „Í árdaga útrásarinnar kom auðvitað heilmikið fjármagn frá lífeyrissjóðunum sem gaf henni klárlega byr undir vænginn.“ Hann



# mtíðina

## eignir sínar erlendis jafnt og nn frekar. Eggert Þór Aðal- nendur hjá lífeyrissjóðum.

segist muna eftir því fyrir tíu árum að sumir höfðu áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir myndu eignast landið og miðin. Sá ótti var ástæðulaus og bendir Hrafn á skýrsluna máli sínu til stuðnings þar sem kemur fram að lífeyrissjóðirnir eigi um tólf prósent af skráðum innlendum hlutabréfum þótt hlutdeild þeirra sé nokkru hærri í útgefnum skuldabréfum.

Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar Gildis-lífeyrissjóðs, er spurður að því hvort afskráningar félaga af hlutabréfamarkaði séu áhyggjuefni. Hann telur svo vera og það væri gott að fá fleiri félög á markaðinn. „Kostirnir eru fullfáir og væri æskilegt að fá fleiri inn. Eignarhlutir í einstökum félögum eru stórir vegna mikils vaxtar stærstu félaganna. Á móti hafa verðmyndun á markaði og dýpt aukist.“ Hámarkseignarhlutur lífeyrissjóðs í hlutabréfum og skuldabréfum einstakra útgefenda er tíu prósent og er ljóst að lífeyrissjóðir nálgast mörkin í sumum félögum.

**STÓR VERKEFNI INNANLANDS**

Í skýrslunni er þeirri spurningu velt upp hvort sjóðirnir ættu að líta til stórverkefna innanlands á borð við virkjunarframkvæmdir. Benda greinarhöfundar á að virkjanir Landsvirkjunar virðist vera vanmetar samkvæmt þeim bókhaldsreglum fyrirtækisins. Kostnaður af Kárahnjúkavirkjun er áætlaður um 90 milljarðar króna og hefur virkjunin afl upp á 690 MW en samanlagt afl annarra virkjana fyrirtækins er 1.215 MW. Eigið fé Landsvirkjunar er 50 milljarðar króna og eiginfjárhluthall hennar um 33 prósent.

„Það kann að vera að það séu ýmis tækifæri hér innanlands í slíkum málum. Hins vegar þarf að gæta að sér hvað varðar einstakar fjárfestingar í verkefnum innanlands, til dæmis í álbræðslum og slíku. Það þarf að vera ásættanleg áhættudreifing á fjármagni,“ segir Hrafn. Hann bendir á að Hvalfjarðargöng hafi orðið að veruleika vegna tilurðar lífeyrissjóðanna en erlendir lánveitendur gerðu það að kröfu að íslenskir fjárfestar kæmu að framkvæmdinni. Það sé gott dæmi um vel heppnaða einkaframkvæmd.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, segir að það megi alls ekki útiloka þátttöku lífeyrissjóða að stórverkefnum og bendir á einkavæðingu Símans sem nýlega stórfjárfestingu lífeyrissjóða. „Við horfum jákvætt á öll verkefni sem koma upp hér. Ég tel nauðsynlegt að sjóðirnir séu opnir fyrir öllum möguleikum sem bjóðast.“ Kæmi það til greina að taka þátt í fjármögnun umferðarmannvirkja? „Það hefur í sjálfu sér ekki komið inn á borð til okkar. En ég segi bara aftur: Við skoðum allt þar sem kostirnir eru ekki margir.“

Höfundarnir nefna einnig þann möguleika að lífeyrissjóðirnir taki meiri þátt í fjármögnum innlendra innlánsstofna með því að kaupa útgefin verðbréf þeirra en yfir níutíu prósent af skuldabréfaútgáfu þeirra hafa verið erlendis.

**ÚTRÁS LÍFEYRISSJÓÐA**

Frá árinu 1994 hafa íslenskir fjárfestar átt þess kost að kaupa erlend verðbréf og hefur vægi erlendra fjárfestinga stóraukist á seinni árum. Tilgangur með þessum fjárfestingum hefur annars vegar verið að hækka ávöxun og hins vegar að draga úr áhættu.

Allt bendir því til þess að ávöxtun lífeyrissjóða framtíðarinnar muni að stórum hluta velta á árangri þeirra fyrir utan landsteinana vegna takmarkaðra möguleika heima fyrir. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna nema nú um 22 prósentum af hreinum eignum og jukust um áttatíu milljarða frá janúar til ágúst á þessu ári.

„Lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest mikið erlendis á þessu ári og þá aðallega í hlutabréfum. Það byggist meðal annars á því að þeir eiga mikið af hlutabréfum á Íslandi en einnig sjá menn mikil tækfæri erlendis vegna þess hve krónan hefur verið sterk,“ segir Hrafn og bætir við að þar með muni lífeyrissjóðirnir sjá meiri sveiflur í ávöxtun en verið hefur.

Ávöxtun af innlendum hlutabréfum hefur verið ævintýraleg á undanförnum tveimur árum. Erlend hlutabréf hafa ekki sýnt sömu ávöxtun en hafa þó hækkað ágætlega bæði í fyrra og nú í ár. Íslenskir lífeyrissjóðir hafa haft lítinn áhuga á að kaupa erlend skuldabréf þar sem þau hafa verið slakur fjárfestingarkostur í samanburði við þau íslensku og er ekkert sem bendir til annars en að svo verði áfram. Á undanförnum árum hefur meðalraunávöxtun erlendra skuldabréfa haldist undir 3,5 prósentum, sem er langtímamarkmið lífeyrissjóðanna.

Tryggvi Tryggvason, hjá Gildi, tekur undir það með Hrafni að fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis fari vaxandi. Þeir eigi langt í land að fara upp í þakið.

„Þetta hámark er því ekki íþyngjandi varðandi erlendar eignir þótt það geti hugsanlega truflað okkur í framtíðinni. Það er heldur að sjóðirnir hafi verið að færast nær markinu í innlendum bréfum.“

Hrafn telur að reynsla íslenskra lífeyrissjóða af erlendri starfsemi sé góð þrátt fyrir áföll áranna 2000 til 2002. Lífeyrissjóðir fjárfesta einungis í gegnum viðurkennd erlend verðbréfafyrirtæki og það er ekki sjálfsagt að lífeyrissjóðir fjárfesti hjá sömu aðilum. Lífeyrissjóðirnir hafa stækkað og hér hefur safnast saman gífurleg sérfræðiþekking sem mun nýtast annars staðar.

Árni er ekki alveg á sama máli og Hrafn þegar litið er á reynslu lífeyrissjóðanna af erlendum verkefnum. „Þegar litið er yfir tíu ára tímabil er ljóst að erlendar fjárfestingar hafa ekki verið að skila því sem menn vonuðust til. Við hjá Gildi höfum kannski að hluta til betri reynslu vegna þeirrar gjaldmiðlastýringar sem hefur hjálpað okkar. En almennt séð er þetta tímabil sem hefur ekki verið að skila nægjanlega góðum árangri,“ segir Árni.

**FLÓKIÐ UMHVERFI – STÆRRI SJÓÐIR**

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða hefur kynnt stefnumótunarvinnu þar sem framtíðarsýn samtakanna er meðal annars lýst. Þar kemur fram að fjárfestingarumhverfi sjóðanna verður sífellt flóknara sem kallar á góða áhættudreifingu eignasafnsins vegna aukinna sveiflna á ávöxtun. Hrafn bendir á að fram til ársins 1998 hafi íslenskir lífeyrissjóðir sýnt stöðuga ávöxtun samkvæmt sögulegum gögnum sem til eru. Árið 1999 var metár en eftir það hafa orðið miklar sveiflur á raunávöxtun sjóðanna. Framtíðarsýn landssamtakanna er sú að lífeyrissjóðum verði færri og stærri.

Árni Guðmundsson telur að það sé alveg ljóst að lífeyrissjóðir verði að stækka. „Framsýn og sjómenn voru ekki endilega þeir sem þurftu mest á því að halda að sameinast. Ég held að það sé ekki heppilegt að reka þessar litlu einingar. Þær eru dýrari til að standa í eignastýringu sjálfar og áhættudreifing er ekki nægjanlega mikil í litlum sjóðum.“



**ÁRNI GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI GILDIS LÍFEYRISSJÓÐS** „Þegar litið er yfir tíu ára tímabil er ljóst að erlendar fjárfestingar hafa ekki verið að skila því sem menn vonuðust til. Við hjá Gildi höfum kannski að hluta til betri reynslu vegna þeirrar gjaldmiðlastýringar sem hefur hjálpað okkar. En almennt séð er þetta tímabil sem hefur ekki verið að skila nægjanlega góðum árangri.“



**HRAFN MAGNÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMBANDS LÍFEYRISSJÓÐA** „Lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest mikið erlendis á þessu ári og þá aðallega í hlutabréfum. Það byggist meðal annars á því að þeir eiga mikið af hlutabréfum á Íslandi en einnig sjá menn mikil tækifæri erlendis vegna þess hve krónan hefur verið sterk.“

AURASÁLIN

## Baugslandið góða!

**Nú hafa þau tíðindi orðið** í íslenskum fjölmiðlaheimi að búið er að fletta ofan af Baugsveldinu. Þessi merki viðburður átti sér stað með útgáfu Blaðsins á mánudag þegar leiðarahöfundur blaðsins leiddi í ljós þau óumdeildu sannindi að starfsmenn Baugsveldisins eru í raun þrælar og hafa það jafnvel verra heldur en fátæku börnin í Afríku sem vinsælt er að styðja til máltíða í kringum jólin.

**Nútímaþrælahaldið í Baugslandi** er, samkvæmt Blaðinu, að því leyti verra heldur en þrælahaldið í Ameríku á fyrri öldum þar sem þrælahaldarar þess tíma þurftu að sjá þrælum sínum fyrir bæði mat og húsaskjóli. Stjórnarherrarnir í Baugslandi hirða þó lítt um slíkan munað fyrir sína þræla enda eru þeir svo uppteknir af því að skemmta sér á góðgerðarsamkomum og prívat sinfóníutónleikum að þeir hafa engan tíma til að velta sér upp úr ómerkilegum þörfum lítilmagnans.

**Já, þeir máttu prísa sig sæla** þrælarnir í Ameríku að vinna ekki í Hagkaup eða Bónus. Og það er sennilega rétt hjá Blaðinu að þrælarnir hefðu umsvifalaust barist gegn hvers kyns frelsun ef þeir hefðu vitað að þeir gætu hugsanlega endað sem þegnar í Baugslandinu. „Feitur þjónn er ekki mikill maður. Barinn þræll er mikill maður, því í hans brjósti á frelsið heima,“ sagði skáldið – en það skáld bjó ekki í Baugslandi og hafði því ekki hugmyndaflug til að sjá fyrir sér hinn barða og þvengmjóa þjón.

**Það er furðulegt að leiðari Blaðsins** hafi ekki vakið meiri viðbrögð því í raun er um ákall til byltingar að ræða. Þetta heróp Blaðsins virðist ekki falla í frjóan jarðveg enda eru þessir Baugsþrælar flestir of uppteknir við að kaupa dýrar jólagjafir, skreyta jólatré og baka jólakökur til þess að standa í byltingu. Sennilega eru daglaunamenn Baugs ekki nægilega svangir til að standa í byltingu, en það hefur oft staðið sönnum byltingarmönnum, eins og leiðarahöfundi Blaðsins, fyrir þrifum að þeir eru langt á undan sinni samtíð.

**En Aurasálin er tilbúin í slaginn** og lætur sig ekki vanta þegar Blaðið blæs til frelsisins orrustu báls til þess að frelsa hina óafvitandi þræla Baugslands frá þeim þrældómi sem þeir hafa verið hnepptir í af stjórnarherrunum.

**Aurasálin er bjartsýn á framtíð Blaðsins.** Með yfirveguðum og hárbeittum skrifum sínum um tvískinnunginn í íslensku samfélagi hefur það markað sér algjöra sérstöðu á markaðinum. Það hefur Aurasálin fyrir satt að ástæða þess hugrekkis sem nú er sýnt á leiðarasíðunni sé einfaldlega sú að fjárhagslegur grundvöllur Blaðsins sé orðinn svo sterkur að ekkert geti ógnað stöðu þess á markaði. Nú væri gaman að hafa tækifæri til að fjárfesta í Blaðinu – framtíð þess er björt.

# Dansflokkur í skapandi útrás

Íslenski dansflokkurinn er útrásarfyrirtæki. Flokkurinn markaði sér skýra listræna stefnu og á grundvelli hennar hefur innlendum áhorfendum fjölgað og eftirspurn erlendis vaxið. Hafliði Helgason hitti Ásu Richardsdóttur, framkvæmdastjóra dansflokksins, og ræddi við hana um viðskiptin, listina og menninguna.



Fréttablaðið/Vilhelm

**ÖFLUGUR DANSFLOKKUR** Ása Richardsdóttir segir velgengni Íslenska dansflokksins liggja í því að mótuð var skýr stefna um að gera flokkinn að nútímadansflokki í fremstu röð. Árangurinn af því er vaxandi áhugi innanlands á sýningum flokksins og eftirspurn eftir honum á erlendum vettvangi.

Útrásin er ekki bundin við hefðbundinn fyrirtækjarekstur. Nýsköpunarverkefni í menningarlífi hafa sprottið upp og náð til annarra landa. Íslenski dansflokkurinn hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og nú er svo komið að sýningar hans erlendis eru orðnar umtalsverður hluti af starfseminni. Dansflokkurinn var erlendis í 52 daga á þessu ári. Hann heimsótti fimmtán borgir í Evrópu og Asíu og sýndi þar 22 sýningar. „Vinnan í kringum þessa útrás er gríðarleg en hún skilar árangri, meðal annars í auknum tekjum. Erlendar tekjur eru stærsti hlutinn af sértekjum okkar og ef frá er dreginn fastur kostnaður af rekstri er afkoman jákvæð af sýningum okkar erlendis og hefur verið frá árinu 2002,“ segir Ása Richardsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins.

**Ása Richardsdóttir**
Starf: Framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins
Fæðingardagur: 19. ágúst 1964
Maki: Hjálmar H. Ragnarsson
Börn: Nína Sigríður f. 1992 og Snorri f. 1993

### STEFNAN MÖRKUÐ

Lögmálin í þessum geira eru þau sömu og í viðskiptalífinu. „Marka skýra stefnu sem byggir á þekkingu og fylgja henni markvisst eftir. Sýna þrautseigju og gefast ekki upp þótt á móti blási. Árið 1996, þegar Katrín Hall, nýr listdansstjóri, var ráðin, settu stjórnendur og stjórnvöld sér það markmið að Íslenski dansflokkurinn skyldi verða nútímadansflokkur í hæsta gæðaflokki.“ Síðan þá hefur dansflokkurinn einbeitt sér að nútímadansi einvörðungu. „Menntun er hér lykilatriði, í dansinum eins og í öðrum listgreinum. Við höfum hingað til borið gæfu til að standa vel að menntun dansara með Listdansskóla Íslands í fararbroddi. Dansflokkurinn er skipaður atvinnudönsurum og við höfum lagt höfuðáherslu á markvissa þjálfun þeirra, sem nú hefur skilað þeim árangri að þeir standast fyllilega alþjóðlegan samanburð.“

Ása segir að samhliða uppbyggingu flokksins hafi verið mörkuð sú stefna að efla erlend tengsl og stofna til samstarfsverkefna á alþjóðlegum vettvangi. „Upphafið var að fá til landsins marga af fremstu danshöfundum Evrópu til að vinna með flokknum. Þeir báru með sér sömu viðmið og tíðkast í bestu flokkum erlendis. Samfara þessari erlendu innrás inn í íslenskan dansheim höfum við lagt rækt við íslenska dansmið. Þannig höfum við hægt og bítandi vakið athygli erlendis einkum fyrir tvennt. Við erum orðin alþjóðlegur dansflokkur með sterka og fjölhæfa einstaklinga, þar sem sérkenni og styrkleikar hvers dansara fá notið sín. Hitt er að við sýnum verk eftir erlenda höfunda í fremstu röð og íslenska höfunda sem eru ekki eins þekktir, en framandi og spennandi.“ Stefnan hefur virkað og erlend eftirspurn eykst.

### ÞARF SKAPANDI STARF

Ása hefur unnið í fjölmiðlun og menningarlífinu í tvo áratugi. Var fréttamaður Ríkissjónvarpsins og stofnaði og stýrði Kaffileikhúsinu af krafti og myndarbrag. Hún er menntuð í alþjóðastjórnmálum og bætti svo við eins árs evrópsku námi í stjórnun menningarstofnana. „Þar kynntist ég fólki sem opnaði augu mín fyrir möguleikum hinna skapandi atvinnugreina, fólki sem hefur haft margvísleg áhrif á líf mitt síðan.“ Hún kom til Íslenska dansflokksins 2002 og hóf MBA-nám við Háskólann í Reykjavík á sama tíma. Hún hélt sig við listirnar. „Ég er löngu búin að gera það upp við mig að ég mun aldrei þrífast nema í skapandi starfi. Skapandi starf er hins vegar mjög vítt hugtak og þarf ekki endilega að tengjast listum. Nú fæ ég útrás fyrir sköpunarkraftinn í þessu starfi og sé óendanlega möguleika á frekari uppbyggingu listanna og annarra skapandi atvinnugreina í landinu. Ég er ekki listamaður, ég er athafnakona og listageirinn þarf á slíkum konum að halda. Skilyrðið er þó, til að slíkt fólk þrífist í geiranum, að það hafi skilning og brennandi ástríðu fyrir viðfangsefninu.“

Dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun. Þegar Ása kom til starfa var talsverður uppsafnaður halli frá fyrri árum. Skuldastaðan hefur hins vegar gjörbreyst. „Okkur hefur tekist á aðeins fjórum árum að greiða skuldina niður, í góðri samvinnu við menntamálaráðuneytið. Samhliða því hefur framlag á fjárlögum aukist, en það lít ég fyrst og fremst á sem viðurkenningu á því að okkur hefur tekist að ná föstum tökum á rekstrinum og höfum jafnframt uppfyllt þau listrænu markmið sem að var stefnt.“

### VANTAR STEFNU

Ása sér mikla möguleika fyrir aukinn hlut skapandi atvinnugreina á Íslandi, en segir umræðu um þær allt of litla og opinbera stefnu vanta. „Stjórnmálamönnum sem og fólki í geiranum sjálfum hættir til að hugsa skammt og festast í skyndilausnum. Við hreykjum okkur af „grósku í þessu og hinu“ og gefum ekki nægjanlegan gaum að þeim efnahagslegu verðmætum sem felast í starfsemi listanna.“

Sameinuðu þjóðirnar hafa reiknað að sjö prósent af vergri þjóðarframleiðslu í heiminum megi rekja til skapandi atvinnugreina og að þær vaxi um tíu prósent á ári. „Við höfum ekki kortlagt vöxt þeirra að neinu marki hér á landi, sem er þó forsenda þess að hægt sé að gera sér grein fyrir hvar verðmætin liggja. Þetta hafa hins vegar þjóðirnar í kringum okkur gert. Stefnumörkun Breta í skapandi atvinnugreinum er sérstaklega til fyrirmyndar. Svíar gerðu sér grein fyrir möguleikum tónlistar fyrir tuttugu árum og í dag er hún ein þeirra stærsta útflutningsgrein. Opinber stefnumörkun í atvinnulífi á Íslandi hefur allt of mikið takmarkast við nýtingu náttúruauðlinda og frumstæðan iðnað og virkjun hugvitsins hefur setið hjá.“

Ása segir þá sjálfstæðu útrás sem við höfðum séð í viðskiptalífinu einstaka og verðmætin sem henni fylgja mikil. „Það sama gildir um listirnar og ég er sannfærð um að einstakar listgreinar geti til lengri tíma litið orðið meðal okkar helstu útflutningsgreina. En listirnar hafa ennþá meira, umfram allt fela þær í sér andleg verðmæti sem aldrei verða metin til fjár. Útrás listanna fylgir útbreiðsla menningar og hún staðfestir, fyrir sjálfum okkur og öðrum, hvað gerir okkur að einni þjóð.“

**Þannig höfum við hægt og bítandi vakið athygli erlendis einkum fyrir tvennt. Við erum orðin alþjóðlegur dansflokkur með sterka og fjölhæfa einstaklinga, þar sem sérkenni og styrkleikar hvers dansara fá notið sín. Hitt er að við sýnum verk eftir erlenda höfunda í fremstu röð og íslenska höfunda sem eru ekki eins þekktir, en framandi og spennandi.**

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Ásu Richardsdóttur*
*framkvæmdastjóra Íslenska dansflokksins*

*Hádegisverður fyrir tvo á La Primavera*

*Gulrótar- og graskerssúpa*
*Gnogghi í gorgonzolasósu*
*Hvítlauks- og rósmarínmarinerað lambalæri*
*Tiramisu*

Drykkir
*Vatn*
*Hvítvín*
*Kaffi*
*Verð krónur 6.380*




# Selja Íslendingum kranavatn

**Kerfi selur mikið af vatni á brúsum til fyrirtækja og stofnana í viku hverri. Rekstrarstjórinn heyrir enn raddir sem segja það fáránlegt.**

„Síðustu þrjú ár hefur verið vöxtur í vatnssölu milli ára og jafnvel milli mánaða," segir Bjarni Már Bjarnason, rekstrarstjóri Kerfis. Fyrirtækið hóf árið 2002 að tappa vatni á nítján lítra brúsa og selja til fyrirtækja og stofnana. Bjarni segir ekkert vera að hægja á vextinum og afkoman sé viðunandi. Annars væri hann ásamt bróður sínum, Atla Má Bjarnasyni, ekki að standa í þessu. Þeir vilja samt ekki upplýsa hversu mikið af vatni þeir selji í hverjum mánuði. Salan sé nokkuð jöfn yfir árið og skipti tugum tonna.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins kosta nítján lítrar af vatni 550 krónur auk virðisaukaskatts.

Hver bíll á vegum fyrirtækisins keyrir nálægt tveimur tonnum af vatni til viðskiptavina dag hvern að sögn Bjarna. Á hverjum stað séu sérstakar vatnsvélar sem lítið fari fyrir. Þannig verði vatnið aðgengilegt starfsmönnum og viðskiptavinum fyrirtækjanna án þess að þeir þurfi að fara inn í eldhús eða salerni til að svala þorsta sínum.Slíkar vélar séu líka á fjölmörgum leikskólum.

Bjarni segir heilsuvakningu, þar sem áhersla er lögð á vatnsdrykkju, hafa aukið söluna. Einnig sé vatnið ekki gott í nýlega byggðum húsum og eins þar sem leiðslur eru gamlar. Í vatnsvélunum sé hreint og kalt vatn aðgengilegt. Ekki bara séu fleiri fyrirtækin að bætast í hóp viðskiptavina heldur sé selt meira vatn til hvers og eins.

Bjarni segir Kerfi fá vatn úr Kaldárbotnum fyrir ofan Hafnarfjörð, sem sé ein kaldasta uppsprettan á landinu. Þeir hafi tekið tillit til þess þegar þeir völdu fyrirtækinu stað undir starfsemina.

Bjarni játar að sumum hafi fundist fáránlegt að þeir ætluðu að fara að selja Íslendingum kranavatn. Margt hafi breyst síðan þá og þetta þekkist víða erlendis. „Sumum finnst þetta í raun fáránlegt ennþá," segir hann og þá geti þeir sótt sér vatn í kranann.

Auk Kerfis er Selecta að selja vatn til viðskiptavina.




Fréttablaðið/Hari

**VATNSVÉLAR FINNAST VÍÐA** Nú fær starfsfólk sér oft vatn í staðinn fyrir að þamba kaffi allan daginn.

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum



Hvað get ég gert fyrir þig?

-20% afsláttur af heilsárs -og nagladekkjum

| | |
|---|---|
| Bón og alþrif | á tilboði |
| Smurþjónusta | á tilboð |
| Rafgeymar | á tilboði |
| Sækjum og sendum | 10% afsl. |
| Bremsuklossaskipti | gerum tilboð |
| Dekkjahótel | 2000 kr. 4 stk. |

Vaxtalausar léttgreiðslur!

BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

ISUZU D-MAX ISUZU




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautsegi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann vekur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af "4x4" magazine og hlaut gullverðlaun tímaritsins "What Van" 2004.

Komdu til okkar og kynnstu nýjum Isuzu D-MAX.



**Staðalbúnaður í D-MAX:** Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftpúðar, rafdrifnar rúður, útvarp og geislaspilari, snúningshraðamælir, samlæstar hurðir með fjarstýringu, stokkur á milli framsæta, höfuðpúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bílbelti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.

Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), Sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

2.590.000,-

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Lífeyrissjóðir ganga vel nú um stundir.

# *Ekkert er til eilífðar*

**Hafliði Helgason**

Eftirlaun og eftirlaunaskuldbindingar eru eitt megináhyggjuefni vestrænna ríkja dagsins í dag. Íslendingar eiga því láni að fagna að hafa tiltölulega snemma byrjað að huga að lífeyrismálum, enda eins gott þar sem frjáls sparnaður er óverulegur hér á landi.

Í dag á þjóðin yfir þúsund milljarða í lífeyrissjóðum, sem er nokkru meira en landsframleiðsla þjóðarinnar. Til samanburðar eiga Norðmenn, sem eru öfundaðir af olíuauð sínum, sinn olíusjóð sem nemur um sextíu prósentum af landsframleiðslu þeirra.

Í Peningamálum Seðlabankans er að finna ítarlega grein um lífeyrissjóði landsmanna eftir þau Guðmund Guðmundsson og Kristjönu Baldursdóttur um framtíðarhorfur og óvissuþætti íslenskra lífeyrissjóða. Greinin er athyglisverð og þar er bent á að eignir lífeyrissjóðanna eigi eftir að tvöfaldast á næstu tíu árum ef heldur fram sem horfir.

Það er ekki nóg með að Íslendingar hafi greitt mikið í lífeyrissjóði undanfarin ár. Ávöxtun þeirra hefur verið afar góð upp á síðkastið. Fjárfestingar á innlendum hlutabréfamarkaði hafa gefið mikið í aðra hönd síðustu þrjú ár og innlendir langtímavextir skuldabréfa verið háir í alþjóðlegu samhengi. Ekki er að vænta slíkrar ávöxtunar til allrar framtíðar.

Ávöxtun af slíkum sjóðum ræðst af nokkrum þáttum. Framboð á peningum í heiminum ræður þeim kjörum sem eru í boði á alþjóðlegum mörkuðum. Slíkt framboð er verulegt nú um stundir. Fyrr eða síðar munu innlendir vextir færast nær vöxtum á alþjóðamörkuðum og því líklegt að áhættulausir vextir lækki hér á landi. Lífeyrissjóðirnir eru líka farnir að reka sig upp undir í fjárfestingum á innanlandsmarkaði samkvæmt lögbundinni fjárfestingarstefnu þeirra.

Hinn þátturinn sem einnig hefur áhrif á framtíðarlífeyri landsmanna er hagkvæmni í rekstri þjóðanna. Við getum litið gert að alþjóðlegri þróun á mörkuðum. Ýmsir lífeyrissjóðir máttu þola mikla og oft ósanngjarna gagnrýni þegar landsmenn, eins og fjárfestar um allan heim, stóðu frammi fyrir neikvæði ávöxtun árin 2000 til 2003. Lækkun á hlutabréfamörkuðum setti þá söguleg met og ekki hægt að ætlast til að nokkur sigraði þá óáran á mörkuðum.

Hins vegar geta menn enn beitt sér til að skila betri afkomu sjóðanna. Umtalsverðir hagræðingarmöguleikar eru enn í lífeyriskerfi landsmanna. Þeir liggja í færri og stærri sjóðum. Smáir sjóðir bera of mikinn rekstrarkostnað og geta ekki beitt sér á sama hátt í fjárfestingum og stórir sjóðir. Á erlendum vettvangi geta þeir fátt annað en keypt sig inn í sjóðasjóði. Stærri sjóðir hafa hins vegar möguleika á að stýra eignum sínum með mun skilvirkari hætti. Þessi þróun er þegar hafin og henni ber að flýta sem kostur er. Góð ávöxtun lífeyrissjóða nú um stundir má ekki tefja slíka þróun. Ávöxtunin nú og mikil eignaaukning sjóðanna er ekki vísir á að svo verði til langs tíma enn.

**Hins vegar geta menn enn beitt sér til að skila betri afkomu sjóðanna. Umtalsverðir hagræðingarmöguleikar eru enn í lífeyriskerfi landsmanna. Þeir liggja í færri og stærri sjóðum. Smáir sjóðir bera of mikinn rekstrarkostnað og geta ekki beitt sér á sama hátt í fjárfestingum og stórir sjóðir.**

bjorgvin@markadurinn.is I agust@markadurinn.is I eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is I holmfridur@markaðurinn.is



Verndum heyrn
Skoðaðu úrval af heyrnahlífum
á www.66north.is/heyrn
66° NORÐUR
66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

# isec – nýr hlutabréfamarkaður

**ORÐ Í BELG**



**A. Kristín Jóhannsdóttir**
Markaðs- og kynningarstjóri Kauphallar Íslands

Íslenskur hlutabréfamarkaður hefur eflst mikið á undanförnum árum. Markaðsvirði fyrirtækja er ríflega þrefalt hærra en fyrir þremur árum og er markaðurinn einn hinn stærsti í heimi í hlutfalli af stærð hagkerfisins. Þau fyrirtæki sem nú setja mestan svip sinn á hlutabréfamarkaðinn hafa vaxið með ævintýralegum hætti eins og sjá má af meðfylgjandi mynd, sem sýnir vöxt tíu stærstu fyrirtækjanna í Kauphöllinni frá árinu 1999. Það þótti sæta tíðindum þegar markaðsvirði Pharmaco (nú Actavis) fór yfir 1 milljarð Bandaríkjadala fyrir rúmlega tveimur árum. Nú hafa sjö fyrirtæki í Kauphöllinni náð því marki. Viðskipti með hlutabréf hafa aukist enn meira en markaðsvirði félaganna, sem er til vitnis um aukinn seljanleika. Þetta má m.a. þakka vexti fyrirtækjanna, virkari fjármálafyrirtækjum í kjölfar einkavæðingar og hvötum sem felast í skilyrðum fyrir vali í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar. Þannig hefur óbeinn viðskiptakostnaður mældur með mun á hagstæðustu kaup- og sölutilboða, svokölluðu verðbili, farið hríðlækkandi. Við síðasta val í Úrvalsvísitöluna sl. föstudag gerðist það í fyrsta sinn að öll fimmtán fyrirtækin í vísitölunni stóðust skilyrði um að verðbil hlutabréfa þeirra væri að jafnaði undir 1,5 prósent.

Kauphöllin hefur leikið stórt hlutverk í vexti skráðra fyrirtækja, sem merkja má best af því mikla fjármagni sem fyrirtækin hafa sótt á hlutabréfamarkað. Á síðasta ári sóttu skráð fyrirtæki um 170 milljarða króna á markað, um sextán prósent af markaðsvirði fyrirtækjanna í árslok. Hlutfallið var hvergi hærra í Evrópu og fjárhæðin í krónum var raunar hærri en í nokkurri annarri kauphöll á Norðurlöndum. Skráð félög hafa á þessu ári haldið áfram að virkja hlutabréfamarkaðinn til vaxtar og hafa það sem af er ári gefið út nýtt hlutafé að markaðsvirði yfir 120 milljarðar. Þá má ekki gleyma að skráning liðkar fyrir annarri fjármögnun og hafa skráð félög nýverið gert samninga um mjög stórar lántökur á hagstæðum kjörum.

Ekki leikur nokkur vafi á því að sá drifkraftur sem felst í svo öflugum hlutabréfamarkaði er mjög mikilvægur fyrir hagkerfið. Hingað til hafa það þó fyrst og fremst verið stærri fyrirtæki sem nýtt hafa sér kosti skráningar á markað enda hefur í reynd vantað vettvang sem hentar smáum og miðlungsstórum fyrirtækjum. Úr þessu er Kauphöllin að bæta um þessar mundir því innan fárra vikna opnar hún nýjan hlutabréfamarkað sem einkum er ætlaður smáum og meðalstórum fyrirtækjum, ekki síst framsæknum fyrirtækjum í vexti. Markaðurinn hefur hlotið nafnið isec.

isec tilheyrir nýrri tegund hlutabréfamarkaða, svokölluðu markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) sem skilgreint var með breytingum á kauphallalögum sl. vor. Lagaramminn er nokkuð rýmri en fyrir þá markaði sem fyrir eru og veitir nægt svigrúm til að gera skráningu á markað raunhæfan kost fyrir smærri fyrirtæki og fyrirtæki þar sem eignarhald er enn tiltölulega þröngt. Allra mikilvægustu frávikin frá Aðallista Kauphallarinnar eru þau að ekki eru gerðar kröfur um stærð, dreifingu hlutafjár og lengd rekstrarsögu og að ákvæði laga um yfirtökuskyldu eiga ekki við. Reglur laga um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun gilda hins vegar að fullu. Að sjálfsögðu gera reglur markaðarins einnig kröfu um tafarlausa birtingu verðmótandi upplýsinga og margvíslega aðra skipulega upplýsingagjöf. Mikilvægt er að skapa traust og t.a.m. er fyrirtækjum gert að skila ítarlegu skráningarskjali við skráningu á markaðinn og tveimur uppgjörum hið minnsta á ári. Markaðurinn á mikið undir því að vel sé staðið að upplýsingagjöf og að viðskiptahættir séu vandaðir. Allt eftirlit tekur því mið af þeim ferlum sem mótaðir hafa verið fyrir Aðallistann.

Fyrirtækið 3-PLUS hefur þegar sótt um skráningu á isec, en fyrirtækið framleiðir og selur leiktæki og leiki sem kallast DVD-kids. Allmörg önnur fyrirtæki hafa sýnt markaðnum áhuga, bæði innlend og erlend, og væntir Kauphöllin nokkurra skráninga á fyrri hluta næsta árs. Í því sambandi má nefna að Kauphöllin hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um samstarf við Seed Forum International Foundation um gagnkvæma kynningu, m.a. til þess að auka áhuga erlendra fyrirtækja á markaðnum.

**VÖXTUR TÍU STÆRSTU FÉLAGANNA Í KAUPHÖLLINNI**
**MARGFELDI AF GILDUM ÁRSINS 1999**




**Á síðasta ári sóttu skráð fyrirtæki um 170 milljarða króna á markað eða um 16 prósent af markaðsvirði fyrirtækjanna í árslok. Hlutfallið var hvergi hærra í Evrópu og fjárhæðin í krónum var raunar hærri en í nokkurri annarri kauphöll á Norðurlöndum.**

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Bandaríkjamenn umhverfissóðar*

**New York Times** I Það skásta sem hægt er að segja um nýafstaðna ráðstefnu um loftslagsbreytingar sem haldin var í Montreal er að þeim ríkjum sem stendur ekki á sama tókst að koma í veg fyrir að Bandaríkjamenn blésu öllum áætlunum um að draga úr mengun út af borðinu.

Bretar og Kanadamenn eiga skilið lof því það getur ekki verið auðvelt fyrir ríki að fara í kostnaðarsamar aðgerðir þegar Bandaríkjamenn draga lappirnar, segir í leiðara NY Times. Enginn bjóst við stefnubreytingu Bush-stjórnarinnar en þegar sífellt fleiri ábendingar birtast um hlýnun loftslags eins og bráðnun jökla, bráðnun á pólunum og sífellt stærri fellibylji mætti ætla að Bandaríkjamenn væru í það minnsta til viðræðu um lausnir. Það gerðist ekki, samningamenn BNA héldu enn fram stefnu sinni um fyrirtæki sem drægju sjálfviljug úr mengun og sífellt betri tækni til að minnka mengun. Að trúa því að fyrirtæki muni fara sjálfviljug í dýrar fjárfestingar til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda er álíka gáfulegt og að trúa á jólasveininn.

## *Japanska hagkerfið braggast*

**Financial Times** I Það er ekki oft sem 0 til 0,1 breyting á neysluverðsvísitölu veldur titringi. En þegar japanska hagkerfið er annars vegar er það á við lítið kraftaverk þegar ekki er mínus formerki fyrir framan töluna, segir í leiðara Financial Times.

Í næstum áratug hefur japanska hagkerfið glímt við verðhjöðnun sem er að stórum hluta ástæðan fyrir þeirri lægð sem þetta næststærsta hagkerfi heims hefur verið í. En þegar vísitalan kemur út fyrir nóvember nú seinna í mánuðinum eru sterkar vísbendingar fyrir því að einhver verðbólga muni mælast. Það eru því bjartar horfur á því að verðhjöðnun síðasta áratugs hafi kvatt, í bili að minnsta kosti. Þessar fréttir ættu að verða til þess að bankastjórar Seðlabankans japanska skáluðu í hrísgrjónavíni en í stað þess eru þeir í skotgröfunum. Hinn ofuríhaldssami Seðlabanki gæti jafnvel verið vís til að grípa til aðgerða vegna verðbólgunnar, ef verðbólgu skyldi kalla.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ágúst Agnarsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Verðbólgan umfram væntingarnar

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Vísitala neysluverðs í desember mælist 248,9 stig og hefur hækkað um 0,36 prósent frá því í nóvember. Vísitalan hefur því hækkað um 4,1 prósent síðastliðna tólf mánuði. Verðbólgan var umfram spár bankanna. Greiningardeild Landsbankann segir frávik frá sinni spá einkum skýrast af hækkun á dagvöru umfram væntingar.

„Þessi hækkun er nokkuð meiri en við höfðum gert ráð fyrir, en spá okkar fyrir desember var 0,1% hækkun og aðrar opinberar spár voru um óbreytta vísitölu. Þeir liðir sem hækka mest nú eru póstur og sími (2,95% vísitöluáhrif 0,09%) föt og skór (2,13% vísitöluáhrif 0,11%), og húsnæði (0,73% vísitöluáhrif 0,20%).

Frávik spár okkar skýrist að mestum hluta af því að matar- og drykkjarvörur hækkuðu um 0,36% en þar reiknuðum við með töluverðri lækkun (-0,5%). Hækkun á eigin húsnæði mældist 0,9% (við reiknuðum með 1,0%). Ýmsir undirliðir þar lækka töluvert en aðrir hækka (einkum mjólk og drykkjarvörur). Einnig var hækkun á fötum og skóm sem og ýmsum þjónustuliðum nokkuð yfir því sem við höfðum gert ráð fyrir.“

Greiningardeildin segir ljóst að nokkuð vanti upp á að hagstætt gengi skili sér að fullu til neytenda. „Frá því í janúar hefur verð á innfluttum vörum hækkað að jafnaði um 0,4% á meðan viðskiptavegið gengi erlendra gjaldmiðla hefur lækkað (krónan hækkað) um 5,5%.“

Þá segir greiningardeildin að hækkun vísitölunnar hafi haft greinileg áhrif á markaði. Þannig hafi krónan styrkst um 0,6 prósent við opnun markaða og styrkingin haldist út daginn

„Viðskipti með skuldabréf voru jafnframt töluverð eða 8,1 ma.kr., einkum með íbúðabréf eða 5,9 ma.kr. og lækkaði ávöxtunarkrafa þeirra um 1 til 5 punkta, mest á HFF24. Ávöxtunarkrafa Ríkisbréfa hækkaði um allt að 17 punkta, mest á RB07.“

**„Frávik spár okkar skýrist að mestum hluta af því að matar- og drykkjarvörur hækkuðu um 0,36% en þar reiknuðum við með töluverðri lækkun (-0,5%). Hækkun á eigin húsnæði mældist 0,9% (við reiknuðum með 1,0%). Ýmsir undirliðir þar lækka töluvert en aðrir hækka (einkum mjólk og drykkjarvörur). Einnig var hækkun á fötum og skóm sem og ýmsum þjónustuliðum nokkuð yfir því sem við höfðum gert ráð fyrir.“**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Skiptimarkaður bankabréfa

Ég er enn að þæla í bréfum Straums í Íslandsbanka. Sumir halda því fram að Björgólfur Thor vilji ekki selja Jóni Ásgeiri og FL Group mönnum bréfin. Eignarhluturinn er stór og ekki margir kaupendur að svona stórum hlut í Íslandsbanka og það er leiðinlegt að selja eitthvað ef ekki eru fleiri en einn til að kaupa. Þá lendir maður í svo lélegri samningsaðstöðu.

Karl Werners hefur verið að reyna að sannfæra Björgólf Thor um að hann geti keypt með Hannesi og Jóni Ásgeiri, en ekki tekist að sannfæra hann enn. Maður er búinn að heyra af því lengi að Straumsmenn hafi verið að bjóða hlutinn úti um allan bæ. Ég held reyndar að einn kaupandi enn gæti verið í pípunum. Það er Ólafur Ólafsson og hans menn.

Það myndi væntanlega ganga út á það að Ólafur léti bréfin sín í KB banka í skiptum fyrir Íslandsbankabréfin. Ólafur væri stærri fiskur í minni tjörn í Íslandsbanka og Straumur fengi seljanlegri hlut í KB banka. Þar er veðjað á að fyrr eða síðar takist að laða að erlenda fjárfesta og þá gæti Straumur losað um stöðuna í bankanum.

Ólafur Ólafsson hefur reyndar ekki verið efstur á vinsældalista Björgólfsfeðga, en bisness er bisness og Þórður Már er nýbúinn að leysa erfitt mál með Ólafi. Þeir hafa alltaf getað unnið saman og hvers vegna ekki nú? Alla vega væri ekkert leiðinlegt fyrir Straum að ná að búa til smá keppni um eignarhlutinn í Íslandsbanka.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





Framkvæmdastjórar, eru fyrirtæki ykkar tilbúin?

Ábyrg umbúðanotkun - úrvinnsla

Innflytjendur, útflytjendur og framleiðendur: Um áramótin hefst innheimta úrvinnslugjalds af umbúðum úr pappír, pappa og plasti.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald má finna á vefsíðu Úrvinnslusjóðs
www.urvinnslusjodur.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Suðurlandsbraut 24 · 108 Reykjavík · Sími 517 4700 · www.urvinnslusjodur.is · urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is



GILDI-LÍFEYRISSJÓÐUR BESTUR Á ÍSLANDI Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar Gildis-lífeyrissjóðs, tekur við verðlaununum úr hendi Anthony Biddulph frá Merrill Lynch sem gaf verðlaun í flokknum Besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi.

# Gildi besti lífeyrissjóðurinn

Dómnefnd á vegum tímaritsins Investment & Pensions Europe hefur útnefnt Gildi-lífeyrissjóð sem besta lífeyrissjóðinn á Íslandi. Þetta er í fyrsta skipti sem tímaritið velur besta lífeyrissjóð Íslands. „Við erum mjög stolt af því að vera fyrst að fá þessi verðlaun,“ segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur, enda liggur mikil vinna á bak við þetta, og staðfesting að við séum að gera hlutina rétt.“

Árni nefnir að litið sé til ýmissa þátta eins og ávöxtunar. Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn, sem runnu saman inn í Gildi fyrr á árinu, sýndu báðir mjög góða ávöxtun á síðasta ári og hafa náð umframávöxtun undanfarin ár. „Við tókum þátt í því að ýta undir sameiningu sem var búin að liggja niðri um nokkurt skeið. Einnig erum við leiðandi í því að innleiða nýtt réttindakerfi sem er verið að taka upp víða. Þá eru ýmsir þættir varðandi okkar eignastýringu sem litið er til, hvernig fjárfestingarstefnan hefur verið unnin og hvernig okkar árangur náðist.“

Hann telur að markviss fjárfestingarstefna sjóðsins sé grunnurinn að árangri sjóðsins. Árni bendir á að lífeyrissjóðurinn hafi verið fyrsti sjóðurinn til að taka upp gjaldmiðlastýringu, það er gengisvarnir, sem hann telur að hafi skipt miklu máli varðandi árangur sjóðsins á síðasta ári. - eþa

## FÓLK Á FERLI

KEA hefur ráðið **Bjarna Hafþór Helgason** sem fjárfestingastjóra félagsins og



mun hann hefja störf um áramót. Fjárfestingastjóri KEA annast framkvæmdastjórn tveggja dótturfélaga KEA, fjárfestingafélaganna Hildings og Upphafs, en stofnfé þeirra félaga er um 1.700 milljónir króna. Bjarni Hafþór Helgason er fæddur árið 1957 og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur auk þess löggildingu til verðbréfamiðlunar. Meðal fyrri starfa má nefna að frá 1986 til 1996 var hann framkvæmdastjóri Eyfirska sjónvarpsfélagsins, útibússtjóri Íslenska útvarpsfélagsins á Norðurlandi og frétta- og dagskrárgerðarmaður fyrir Stöð 2 og Bylgjuna. Á árunum 1996 til 2000 var hann framkvæmdastjóri Útvegsmannafélags Norðurlands og frá árinu 2000 hefur hann verið skrifstofustjóri Lífeyrissjóðs Norðurlands og m.a. annast skrifstofurekstur sjóðsins, markaðsmál, séreignardeild og starfað við eignastýringu.

Háskólastjórn Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur ráðið **dr. Arnar Bjarnason** prófessor í fjármálum og alþjóðaviðskiptum við viðskiptadeild að Viðskiptaháskólans á Bifröst. Mun hann gegna stöðunni í hálfu starfi samhliða starfi sínu í eigin fyrirtæki, Reykjavik Capital ehf. Arnar lauk doktorsprófi frá Edinborgarháskóla í Skotlandi árið 1994, MBA frá Aston Business School í Birmingham í Englandi árið 1987 og cand. oceon frá Háskóla Íslands árið 1985. Doktorsritgerð Arnars fjallaði um útflutningshegðun og alþjóðavæðingu fyrirtækja, einkum íslenskra fyrirtækja sem fluttu út sjávarafurðir. Arnar Bjarnason hefur frá því á síðasta ári rekið eigið fyrirtæki, Reykjavik Capital, en í rúmlega sjö ár þar á undan var hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs og viðskiptastofu SPRON. Hann hefur á undanförnum árum setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja, svo sem Alcan á Íslandi (ÍSAL), Frjálsa fjárfestingarbankans hf., Netbankans og fleiri. Arnar mun á næstu mánuðum einkum sinna rannsóknum auk þess að stýra nefnd um endurskoðun meistaranáms í viðskiptadeild háskólans og þróunarhópi um frekari alþjóðavæðingu háskólans.


Viltu gera góð kaup?



Þarftu að komast burt úr erlinum og slaka á? Á Bakkafirði höfum við handa þér og þínum þriggja herbergja parhús, 75 fm byggt 1980. Baðherbergi þarfnast endurbóta. **Verð 2.900.000.**

Nánari upplýsingar hjá:

**Fasteigna- og skipasölu Austurlands í síma 580 7905**

*Hilmar Gunnlaugsson hdl. og lögg. fasteignasali*

Frum

Körfur-körfur-körfur!

Fyrir blóm, snyrtivörur, ost, brauð og fleira.

Fjölbreytt úrval.



GRÆNN MARKAÐUR

Eingöngu sala til fyrirtækja.

Opið frá kl. 08.00-16.00.

Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



**FORSVARSMENN ÍSLANDSBANKA VORU Í VIKUFERÐALAGI Í PERÚ OG CHILE Í NÓVEMBER OG MEÐ Í FÖR VORU VILHJÁLMUR EGILSSON RÁÐUNEYTISSTJÓRI OG EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Tilgangur ferðarinnar var að skoða og kynna sér starfsemi nokkurra fyrirtækja sem bankinn starfar með á svæðinu. Hópurinn skoðaði meðal annars líka sjávarútvegsráðuneytin í Perú og Chile. Íslandsbanki hefur á síðustu árum unnið náið með fyrirtækjum sem starfa á sviði sjávarútvegs og fiskeldis á þessum mörkuðum.



**ALVARO VARELA, AQUACHILE, JÓN GARÐAR GUÐMUNDSSON, ÍSLANDSBANKA, JORGE CASSIGOLI, VAKI CHILE, OG CHARLES NAYLOR, CAMANCHACA.** Íslandsbanki vinnur með fimm fyrirtækjum í Chile. Aðaláherslan hefur verið lögð á fiskeldisfyrirtæki, en Chile er ásamt Noregi fremst í flokki landa heims í eldi á laxfiskum. Perú er mikilvægasta framleiðsluland fiskimjöls í heiminum í dag, með um 30% af heimsframleiðslu fiskimjöls. Perú er einnig önnur mikilvægasta fiskveiðiþjóð veraldar, einungis Kínverjar veiða meira. Íslandsbanki hefur lagt áherslu á ráðgjöf við kaup og sölu á fyrirtækjum í starfsemi sinni í Suður-Ameríku, auk þess sem bankinn veitir fyrirtækjum í fiskeldi og sjávarútvegi víðtækari þjónustu á sviði alhliða fjármögnunar.



**ÍSLANDSBANKI EFNDI TIL KVÖLDVERÐARBOÐS Í SANTIAGO** Á myndinni eru Fernando Ramos frá Skretting Chile, Bjarni Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson og Andrés Daroch frá Foodcorp. Íslandsbanki hóf nýlega samvinnu við Fjord Seafood Chile (FSC) og er bankinn þar með orðinn einn af mikilvægustu lánveitendum FSC, en fyrirtækið er í eigu Norðmanna og er fimmta stærsta laxeldisfyrirtækja heims. FSC rekur einnig reykhús í Bandaríkjunum. Nokkrir af íslenskum viðskiptavinum bankans eru með vaxandi starfsemi á þessum slóðum og má þar nefna Atlantis, Fram Foods, Marel, Maritech og Vaka, en þessi fyrirtæki eru með starfsstöðvar í Chile. Þá er HB Grandi hluthafi í chilesku sjávarútvegsfyrirtæki, Friosur, sem sérhæfir sig í bolfiskveiðum og vinnslu, auk vaxandi starfsemi í fiskeldi.

# TM stenst kröfur fatlaðra

Tryggingamiðstöðin hlaut á dögunum vottun Sjá ehf. og Öryrkjabandalags Íslands um að nýr vefur fyrirtækisins www.tryggingamidstodin.is stæðist kröfur um aðgengi fyrir fatlaða. Dæmi um breytingar sem orðið hafa á vef TM eru að blindir og sjónskertir geti notað talgervla og sérhönnuð lyklaborð með síðunni eða stækkað letrið. Lesblindir geta breytt um bakgrunnslit og hreyfihamlaðir geta vafrað án þess að nota músina. Til viðbótar þessu hafa verið settar inn útskýringar á allar myndir, tenglaheiti hafa verið gerð skýrari og stærð og tegund viðhengja kemur vel fram. Skammstafanir hafa jafnframt verið teknar út eða eru með útskýringu. Engar reglur eru í gildi hérlendis um aðgengi að heimasíðum en í nágrannalöndunum er komið í lög að heimasíður opinberra stofnana sem og flestra fyrirtækja eigi að vera aðgengilegar öllum notendum, óháð fötlun eða getu.

## Lykla-Pétur skiptir um nafn

Veiruvarnarforrit Friðriks Skúlasonar ehf., sem þekkt er á Íslandi undir nafninu Lykla-Pétur, hefur í meira en fimmtán ár verið selt á heimsmarkaði undir vörumerkinu F-PROT Antivirus. Til að samræma markaðssetningu fyrirtækisins innanlands sem utan hefur fyrirtækið tekið ákvörðun um að Lykla-Pétur verði framvegis seldur á Íslandi undir nafninu F-PROT Antivirus. Þótt nafni forritsins sé breytt nú mun Windows-útgáfa þess áfram koma út í íslenskri útgáfu. Allur stuðningur og þjónusta verða jafnframt áfram veitt íslenskum viðskiptavinum á íslensku.








HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhraun 22
*Við höfðum til þín*

Runólfur Gunnlaugsson
lögg. Fasteignasali
Skrifstofur okkar eru opnar
alla virka daga frá kl. 9-17
Sími: 565 8000 Netfang: hofdi@hofdi.is

**Trönuhraun 3**



Vorum að fá í sölu 138,4 fm iðnaðarhúsnæði auk 120 fm millilofts. Snyrtilegt pláss sem getur losnað fljótlega. Verð 17,5 milljónir.

**Fjarðargata 13-15**



Glæsilegt fullbúið 215,9 fm verslunarhúsnæði á þessum eftirsótta stað. Stefnt er að sölu á eigninni, en leiga kemur til greina. Verð 43 milljónir. Heil rishæð í þessu vandaða húsi í miðbænum.

**Barónsstígur 5**



Eignin er tveir eignahlutar en selst sem einn. Var innréttað sem tannlæknastofur, en er nú nýtt sem íbúðir. Verð 21,5 milljónir.

**Flatahraun 3**



Glæsilegt nýtt 546 fm atvinnuhúsnæði til sölu/leigu. Laus strax. Verð: Tilboð.

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur eignir á skrá strax - skoðum og metum atvinnuhúsnæði samdægurs.

# Hlýhugurinn sem gjöfum fylgir talsverðs virði



**Hvað þýðir að halli sé á jólunum?**
Það má nú ekki taka þetta of bókstaflega en það er verið að vísa til þess að ýmsar erlendar rannsóknir benda til þess að gjafir sem eru gefnar við tækifæri eins og jólin nýtist oft þiggjandanum ekki eins vel og gefandinn hélt. Þumalputtareglan virðist að því fjarlægari sem gefandinn er þiggjandanum, þeim mun líklegra er þetta. Það fara því einhver verðmæti í súginn vegna kaupa á gjöfum sem þiggjendur meta sem minna virði en gefendur greiddu fyrir þær.

**Eru jólagjafir böl?**
Það er annað mál! Það má meðal annars hafa í huga að oft er hlýhugurinn sem gjöfum fylgir talsverðs virði í sjálfu sér og bætir það upp ef gjafirnar sjálfar nýtast ekki eins vel og vonir stóðu til. Svo getur nú allt tilstandið verið ósköp ánægjulegt þótt gjafirnar safni sumar ryki eftir jól. Ýmsar gjafir hafa raunar ekkert markaðsvirði en veita bæði þiggjanda og gefanda mikla ánægju, til dæmis föndur sem börn gefa foreldrum sínum.

**TÖLVUPÓST**
*Til Gylfa Magnússonar*
*dósents í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands*



**Er hægt að áætla hallann á jólunum á Íslandi?**
Það er ekkert því til fyrirstöðu ef einhver hefur áhuga. Slíkt mat mætti til dæmis byggja á viðhorfskönnun sem gerð væri í kjölfar jólanna. Það mætti líka skoða afmælis- og fermingargjafir ef út í það er farið. Það er til dæmis áhugavert að velta því fyrir sér af hverju peningagjafir virðast mun algengari við fermingar en á jólum. Kannski er það í og með vegna þess að rosknir og fjarskyldir ættingjar hafa oft ekki hugmynd um hvað þrettán ára unglingum kemur best eða þá langar mest í. Þá er einfaldara að gefa peninga sem fermingarbarnið getur ráðstafað sjálft.



**Hvernig er hægt að minnka þennan halla?**
Ef einhver hefur miklar áhyggjur af þessu er hægt að sleppa gjöfum, gefa peninga eða einfaldlega spyrja þiggjandann eða einhvern sem þekkir hann vel hvað hann langar mest í.

**Eigum við að skipta alfarið yfir í peningagjafir?**
Nei, þótt nýtingin á gjöfunum sé eitthvað innan við 100 prósent skiptir sem betur fer ýmislegt annað líka máli.



# Allir tapa á jólunum

**Allt frá tíu prósentum til þriðjungs virðis jólagjafa fer til spillis. Eftir því sem fjarlægðin er meiri milli gefenda og þiggjenda eykst tapið. Einu leiðirnar til að forðast hið óumflýjanlega eru að sleppa gjöfunum eða að gefa peninga í jólagjöf.**

Nú er sá tími árs þegar allir eru í óðaönn að velja jólagjafir handa vinum og vandamönnum. Flestir þekkja kvölina við að hafa ekki hugmynd um hvað eigi að gefa, til dæmis litlum frænda eða gamalli frænku. Ömmur og afar eiga oft í mestu vandræðum að finna heppilegar gjafir fyrir öll barnabörnin. Það er því síst huggun að heyra þá fullyrðingu að allir tapi á jólunum.

Þetta var þó niðurstaða rannsóknar bandaríska hagfræðiprófessorsins Joel Waldfogel við Yale-háskóla fyrir rétt um tíu árum síðan. Vert er að rifja þær upp svona í aðdraganda jólanna. Hann fullyrðir að þegar skipst sé á jólagjöfum tapist frá tíu prósentum og upp í þriðjungur af virði þeirra. Ýmsir fræðimenn hafa gagnrýnt kenningar hans og benda á að jólagjöfum fylgi tilfinningalegt gildi sem ekki sé unnt að leggja á peningalegt mat. Flestir hljóta þó að kannast við það að hafa fengið jólagjöf sem fór fljótt að safna ryki og lenti jafnvel sem dót á tómbólu innan árs. Því eiga kenningar Waldfogels enn upp á pallborðið, í það minnsta hjá Skröggum nútímans.

**MÁLIÐ ER**
*Halli jólanna*

Áberandi hlið jólagjafakaupa er að það er einhver annar en notandi vörunnar sem velur hana. Það er grunnhugmynd í hagfræði að óheft val neytenda leiði til meira notagildis en val háð skilyrðum. Til að mynda verður þjóðfélagið fyrir svokölluðu allratapi við innheimtu skatta og tolla, þegar almenningur fær ekki sjálfur að ráðstafa fé sínu. Kenning Waldfogels gengur út á að sömu lögmál gildi um jólagjafir. Ósamræmi myndist milli gjafarinnar og þess sem þiggjandi hefði valið sér sjálfur. Allar líkur eru á að þiggjandi gjafarinnar hefði verið betur staddur hefði hann fengið að kaupa eitthvað sjálfur fyrir sömu upphæð.

Waldfogel dró ályktanir sínar af tveimur könnunum sem hann lagði fyrir hópa bandarískra hagfræðinema. Í þeirri fyrri voru nemendur beðnir að meta heildarupphæðina sem greidd var fyrir jólagjafirnar sem þeim bárust árið á undan. Jafnframt áttu þeir að leggja mat á hvað þeir sjálfir hefðu verið tilbúnir að greiða fyrir vörurnar, hefðu þeir keypt þær. Í seinni könnuninni voru nemendur beðnir að lýsa hverri jólagjöf fyrir sig, gera grein fyrir tengslum þeirra við þá sem að gáfu gjafirnar og meta hvað viðkomandi hefði greitt fyrir gjöfina. Kannanir á borð við þessar hafa ekki verið framkvæmdar á Íslandi og því ekki hægt að fullyrða um þjóðhagslegt tap Íslands af misheppnuðum jólagjöfum. Sé hins vegar hægt að gera ráð fyrir að Íslendingar svipi til Bandaríkjamanna týnast um 11 til 36 þúsund krónur í allratapinu árlega af kaupum hverrar fjögurra manna fjölskyldu.

Þungi tapsins fer bæði eftir því hversu vel gefandinn þekkir þiggjandann og hversu vel viðkomandi þekkir eigin langanir. Fjarlægð og aldursmunur milli gefenda og þiggjenda skiptir mestu máli um hversu vel heppnaðar jólagjafir eru. Þeim sem helst hættir til að velja gjafir sem enginn hrópar húrra yfir eru ömmur, afar, frænkur og frændur en það eru jafnframt þeir hópar sem líklegastir eru til að gefa peninga í jólagjöf. Elskhugar, systkini og vinir virðast eiga betra með að taka réttar ákvarðanir.

Ýmsar leiðir má fara að því að takmarka þessa rýrnun. Að sleppa jólagjöfunum eða að gefa peninga er augljósasta leiðin að því markmiði. Ólíklegt er að margir taki það fyrra til bragðs og það síðarnefnda þykir mörgum ekki í takt við anda jólanna. Þess má geta að þeir sem þekkja einhvern betur en hann þekkir sig sjálfur eiga mesta möguleika á að finna gjöf sem viðkomandi metur meira en að raunverulegu virði gjafarinnar. Fyrir þá sem ekki þekkja einhvern svo vel er eina ráðið að gera sitt besta og fá hjálp við innkaupin. Líklega er það líka órjúfanlegur hluti af jólunum að fá í það minnsta einn grip sem yljar manni um hjartaræturnar og fer svo beint inn í geymslu. **- hhs**





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

www.kokkarnir.is

hugmynd handa þér....

# Osta- og gjafakörfur

Glæsilegar osta- og gjafakörfur Kokkanna
njóta síaukinna vinsælda sem jólagjafir,
enda varla hægt að hugsa sér nýtilegri og hátíðlegri gjafir
fyrir fjölskyldu, vini og vinnufélaga.

Ostakarfa nr. 1



Ostakarfa nr. 1*

Bónda Brie
Paprikuostur
Rjómaostur
Camembert
Kex
Sulta

Ostakarfa nr. 2



...a nr. 2*

Camembert
Paprikuostur
Rjómaostur
Hvítlauks Brie
Galbanetti pylsa
Kex
2 Sultur

Við bjóðum þér litlar, miðlungsstórar
og risastórar sérhannaðar- og sérpakkaðar
ostakörfur og gjafakörfur.

Ostakarfa nr. 3



O

Piparostur
Dala Brie
Höfðingi
Rjómaostur
Chorizo pysla
Jarðaberja sulta
Rifsberjasulta
Kex

Ostakarfa nr. 4



Piparostur
Paprikuostur
Brie með hvítlauk
Höfðingi
El Pozo skinka
Peperoni pylsa 3 stk.
Basil olía
Jarðaberjasulta
Rifsberjasulta
Kex

Við erum með réttu hugmyndina...

Ostakarfa nr. 5*

Camembert
Piparostur
Erlendur ostur
Paprikuostur
Brie með hvítlauk
Höfðingi
Rjómaostur
Fiorucci Parma
Peperoni pylsa 3 stk.
Balsamic sveskjubragð
Reyktur lax
Jarðaberjasulta
Rifsberjasulta
Kex



Ostakarfa nr. 5

...gleðileg jól

KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA

Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU | HRINGDU OG FÁÐU UPPLÝSINGAR
HAGKAUPUM, KRINGLUNNI | SÍMI: 511 4466

Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is

*Ath. að körfurnar og einstaka vörur geta verið breytilegar milli sendinga.

ART-AD.IS 12.2005

MARKAÐURINN
**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**21** milljarðs króna heildarvelta á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu í nóvember.

**33%** hlutur fjárfestingarfélagsins Sunds í TM.

**1,9** milljarða markaðsvirði hluta Ingólfs Helgasonar forstjóra í KB banka.

## BANKAHÓLFIÐ



### Nóg rými fyrir gesti

Nú styttist í að niðurstaða fáist í það hverjir hreppi hnossið í viðskiptum við danska fasteignafélagið Atlas ejendomer. Nokkrir íslenskir fjárfestar hafa falast eftir því sem er í boði í kóngsins Kaupmannahöfn. Þannig voru nefndir til sögunnar Straumur - Burðarás, Exista með fasteignafélaginu Eik og Baugur með fasteignafélagið Stoðir í farteskinu. Baugur hefur þegar nokkra fyrirferð á dönskum fasteignamarkaði og um það er hvískrað í Tívolí, sem er fullt af Íslendingum þessa dagana, að Stoðir muni kaupa eignir af Atlas. Talað er um að þarna detti þúsundir fermetra í eignaaukningu Íslendinga í Kaupmannahöfn. Það ætti að vera nóg rými fyrir íslenska gesti, sem heimsækja sína gömlu höfuðborg sem aldrei fyrr.

### Gráta þurrum tárum

Systurfélag Félags fjárfesta í Svíþjóð gengur nú í gegnum miklar þrengingar. Yfirmaður félagsins hefur rekið Lars Millberg úr starfi. Hann hefur ekki tjáð sig mikið um málið, en segir það í lagalegum farvegi. Samkvæmt heimildum Dagens Industri snýst málið um óheilindi Lars Millberg í garð yfirmanns síns. Meðal annars að hafa skipulega unnið gegn honum og lekið upplýsingum í fjölmiðla. Lars þessi Millberg er mikill Íslandsvinur, ef svo má að orði komast. Hann er sérstaklega hjartfólginn KB bankamönnum, en hann hafði þau orð um innkomu bankans á sænskan fjármálamarkað að sænski markaðurinn væri enginn helvítis fiskmarkaður. KB bankamenn gráta því þurrum tárum yfir örlögum Lars Millberg.

### Úr slorhöll í tískuhús

Veður í fjármálaheiminum skipast fljótt. Ekki er mjög langt síðan markmiðið var að Kauphöll Íslands yrði miðstöð sjávarútvegsfyrirtækja. Nú er öldin önnur og tískukeðja leysir síðasta sjávarútvegsfyrirtækið af hólmi í úrvalsvísitölunni. Tískuhús er væntanlega ofmælt um Kauphöllina, en sem fyrr hafa fjármálafyrirtækin mest vægi í höllinni og þau eru náttúrlega í tísku.


# MARKAÐURINN RÆÐUR




Lestur – allir Íslendingar **12-80 ára***

Lestur **25-54 ára** stjórnenda, atvinnurekenda, sérfræðinga, skrifstofufólks og fagfólks hjá hinu opinbera.*

**Markaðurinn** er viðskiptablað Fréttablaðsins, dreift á miðvikudögum í yfir 100.000 eintökum. Markaðurinn hefur algjöra yfirburði í lestri borið saman við önnur viðskiptablöð og er langmest lesna viðskiptablað landsins. Nýjasta könnun Gallup sýnir að lestur **Markaðarins** er meiri en lestur viðskiptablaðs Morgunblaðsins hjá öllum Íslendingum.




*Skv. fjölmiðlakönnun Gallup, okt. 2005.

„Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Fartölvutilboð.
**Tæknival.is**

Fyrsti vinningur gæti orðið 185 milljónir.
**Víkingalottó.**

Hanskar, hanskar.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Persónuleg jólakort, þín mynd,
**www.design.is**

Rita auglýsir! Glæsilegur jólafatnaður, munið gjafakortin.
**Rita Bæjarlind, Rita Eddufelli.**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólakortum til Evrópu er fimmtudagurinn 15. desember. Komdu tímanlega með jólakortin.
**Pósturinn.**

Borðtölvutilboð.
**Tæknival.is**

Hensongallar.
**Ástund, Austurveri.**

Mikilvæg sending kemst hratt og
öryggl ega með okkur.
Allt að 10 kíló af hverju sem er til
allra áfangastaða á aðeins 700 krónur.
Tilboðið gildir frá 10. til og með 20. desember
**Flugfrakt Flugfélags Íslands.**

Fluguhnýtingasett í jólapakkann.
**Útilíf.**

Manchestervörur
**Ástund, Austurveri.**

Jólavörur, Jólaknöll.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

Hólsfjallahangikjöt um jólin.
**Fjallalamb.**

Ljósritunarvélar.
**Tæknival.is**

Balletvörur
**Ástund, Austurveri.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari, Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Jólagjöf hestamannsins.
**Ástund, Austurveri.**

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðju? Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
**Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Ferðatöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarbúlla Tómasar.**

Prentarar.
**Tæknival.is**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Sængurgjafir og jólagjafir.
**Móðurást, Hamraborg.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Jeppaeigendur athugið! Bjóðum uppá landsins mesta úrval af jeppadekkjum.
Aðstoðum við val á dekkjum og setjum þau undir bílinn á meðan þú bíður.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Dagatalskubbar.
**Guðjón_Ó.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler-í-gegn.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði. Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Aigle fatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Gæða hnakkar.
**Ástund, Auturveri**

Jazzfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Gæða reiðtygi.
**Ástund, Austurveri.**

Allir á skíði í Tindastól.
**Hótel Tindastóll, skagafjordur.is**

Harðir pakkar.
**Tæknival.is**

Peysur
**Herrafataverslun Birgis.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Vertu þú sjálf.
**Vertu Belladonna.**

Fartölvutöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Pilgrim skartgripir.
**Skarthúsið Laugavegi.**

Göngustafir í jólapakkann.
**Útilíf.**

Mikilvæg sending kemst hratt og örugglega með okkur. Aðeins 700 krónur fyrir allt að 10 kíló, til allra áfangastaða, frá 10. til 20. desember.
**Flugfrakt Flugfélags Íslands.**

Myndavélar.
**Tæknival.is**

Góðar gjafir þurfa ekki að kosta mikið.
**IKEA.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Vertu Belladonna
**um jólin.**

Brjóstagjafabolir fyrir jólin.
**Móðurást, Hamraborg.**

Leðurkventöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Jólakjólinn færðu í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, glóðasteiktir búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Hárspangirnar fást í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Förðun og snyrtivörur.
**Maddina Laugavegi.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Stuttfrakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Glerlist.is
**Gler-í-gegn**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

100% ánægja- kynningarafsláttur í Útilífsbúðunum fram að áramótum á Adidas hlaupaskóm.
**Útilíf.**

Jólin þín byrja í
**IKEA.**

Líf og fjör á skíðasvæðinu í Tindastól.
**Esso, skagafjordur.is**

Reiðfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Hamborgarabúlla_Tómasar. Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

AIGLE dúnkápur.
**Ástund, Austurveri.**

Við hjá Snælandsvideo erum í jólaskapi.
Fjórir ostborgarar, stór skammtur af frönskum og
**2 lítrar af ísköldu Coca-Cola á aðeins 1890 kr.**

Alpahúfurnar fást í
**Skarthúsinu, Laugavegi.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

3 herbergja íbúð til leigu, íbúðin er í Reykásnum og getur verið laus fyrir áramót og verður gerður samningur í 6 mánuði í einu. Leigan er 85 þúsund á mánuði með öllu. Upplýsingar í síma 6991700 / 6991750 eða á binga@mi.is

## Húsnæði óskast

Systkini um tvítugt óska eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Reglusöm og bæði í 100 % starfi. Skoðum allt. Uppl. í s. 848 0726.

2ja-3ja herb. íbúð óskast til leigu í Hafnarfirði. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 823 2408.

## Atvinnuhúsnæði

**Nýuppgerð íbúð í Hveragerði**
96 fm íbúð til leigu. 2 stór svefnherb. stórt eldús, bað, þvottahús, forstofa og borðstofa og svalir. Sími. 891 7565.

Til leigu 40 fm skrifstofupláss í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 897 0062.

## Geymsluhúsnæði










Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr á leigu undir lager, helst í Austurbæ Reykjavíkur. Uppl. í s. 852 2155.

## Gisting



Gisting Vantar ykkur gistingu? Erum með GLÆSILEGAR Hótelíbúðir að Reykjavíkurveg 72 í Hafnafirði Tilboð í gistingu nóvember/desember/janúar Frá föstudegi-mánudags. KR 3.000.- á mann hver nótt BP Hótelíbúðir Sími 540-9700 Netfang bphotel@bphotel.is Heimasíða bphotel.is

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Uppl og pantanir í síma 588 1874 eftir kl.. 18:00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

kynning ...sjáumst!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 898-9903. Einnig má senda umsóknir á thoranna@kynning.is eða á kynning@kynning.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

**Ferð þú ekki í skóla eftir áramót?**
Ýmis störf í boði í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Vantar þig góða vinnu eftir áramót?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

**Búsetukjarnar fatlaðra að Sléttuvegi 3 og 7**
leita að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Vinnutími eftir samkomulagi. Launakjör eru samkvæmt kjara-samningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.
**Nánari upplýsingar gefur Bryndís Torfadóttir í síma 535 2720, netfang: bryndis.torfadottir@reykjavik.is**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Óskar eftir fólki í aukavinnu yfir jólin í ostaborðið Kringlunni.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu, reynsla æskileg.
**Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481 eða á staðnum milli kl. 14 & 16.30.**

**Háseta vantar.**
Háseta vantar á 250 tonna beitningavélarbát.
**Upplýsingar í síma 861 7655.**

Reynir Bakarí

Okkur bráðvantar duglegt starfsfólk í afgreiðslu á ýmsar vaktir í báðar okkar búðir í Kópavogi. Uppl. í s. 564 4700 eða umsókn á reynirbakari@islandia.is

**Global-tæki ehf**
– þú ert með heiminn í hendi þér
Flugumýri 28 · 270 Mosfellsbæ
Sími 544 2090 · Fax 544 2091
www.global-taeki.com
Við óskum eftir að ráða til starfa verkstæðismenn
Starfslýsing:
Standsetning tækja, viðgerðir, akstur á vörubíl með vagn og fl.
Uppl. gefur Baldur í síma: 544-2090

**Vaktstjóri í eldhús á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í eldhús á Sprengisandi. Starfið felst í pizza bökun, almennum eldhússtörfum, stjórnun og allri umsýslu í eldhúsi í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af vinnu í eldhúsi, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

**Starf í sal á Pizza Hu**
Pizza Hut getur bætt við sig starfsfólki í fullt starf í sal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is eða loa@pizzahut.is

**Dagvinna-Subway Hringbraut**
Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf, vinnutími 9-17. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður.
**Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 696 7018.**

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki , fullt af vinnu skemmtilegur starfsandi. Nánari uppl. Hraunbæ 121

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Komdu að vinna hjá okkur**
Óskum eftir vönum beitingamönnum sem allra, allra fyrst! Uppl. í síma 899 1667.

Óskum eftir að ráða fólk til starfa við hreingerningar og ræstingar á flestum tímum sólarhringsins. Nánari upplýsingar á www.bgthjonustan.is eða hjá Sherry í s: 533 5000

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur duglega smiði og verkamenn í hópinn. Mikil vinna framundan. Uppl. á skrifstofu s. 511 7050 eða thorsafl@thorsafl.is

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Dyravarsla**
Viljum ráða áreiðanlegan starfsmann við dyravörslu um helgar. Æskilegt að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is.

**Uppvask**
Vegna anna viljum við bæta við okkur starfsmanni í uppvask sem fyrst. Aðalega kvöld og helgarvinna. Uppl. á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Starfskraftur óskast til ræstinga 6 daga vikunnar í bakarí. Uppl. í s. 897 0350.

Leitum að góðum aðila til að líta eftir eldri blindum manni í ca 3-4 tíma á dag í desmber. Laun samkomulag. Uppl. í s. 695 0495.

Óskað er eftir einstaklingi í framleiðslu, útkeyrslu og sölustörf. 25+. Hafið samband í síma 565 7744.

Byggingavinna. Trésmiður eða laghentur starfsmaður óskast til vinnu á Suðurlandi. Húsnæði til staðar. Síma 895 8519 Netfang stekkur@isl.is

**Smiður og lærlingur**
Húsasmíðameistari óskar eftir að ráða smið eða lærling í húsasmíði. Uppl. í s. 698 2261.

Veitingastaður í miðborginni óskar eftir að ráða þjóna í sal. Ekki yngri en 25 ára. Í boði er dagvinna og kvöldvinna. Uppl. í s. 695 5603.

## Atvinna óskast

**Verktaki-útkeyrsla-innheimta-flutningur-ýmis önnur þjónusta.**
Getum tekið að okkur verkefni. 1-2 góðir menn á Toyotu Hiace eða minni bíl.
**Upplýsingar í síma 893 3397.**

Get bætt við mig verkefnum í allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 869 9633.

Smiður frá Lettlandi óska eftir verkefnum á Íslandi. S. 845 7158.

21 árs kvk óskar eftir vinnu frá 8-16, Uppl. í s. 698 2517.

19 ára drengur óskar eftir vinnu við rafmagn. Uppl. í s. 565 8093.

20 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Sími 867 9647.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
OPIÐ Í DAG
FRÁ 12:00 -22:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.



DVD
MAZURKA
PÅ SENGEKANTEN
Allar rúmstokksmyndirnar
Eru loksins komnar á DVD
Frábært danskt grín og erótík
norskur og sænskur texti
1 stk. kr. 2990
allar 5 kr. 12.850

GRENSÁSVIDEO.IS
Grensásveg 24
Pantanasími 568 6635
Opið alla daga 15.00 – 23.30

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

## TILKYNNINGAR

**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ visir

## ATVINNA

póst húsið

# Meiraprófsbílstjóri óskast

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um tvö þúsund manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Við hjá Pósthúsinu óskum eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til starfa.

Um er að ræða krefjandi starf þar sem þjónustulund, vinnusemi og áreiðanleiki eru mikilvægir kostir. Vinnutími er virka daga milli kl. 8.00 og 18.00.

Áhugasamir hafi samband við Hildi Þórisdóttur, í síma 5858300. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Pósthússins, www.posthusid.is

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ, sími 585 8300 fax 585 8309, posthusid@posthusid.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

# TOPP 5: ALEC GUINNESS



**1. The Bridge on the River Kwai** *(1957)*. Eina myndin sem Guinness fékk óskarinn fyrir. Hann var þó aðeins þriðji í valinu fyrir hlutverkið, á eftir Cary Grant og Laurence Olivier. Var lengsta mynd sem sýnd hafði verið í heilu lagi í sjónvarpi þegar ABC sýndi hana árið 1966.

**2. Star Wars** *(1977)*. Guinness hefur aldrei verið sérstaklega hrifinn af myndunum. Fannst hann fara með fáránlegar línur í myndinni. Bæði Peter Cushing og Toshirô Mifune komu báðir til greina sem Obi-wan Kenobi áður en Guinness tók að sér hlutverkið.

**3. Lawrence of Arabia** *(1962)*. Guinness leikur araba í myndinni. Þrátt fyrir að myndin sé 227 mínútur að lengd talar kona aldrei í myndinni. Ein af uppáhalds myndum Stevens Spielberg.

**4. A Passage to India** *(1984)*. Enn ein David Lean myndin sem Guinness lék í. Var jafnframt seinasta mynd Leans.

**5. The Ladykillers** *(1955)*. Var endurgerð fyrir ekki svo löngu síðan og skartaði þá Tom Hanks í aðalhlutverki.

# SJÓNARHORN



Reynisdrangar í Vík í Mýrdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## VISSIR ÞÚ...

...að Marco Polo fæddist í Feneyjum 1254?

...að Marco Polo lagði af stað í fyrstu för sína til Kína 17 ára?

...að með honum í för voru faðir hans og föðurbróðir?

...að Marco Polo og föruneyti ferðuðust silkiveginn til Kína þrátt fyrir mikinn ófrið á leiðinni?

...að Marco Polo þurfti að fara gegnum Gobi eyðimörkina, sem er einn eyðilegasti staður í heimi, til að komast til Kína?

...að það tók Marco Polo þrjú og hálft ár að komast á leiðarenda að sumarhöll Kublai Khan?

...að Marco Polo hafði þá ferðast rúma 9.000 kílómetra?

...að Marco Polo var gerður að sérstökum sendimanni Khan og ferðaðist um allt Kína og jafnvel til Burma og Indlands?

...að marga staði sem Marco Polo heimsótti sá enginn Evrópubúi aftur fyrr en á 19. öld?

...að Marco Polo fannst merkilegustu uppgötvanir Kínverja pappírspeningar, kolanotkun og póstþjónusta.

...að eftir 17 ár í þjónustu Khan yfirgaf Marco Polo Kína og hélt heim á leið til Feneyja?

...að þá var Marco Polo gríðarlega auðugur maður?

...að Marco Polo kom heim 1295?

...að 3 árum eftir heimkomuna var Marco Polo handtekinn af erkióvinum Feneyinga, Genóabúum?

...að hann eyddi ári í fangelsi?

...að í fangelsi skrifaði Marco Polo sögu sína með hjálp rithöfundarins Rustichello?

...hún varð strax metsölubók en enginn trúði þó orði af því sem stóð í henni?

...að þegar Marco Polo dó 1324, sjötugur að aldri, sagðist hann aðeins hafa sagt frá helming þess sem hann sá í Kína?

...að í bók Marco Polo er meðal annars sagt frá risafuglum sem veiða fíla?

...að hvergi í kínverskum annálum er minnst á Marco Polo en margir minni evrópskir spámenn fá sína umfjöllun?

**Ekkert blað í morgun?**
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

**Heilsunudd þegar þér hentar**

Nýi nuddstóllinn frá ECC er einn sá allra besti í heiminum í dag. Stóllinn er hannaður með þarfir nútímamannsins í huga bæði hvað varðar nuddkerfi og útlitshönnun. Hvað er betra eftir langan vinnudag en að láta fara vel um sig í frábærum nuddstól og nudda þreytta vöðva. Við bjóðum þér að koma í verslun okkar að Skúlagötu 63 og upplifa sönn gæði.

ECC

www.ecc.is

ECC Skúlagötu 63
Sími 511 1001



## NÝIR ÍSLENDINGAR

Það má segja að ég sé búin að vera með framandi mat á heilanum síðan ég skrifaði bókina „Opið hús - menning og matur á Íslandi nútímans“ sem Edda útgáfa gaf út á dögunum. Bókin inniheldur viðtöl við nýja Íslendinga um ástæsur þess að þeir ákváðu að setjast hér að og uppskriftir af réttum frá heimalöndum fleirra. Ég hef verið dugleg við að prófa réttina í bókinni en sögur fólksins eru ekki síður girnilegar og stela í raun senunni í þessari bók sem þó er flokkuð sem matreislubók.

## RAUÐA HAFIÐ

Ferðalög almennt eru mér alltaf ofarlega í huga þar sem ég ritstýri Flugstöðvarblaðinu, sem er ferðatímarit sem dreift er frítt í Leifsstöð.

Sjálf var ég að panta mér ferð í Rauða hafið. Þetta er viku köfunarferð sem ég er að fara í ásamt 19 öðrum íslenskum köfurum. Við munum búa um borð í báti og ekkert fara í land í viku en planið er að fara í 3 til 4 kafanir á dag. Ég er farin að hlakka mikið til en þetta verður í annað sinn sem ég kem til Egyptalands en í síðustu ferð flangað lenti ég í háskalegum ævintýrum en ég á von á að þessi ferð verði mun rólegri fló svo mikill galsi sé í ferðafélögunum.

## GAMLIR VINIR

Um jólaleytið fer maður ósjálfrátt að hugsa til vina nær og fjær um leið og maður tekur fram jólakortalistann. Ég held mikið upp á máltækið: „Góðir vinir eru eins og stjörnurnar - þótt þú sjáir þær ekki alltaf, þá veistu af þeim“. Það besta við jól og áramót er, að mínu mati, að maður lítur yfir farinn veg og vegur og metur atburði ársins og kemst alltaf að sömu niðurstöðu sem er að góðir vinir gefa lífinu svo sannarlega gildi.

## JÓLASKREYTINGAR

Sem íbúi í 101 hef ég haft mjög gaman af því að spá í jólaskreytingunum í miðbænum. Ég hef t.d. verið að velta fyrir mér hversvegna borgarstarfsmenn þræða jólaseríurnar ekki upp í topp trjánna á Laugaveginum? Eru starfsmenn borgarinnar of lofthræddir, seríurnar einfaldlega of stuttar til að ná upp í topp eða körfubílarnir ekki nógu háir? Það er frekar undarlegt að sjá seríurnar hanga í miðju trjánna og toppana vera tóma en þetta er kannski nýjasta nýtt í jólaskreytingum og ég bara of gamaldags til að skilja þetta.



# EFST Í HUGA

**SNÆFRÍÐAR INGADÓTTUR,**
RITSTJÓRA

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Greind og skoðanir

Ýmsar rannsóknir sálfræðinga benda til þess að greind fari saman við minni lífsánægju.Í gær var ég svo að skoða gögn frá The Eurpean Social Survey, sem í vikunni fékk hin virtu Descartes vísindaverðlaun. Þar má finna spurningar um lífsánægju og hamingju auk þess sem fólk er beðið að staðsetja sig á hægri/vinstri skala. Þarna sá ég tækifæri til að prófa óbeint eina af mína eftirlætis tilgátum og keyrði því fylgni greiningu á milli lífsánægju og stjórnmálaskoðunar.Þá kom í ljós að hægri menn eru að jafnaði ögn hamingjusamari en vinstrimenn. Ef greint fólk er almennt óhamingjusamara, en hægri menn almennt hamingjusamari, þá hlýtur niðurstaðan að vera sú að hægri menn séu að jafnaði ögn vitlausari en vinstrimenn. Það er gleðilegt að hafa empirískan stuðning við svo góða kenningu.

**Kolbeinn Stefánsson á melmoth.blogspot.com/**

### Draumurinn búinn

Árni Magnússon hefur verið á miklu flugi undanfarna mánuði. Hann var greinilega að styrkjast sem ráðherra og stjórnmálamaður og nokkuð augljóst af hverju Halldór valdi hann. Upp á síðkastið hefur hann ekki síst verið að reyna að gera sig gildandi sem jafnréttisráðherra. Hann hefur skynjað það kall tímans að setja bæri jafnréttismálin í forgrunn; að þau ættu að vera samþætt öllu sem einn ráðherra tekur sér fyrir hendur. Og var bara að verða dálítið sannfærandi held ég. Ekki síst af þvi honum hafði orðið á í messunni í jafnréttismálum snemma á sínum ferli. Það voru bæði mál Valgerðar Bjarnadóttur og mál Helgu Jónsdóttur. En, hann fékk sannarlega sína hveitibrauðsdaga og þessi mál voru að sökkva þegar Hæstiréttur kveður nú upp sinn dóm. Og þar með var draumurinn búinn.

**Svanfríður Jónasdóttir á jafnadarmenn.is/svanfridur**

### Sæll að gefa en að þiggja

Sagt er að hamingja fáist ekki keypt, fáist ekki fyrir peninga. Þetta er vafalaust rétt að mestu leyti. Í grein í The Wall Street Journal í síðustu viku er sagt frá því að þrátt fyrir að ríkidæmi hafi almennt aukist síðustu áratugi sagðist jafn stór hluti Bandaríkjamanna vera „mjög hamingjusamur“ árið 2002 og 1972 eða 30,3%. Hins vegar munu þeir sem eru í ríkasta fimmtungi þjóðarinnar vera 50% líklegri til að segjast „mjög hamingjusamir“ en þeir sem tilheyra fátækasta fimmtungnum. En það er ekki aðeins hægt að öðlast hamingju með því að safna fé því þeir sem gefa fé eða vinnu til góðra mála eru 40% líklegri en hinir til að segjast mjög hamingjusamir. Sálfræðingar hafa jafnvel kannað þetta með samanburðarrannsóknum; annar hópurinn gefur og hinn þiggur. Gefendur bæta líðan sína, bæði andlega og líkamlega, meira en þiggjendur. Sæll að gefa en að þiggja.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Ekkert jákvætt

Í þessu liggur einmitt helsti veikleiki Bush-stjórnarinnar. Hann felst ekki einungis í því að hún leggur sérstaka rækt við allt það versta í bandaríski utanríkisstefnu undanfarinnar aldar. Hann felst ekki aðeins í því að ekki sé lengur hægt að bjóða fólki allt með því að magna upp Rússagrýluna. Fyrst og fremst felst hann í því að þessi stjórnvöld hafa ekkert jákvætt fram að færa, hvorki í heimalandi sínu né á alþjóðavettvangi.Heima fyrir virðist stjórnarstefnan ekki felast í öðru en að skerða réttindi borgaranna, ýta undir ójöfnuð og daðra við trúarofstæki. Á alþjóðavettvangi er Bandaríkjastjórn þrándur í götu hvers konar alþjóðasamstarfs um umhverfisvernd, mannréttindi og afvopnun.

**Sverrir Jakobsson á murinn.is**


Akureyri 460 7060 Egilsstaðir 471 1210 Ísafjörður 456 3000 Reykjavík 570 3400 www.flugfelag.is | 570 3030




til og frá öllum áfangastöðum • fjöldi ferða daglega • hratt og örugglega • frysti- og kæligeymslur á helstu áfangastöðum

FRAKT

Mikilvæg sending
**hratt og örugglega**

Jólatilboð fraktflugs Flugfélags Íslands gerir þér kleift að senda pakka allt að **10 kg**, á alla áfangastaði fyrir **aðeins 700 kr.**
Tilboðið gildir **til 20. desember.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

# Aðför að eldri borgurum

UMRÆÐAN
KJÖR ELDRI BORGARA



LÝÐUR ÁRNASON

*Þingmenn þurfa heldur ekki að hafa áhyggjur af ellinni, tryggðir í bak og fyrir. En bygging og forgangur hátæknisjúkrahúss jafngildir fratyfirlýsingu í garð eldri borgara, undan því hlaupist þið aldrei.*

Það var fróðlegt fyrir landslýð að fylgjast með Kastljósi allra landsmanna í vikunni þar sem talsmaður hátæknisjúkrahúss vissi ekki fyrir hvað orðið hátæknisjúkrahús stendur en taldi loks upp salernisaðstöðu. Hugurinn leitar til salernisaðstöðu elliheimilanna þar sem fólki er hrúgað saman í 4ra manna herbergjum, hvernig ætli hún sé þar?

Sem fyrrum innanhúsmaður fyrirliggjandi hátæknisjúkrahúss veit ég að salernisaðstöðuna og aðra plásseklu er auðvelt að bæta með því einu að moka út stjórnsýslunni, bara það myndi rýma verulega til. Í einkarekstri gerðist slíkt sjálfkrafa og nefni ég hann sem annan valkost, láta einstaklingsframtakinu pakkann eftir, þ.m.t. salernisaðstöðuna.

Við eldri borgara vil ég segja þetta: Þegar ungt, fullfrískt fólk fer í fæðingarorlof er greiðslan algerlega óháð launum maka. Þið megið hinsvegar ekki vinna, makinn ekki heldur, þá skerðist allt. Hvers vegna eru ellilífeyrisþegar ekki skattfrjálsir og hvers vegna geta ellilífeyrisþegar ekki unnið óháð launum maka, fengið fría læknishjálp og frí lyf? Þetta myndi skipta sköpum fyrir þennan aldurshóp sem búinn er að skila sínu. Og að forgangsraða óþarfa hátæknisjúkrahúsi fram fyrir raunverulega þörf og ljúga svo framan í þjóðina umhyggju fyrir öldruðum er algjörlega ósæmandi. En eldri borgarar halda þó enn sínum kosningarétti og ættu að nýta hann skilmerkilega meðan kostur er.

Við alþingismenn segi ég þetta: Vandi heilbrigðisþjónustunnar er ekki sá að við séum að deyja úr flóknum sjúkdómum. Vandinn er sprungin heilsugæsla, skortur á boðlegu legurými til langframa, léleg laun aðhlynningarfólks, ofmönnun stjórnenda, ofhlaðið fyrirliggjandi hátæknisjúkrahús og þið sjálfir sem gerið ekkert sem stefnir metorðaklifrinu í tvísýnu. Þingmenn þurfa heldur ekki að hafa áhyggjur af ellinni, tryggðir í bak og fyrir. En bygging og forgangur hátæknisjúkrahúss jafngildir fratyfirlýsingu í garð eldri borgara, undan því hlaupist þið aldrei.

*Höfundur er heilbrigðisstarfsmaður í Önundarfirði.*

# Maður, líttu þér nær

UMRÆÐAN
KJÖR ELDRI BORGARA



PÉTUR GUÐMUNDSSON

*Þrátt fyrir það virðst það ekkert vefjast fyrir embættismönnum að nota öll meðul í þágu húsbóndans, og blanda kjörum hæstlaunuðu eldri borgara inn í umræðuna um fátækt aldraðra, til þess að fegra sinn málstað.*

Embættismenn fjármálaráðherra gagnrýna harðlega skrif Stefáns Ólafssonar prófessors um kjör öryrkja, en þessi grein fjallar ekki beint um það. En með svörum sínum eru embættismenn í raun og veru að gagnrýna sín eigin skrif undanfarinna ára. Þeir hafa samkvæmt fyrirmælum ráðherra, húsbónda síns, margoft sagt aðeins hálfan sannleikann í þeim tilgangi að fegra málstað yfirboðarans og gera það enn. Þeir eru í reynd farnir að trúa því að allir aðrir geri eins og þeir, og í ljósi þess verður að skoða þeirra gagnrýni á skrif annarra.

Það er staðreynd að allur sannleikurinn lítur ekki eins vel út og hluti af honum, og það vita þessir menn og konur mætavel, en kjósa að þegja um það. Skattar eru til dæmis aldrei nefndir á nafn. Það væri ef til vel til fundið að ráðherra segði sínum mönnum að leita alls sannleikans í hverju máli.

Það nýjasta er að finna á vefriti fjármálaráðuneytisins, þar sem er sýndur samanburður á meðaltekjum aldraðra miðað við aðra skattgreiðendur, og tilgangurinn er auðsær, það er að sýna að það allt sé í góðu lagi með kjör aldraðra.

Meðaltöl sýna nákvæmlega ekki neitt um raunveruleg kjör illra staddra aldraðra. Embættismenn og aðrir vita það mætavel að 20 prósent aldraðra búa við mjög góð kjör og að þeirra tekjur lyfta meðaltali mjög hátt upp. Þrátt fyrir það virðst það ekkert vefjst fyrir embættismönnum að nota öll meðul í þágu húsbóndans, og blanda kjörum hæstlaunuðu eldri borgara inn í umræðuna um fátækt aldraðra, til þess að fegra sinn málstað. Kjör þeirra ríku eru ekki á dagskrá, og það á alls ekki að blanda þeim á þennan hátt inn í umræðuna um kjör hinna lægstlaunuðu. Embættismenn ættu að sjá sóma sinn í því að gera það ekki.

Til fróðleiks skal ég nefna það að Landssamband eldri borgara hefur líka undir höndum upplýsingar frá Ríkisskattstjóra. Þar má sjá að allir einstaklingar 67 ára og eldri höfðu að meðtali 167.520 krónur í tekjur á mánuði árið 2004, og að 38,5 prósent af 14.362 einstaklingum, eða 5530 höfðu minna en 125 þúsund krónur á mánuði í brúttótekjur, að fjármagnstekjum meðtöldum. Samskattaðir í þeim hópi eru 7676 þannig að það eru samtals 12.206 manns, eða hartnær helmingur lífeyrisþega, sem lifir nálægt sultarmörkum. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verða hraktar hvort sem stjórnmálamönnum líkar betur eða verr, og væri verðugra umræðuefni.

Þessum staðreyndum er ekki haldið á lofti hjá embættismönnum og ráðamönnum okkar þjóðfélags, enda auðskiljanlegt að þeir vilji ekkert við þær kannast. Ríkisvaldið hefur auðvitað vinnukraft, fjármagn og tækifæri langt umfram getu Landssambands eldri borgara (LEB) til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, og sá aflsmunur er óspart notaður til þess að fegra ríkisvaldið. Samkeppnisyfirvöld eru víst óvirk í þessu sambandi, þó að þessi aðstöðumismunur sé óspart notaður til þess að villa kjósendum sýn.

En það er deginum ljósara að færi stjórnvöld ekki öldruðum verulegar kjarabætur þegar á næsta ári, þá hafa þeir yfir höfði sér stóran hluta af reiðum gömlum kjósendum í næstu kosningum. Kosningarértturinn er það einasta eina sem gamlir eiga eftir sér til varnar. Þeir verða 17 prósent af kjósendum í næstu sveitarstjórnar- og alþingiskosningum, og það samsvarar 10 þingsætum á Alþingi.

Það er of seint að iðrast á kosningaári.

*Höfundur situr í stjórn Félags eldri borgara.*



**FRÁ HRAFNISTU** Greinarhöfundur segir að samkvæmt tölum frá Ríkisskattstjóra lifir hartnær helmingur ellilífeyrisþega við sultarmörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Öruggur staður til að vera á

Ég vil koma á framfæri þakklæti til Egils Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Brimborgar, fyrir góða þjónustu sem umboðsaðili fyrir HIAB krana. Það reyndi á það að vera á öruggum stað með viðskipti sín þegar ég varð fyrir tjóni með HIAB kranann. Egill gekk staðfastlega fram í málinu fyrir mína hönd gagnvart framleiðandanum og lenti málinu örugglega. Það er öruggt að ég held áfram í viðskiptum við örugga menn!

**Sveinn Jóhann Sveinsson vörubílstjóri.**

### Silja skrifar:

Óskaplegt er að heyra hinn annars geðþekka sjónvarpsmann Egil Helgason fjargviðrast yfir því hvernig ríkara fólk kýs að eyða peningunum sínum. Látum vera ef hinir „nýríku“, eins og hann kallar þetta fólk, væru að spreða í skart með það eitt að í huga að berast á. Ég held hins vegar að sá sem ver 20 milljónum króna til Unicef eigi hrós skilið, þótt hann fái málverk eftir Hallgrím Helgason í kaupbæti. Virðum það sem gott er gert, hvaðan sem það kemur.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





ALL-TRAC TRAIL
Hámarksgrip og ending
GORE-TEX
Vatnsheldur með öndun

**Tengu III GTX**
Sterkur og léttur gönguskór
Mjúk phylon dempun
Stöðugleikaplata í millisóla

Leiðb.verð kr. 9.990.-

Útilíf - Sportver - Ozone



WATERSHIELD
Vatnsheldur
Loftpúði í hæl
ALL-TRAC WINTER
Hámarksgrip og ending

**Air Trail Exposure WS**
Mjúk og létt phylon dempun
TPU stöðugleikaplata í millisóla
Sterkur útiskór með góðri dempun

Leiðb.verð kr. 7.490.-

Sportver - Ozone



WATERSHIELD
Vatnsheldur
Loftpúði í hæl
ALL-TRAC WINTER
Hámarksgrip og ending
WOMEN'S

**Air Trail Exposure WS**
Mjúk og létt phylon dempun
TPU stöðugleikaplata í millisóla
Byggður á kvensóla

Leiðb.verð kr. 7.490.-

Útilíf - Sportver - Ozone



**T-Lite III**
Fisléttur og mjúkur leðurskór
Hentar úti sem inni

Leiðb.verð kr. 5.990.-

Útilíf - K-sport - Fjölsport - Íþróttabúðin




| 14. - 15. - 16. DESEMBER | | 17. DESEMBER | | 18. DESEMBER | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 2-4-6-8-10 | SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 12-2-4-6-8-10 | SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 12-2-4-6-8-10 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 | ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 | ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-6-10 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 4.20-8-11.40 | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 2-4.20-8-11.40 | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 2-4.20-8-11.40 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 5.30-9 | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5.30-9 | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5.30-9 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 5.30-9 | SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5.30-9 | SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5.30-9 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 5-7-9-11 | HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2.45-5-7-9-11 | HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2.45-5-7-9-11 |
| LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 | LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 | LAUGARÁSBÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 |
| SELFOSSBÍÓ | KL. 5.30-9 | SELFOSSBÍÓ | KL. 3.30-7-10.30 | SELFOSSBÍÓ | KL. 3.30-7-10.30 |

PATTY DUKE (1946-) FÆDDIST ÞENNAN DAG



*Það er erfiðast að fyrirgefa sjálfum sér, þannig að það er líklega best að byrja á að fyrirgefa öðrum.*

*Patty Duke er bandarísk leikkona.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 14. DESEMBER 1959

# *Motown Records stofnað í Detroit*

Þennan dag árið 1959 var útgáfufyrirtækið Motown Records stofnað í Detroit í Bandaríkjunum. Það var Berry Gordy Jr., lagahöfundur úr bílaborginni, sem stofnaði fyrirtækið. Það varð fljótt virtasta útgáfufyrirtæki á sviði sálartónlistar í Bandaríkjunum, og á sjöunda og áttunda áratug seinustu aldar var fyrirtækið orðið stærsti útgefandi sálartónlistar í Bandaríkjunum.



Þeir sem hrærðust í tónlist á þessum tíma töluðu um „Motown-hljóminn“ og áttu þá við sérstök stílbrigði tónlistarinnar sem einkenndi tónlistarmenn sem Motown hafði á sínum snærum. Tambúrínur, trommur og bassi voru áberandi í lögum útgefnum af Motown og söngstíllinn átti upptök sín í bandarískri gospeltónlist. Á tíu ára tímabili, frá 1961 til 1971, höfðu tónlistarmenn Motown 110 sinnum komist á topp tíu lista yfir vinsælustu og söluhæstu lögin. Tónlistarmenn á borð við Stevie Wonder, Marvin Gaye, Diana Ross, Jackson Five voru á samningi við fyrirtækið.

Í lok sjöunda áratugarins byrjaði veldi Motown-útgáfurisans að hnigna. Þar spilaði helst inn í að lagahöfundurinn og framleiðandinn Holland Dozier Holland, sem hafði framleitt marga smelli fyrir fyrirtækið ákvað að segja skilið við það vegna deilna um greiðslur vegna höfundarréttar. Einnig náðu listamenn útgáfunnar sjaldnar en áður inn á topplistana yfir vinsælustu lögin.

## MERKISATBURÐIR

**1819** Alabama verður 22 ríki Bandaríkjanna.

**1902** Fyrsti símakapallinn lagður yfir Kyrrahafið.

**1911** Roald Amundsen og hans menn komast fyrstir manna á Suðurpólinn.

**1939** Sovétríkin rekin úr Þjóðarbandalaginu.

**1979** Pönkbandið The Clash gefur út plötuna London Calling.

**1981** Ísraelsríki slær eign sinni á Gólan-hæðirnar.

**2003** Handtaka Saddams Hussein tilkynnt.

## ANDLÁT

**Elsa Ágústsdóttir**, Digranesheiði 45, Kópavogi, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 30. nóvember. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Sólveig Ágústa Runólfsdóttir**, Laufbrekku 17, Kópavogi, lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi fimmtudaginn 8. desember.

**Þórdís Þorgrímsdóttir** lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 8. desember.

**Stefán Reynir Kristinsson**, framkvæmdastjóri Spalar, Aflagranda 17, Reykjavík, lést á Landspítalanum laugardaginn 10. desember.

**Guðný Maren Matthíasdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 12. desember.

## JARÐARFARIR

11.00 **(Stefán) Örn Ólafsson**, Lönguhlíð 3, Reykjavík, verður kvaddur með athöfn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Benedikt Kjartansson (Marjóns)** málarameistari, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Magnús Valur Þorsteinsson**, fyrrverandi sjómaður, Gaukshólum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvoskirkju.

15.00 **Lára Ósk Arnórsdóttir**, Eiríksgötu 6, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

17.00 Minningarathöfn um **Helga Jósefsson Vápna**, verður í Akureyrarkirkju. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 15. desember klukkan 15.00.



Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




*Útför mannsins míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Stefáns Reynis Kristinssonar**

framkvæmdastjóra Spalar, Aflagranda 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 10. desember sl. verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 16. desember kl. 13:00.

**Guðríður Þorsteinsdóttir**
**Ingibjörg Stefánsdóttir** **Gísli Hrafn Atlason**
**Nína Guðríður Sigurðardóttir** **Þorbjörg Anna Gísladóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Kristjánsson**

frá Súðavík, áður til heimilis að Grettisgötu 73, Reykjavík,

sem lést 5. þessa mánaðar verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 16. desember kl. 15. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð um forfeður Sigurðar, Þórð Magnússon og Hjalta Sveinsson, til gróðursetningar við Raggalund í Súðavík, nr. 1128-05-300229 í Sparisjóði Súðavíkur.

**Valur Sigurðsson** **Stefanía Pálsdóttir**
**Jón Sigurðsson** **Hlíf S. Arndal**
**Rúnar Sigurðsson** **Ingibjörg Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## DAGBLAÐIÐ VÍSIR: NÍUTÍU OG FIMM ÁR FRÁ UPPHAFI ÚTGÁFU

# Enginn dáinn í bænum

„Austanpóstur kom í gærkveldi. Enginn giftur, dáinn eða jarðsunginn í bænum. Skipaferðir engar.“ Á þessa leið var ein af forsíðufréttum fyrsta tölublaðs Vísis sem kom út miðvikudaginn 14. desember 1910. Greindi hún frá ástandinu í Reykjavík deginum áður og má merkja af fréttinni að þriðjudagurinn 13. desember árið 1910 hafi verið tíðindalaus með öllu.



FYRSTA TÖLUBLAÐ VÍSIS

Vísir hét ekki bara Vísir heldur Vísir til dagblaðs í Reykjavík. Undir því nafni kom blaðið út fyrstu mánuðina en var svo breytt í Vísi. Blaðið varð fljótlega að dagblaði sem kom út fimm daga vikunnar en um það leyti voru aðeins gefin út vikublöð í Reykjavík. Eldri tilraunir til dagblaðaútgáfu höfðu mistekist og taldi Einar Gunnarsson, eigandi, útgefandi og ritstjóri Vísis, djarfur að stefna að svo tíðri útgáfu blaðsins. Í fyrstu voru Einar og eiginkona hans, Margrét Hjartardóttir Líndal, einu starfsmenn Vísis en síðar réðust fleiri til starfa.

Meðal þess sem gerði Vísi að vinsælu blaði í Reykjavík voru smáauglýsingar sem strax þá voru með svipuðu sniði og sjá má í blöðum í dag. „Atvinna“, „fæði og húsnæði“ og „tapað-fundið“ voru meðal smáauglýsingaflokka.

Þegar Vísir hafði komið út í þrjú ár fregnaðist af stofnun nýs dagblaðs í borginni. Vísismenn höfðu spurnir af því að til stæði að nefna nýja blaðið Dagblaðið og drifu því í að gefa út lítið blað sem þeir kölluðu Dagblaðið. Stálu þeir því nafni nýja blaðsins sem í kjölfarið var skírt Morgunblaðið.

Vísir var lengi framan af óháð dagblað en síðar varð það hallt undir stjórnmálaskoðanir og um nokkurt skeið átti Sjálfstæðisflokkurinn hlut í Vísi. Um miðjan sjöunda áratuginn keypti hópur kaupsýslumanna blaðið en þeir voru flestir tengdir Sjálfstæðisflokknum. Áhrifamenn innan flokksins beittu svo ítökum sínum til að hafa áhrif á skrif og stefnu blaðsins og einnig um hver ritstýrði því. Varð það á endanum til þess að Dagblaðið var stofnað 1975. Nokkrum árum síðar voru blöðin tvö sameinuð undir nafninu Dagblaðið og Vísir sem síðar varð að skammstöfuninni DV.

Meðal ritstjóra Vísis á síðari árum voru Gunnar G. Schram, Jónas Kristjánsson, Þorsteinn Pálsson, Ólafur Ragnarsson og Ellert B. Schram.

*Helstu heimildir: Nýjustu fréttir eftir Guðjón Friðriksson.*


GUNNAR G. SCHRAM


JÓNAS KRISTJÁNSSON


ELLERT B. SCHRAM


ÓLAFUR RAGNARSSON


ÞORSTEINN PÁLSSON

# Býsnaveturinn mikli – 25 árum síðar

Stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsen árið 1980 og klofningur Sjálfstæðisflokksins í kjölfarið verða til umræðu á opnum fundi sem Landssamband sjálfstæðiskvenna og vefritið Tíkin standa að í dag. Verður hann haldinn í hádeginu á Kaffi Sólon Bankastræti.


**GUNNAR THORODDSEN** Stjórnarmyndun hans 1980 verður til umfjöllunar á hádegisfundi á Sólon í dag.

Stjórnarmyndun Gunnars vakti mikla athygli á sínum tíma og hefur margt verið sagt og ritað um hana í gegnum árin.

Á fundinum mun Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur halda framsögu um þetta vindasama skeið í stjórnmálasögu landsins en Guðni gerir því einmitt skil í bókinni Völundarhús valdsins sem er nýkomin út og vakið hefur athygli.

Pallborðsumræður verða að framsögu lokinni og í þeim taka þátt Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sem var blaðamaður á Morgunblaðinu á þessum tíma og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, en hann var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands árið 1980.

Ásta Möller, alþingismaður og formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, verður fundarstjóri.

## AFMÆLI

**Hannes Pétursson** rithöfundur er 74 ára.

**Geirharður Þorsteinsson** arkitekt er 71 árs.

**Ástráður Hreiðarsson** læknir er 63 ára.

**Hjálmtýr Heiðdal** kvikmyndagerðarmaður er sextugur.

**Vilhelm G. Kristinsson** útvarpsmaður er 58 ára.

**Guðrún Pétursdóttir** lífræðingur er 55 ára.

**Guðmundur Ólafsson** leikari og rithöfundur er 54 ára.

**Ástvaldur Traustason** tónlistarmaður er 39 ára.

**Hrefna Hallgrímsdóttir** leikkona er 34 ára.

**Kristjana Skúladóttir** leikkona er þrítug.

**Gísli Galdur Þorgeirsson** plötusnúður er 23 ára.

CITROËN

# Betra verð en Peugeot.* Kauptu Citroën á jólatilboði Brimborgar

Jólatilboð Brimborgar

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**
**Veldu franska hönnun eins og hún gerist best**




*Bestu kaupin í dag.*
*Sjálfskiptur 2,0i 143 hestafla Citroën C5.*
*Jólaverð 2.190.000 kr.*

► Nú er gott að kaupa Citroën. Tvöfalt tilboð - bæði jólatilboð og afmælistilboð. Láttu sjá þig á Citroën. Við hjálpum þér að eignast nýjan og öruggan bíl fyrir jól.

Berðu saman frönsk gæði. Berðu saman Citroën og Peugeot. Berðu saman verð, búnað og gæði. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best.

Komdu í Brimborg - við bjóðum þér betra verð en Peugeot*. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.** Tilboðin gilda aðeins til 16. desember.

## Besta tilboð á Citroën

Jólin að koma. Lækkað verð. Mikill afsláttur. Lítil útborgun. Lægri mánaðargreiðslur. Við erum í jólaskapi. Við staðgreiðum einnig gamla bílinn þinn.** Takmarkað magn til á jólatilboði Citroën. Komdu núna.

*Við erum bæði í góðu afmælis- og jólaskapi. Komdu í fimm ára afmæli Citroën á Íslandi. Veldu Citroën á frábæru verði og þú færð verðmæta afmælisgjöf. Skoðaðu greiðslukjörin. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best. Láttu sjá þig á nýjum Citroën yfir jólahátíðina.*




## Tugþúsunda afmælisgjöf

**Þú færð tugþúsundir í afmælisgjöf veljir þú nýjan Citroën - sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar. Við erum í afmælisskapi þessa dagana: 5 ár frá því Brimborg hóf sölu á Citroën. Komdu í Brimborg.**

LÝSING — Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni 5 ára afmælis Citroën á Íslandi

**Brimborg staðgreiðir gamla bílinn þinn.** Auðveldara getur það ekki verið.**

Berðu saman bíla. Kynntu þér verð og gæði. Komdu núna í Brimborg.



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Jólaverð 1.319.000 kr.
Rekstrarleiga 23.963 kr.
Bílasamningur 17.779 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 28.762 kr.
Bílasamningur 20.878 kr.



C2 VTS 5 gíra 1,6i 125 hö*
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 29.950 kr.
Bílasamningur 21.146 kr.



C4 COUPÉ VTR 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.650.000 kr.
Rekstrarleiga 28.450 kr.
Bílasamningur 22.240 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.690.000 kr.
Rekstrarleiga 29.231 kr.
Bílasamningur 22.779 kr.



Xsara Picasso Exclusive 5 gíra 1,8i 117 hö*
Jólaverð 1.799.000 kr.
Rekstrarleiga 31.133 kr.
Bílasamningur 24.247 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Jólaverð 2.190.000 kr.
Rekstrarleiga 38.455 kr.
Bílasamningur 29.516 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Jólaverð 2.849.000 kr.
Rekstrarleiga 49.023 kr.
Bílasamningur 38.399 kr.

*Þú færð afmælisgjöf – sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar – veljir þú nýjan Citroën.*

Jólatilboð Brimborgar



Fimm ár eru liðin frá því Íslendingar kynntust að nýju ekta frönskum munaði. Frakkar hafa sýnt svo um munar að þeir þekkja orðið gæði. Citroën er vinsælasta franska fólksbílamerkið á Íslandi. Og vinsældirnar aukast með degi hverjum. 1.400 ánægðir Íslendingar aka nú stoltir um vegi landsins, sumar og vetur. Brimborg leggur mikla áherslu á þjónustu við Citroën eigendur. Við erum stolt yfir því að vera öruggur kaupstaður Citroën bíla. Láttu sjá þig á Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Miðað við verð þann 24.11.2005. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum af: C4 er álfelgur; C5 er álfelgur og sóllúga; Berlingo er þokuljós.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Kannabis fyrir ESB

Lyfjafyirtækið GW Pharma hefur komist að samkomulagi við spænska lyfjafyrirtækið Almirall um dreifingu á lyfi sínu Sativex sem inniheldur kannabis. Almirall mun sjá um dreifingu lyfsins í Evrópu að Bretlandi undanskyldu Fram kemur á ft.co.uk að GW Pharma hafi fengið 12 milljónir punda við undirskrift og mögulega allt að 46 milljónir þegar fram líða stundir. Einnig myndu þeir fá hlut af sölutekjum til framtíðar.

Almirall er stærsta lyfjafyrirtæki Spánar með eins milljarðs punda veltu á ári. Canada var fyrst landa til að leyfa sölu Sativex og búist var við að notkun á lyfinu yrði gerð heimil i Bretlandi árið 2003 en leyfisveitingunni hefur seinkað. Talsmenn GW tilkynntu að samningurinn yrði til þess hagnaður fyrirtækisins yrði um 22 milljónir punda.

Lyfið Sativex er notað í verkjameðferð á mænusiggi og gegn verkjum tengdum krabbameini.

Kannabisplantan hefur verið notuð í lækningaskyni um víða veröld í aldaraðir. Það fór ekki að falla óorð á plöntuna fyrr en almenn verkjalyf komu á markað.



**KANNABISJURTIN** hefur verið notuð til lækninga í aldir, en önnur notkun á henni hefur spillt notkun hennar í lækningaskyni




ERT ÞÚ MEÐ NÝJA NAFNIÐ OKKAR?

Við leitum að nýju nafni fyrir VR – Verzlunarmannafélag Reykjavíkur eða nýrri útfærslu á skammstöfuninni VR. Nú vinna innan við 20% félagsmanna við verslunarstörf og að auki margir utan Reykjavíkur. VR er þjónustuaðili og bakhjarl félagsmanna sinna með lífsgæði þeirra að leiðarljósi.

Hægt er að skila tillögum inn undir dulnefni á www.vr.is eða senda þær til VR, Húsi verslunarinnar, 103 Reykjavík, merkt „Nafn VR". Tillögurnar skulu merktar með dulnefni og rétt nafn höfundar og heimilisfang fylgja í lokuðu umslagi. Öllum er heimil þátttaka og vegleg verðlaun eru í boði. Skilafrestur er til 15. janúar nk. Allar nánari upplýsingar á www.vr.is

VR áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum.

Starf okkar eflir þitt starf
VR

Fíton/SÍA F1015610

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.306 +1,15%** **Fjöldi viðskipta:** 380
**VELTA: 6.865 MILLJÓNIR**

| MESTA HÆKKUN | MESTA LÆKKUN |
|---|---|
| **FL Group +2,34%** | **Mosaic Fashions -1,12%** |
| **Landsbankinn +2,08%** | **Össur -0,85%** |
| **KB banki +1,49%** | **Straumur -0,64%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:ACTAVIS** 50,30 +1,40% ... Bakkavör 51,70 -0,60% ... FL Group 17,50 +2,30% ... Flaga 4,92 +0,00% ... HB Grandi 9,50 +0,50% ... Íslandsbanki 17,30 +1,20% ... Jarðboranir 24,20 +0,80% ... KB banki 682,00 +1,50% ... Kögun 59,60 -0,30% ... Landsbankinn 24,50 +2,10% ... Marel 64,20 +0,00% ... SÍF 4,18 +0,20% ... Straumur-Burðarás 15,60 -0,60% ... Össur 117,00 -0,90%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**TM SELUR Í LÍ** hefur selt hlutabréf í Landsbankanum fyrir um 1.260 milljónir í desember.

## TM selur í LÍ

Tryggingamiðstöðin hefur selt hlutabréf í Landsbanka Íslands fyrir 765 milljónir króna að markaðsvirði. Fyrir skömmu seldi félagið einnig bréf í Landsbankanum fyrir tæpan hálfan milljarð króna.

Samkvæmt síðasta hluthafalista frá Landsbankanum er TM fjórði stærsti eigandinn með um þriggja prósenta hlut.

**- eþa**

# Lýsing fær sex milljarða að láni hjá sjö bönkum

**Eignaleigufyrirtækið Lýsing hefur tekið sex milljarða króna sambankalán. Fyrirtækið hyggst sækja fram í eignaleigu íbúðarhúsnæðis.**

Sex evrópskir bankar, auk KB banka hafa lánað Lýsingu 75 milljónir evra, eða sex milljarða íslenskra króna.

Gunnar Kr. Sigurðsson segir útboðið hafa gengið vel og Lýsing sátt við þau kjör sem buðust. Hann segir lántökuna fyrst og fremst til að mæta vexti útlána á þessu ári. „Við þurfum að öllum líkindum að taka annað lán á næsta ári til þess að fjármagna vöxt, bæði í fyrirtækja- og einstaklingsþjónustu.

Gunnar segir búist við áframhaldandi vexti í eignaleigu, enda þótt eitthvað kunni að fara að hægja á vextinum eftir því sem nær dregur hámarki hagsveiflunnar. „Við búumst við að gott ár sé framundan og að fjárfesting í atvinnutækjum verði töluverð.“

Hann segir það markmið Lýsingar að auka umsvif sín í fjármögnun atvinnuhúsnæðis. „Menn nýta sér þá kosti leigu og gjaldfæra kostnað, en eiga um leið þann kost að eignast húsnæðið.“ Gunnar segir skilyrðum nýlega hafa verið breytt þannig að nú sé slík eignaleiga fýsilegri fyrir stærri hóp fyrirtækja. „Við bjóðum nú fyrirtækjum allt að níutíu prósenta fjármögnun og getum gert samninga til allt að tuttugu ára.“

Lýsing er stærsta fyrirtækið á sviði eignaleigu og nema útlánin 36 milljörðum króna. Hann segir lánasamninginn nú gefa fyrirtækinu kost á að bjóða viðskiptavinum sífellt betri kjör.


**EKKI BARA VÉLAR OG TÆKI** Gunnar Kr. Sigurðsson segir Lýsingu ætla að sækja fram í eignaleigu á atvinnuhúsnæði. Fyrirtækið hefur verið umsvifamikið í eignaleigu á atvinnutækjum og bifreiðum.


**FJÁRFESTING Í SKÝJUNUM.** Byggingaframkvæmdir hafa stóraukið fjárfestingar hér á landi á þriðja ársfjórðungi.

# Stórauknar fjárfestingar

**Fjárfesting jókst hér á landi um rúm 42 prósent sem er mikið sé litið aftur til ársins 2002.**

Landsframleiðsla á þriðja ársfjórðungi jókst aðeins um fjögur prósent frá sama tíma í fyrra. Samkvæmt frétt Hagstofu Íslands stafar það af samdrætti í útflutningi og mikils innflutnings. Innflutningur jókst um rúm 32 prósent en útflutningur dróst saman um rúm 3 prósent.

Þjóðarútgjöld, sem er samtala einkaneyslu, ríkisútgjalda og fjárfestinga, uxu á þriðja ársfjórðungi um rúm 18 prósent. Þjóðarútgjöld hafa ekki vaxið hraðar á einum ársfjórðungi síðan fyrstu þrjá mánuði ársins 1998.

Samkvæmt mælingu Hagstofunnar er talið að einkaneyslan hafi vaxið um 12,5 prósent og er það litlu minni aukning en á öðrum ársfjórðungi. Þá óx einkaneyslan um 14,7 prósent og hefur ekki aukist meira frá því að mælingar hófust árið 1997. Sem fyrr má rekja meginhluta þessa vaxtar til kaupa á innfluttum vörum og þjónustu.

Fjárfesting óx um 42,3 prósent á þriðja ársfjórðungi frá sama tíma árið áður eftir að hafa vaxið um fjórðung á fyrsta og öðrum ársfjórðungi. Er þetta mesta aukning á einum ársfjórðungi sé litið aftur til ársins 2002. Vega stóriðjuframkvæmdir þungt í þessum tölum ásamt byggingaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Samneyslan óx um 3,7 prósent og er það nokkru meiri vöxtur en verið hefur á undanförnum ársfjórðungum.

**-bg**

## Nýjung hjá dohop

Netfyrirtækið dohop.com hefur opnað nýja flugleitarvél sem inniheldur alls 650 flugfélög, þar með talin 80 lággjaldafélög. Að því er haft er eftir Frosta Sigurjónssyni, stofnanda og framkvæmdastjóra dohop, er þetta í fyrsta sinn sem fólk getur leitað samtímis hjá lággjalda- og hefðbundnum flugfélögum til að finna bestu flugáætlun. Leitarvélin býður notendum að raða og sía leitarniðurstöður til að finna besta ferðaáætlunina og sækir verðupplýsingar frá þeim söluaðilum sem bjóða viðkomandi flug. Notandi heimsækir vefsíðu söluaðila til að bóka flugmiða. Dohop.com er íslenskt fyrirtæki en hefur söluskrifstofu í Frakklandi.



**NÝJUNG VIÐ FLUGLEIT** Íslenska netfyrirtækið dohop.com opnar nýja leitarvél.








## STUÐ MILLI STRÍÐA Danskt jólagóðverk

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ENDURHEIMTI GLATAÐAN HLUT



Ég öðlaðist aftur trú á mannkyninu um daginn. Það var þann dag sem ungur drengur hringdi í mig frá Danmörku. „Is this Bóóghhídd-úú?“ sagði hann alveg jafn klár í að bera fram nafnið mitt eins og aðrir Danir sem það hafa reynt. Jú, jú, ég sagði honum að þetta væri nú ég og spurði kurteisislega hvað hann vildi.

Hann hafði þá fundið töskuna mína sem ég skrifaði minningar-/nöldursgrein um hérna í þetta pláss fyrir ekki svo alls löngu. Þetta var ekki einhver Dani sem hafði fundið töskuna mína í ruslatunnu eða úti á víðavangi heldur var þetta starfsmaður á kaffihúsinu sem ég hafði gleymt töskunni á. GLEYMT. Eins og ég er búin að sótbölva þeim sem átti að hafa rænt henni í sand og ösku, saka hann um að búa ekki yfir samvisku og hundskammast út í heiminn fyrir að hýsa svo sálarlausar manneskjur. Ég segi það þó mér til varnar að ég fór á þetta kaffihús og spurði fyrir um töskuna, leitaði undir borðum en allt kom fyrir ekki.

En ósköp þótti mér þetta fallega gert og dásamlegt jólagóðverk. Þarna gróf þessi drengur upp símanúmerið mitt og hringdi í mig alla leið til Íslands. Þetta er eiginlega búið að breytast í fallega jólasögu sem ég jafnvel mun segja barnabörnum mínum á aðfangadag í framtíðinni í staðinn fyrir að lesa guðspjallið. Nei, nei djók. Allavega þá ættu allir að gera góðverk um jólin. Fjölskyldan mín ætlar til dæmis að gefa peningana til fólksins í Pakistans í staðinn fyrir að kaupa rándýra hreindýrasteik og munum við snæða ágætis gæs sem við fengum gefins. Ekki að ég ætli að eigna mér þessa hugmynd enda er ég hálffúl yfir því að fá ekki hreindýr en ég held kjafti því þetta er fallegt og á meðan ég tygg gæsina mun ég finna hlýju í brjóstinu. Því ætla ég að biðja alla þá sem eru að lesa þennan pistil að hringja upp í Unicef og gerast heimsforeldrar eða bara gera eitthvert annað góðverk og ég lofa að ykkur mun líða dásamlega í hjartanu. ■





...um hús og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 4 | 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 | 8 | 7 |
| 8 | 1 | 7 | 4 | 3 | 2 | 5 | 9 | 6 |
| 2 | 6 | 9 | 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 6 | 5 | 1 |
| 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 4 | 3 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 6 | 8 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 9 | | | 5 | |
| 5 | | | | | | | | 2 |
| 2 | 3 | | 1 | | 5 | | 9 | 6 |
| 6 | | | 2 | | 3 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 8 | | | 7 | | 6 | | | 3 |
| 3 | 6 | | 9 | | 8 | | 7 | 4 |
| 4 | | | | | | | | 9 |
| | 2 | | | 4 | | | 6 | |






ógesslega töff!
dívídí
Silvía Nótt
Ógesslega töff!
Vinsælasta jólagjöfin í ár!
Keyptu mig og taktu mig með þér heim svo að við getum orðið best frendo's.. en bara ef þú ert ógeðslega töff.. Ekki panikka því allir vinir þínir eiga eftir að grenja í þér að fá þetta lánað en þú elskar mig svo mikið að þú lætur aldrei neinn taka mig frá þér og horfa á mig.
75 mínútur af aukaefni
2.999
75! mínútur af aukaefni
DVD
Áritun
kl. 17 til 18
í dag í BT Smáralind
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**!** **Kl. 12.15**
***Yrsa Sigurðardóttir** les úr spennusögu sinni, Þriðja táknið, í bókasal Þjóðmenningarhússins í hádeginu. Á veitingastofunni verður einnig í boði blóðrauð rauðrófusúpa eða súpa dagsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Ómengaður djass

„Ólíkt öðrum djassböndum færir Roundtrip okkur tónlistina án þess að kaffæra hana í rokk-popp rusli," segir Germein Linares á vefsíðunni All About Jazz í dómi sínum um fyrsta disk norsku hljómsveitarinnar Roundtrip. Diskurinn kom út í mars á þessu ári, heitir Two Way Street og hefur hlotið góða dóma og frábærar viðtökur.

Þessi norska djasshljómsveit er komin til Íslands og verður með tónleika í Norræna húsinu í kvöld. Þeir hefjast klukkan 20.

Roundtrip var stofnuð árið 2002 af þeim Klaus Ellerhusen Holm á alt- og barítónsaxófón, Ole Morten Vågan á kontrabassa og Ole Thomas Kolberg á trommur. Þeir stunduðu allir nám við tónlistarháskólann í Þrándheimi. Upphaflega komu þeir fram undir nafninu Megatsunami, eða Risaflóðbylgjan, en eftir hörmungarnar í Asíu og þegar sænski víbrafónleikarinn Mathias Ståhl bættist í hópinn breyttu þeir nafninu í Roundtrip.

Í ágúst 2003 hlaut Roundtrip fyrstu verðlaun í norrænu djasskeppninni Young Nordic Jazz Comets. Þeir hafa síðan ferðast vítt og breitt um Norðurlöndin og nú er röðin komin að Íslandi.

Á tónleikunum í Norræna húsinu mun Davíð Þór Jónsson píanóleikari koma fram sem sérstakur gestur Roundtrip.





## > Ekki missa af ...

... útgáfutónleikum tangósveitarinnar **L'amour fou**, sem haldnir verða í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld.

... hinum árlegu jólatónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói á laugardaginn.

... **litlu jólum Rafrænnar Reykjavíkur** á Gauki á Stöng í kvöld. Þar verða öll helstu jólabörnin úr elektrógeiranum.

# Nálgast sex þúsund

Óðum styttist í að sex þúsundasti áhorfandinn bregði sér í Iðnó á sýninguna Ég er mín eigin kona, þar sem Hilmir Snær Guðnason fer á kostum. Síðustu sýningar fyrir jól verða nú um helgina, en haldið verður áfram eftir áramót.

Leikritið var frumsýnt í haust og hefur síðan notið gífurlegra vinsælda. Sýningar eru orðnar yfir fjörutíu talsins og hefur verið uppselt á þær flestar.

Leikritið er byggt á sannsögulegum atburðum. Aðalpersónan er Charlotte von Mahlsdorf, sem fæddist sem drengur en ákvað að lifa lífi sínu sem kona.

Hilmir Snær Guðnason leikur öll hlutverk sýningarinnar, sem eru 35 talsins og hefur hlotið frábæra dóma fyrir leik sinn. Leikstjóri er Stefán Baldursson og er sýningin fyrsta verkefni nýstofnaðs leikhúss þeirra Hilmis, Skámána og er unnin í samvinnu við Menningar-og listastofnun Kormáks og Skjaldar.

Leikritið hlaut fjölda verðlauna þegar það var frumsýnt í New York fyrir einu og hálfu ári. ■



**ÉG ER MÍN EIGIN KONA** Hilmir Snær í hlutverki Charlotte von Mahlsdorf.

# Saga komin út

Hausthefti *Sögu, Tímarits Sögufélags* er komið út. Að vanda inniheldur það fjölbreytt efni, til dæmis fjallar Unnur Birna Karlsdóttir ítarlega um vananir eða ófrjósemisaðgerðir hér á landi frá 1938 til 1975 og Sveinbjörn Rafnsson ræðir um Vatnsdælasögur og Kristnisögur.

Þá greinir Guðmundur Hálfdanarson frá sölu Skálholtsjarða undir lok 18. aldar, sem hann nefnir fyrsta uppboð á ríkiseignum hérlendis og Sverrir Jakobsson ræðir um endalok þrælahalds og vaxandi leiguliðabúskap á tímabilinu 1100-1400.

Viðhorfsgreinar eru þrjár eftir þá Árna Daníel Júlíusson, Matthías Á. Mathiesen og Gunnar Karlsson, og fjalla þeir m.a. um þjóðerni, ritstuld og fræðileg vinnubrögð. Þá skrifar Þór Bernharðsson um endurhönnun þriggja austfirskra sýninga, þ.e. á Seyðisfirði, Reyðarfirði og Hornafirði. Síðast en ekki síst er lífleg umfjöllun um fjölmargar nýlegar bækur í heftinu. Ritstjórar eru Guðmundur J. Guðmundsson og Páll Björnsson.




**FORSÍÐA SÖGU** Að venju inniheldur ritið fjölbreytt efni.






# Sex lúðrar blása með Diddú

Undanfarin níu ár hefur Sigrún Hjálmtýsdóttir komið fram á tónleikum í Mosfellskirkju skömmu fyrir jól með Blásarasextett Mosfellsbæjar. Þau eru farin að nefna sig „Diddú og drengina" og bjóða upp á fjölbreytta tónlist á sínum árvissu tónleikum í kvöld.

Blásarasextettinn er skipaður tveimur klarínettuleikurum, þeim Sigurði I. Snorrasyni og Kjartani Óskarssyni, tveimur hornleikurum, Emil Friðfinnssyni og Þorkeli Jóelssyni, og tveimur fagottleikurum, þeim Brjáni Ingasyni og Birni Árnasyni.

„Við erum bara með eitt stutt verk eftir Mozart í ár," segir Sigurður I. Snorrason, annar klarínettuleikaranna, en bætir því við að þau séu strax farin að hugsa til næsta árs, sem verður sannkallað Mozart-ár því þá verður þess minnst út um allan heim að 250 ár eru liðin frá fæðingu hans.

„Það verður mikill Mozart hjá okkur á næsta ári. Ég hugsa að hópurinn komi líka saman utan þessa jólatíma og haldi þá Mozart-tónleika."

Auk þessa verks eftir Mozart flytja þau í kvöld atriði úr óperu eftir Handel, tvær aríur og millipáttamúsík, þar á meðal einn þátt sem heitir Vopnadans. Á efnisskránni eru einnig verk eftir Bach, Mascagni og Atla Heimi Sveinsson.

Söngrödd og sex blásturshljóðfæri er frekar óvenjuleg samsetning, en Sigurður segir þetta bjóða upp á mikinn fjölbreytileika í tónlistarvali.

„Þegar maður er með þó þetta mörg hljóðfæri þá er hægt að útsetja fyrir okkur nánast hvað sem er, hvort sem það eru sálmar eða óperuaríur eða annað. Það heillaði okkur líka dálítið að bæta söngröddinni við, en það kallaði reyndar á vinnu því ekkert er til fyrir söngrödd og þennan hljóðfærahóp, þannig að það hefur þurft að útsetja sérstaklega fyrir okkur allt sem við höfum flutt."

Það er Kjartan Óskarsson, annar klarinettuleikaranna, sem hefur haft veg og vanda af öllum útsetningunum. Sum verkin flytja blásararnir síðan einir og óstuddir án söngraddarinnar, þannig að Diddú fær að hvíla sig inn á milli.



**Í MOSFELLSKIRKJU** Árvissir tónleikar Diddúar og blásaranna sex verða í Mosfellskirkju í kvöld.

„Við blöndum þessu nokkuð jafnt þótt hún sé auðvitað í aðalhlutverki."

Ávöxtur þessa samstarfs blásaranna sex og Diddúar kom út á geisladiski í fyrra, þar sem hún söng nítján uppáhalds Ave Maríurnar sínar og hlaut diskurinn afar góðar móttökur. Nokkrar af þessum Ave Maríum, sem eru á disknum, verða fluttar á tónleikunum í kvöld, en að auki flytja þau Diddú og drengirnir eina Ave Maríu sem ekki er að finna á plötunni.

„Við erum reyndar að frumflytja hana, en hún er eftir Loft Guðmundsson, þann merka ljósmyndara og kvikmyndagerðarmann. Hann samdi þetta þegar sonur hans gerðist kaþólskur prestur árið 1947."

Að sögn Sigurðar samdi Loftur ekki mikið af tónlist, „en það sem er þekkt eftir hann er gott".

Tónleikarnir í Mosfellskirkju hefjast klukkan 20.30 í kvöld. ■

# Útgáfutónleikar Daníels Ágústs

Tónlistarmaðurinn Daníel Ágúst Haraldsson heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni í kvöld í tilefni af útgáfu fyrstu sólóplötu hans, Swallowed a Star.

Platan, sem er gefin út af Smekkleysu og One Little Indian í Bretlandi, var í tæp fimm ár í vinnslu. Um er að ræða heilsteypta, epíska og magnþrungna poppplötu þar sem notast er við strengi, rafhljóð og slagverk. Seiðandi rödd Daníels Ágústs er þó ávallt í fyrirrúmi.

Daníel mun koma fram ásamt fimm manna strengjasveit sem í eru Gréta Guðnadóttir, Roland Hartwell, Guðmundur Kristmundsson, Sigurður Bjarki Gunnarsson og Hávarður Tryggvason. Sérstakir gestir verða Mr. Silla og hljómsveitin Rass.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 2.000 krónur. Forsala fer fram í plötubúð Smekkleysu við Laugaveg. ■



**DANÍEL ÁGÚST** Útgáfutónleikarnir í kvöld eru í tilefni af fyrstu sólóplötu hans, Swallowed a Star.

## NÝJAR BÆKUR



Í bókinni **Ritlist, prentlist, nýmiðlar** eftir Þorbjörn Broddason er stiklað á sögulegum áföngum í þróun boðskipta og fjölmiðlunar og þannig leitast við að varpa ljósi á rætur nútímafjölmiðlunar. Sjónarhorn höfundar er almennt og alþjóðlegt og vísað er til nokkurra merkustu kenningasmiða fjölmiðlafræðanna á tuttugustu öld, en jafnframt er textinn með sterku íslensku ívafi. Háskólaútgáfan gefur út.



Bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér bókina **Chelsea 1905-2005. Frá Feita-Willie til Eiðs Smára**. Höfundar eru Agnar Freyr Helgason og Guðjón Ingi Eiríksson.



Setberg hefur sent frá sér **Fyrstu orðabókina mína**. Þetta er sannkölluð orðabók barnanna með meira en 1000 litmyndum og mörg þúsund orð á íslensku, dönsku og ensku. Óskar Ingimarsson annaðist útgáfuna.



**ÚR TÁRI ÚR STEINI** Þröstur Leó Gunnarsson lék Jón Leifs.

# Tár úr steini á DVD disk

Í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá því að mynd Hilmars Oddssonar Tár úr steini, sem fjallaði um Jón Leifs tónskáld, kom út hefur Íslensk tónverkamiðstöð gefið út tveggja diska pakka sem inniheldur DVD disk með kvikmyndinni ásamt fjölbreyttu ítarefni og geisladisk með tónlistinni úr kvikmyndinni.

Þetta er í fyrsta skipti sem kvikmyndin Tár úr steini birtist á DVD, en hún kom út á VHS spólum á sínum tíma. Sú útgáfa er löngu uppseld og hefur kvikmyndin því verið ófáanleg um allnokkurt skeið. Skýringartextar eru á íslensku, ensku og þýsku og pakkanum fylgir vandaður bæklingur um tónlistarþátt kvikmyndarinnar. ■

# Málar túlípana og villiblóm

Myndlistamaðurinn Pétur Gautur opnar sýningu á laugardaginn í vinnustofu sinni klukkan fjögur. „Ég hef oft verið með sýningu á aðventunni og reyni að hafa notalega stemningu, jazztónlist og smá veitingar,“ segir Pétur. „Gamlir og nýjir kúnnar koma þá og gera sér glaðan dag en sýningin verður svo opin fram að jólum á milli klukkan fjögur og sex.“

Pétur hefur sérhæft sig í að mála uppstillingar og heldur því áfram. „Ég hef núna verið svolítið í því að mála íslensku flóruna, valmúgann og villiblóm svo það er smá nýjung en fellur samt undir þessa uppstillingahefð,“ segir Pétur og bætir því við að hann hafi byrjað á því að mála úti í náttúrunni. „Núna verður maður svo bara að sætta sig við að vinna inni og láta hugmyndaflugið ráða ferðinni. Oft kaupi ég líka blóm og mála á vinnustofunni. Ég er að bíða eftir því að túlípanarnir komi í verslanir en það eru blóm sem eru aldrei eins og aldrei kjurr.“

Pétur Gautur vinnur svo hörðum höndum við að undirbúa sýningu sem opnar í mars, á fertugsafmæli hans. „Þá verður sýning í Hafnarborg og það var mjög gaman að fá að komast að á afmælisdeginum,“ segir hann og bætir því við að allir séu velkomnir á sýninguna sem opnar á laugardaginn en hún fer fram á vinnustofu Péturs, á horni Njálsgötu og Snorrabrautar. ■



**PÉTUR GAUTUR** Hann opnar sýningu á vinnustofu sinni á laugardaginn.




# Litlu ófétin í Rifrildisskógi

**Rúna K. Tezschner gefur út sína fyrstu barnabók um jólin og fjallar hún um lítil krakkaóféti sem rífast stöðugt.**

Ófétabörnin er bók sem leynist í jólabókaflóði þessa árs og er skrifuð af Rúnu K. Tetzschner. Um er að ræða fallega barnabók sem flytur lesendum góðan boðskap.

„Bókin fjallar um ófétin litlu sem eru skrítnar verur sem búa í blómum í Rifrildisskógi og fljúga um á fiðrildum,“ segir Rúna. „Ófétin minna að vissu leyti á blómálfa en í stað vængja hafa þau krækiklær. Þau eru ekki vond heldur aðeins svolítið ófullkomin. Þau skiptast í tvo hópa; gullinhærð óféti og svarthærð óféti og öll eru þau sífellt að rífast og slást. Þegar líður á bókina komast þau svo að því að það er enginn munur á þeim fyrir utan háralitinn. Það kemur svo seinna í ljós í sögunni að þau hafa ekkert alltaf verið óféti heldur voru þau eitt sinn blómálfar en rifust svo mikið að vængirnir duttu af þeim.“



RÚNA K. TEZSCHNER Hún hefur áður gefið út ljóðabækur en hefur nú skrifað barnabók með fallegum boðskap.

Bókina prýða fallegar myndir sem einnig eru teiknaðar af Rúnu en hún hefur áður gefið út ljóðabækur. „Þetta á að vera fyrsta bókin af seríu en það fer eftir því hve vel gengur að selja og skrifa sögurnar, einnig er mjög tímafrekt að teikna myndirnar,“ segir hún. „Ég hef líka verið að skrautskrifa og myndskreyta ljóð og hef gefið þau út á plakötum. Ég tók eftir því að fólk var stundum að kaupa þetta handa börnum og fór í framhaldi af því að hugsa um að gera eitthvað sérstaklega handa þeim. Bókin er fyrir börn á aldrinum 4-9 ára og ég hef verið mikið að lesa hana í skólum og leikskólum og börnin eru mjög hrifin,“ segir Rúna og bætir því við að börnin hafi jafnvel elt hana út á götu. „Þau eru óskaplega hrifin af sögunni og ég hef heyrt að mörg börnin hafi verið að teikna lítil óféti í leikskólanum,“ segir hún og hlær. Bókin er gefin út af forlaginu Lítið ljós á jörð sem er í eigu Rúnu. „Ég hef einnig skrifað ljóð um litlu ófétin og Ósk Óskarsdóttir tónlistarkona hefur samið tónlist við þau. Það er því aldrei að vita nema lítill ófétageisladiskur líti dagsins ljós einhvern tíma í nánustu framtíð.“




ÓFÉTABÖRNIN Bókin fjallar um litlu ófétin í Rifrildisskógi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

11 12 13 **14** 15 16 17

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Aðventutónleikar verða haldnir í Hallgrímskirkju undir stjórn **Margrétar J. Pálmadóttur** þar sem fram koma fjórir kórar, **Gospelsystur Reykjavíkur, Stúlknakór Reykjavíkur, Vox Feminae** og **Vox Junior**. Á tónleikunum leikur **Ástríður Haraldsdóttir** á orgel, **Eiríkur Örn Pálsson** á trompet, **Hjörleifur Valsson** á fiðlu og **Kristján Þ. Stephensen** á óbó.
- 20.00 Norska djassbandið **Roundtrip** heldur tónleika í Norræna húsinu. Íslenski píanóleikarinn **Davíð Þór Jónsson** mun koma fram sem gestur á tónleikunum.
- 20.00 Í Seltjarnarneskirkju verður jólaskemmtun með sóprantríóinu **Sopranos**, þeim **Svönu Berglindi Karlsdóttur, Margréti Grétarsdóttur** og **Hörn Hrafnsdóttur**. Gestur verður hinn vinsæli bariton **Hrólfur Sæmundsson** en um undirleik sjá **Hólmfríður Sigurðardóttir** píanóleikari, **Guðmundur Hafsteinsson** trompetleikari og **Örnólfur Kristjánsson** sellóleikari.
- 20.00 Fjöldi tónlistarmanna spila á tónleikunum. **Megas** og **Súkkat, Lokbrá, Noise, Touch, Palinbrome , Brylli, Bob, We painted the walls** og margir fleiri tónlistarmenn koma fram á tónleikum á Gauki á Stöng undir yfirskriftinni “Hvar eru sannanirnar?”
- 20.30 **Sigrún Hjálmtýsdóttir** kemur fram á aðventutónleikum í Mosfellskirkju ásamt blásarasextett sem skipaður er klarínettuleikurunum **Sigurði I. Snorrasyni** og **Kjartani Óskarssyni**, hornleikurunum **Emil Friðfinnssyni** og **Þorkeli Jóelssyni** og fagottleikurunum **Brjáni Ingasyni** og **Birni Árnasyni**.
- 21.00 Í tilefni af útgáfu breiðskífunnar Swallowed a Star heldur **Daníel Ágúst** útgáfutónleika í Íslensku óperunni ásamt fimm manna strengjasveit skipaðri **Grétu Guðnadóttur, Roland Hartwell, Guðmundi Kristmundssyni, Sigurði Bjarka Gunnarssyni** og **Háværði Tryggvasyni**. Sérstakir gestir verða **Mr. Silla** og hljómsveitin **Rass**.
- 22.00 Hljómsveitirnar **Noise** og **Dimma** spila á Dillon.

### FYRIRLESTRAR

- 16.15 Nýr lektor við Kennaraháskóla Íslands, **Steinunn Gestsdóttir**, flytur fyrirlestur um mikilvægi sjálfstjórnar hjá börnum og unglingum. Fyrirlesturinn er í Bratta, fyrirlestrasal Kennararháskóla Íslands við Stakkahlíð.


ÖSKUBUSKA
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Björgvin Halldórsson Árogöld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005
3CD
Stórkostleg safnplata í næstu verslun

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið
SALKA VALKA
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
WOYZECK
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 21
KALLI Á ÞAKINU
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14
CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Nýja svið/Litla svið
ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV
Nemendaleikhúsið
Aðeins sýnt í desember
Fö 16/12 kl. 20 Lau 17/12 kl. 20
Su 18/12 kl. 20 Þr 27/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20
MANNTAFL
Mi 28/12 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!
GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
Miðasala á netinu
Borgarleikhúsið hefur opnað miðasölu á netinu
Einfalt og þægilegt á vefsíðunni www.borgarleikhus.is
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.
EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 nokkur sæti laus.
TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumsýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumsýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.
LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 uppselt, lau. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 uppselt, sun. 18/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fim. 22/12 kl. 13:00 uppselt, mið. 28/12 kl. 13:00 uppselt, aukasýning kl. 15:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 uppselt.
LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 15/12 kl. 21:00 Útgáfutónleikar L’Amour fou - Íslensku lögin.
Fös. 16/12 uppselt og lau. 17/12 örfá sæti laus - Jólahlaðborð Leikhúskjallarans.
Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum.
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
24. sýn. 28. des.
Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA
fim. 15.12 laus sæti
fös. 16.12 laus sæti
lau. 17.12 laus sæti
þri. 27.12 örfá sæti laus
mið. 28.12 laus sæti
fim. 29.12 uppselt
GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

Leikhópurinn Á senunni kynnir:
ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN
Sýnt í Tjarnarbíói Tjarnargötu 12.
Miðasala er hafin í síma 861 9535 og á senan@senan.is
mið. 14. des. kl. 10.00
fim. 15. des. kl. 10.00
lau. 17. des. kl. 17.00
sun. 18. des. kl. 14.00
sun. 18. des. kl. 16.00
ATH - AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!
www.senan.is



**SOPRANOS** Þær Hólmfríður píanóleikari og söngkonurnar Svana, Hörn og Margrét slá bæði á létta og alvarlega strengi á jólaskemmtun í Seltjarnarneskirkju í kvöld.

# Sopranos með allan pakkann

„Við ætlum að vera hryllilega skemmtileg,“ segir Svana Berglind Karlsdóttir um jólaskemmtun Sopranos, þriggja sópransöngkvenna sem ætla að bjóða upp á óborganlega jólatónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld.

„Við verðum með bland í poka, eitthvað fyrir alla, bæði hátíðlegt og fyndið, háklassík og létt. Þetta verður allur pakkinn.“

Með Svönu í tríóinu Sopranos syngja þær Margrét Grétarsdóttir og Hörn Hrafnsdóttir en um undileik sjá Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari, Guðmundur Hafsteinsson trompetleikari og Örnólfur Kristjánsson sellóleikari.

Gestur á tónleikunum verður hinn vinsæli bariton Hrólfur Sæmundsson, en hann kemur funheitur úr hommaóperunni „Gestur, síðasta máltíðin“, sem sýnd er í Iðnó um þessar mundir.

Á tónleikunum verður meðal annars frumflutt jólalag eftir Egil Gunnarsson tónskáld sem stundar nú mastersnám í tónsmíðum á Ítalíu. Hann hefur jafnframt útsett mikið af efni tónleikanna ásamt söngkonunum.

„Við ætlum til dæmis að flytja Ó, helga nótt í nýrri útsetningu eftir Egil, og svo flytjum við Leppur, Skreppur og Leiðindaskjóða eftir Gunnar Þórðarson sem Halli og Laddi sungu. Ég held að fólk eigi eftir að springa úr hlátri þá. Síðan verðum við með fullt af amerískum jólalögum, æðislega fallegum og væmnum.“

Um Sopranos geta menn fræðst betur á vefsíðum þeirra á www.sopranos.is, en jólaskemmtun þeirra í Seltjarnarneskirkju hefst klukkan 20 í kvöld.

# Sprettur úr skugga

„Þessi saga sprettur svolítið út úr skugganum eins og allar íslenskar þjóðsögur,“ segir Felix Bergsson leikari um Ævintýrið um Augastein. „Sagan er svolítið dimm þannig að þau yngstu eru aðeins með í maganum þegar Grýlan birtist en þau eru líka ofsalega hugrökk og stolt af því eftir á að hafa setið hana af sér.“ Fyrir jólin 2002 sendi Felix frá sér barnabókina Ævintýrið um Augastein og setti jafnframt upp samnefnda jólasýningu fyrir börn, sem var frumsýnd í London sama ár.



**FELIX OG KOLBRÚN** Þau Felix Bergsson og Kolbrún Halldórsdóttir eru komin af stað á ný með jólasýningu sína, Ævintýrið um Augastein.

„Við höfum síðan sýnt leikritið alltaf í desember,“ segir Felix, en í ár gefast þó ekki mörg tækifæri til þess að líta þessa fallegu sýningu augum. Í dag og á morgun verða nokkrar sýningar á verkinu í skólum og um helgina verða þrjár sýningar í Þjóðleikhúsinu en síðan ekki söguna meir.

„Þetta verða einu sýningarnar hjá okkur í ár. Við vorum á Akureyri í síðustu viku og það var meiriháttar. Mikil stemning.“




## FUNDIR

- 12.00 Landssamband sjálfstæðiskvenna og vefritið Tíkin standa fyrir hádegisfundi á Kaffi Sólon um stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsens og klofning Sjálfstæðisflokksins árið 1980. Framsögumaður verður **Guðni Th. Jóhannesson** sagnfræðingur. Pallborðsumræður leiða, ásamt Guðna, **Björn Bjarnason** dómsmálaráðherra og **Þorsteinn Pálsson** lögfræðingur og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins.

## BÆKUR

- 12.15 **Yrsa Sigurðardóttir** les úr spennusögu sinni, Þriðja tákninu, í bókasal Þjóðmenningarhússins í hádeginu. Súpa í boði á veitingastofunni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Vínardansleikur
á Hótel Örk laugardaginn 7. janúar

Fjáröflunardansleikur
Zontaklúbbs Selfoss
7. janúar 2006
Veislustjóri:
Steingrímur J. Sigfússon



Fordrykkur klukkan 19.00
Fjögurra rétta hátíðarkvöldverður
Vínartónlistardagskrá
Danssýning Vínardansa
Dansleikur til klukkan 03.00

Verð með gistingu:
10.600,- krónur
á mann í tvíbýli.
Verð án gistingar:
6.800,- krónur



Matreiðslumenn
Jakob V. Arnarson
Snorri Jóhannsson

Einsöngvari
Sigrún Hjálmtýsdóttir
Undirleikur
Anna Guðný Guðmundsdóttir
Einleikur á fiðlu
Sigrún Eðvaldsdóttir
Hljómsveitin Veislutríóið
Sigurður Ingvi, Anna Guðný,
Páll Einarsson og Sigrún
Eðvaldsdóttir spila fram á nótt.

Hótel Örk - Paradís rétt handan heiðar!

Samkvæmisklæðnaður skilyrði
Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is
HÓTEL ÖRK



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# FÓLKINU FINNST...



...yndislegt að gera sér glaðan dag í hádeginu í desember. Veitingastaðurinn Vox býður upp á dýrðlegt jólahlaðborð þar sem forréttirnir eru sérlega girnilegir, allt frá gröfnu lambi til síldarrétta. Svo er ekki slæmt að fá sér væna desertrétti og kaffi áður en haldið er í vinnuna aftur. Það verður bara að gæta þess að ganga hægt um gleðinnar dyr svo dagurinn fari ekki til ónýtis vegna ofáts.



...gaman að búa til hjartalaga pönnukökur handa ástvinum sínum, það er heldur ekki verra að fá þær í morgunmat. Hjartalaga formin er hægt að fá í versluninni Kokku á Laugavegi.

...nauðsynlegt að fara í nudd í öllu jólastressinu. Staðir eins og Mecca Spa, Nordica Spa og Laugar bjóða allir upp á fyrsta flokks nudd.



...gott að fá sér nokkra blómadropa á hverjum degi. Nokkrir dropar eru settir í glas og blandað með vatni. Hægt er að fá dropa við nánast hvernig líðan sem er.



Hver segir nei við sjálfsöryggi í fljótandi formi?

...frábært að gera jógaæfingar heima í stofu. Þetta er bara spurning um að vera með réttu dýnuna og að sjálfsögðu lipran fatnað.



# Hvernig haga námsmennirnir sér í prófunum?

Þegar dagurinn er sem stystur fer hinn vinnandi maður að koma sér í hið hefðbundna jólskap sem er svo skemmtilegt á þessum árstíma. Það má þó ekki gleyma blessuðum námsmönnunum sem strita bróðurpartinn úr desembermánuði til þess að ná prófunum sem lögð eru fyrir þá rétt fyrir jólahátíðina. Við spurðum nokkra nemendur við Háskóla Íslands hvernig þau haga hlutunum yfir mesta annatímann. Spurningarnar voru þessar: *Hvort borðar þú hollmeti eða óhollustu yfir prófatímann? Eyðir þú tíma í útlitið á morgnana þegar þú þarft að mæta snemma á bókhlöðuna?*


LILJA GUNNLAUGSDÓTTIR


SVANHILDUR ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR


JÓHANNES RUNÓLFSSON


SIGRÚN SVAVA VALDIMARSDÓTTIR


PÉTUR INGI PÉTURSSON


KONRÁÐ G. GUÐLAUGSSON


JÓHANN JÖKULL ÁSMUNDSSON

Sigrún Svava Valdimarsdóttir nemi: „Það er svona sitt lítið af hverju. Má eiginlega segja að það sé hollt og óhollt í bland. Ég eyði ekkert sérstaklega miklum tíma í útlitið þegar ég þarf að fara að læra."

Pétur Ingi Pétursson nemi: „Ég reyni að borða næringarríkan mat yfir prófatímann. Ég eyði samt ekki mjög miklum tíma í að hafa mig til á morgnana. Maður reynir þó að vera snyrtilegur."

Lilja Gunnlaugsdóttir nemi: „Ég borða yfirleitt bara eitthvað ruslfæði yfir prófatörnina en ég lít nú alltaf í spegilinn áður en ég fer út. Ég sleppi því nú ekki að fara í sturtu þrátt fyrir að ég sé að læra undir próf."

Jóhannes Runólfsson nemi: „Maður lætur bæði í sig hollt og óhollt, það er þó meira um óhollustuna en hitt. Ég eyði nær engum tíma í útlitið þegar ég vakna á morgnana. Það er bara farið beint út í hlöðu."

Konráð G. Guðlaugsson nemi: „Ég borða ekkert sérstaklega hollt, held ég. Það mætti alveg vera hollari fæða. Í samband við útlitið verð ég að segja að maður er bara nokkuð rólegur yfir útlitinu yfir þennan tíma. Maður leggur ekki mikla áherslu á það."

Jóhann Jökull Ásmundsson keramik-batik-listamaður og nemi: „Ég reyni að borða bara hollan mat, bara þetta helsta, Coco-puffs og egg. Maður safnar bólum og baugum þessa dagana við lesturinn. Ég hringi nú bara í stílistann minn á morgnana og fer í gegnum þessa venjulegu rútínu. Síðan er ég mættur á hlöðuna fljótlega eftir það."

Svanhildur Ásta Kristjánsdóttir nemi: „Ég reyni nú að borða bara það sama og venjulega þegar ég er í prófum. Vanalega borða ég frekar hollan mat. Ég geri lítið fyrir útlitið áður en ég mæti á hlöðuna á morgnana."


**DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR OG INGIBJÖRG HANNA BJARNADÓTTIR** Þær eiga saman hönnunarfyrirtækið Stella Design og hafa vakið mikla athygli með glösum sem nú eru til sölu í Epal.

# Hver á sitt eigið glas

Stella Design er nýtt hönnunarfyrirtæki sem rekið er af þeim Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur en þær hafa nú þegar vakið mikla athygli með hönnun sinni. Um er að ræða glös sem Epal hefur tekið til sölu en glösin prýða skemmtilegar myndir með fjölskylduþema. „Við sérhæfum okkur í að hanna grafík á gler og postulín og þessi glös eru fyrsta línan okkar," segir Ingibjörg Hanna. „Hugmyndin að glösunum kom upp þegar við vorum að ræða um hvernig hlutirnir voru þegar við vorum litlar. Þá var ekki neitt sem truflaði borðhaldið, fjölskyldan settist við matarborðið klukkan sjö og allir snæddu saman."

„Það var ekkert sjónvarp í eldhúsinu og fólk var ekki í sínu horni að borða kvöldmatinn eins og vill gerast nú á tímum," segir hún og bætir því við að þær hafi langað að fá fólk til að setjast niður og borða saman. „Ég veit ekki hvort glösin hafi þau áhrif en við gerðum glas fyrir hvern og einn. Eitt á mann, fyrir mömmu, pabba, krakkana, ömmu og afa."

Umbúðirnar utan um glösin hafa ekki síður vakið athygli en þær eru í formi gamaldags torfbæja. „Við pældum mikið í umbúðunum og vildum hafa þetta heilsteypt og nýta þetta íslenska þema. Þegar nokkrum glösum eru raðað saman mynda þau stóran torfbæ, við reynum að hafa svolítinn leik í þessu öllu saman."

Glösin hafa nú þegar fengið góðar viðtökur og segir Ingibjörg það hafa komið sér á óvart hve glösin höfða til margra. „Við héldum að börnin yrðu aðallega spennt fyrir þessu en það er fólk á öllum aldri sem fellur fyrir glösunum og jafnvel fullorðnir karlmenn," segir hún og hlær.

Ingibjörg og Dagný eru nú í samningaviðræðum um að selja glösin í Þýskalandi og segir Ingibjörg að það muni allt skýrast betur eftir áramót. „Við stefnum svo á að selja glösin í fleiri löndum í Evrópu og munum hanna fleiri línur."

hilda@frettabladid.is

# *Móttökuhátíð í Smáralind*




## *- Til hamingju Unnur Birna, Ungfrú heimur 2005 -*

*Við hjá Fegurðarsamkeppni Íslands og BROADWAY óskum þér og fjölskyldu þinni hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.*
*Þú stóðst undir öllum okkar væntingum og miklu meira en það.*

*Einnig viljum við nota tækifærið og þakka styrktar- og samstarfsaðilum sem gera okkur kleift að halda keppnina um UNGFRÚ ÍSLAND og HERRA ÍSLAND á ári hverju.*

***Í tilefni af heimkomu Unnar Birnu laugardaginn 17. desember, þá bjóðum við Íslendingum sem vilja heiðra MISS WORLD 2005 að hitta hana í Vetrargarðinum í Smáralind klukkan 17:00 ásamt Julia Morley eiganda MISS WORLD ORGANIZATION.***

*Arnar Laufdal*
*Veitingamaður og eigandi Fegurðarsamkeppni Íslands*

*Elín Gestsdóttir*
*Framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands*


BROADWAY

Sími 533-1100 - www.broadway.is

Stafræna prentsmiðjan 2005




**MÁLIN RÆDD** Hvort nýhilistarnir Haukur Már Helgason, Hildur Lilliendahl og Eiríkur Örn Norðdahl hafa verið að ræða stöðu ljóðsins skal ósagt látið, en Haukur og Eiríkur eiga báðir bækur í ritröðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR





**VINIR LJÓÐSINS** Þessi tvö litu við á efri hæð Dillon og nutu afurða og samskipta við Nýhilhópinn.



**NIKKAN ÞANIN** Hekla Einarsdóttir hafði ofan af fyrir gestum enda unna allir sannir nýhilistar harmóníkutónlist öðru fremur.



**DRIFKRAFTARNIR** Þór Steinarsson, markaðsstjóri Nýhil, og Viðar Þorsteinsson hafa staðið í ströngu við útgáfuna og voru að vonum ánægðir.

# LJÓÐ DREKKA BJÓR

Nýhil gerði sér glaðan dag á skemmtistaðnum Dillon á laugardagskvöld í tilefni þess að fyrstu bækurnar í ritröðinni Norrænar bókmenntir hafa litið dagsins ljós. Vinir og velunnarar Nýhil og ljóðsins létu sig ekki vanta og skáldleg spekin sveif yfir vötnum langt fram á nótt.

Alls koma út níu bækur í ritröðinni og á dögunum komu þær fyrstu fjórar út; Gamall þrjótur, nýir tímar eftir Örvar Þóreyjarson Smárason, Rispa jeppa eftir Hauk Má Helgason, Blandarabrandarar eftir Eirík Örn Norðdahl og Gleði og glötun eftir Óttar Martin Norðfjörð. Í vor koma út bækur eftir Kristínu Eiríksdóttur, Steinar Braga, Ófeig Sigurðsson, Val Brynjar Antonsson og Þórdísi Björnsdóttur.



**KAMPAKÁTUR** Örvar Þóreyjarson Smárason spjallaði við vinkonu sína og var hæstánægður með útgáfu bókar sinnar, Gamall þrjótur, nýir tímar.

# Brokeback Mountain með flestar tilnefningar

Brokeback Mountain, kvikmynd um hommakúreka eftir Ang Lee, er tilnefnd til sjö Golden Globenverðlauna en tilnefningarnar voru tilkynntar í gær. Verðlaunin þykja gefa sterka vísbendingu um það sem koma skal á óskarnum.

Brokeback Mountain hefur fengið frábæra dóma gagnrýnenda en hún snertir á viðkvæmu máli í þeim karlmennskuheimi sem veröld kúreka óneitanlega er. Myndin fær þó harða samkeppni í flokknum Besta dramatíska myndin. Þar mun hún etja kappi við The Constant Gardener í leikstjórn Fernandos Meirelles sem síðast gerði City of God, Good Night and Good Luck eftir George Clooney, David Cronenberg myndina A History of Violence auk Match Point sem Woody Allen gerði með Scarlett Johansson en hún er einnig tilnefnd fyrir leik í aðalhlutverki. Leikstjórarnir eru og allir tilefndir.

Önnur mynd sem stimplar sig rækilega inn fyrir kapphlaupið um Óskar frænda er Walk the Line sem gerir upphaf ástarsambands Johnnys Cash og June Carter góð skil. Myndin Munich er tilnefnd fyrir bestu leikstjórn og besta handritið en ekki sem besta myndin. Steven Spielberg er sagður vera þar með eldfimt efni í höndunum en hún fjallar um eftirmála hryðjuverkanna í Munchen árið 1972 og tekur á stirðri sambúð gyðinga og araba í Ísrael.

Nánast allar leikkonurnar í Aðþrengdum eiginkonum eru tilnefndar fyrir leik sinn í sjónvarpsflokknum og sem besta dramatíska þáttaröðin en þessar þáttaraðir nutu mikilla vinsælda hér á landi.



**TILNEFNINGARNAR TILKYNNTAR** Það voru þau Steve Carell og Kate Beckinsale sem tilkynntu hverjir hefðu verið tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES


GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!
TWO - DISC SPECIAL EDITION
BATMAN BEGINS
"ONE OF THE YEAR'S BEST FILMS. TWO THUMBS WAY UP."
THE HILLSIDE STRANGLER
THE CAVE
THE WEDDING DATE
TOM CRUISE
WAR OF THE WORLDS
NICOLAS CAGE
NATIONAL TREASURE
Ray
The Life and Death of PETER SELLERS
CONSTANTINE
crash
OCEAN'S TWELVE
HITCHHIKER'S GUIDE TO THE GALAXY
ashton kutcher
amanda peet
a lot like LOVE
HOUSE OF WAX
MILLION DOLLAR BABY
Shall we Dance?
SAM MYNDIR













**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar mun hafa í nógu að snúast fram að jólum.

# Hjálmar á Litla-Hrauni

Reggísveitin Hjálmar verður á faraldsfæti fram að jólum. Á fimmtudag mun sveitin spila á Litla-Hrauni og síðar sama dag spilar hún á Ránni í Keflavík.

Á föstudag spila Hjálmar ásamt Mugison og Trabant á Nasa og daginn eftir verður sveitin á Grand Rokk. Hljómsveitin Mammút sér um upphitun. Hjálmar eru að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, sem er samnefnd sveitinni. Styttist óðum í að hún nái gullsölu, eða 5.000 eintökum.

# Pabbinn hótar Law

Pabbi leikkonunnar Sienna Miller er sagður hafa hótað að drepa Jude Law ef hann heldur aftur framhjá Siennu.

Parið var statt í New York þar sem öll fjölskyldan koma saman til að fagna frumsýningu myndar Siennu, Casanova. „Hann lagði mikið á sig til að reyna að átta sig á því hvers konar maður hann væri. Ég sagði honum að ef hann gerði eitthvað þessu líkt aftur myndi ég drepa hann,“ sagði pabbinn.

Sienna ku vera mjög sátt við að vera byrjuð aftur með Law því hann sé besti vinur hennar sem hún gat einfaldlega ekki útilokað úr lífi sínu. Áður hafði Law viðurkennt að hafa haldið framhjá henni með barnfóstru þeirra, Daisy Wright, í júlí. „Ég er aðeins hluti af miklum meirihluta fólks sem hefur gengið í gegnum ótryggð í samböndum. Ég er ekki fyrsta manneskjan og verð ekki sú síðasta,“ sagði Sienna.



**MILLER OG LAW** Pabbi Siennu Miller hótar Law öllu illu ef hann heldur framhjá dóttur sinni aftur.



**COLIN FARRELL** Írski hjartaknúsarinn hefur skráð sig inn á meðferðarheimili.

# Farrell í meðferð

Írski leikarinn Colin Farrell er algjörlega örmagna og jafnframt háður verkjatöflum. Hefur hann skráð sig inn á meðferðarheimili til að ráða bót á vandanum.

Farrell fékk verkjatöflurnar eftir að hann meiddist í baki. Næsta mynd hins 29 ára Farrell er ævintýramyndin The New World. Hann hefur áður leikið í myndum á borð við Alexander og Phone Booth.



**MEGASUKK** Hljómsveitin Megasukk kemur fram á Gauki á Stöng í kvöld.

# Tónleikar vegna 11. september

Fjöldi hljómsveita kemur fram á tónleikum á Gauki á Stöng í kvöld til stuðnings 11. september-hreyfingunni. Yfirskrift tónleikanna er „Hvar eru sannanirnar?“

„Við erum að setja þrýsting á íslensk stjórnvöld að birta sönnunargögn fyrir því að al-Kaída stóð fyrir ellefta september,“ segir Stefán Þorgrímsson. „Bandarísk stjórnvöld hafa aldrei sýnt nein sönnunargögn um að Osama bin Laden og félagar hafi staðið á bak við árásina. Út frá þessum sönnunargögnum var farið í stríð við Afganistan og stríðið í Írak er í raun og veru afleiðing þess.“

11. september-hreyfingin var stofnuð 11. september á þessu ári en tilgangur hennar er að rannsaka hryðjuverkin 11. september og standa fyrir vitrænni umræðu um hryðjuverkin og afleiðingarnar sem þau hafa haft fyrir heiminn.

Hljómsveitirnar sem troða upp á Gauknum í kvöld eru Megasukk, Noise, Mammút, Touch, Lokbrá, Palindrome, Bent og 7berg, Bob, We painted the walls og Brylli. Aðgangseyrir er 500 krónur.



**GRAND THEFT AUTO**
Leikurinn er gefinn út fyrir PSP-leikjatölvuna.

# Sex geta spilað í einu

Rockstar Games fyrirtækið hefur gefið út leikinn Grand Theft Auto Liberty City Stories fyrir PSP-leikjatölvuna.

Núna er í fyrsta skipti er hægt að spila Grand Theft Auto í „multiplayer,“ en allt að sex geta spilað saman í leiknum í sex mismunandi „multiplayer“ möguleikum. Leikarinn Michael Madsen talar fyrir aðalpersónu leiksins, en þar að auki er leikurinn stútfullur af góðri tónlist. Einnig geta leikmenn sett sín eigin lög í leikinn. Leikurinn er bannaður innan 18 ára.

# Stunginn í bakið

## KVIKMYNDIR

**[UMFJÖLLUN]**



**THE ICE HARVEST**

LEIKSTJÓRN: HAROLD RAMIS

**Aðalhlutverk:** John Cusack, Billy Bob Thornton og Connie Nielsen

**Niðurstaða:** The Ice Harvest er svört kómedía sem gerist í smábæ um jólin. Í fyrstu virtist ekki um merkilegan pappír að ræða en myndin vinnur á og reynist vera hin besta skemmtun þegar allt kemur til alls.

Lögfræðingar í bandarískum kvikmyndum eru yfirleitt ógeð og illmenni. Í kvikmyndinni The Ice Harvest er Charlie Arglist engin undantekning á þeirri reglu. Hann er verjandi glæpaforingjans Bill Gerard sem svífst einskis í viðskiptum sínum en kauði rekur nektarbúllur og framleiðir klámmyndir milli þess sem hann limlestir fólk hér og þar. Charlie sér um að hreinsa upp skítinn eftir hann og nýtur fyrir það virðingar í smábænum Wichita.

Á einum eða öðrum tímapunkti ákveður lögfræðingaskömmin hins vegar, í samvinnu við aðstoðarmann Bill, að ræna yfirmann sinn. Þetta eru engir smáaurar heldur rúmar tvær milljónir dollara auk skiptimyntar. Það er þó enginn annars bróðir í leik og Charlie þarf að beita öllum hugsanlegum klækjum til að komast lífs af úr þessari svikamyllu.

Það er „film noir“ stíll yfir myndinni; lánlausa söguhetjan, tálkvendið, afmarkaðar aðstæður og draumurinn um að komast burt. Látlaus rigning og rauð jól gera umhverfið allt frekar dökkt. Myndin byggist á leik Johns Cusack og ef svo ólíklega vill til að kvikmyndahúsagestum líki ekki við þann ágæta leikara þá er The Ice Harvest ekki rétta myndin. Smásagan um fjölskyldu Charlie er bráðfyndin en hann missti konuna sína í hendur besta vinar síns sem nú er fyllibytta, þjakaður af samviskubiti og kynkaldri eiginkonu.

Handritið er oftast mjög gott en myndin missir aðeins dampinn á köflum. Það kemur þó ekki að sök því áðurnefndur Cusack og Billy Bob Thornton eru einfaldlega traustir leikarar. Helsti veikleiki myndarinnar er Connie Nielsen í hlutverki nektarbúlluеigandans Renötu en hún nær að bjarga sér fyrir horn. Randy Quaid er skemmtilegur í hlutverki illmennisins en hefði að ósekju mátt vera fyrirferðarmeiri.

The Ice Harvest kemur skemmtilega óvart. Kvikmyndin leit í fljótu bragði út fyrir að vera léleg jólamynd um tvo misheppnaða glæpona með Billy Bob Thornton (man einhver eftir Bandits?). Þegar á hólminn er komið reynist hún hins vegar vera prýðileg skemmtun með góðu plotti þar sem hnífstunga í bakið er ekki óalgeng.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI










ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 2-4-6-8-10 | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 2-6-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 1.50-5-8.10 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 2-4-6-8 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 10 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 8 | B.I. 16 |
| THE EXORCISM OF EMILY ROSE | KL. 11 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4.20-8-11.40 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5-7-9-11 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| NOEL | KL. 6-8 | |
| LORD OF WAR | KL. 10 | B.I. 16 |

Háskólabíó



**JÓLASTUÐ Í GRÁA SALNUM** Handverksfólk í Kristjaníu hefur á boðstólunum ýmsa óhefðbunda muni.

# Jól í Kristjaníu

Þrátt fyrir óvissuna um framtíð fríríkisins Kristjaníu í Kaupmannahöfn halda íbúarnir um þessar mundir sinn árlega jólamarkað í menningarmiðstöðinni Gráa salnum.

Þetta er staðurinn fyrir þá sem vilja gefa öðruvísi jólagjafir eða bara skoða fjölbreytt handverk. Enda er mikið úrval af heimagerðum varningi til sölu. Má til dæmis finna alls kyns óhefðbundna skartgripi, húfur, trefla, lampa og púða í hinum fjölmörgu sölubásum markaðarins. Stemmningin er nokkuð framandi því varningurinn er mjög litríkur, veitingarnar sérstakar og einnig er leyfilegt að prútta.

Jólamarkaðurinn nýtur mikilla vinsælda í Kaupmannahöfn og því ansi þröngt á þingi um helgar. Viðbúnaður lögreglu í Kristjaníu hefur aukist töluvert síðastliðið ár en óþarfi er að láta það fæla sig frá. Enda er auðvelt að komast á markaðinn án þess að ganga í gegnum það svæði þar sem hasssalarnir voru eitt sinn með bása sína. Markaðurinn er opinn alla daga til klukkan átta á kvöldin fram til 20. desember. ks

# Miðasala á GLC að hefjast

Miðasala á tónleika bresku rappsveitarinnar Goldie Lookin Chain sem verða 10. febrúar á Nasa hefst á fimmtudag klukkan 10.00.

Goldie Lookin Chain eru vinsælir í Bretlandi um þessar mundir. Má það rekja til grípandi laga, beittra texta og mikilla rapphæfileika þessara grínista og þjóðfélagsrýna. Á meðal vinsælla laga þeirra eru Guns Don´t Kill People, Rappers Do og Your Missus is a Nutter.

Tónleikarnir hérlendis eru hluti af ferð þeirra um Bretland og fjöldamörg Evrópulönd. Ísland er fyrsti viðkomustaður þeirra og því má búast við að þeir verði einstaklega ferskir og í miklu stuði. Átta manns eru í sveitinni og mikil spenna er í hópnum fyrir Íslandsheimsókninni, enda hefur



**GOLDIE LOOKIN CHAIN** Rappsveitin vinsæla heldur tónleika á Nasa í febrúar á næsta ári.

það í nokkurn tíma langað að koma hingað.

Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar í Reykjavík, BT á Akureyri og Selfossi, á Event.is og á Midi.is. Miðaverð er 3700 krónur auk miðagjalds. Aðeins 550 miðar eru í boði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Demi Moore hefur undanfarið verið í upptökuveri í Los Angeles að taka upp lagið Louie Louie fyrir næstu mynd sína sem fjallar um morðið á Robert F. Kennedy. „Hún er frekar góður söngvari og kom það eiginlega öllum á óvart,“ sagði heimildarmaður.



Söngvarinn George Michael var afar þunglyndur nokkru áður en hann hætti í hljómsveitinni Wham! á níunda áratugnum. Hann segir að þungu fargi hafi verið af sér létt þegar hann sagði skilið við sveitina. „Þunglyndi mitt áður en Wham! hætti var til staðar vegna þess að ég var að átta mig á því að ég væri samkynhneigður en ekki tvíkynhneigður. Ég var orðinn gríðarvinsæll sem gagnkynhneigður karlmaður þegar ég uppgötvaði að ég var samkynhneigður,“ sagði hann.



Söngkonan kynþokkafulla Shakira hefur ráðið prófessor í sögu til að kenna sér sögu þeirra staða sem hún ferðast til sem söngkona. Shakira er með greindarvísitölu upp á 140 og talar spænsku, portúgölsku og ensku reiprennandi. Hún hefur einnig lært að búa til höggmyndir en nú er röðin komin að sögunni.



Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, ákvað að náða ekki glæpamanninn Stanley „Tookie“ Williams, þrátt fyrir mikinn þrýsting þess efnis. „Tookie,“ hefur skrifað bækur þar sem hann varar ungt fólk við því að ganga í glæpaklíkur, var tekinn af lífi með banvænni sprautu í gær. Leikarinn Jamie Foxx og rapparinn Snoop Dogg voru á meðal þeirra sem óskuðu eftir því að „Tookie“ myndi sleppa við dauðadóminn.



# Sigur Rós komin í 27. sæti hjá Mojo

Fjórða hljóðversplata Sigur Rósar, Takk, er í 27. sæti yfir plötur ársins í hinu virta breska tónlistartímariti Mojo. Platan I Am a Bird Now með Antony and the Johnsons, sem hélt tvenna tónleika í Fríkirkjunni um síðustu helgi, er í efsta sæti.

Í tímaritinu er einnig viðtal við Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikara Sigur Rósar, þar sem hann er spurður um bestu tónlistina sem hann hafi heyrt á árinu. Nefnir hann hljómsveitina Aminu sem hefur spilað með Sigur Rós á tónleikaferðum þeirra um heiminn.

„Þær selja vanalega fleiri plötur en við á tónleikum. Þær hafa talað um að gera eigin tónlist mjög lengi en það var ekki fyrr en á þessu ári sem þær náðu að gera plötu saman (EP-platan Animanima). Okkur finnst flott hvernig þær spila á alls kyns strengjahljóðfæri, vínglös, sagir og fleiri hluti,“ segir Kjartan. „Við viljum samt ekki að þær verði of vinsælar því við þurfum á þeim að halda á tónleikaferðunum okkur því annars getum við ekki spilað helminginn af lögunum okkar.“

Bætir Kjartan því við að Amina sé að undirbúa hliðarverkefni undir nafninu Theramina.



**SIGUR RÓS** Platan Takk er í 27. sæti yfir bestu plötur ársins að mati Mojo.








## Kári skoraði

Kári Árnason var á skotskónum fyrir lið sitt Djurgarden í Skandinavíu-deildinni í fótbolta í gærkvöldi. Kári skoraði síðara mark síns liðs í 2-1 sigri danska liðinu Álaborg en með sigrinum náði Djurgarden toppsæti 3. riðils keppninnar.

# sport

sport@frettabladid.is

BALDUR INGIMAR AÐALSTEINSSON: ÆTLAR AÐ LEIKA HÉR Á LANDI NÆSTA SUMAR

## *Stendur í samningaviðræðum við Val*

Baldur Ingimar Aðalsteinsson, sem í haust sagði upp samningi sínum við Val, ætlar sér að leika hér á landi næsta sumar en hann er þessa dagana í samningaviðræðum við knattspyrnudeild Vals. „Það eru nú margar ástæður fyrir því að ég ætla mér að leika hér á landi. Ég og kærasta mín erum nýlega búin að eignast dóttur og það vegur þungt. Þar að auki er ég í áhugaverðu starfi hjá Vinnumálastofnun. Ég er að ræða við Val og reikna með því að ég semji við félagið aftur á næstunni.“

Baldur var einn af bestu leikmönnum Vals síðastliðið sumar og skoraði meðal annars sigurmark Vals í úrslitaleik VISA-bikarkeppninnar, þegar Valur lagði Fram að velli með einu marki gegn engu.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Valsmanna, segir það vera ánægjulegt að Baldur Ingimar verði í leikmannahópi Vals, en mikil óvissa hefur ríkt um nokkra leikmenn hjá félaginu, auk þess sem tveir leikmenn hafa nýlega yfirgefið herbúðir liðsins.

„Ég er búinn að vera frekar rólegur yfir þessari stöðu. Það er ánægjulegt að nú sé útlit fyrir að Baldur verði í leikmannahópnum. Hann var lykilmaður liðsins á síðastliðnu sumri og þess vegna er mikilvægt að halda honum áfram, sérstaklega í ljósi þess að við höfum verið að missa leikmenn að undanförnu. Grétar Sigurðsson er farinn í Víking og Garðar Gunnlaugsson til Skotlands. Það er líka óljóst með Stefán Helga Jónsson, Sigurð Sæberg Þorsteinsson og Kristin Lárusson, og það munar um minna. Þetta eru reynslumiklir leikmenn sem hafa staðið sig vel og þeir hafa gegnt lykilhlutverki utan vallar að auki. Ég reikna með því að við þurfum að leita út fyrir landsteinana eftir leikmönnum þar sem það er ekki hægt að finna leikmenn hér á landi sem geta fyllt þeirra skarð.“



## > Logi útilokar EM

Handboltamaðurinn Logi Geirsson hjá Lemgo þarf að taka sér hvíld frá handbolta til 16. janúar og hefur útilokað þátttöku með íslenska landsliðinu á EM í Sviss sem hefst í lok næsta mánaðar. Þetta varð ljóst eftir að myndataka leiddi í ljós að smávegis bakslag hefði átt sér stað í langri baráttu Loga um að ná sér góðum af þrálátum bakmeiðslum. „Ég hef þegar hringt í Viggó þjálfara og tjáð honum að ég muni ekki gefa kost á mér,“ sagði Logi við Fréttablaðið í gær en bætti því við að eftir að þessari hvíld væri lokið ætti hann að vera búinn að ná sér fullkomlega fyrir fullt og allt.



# Umdeildir styrkir frá KSÍ til knattspyrnufélaga

**Þórður Einarsson, starfsmaður íþróttafélagsins Leiknis í Reykjavík, segir það óskiljanlegt að aðeins félög í Landsbankadeildinni fái greiðslu frá UEFA. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir ekkert annað koma til greina.**

**FÓTBOLTI** Þórður Einarsson fer hörðum orðum um úthlutun styrkja frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, til knattspyrnufélaga í Landsbankadeildinni á heimasíðu félagsins, en tæplega fimmtíu milljónum króna var nýlega úthlutað til þeirra.

Sérstaklega gagnrýnir Þórður um 1,33 milljóna króna greiðslu sem öll félögin í Landsbankadeild fá. „Það er undarlegt að félögin í Landsbankadeildinni skuli fá allan þennan pening, því öll félög í landinu sem eru með uppeldisáætlun um unglingastarfið, og uppfylla þannig þau lágmarksskilyrði sem sett eru, geta í raun fengið hluta af þessum styrk. Það er ekkert sem segir að félögin í Landsbankadeildinni verði að fá allan þennan pening. Ég held, þvert á móti, að það sé mikilvægt fyrir öll íþróttafélög í landinu sem eru með metnaðarfullt unglingastarf, að fá hluta af þessum styrk. Þó að meistaraflokkur félags sé í efstu deild þá þarf það alls ekki að þýða að yngri flokka starfið sé ekki nógu metnaðarfullt. Það er einkennilegt að peningar frá UEFA sem eiga að fara í að efla knattspyrnustarf ungmenna í landinu, skuli allir fara til þeirra tíu félaga sem eru í efstu deild.“

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, segir skilyrði UEFA ekki gefa tilefni til annars en að félögin í efstu deild fái alla greiðsluna. „Það er einfaldlega þannig að félögin í efstu deild eru þau einu sem eru búin að taka upp leyfiskerfi sem UEFA er að innleiða um alla Evrópu, en við erum ekki komin lengra en svo að aðeins félögin í efstu deild uppfylla þau skilyrði sem UEFA setur. Þannig að það kemur því miður ekki annað til greina en að einungis félögin í efstu deild fái þessa greiðslu.“

Þórður segir skilyrðin hins vegar ekki gefa tilefni til þess, að aðeins félögin í Landsbankadeildinni geti fengið greiðslu. „Mér finnst það þröngsýni í forsvarsmönnum KSÍ að túlka skilyrðin þannig að aðeins félögin í Landsbankadeildinni hafi möguleika á því að fá greiðslu. Þau gefa að mínu mati ekki tilefni til þess að greiðslan fari einungis til félaga í efstu deild.“

magnush@frettabladid.is





**GEIR ÞORSTEINSSON OG ÞÓRÐUR EINARSSON** Deila um hvort réttmætt sé að lið utan efstu deildar fái ekki krónu af þeim 50 milljónum sem KSÍ var nýlega úthlutað frá UEFA.

**SKILYRÐI UEFA FYRIR GREIÐSLU TIL FÉLAGA:**

1. GREIÐSLAN FER Í GEGNUM VIÐKOMANDI KNATTSPYRNUSAMBAND.
2. AÐEINS FÉLÖG SEM HAFA UPPELDISÁÆTLUN SEM UPPFYLLIR LÁGMARKSKRÖFUR LEYFISKERFIS VIÐKOMANDI KNATTSPYRNUSAMBANDS VARÐANDI BARNA- OG UNGLINGASTARF GETA FENGIÐ GREIÐSLU.
3. FJÁRHÆÐIN SKIPTIST MILLI FÉLAGANNA SAMKVÆMT ÁKVÖRÐUN VIÐKOMANDI STJÓRNAR.
4. FÉLÖG SEM TÓKU ÞÁTT Í MEISTARADEILD EVRÓPU 2004/2005 FÁ EKKI HLUTDEILD Í ÞESSARI GREIÐSLU.



**FREDDIE LJUNGBERG** Er greinilega ekki ánægður með gengi Arsenal þessa dagana. Hann fær útrás fyrir reiði sinni með því að níðast á samherjum sínum.

Freddie Ljungberg og Kolo Toure:

## Lenti saman gegn Newcastle

**FÓTBOLTI** Þeim Freddie Ljungberg og Kole Toure, samherjunum hjá Arsenal, lenti saman undir lok leiksins gegn Newcastle um síðustu helgi og þurfti Shola Ameobi hjá Newcastle og Philip Senderos hjá Arsenal til að skilja þá að. Sænskir fjölmiðlar fjölluðu mikið um málið í gær en á myndbandsupptökum sést greinilega hvernig Ljungberg storkar Toure með því að ota höfðinu að höfði Toure sem svarar með því að ýta Svíanum knáa kröftuglega frá sér.

Ekki er vitað hvort forráðamenn Arsenal ætla að grípa til einhverra aðgerða vegna málsins en þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Ljungberg lendir upp á kant við samherja sinn því á HM í Japan og S-Kóreu árið 2002 slóst hann við Olaf Mellberg á einni æfingu sænska landsliðsins. **- vig**




GÓLF-MOTTUR

við innganginn borga sig

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

CORAL



Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is




**THEO WALCOTT** Er gríðarlega mikið efni.

Dave Bassett:

## Theo Walcott er ekki á förum

**FÓTBOLTI** Dave Bassett, sem nú stýrir liði Southampton í ensku 1. deildinni, segir það ekki koma til greina að selja ungstirnið Theo Walcott sem er aðeins sextán ára gamall, en er samt farinn að láta mikið að sér kveða með aðalliðinu. Hann hefur skorað nokkur mörk í vetur og eru öll stærstu liðin í úrvalsdeildinni farin að líta hýrum augum til pilts.

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda Theo í okkar röðum en hann hefur staðið sig feikilega vel að undanförnu. Ég skil vel að stærstu félög landsins séu að fylgjast með honum því hann hefur ótrúlega hæfileika. En ef ég fær einhverju ráðið, þá mun hann ekki fara frá Southampton fyrr en í fyrsta lagi eftir þrjú ár,“ sagði Bassett. **- mh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

11 12 13 **14** 15 16 17

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **ÍR** og **Haukar** mætast í DHL deild karla í handbolta í Austurbergi.

### SJÓNVARP

- 10.10 **Heimsmeistaramót félagsliða** á Sýn. Bein útsending fr´´a leik á mótinu.
- 16.20 **Heimsmeistaramót félagsliða** á Sýn.
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn. Þorsteinn Gunnarsson fær til sín góða gesti.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið verður yfir allar helstu fréttir dagsins.
- 18.30 **Sharapova** á Sýn. Þáttur um þessa ungu tennisdrottningu.
- 19.00 **Bikarmótið í fitness** á Sýn. Endursýning.
- 19.25 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Sýnd verða mörk Man. Utd.
- 20.20 **Best** á Sýn. Þáttur um þessa knattspyrnugoðsögn.
- 23.45 **Strákarnir í Celtic** á Sýn. Endursýndur þáttur.

Christian Wilhelmsson er að öllum líkindum á leið til Fiorentina:

# Algjör gullnáma fyrir Stabæk

**FÓTBOLTI** Forráðamenn norska liðsins Stabæk, sem vann sér sæti í úrvalsdeildinni í haust eftir árslanga dvöl í 1. deildinni, bíða nú og vona að Christian Wilhelmsson, sænski landsliðsmaðurinn hjá Anderlecht, nái samkomulagi við forráðamenn Fiorentina um kaup og kjör en belgíska liðið samþykkti tilboð ítalska liðsins upp á 300 milljónir króna í gær. Ástæðan er sú að Wilhelmsson, fyrrverandi leikmaður Stabæk en var seldur þaðan til Anderlecht fyrir tveimur árum. Og í samningi er að finna klásúlu þess efnis að Stabæk fái 12,5% kaupverðsins fari svo að hann verði seldur frá Anderlecht.

Talið er að Fiorentina muni bjóða um 300 milljónir króna í Wilhelmsson á næstu dögum, en hann hefur staðið sig frábærlega í Belgíu frá því hann kom þangað. Ef Anderlecht tekur tilboðinu þýðir það að Stabæk fær tæpar 40 milljónir króna, sem er sannkallaður happdrættisvinningur fyrir félag sem er nýkomið í úrvalsdeildina.

„Þegar við létum hann fara reiknuðum við með því að hann yrði seldur fyrr en síðar. Þess vegna lögðum við mikla áherslu á að fá þessa klásúlu í gegn,“ segir Tom Schelvan, framkvæmdastjóri Stabæk, en hjá liðinu leikur íslenski landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson. „Þessi peningur mun koma félaginu mjög vel og verða til þess að við getum styrkt liðið fyrir átökin í úrvalsdeildinni á næsta ári.“ **- vig**



**CHRISTIAN WILHELMSSON** Ætlar að reynast sínum gömlu vinnuveitendum í Stabæk einstaklega vel.


JÓLASPILIN
TILBOÐ 3.795,-
PARTY & CO
TILBOÐ 2.895,-
Rapidough
Frábært fjölskyldu- og partýspil þar sem þú mótar svörin til sigurs
THE Sudoku GAME
TILBOÐ 1.395,-
FRÁBÆRT VERÐ 499,-
Glertafl
Sprengju tilboð!
99,-
FRÁBÆRT VERÐ 699,-
Tafl í viðarkassa
3 spil í kassa.
Skák, Backgammon og Damm.
Hámark 3 kassar á mann
Allt til að pakka inn jólagjöfunum!
Pappír, kort, borðar og slaufur.
Sequence Dice
TILBOÐ 1.395,-
FRÁBÆRT VERÐ 299,-
Gamli góði Veltipétur
Tilboðin gilda til og með 19. desember 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.
Office 1 Superstore
Afgreiðslutímar verslana!
Offi e 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
laugardaga 11-18
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18
laugardaga frá 10-16
sunnudaga 12-16
Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is
Verð geta lækkað án fyrirvara



Margir Íslendingar eru á mála hjá liðum í Evrópukeppninni í handbolta:

# Ólafur og félagar fara til Slóveníu

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson og félagar hans í spænska liðinu Ciudad Real drógust gegn slóvensku meisturunum í Celje Lasko í 8-liða úrslitum meistaradeildarinnar í handbolta. Ljóst er að Ciudad á erfitt verkefni fyrir höndum en Celje er firnasterkt lið sem einmitt bar sigur úr býtum í meistaradeildinni fyrir tveimur árum.

Tveir „grannaslagir“ verða í 8-liða úrslitunum því að spænsku stórliðin Portland San Antonio og Barcelona, sem er ríkjandi meistari, drógust saman og þá munu þýsku liðin Kiel og Flensburg einnig mætast. „Þetta er hrikalegt, alveg hrikalegt,“ sagði Uwe Schwenker, þjálfari Flensburg, eftir dráttinn. „Þetta var eina liðið sem ég vildi ekki mæta í 8-liða úrslitunum. Nú á aðeins eitt þýskt lið möguleika á að komast í undanúrslitin og það segir sig sjálft að það er ekki gott fyrir þýskan handbolta,“ bætti hann við. Í fjórðu og síðustu viðureign 8-liða úrslita meistaradeildarinnar mætast síðan Montpellier frá Frakklandi og Fotéx Vesszprem frá Ungverjalandi.

Einnig var dregið í hinar þrjár Evrópukeppnirnar í gær og af Íslendingaliðunum má nefna að Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson og félagar í Lemgo taka á móti Dynamo Astrachan frá Austurríki í EHF-keppninni og Gummerbach, þar sem er að finna Guðjón Val Sigurðsson og Róbert Gunnarsson, mætir Bidasoa frá Spáni. Bjarni Fritzson hjá Creitel fer til Póllands og mætir KS Kielce og þá mætir danska Íslendingaliðið Skjern, þar sem er að finna þá Vigni Svarvarsson, Vilhjálm Halldórrsson, Jón Fannar Þorbjörnsson og þjálfarann Aron Kristjánsson, Constanta frá Rúmeníu í Evrópukeppni bikarhafa.

- vig

**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Fer með liði sínu Ciudad Real til Slóveníu þar sem það tekur á móti Celje Lasko. Ciudad Real hefur sett sér það markmið að vinna Meistaradeildina í ár.

# Kieron Dyer viðurkennir sjálfsmorðshugleiðingar

**Hinn einstaklega óheppni miðjumaður Newcastle, Kieron Dyer, greindi frá því í gær að hann hefði hugleitt að fremja sjálfsmorð eftir að hafa meiðst enn og aftur í eina leiknum sem hann hefur spilað í ár.**

**FÓTBOLTI** „Ég var í sjálfsmorðshugleiðingum eftir leikinn gegn WBA. Ég hef aldrei sokkið dýpra en þá,“ sagði Kieron Dyer, hinn magnaði leikmaður Newcastle, við The Guardian í gær en meiðslasaga hans síðustu tvö ár hefur verið með hreinum ólíkindum. Dyer hefur þurft að kljást við hvert óhappið á fætur öðru og má í raun segja að hann hafi ekki spilað heilan leik fullkomlega heill heilsu síðustu tvö tímabil. Dyer segir að sá tími komi að menn verði búnir að fá nóg af ástandinu.

Í ár hafa það verið hinar og þessar tognanir í bland við þunglyndi af verstu gerð sem hafa hrjáð Dyer. Hann kom þó við sögu í leik Newcastle gegn WBA í október og stóð sig frábærlega áður en meiðsli aftan í læri tóku sig upp á nýjan leik og hefur hann ekki spilað síðan. „Læknar félagsins, framkvæmdastjórinn og fjölskyldan mín tóku í taumana í tæka tíð og héldu áfram að styðja mig. Ég hefði ekki getað þetta án þeirra,“ segir Dyer, sem nú er á batavegi og vonast til að vera kominn aftur á fótboltavöllinn fyrr en síðar.

„Við spilum þetta eiginlega bara eftir eyranu. Ég er alveg hættur að gera mér neinar vonir,“ segir Dyer, en hann dvelur nú á læknasetri bresku ólympíuakademíunnar og reynir að fá sig góðan. „Ég veit að ég get hjálpað liðinu þegar ég get spilað. Eins og allir vita núna hef ég átt við margvísleg vandamál að stríða sem stuðningsmenn Newcastle vissu ekki af fyrr en félagið sendi frá sér tilkynningu í síðasta mánuði. Það var strax mikill léttir fyrir mig og í dag er ég ekki undir eins mikilli pressu að ná mér,“ segir Dyer en nýjustu rannsóknir benda til þess að rekja megi meiðslasögu hans til hlaupastílsins.

„Við erum að vinna í því að breyta hlaupastíl mínum því jafnvægi þarf að vera á milli fótanna. Ég er byrjaður að styrkja mig í náranum og eftir að ég hef náð fullum styrk er ég klár. Það verður vonandi fyrr en síðar.“

- vig



**KIERON DYER** Er líklega með óheppnustu knattspyrnumönnum Bretlandseyja en vonast til að geta beitt sér að fullu fyrr frekar en síðar.

Brasilíska knattspyrnugoðið Pele er farinn að spá í spilin fyrir HM:

# HM gæti ráðist á meiðslum

**FÓTBOLTI** Hinn brasilíski Pele, sem flestir telja besta knattspyrnumann sem uppi hefur verið, segir að úrslit heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi næsta sumar geti ráðist allt að mánuði áður en keppnin sjálf hefst. Pele á við að ef landsliðin lenda í því að missa lykilmenn í meiðsli geti skarðið orðið svo stórt að það verði einfaldlega ekki fyllt.

„Þetta snýst að miklu leyti um heppni. Sjáið bara Frakkland í síðustu heimsmeistarakeppni. Þá meiddust 2-3 frábærir leikmenn rétt fyrir mótið og voru fyrir vikið aðeins á hálfum hraða,“ segir Pele en FIFA hefur gefið það út að öll lið fái meiri tíma til að undirbúa sig fyrir þetta mót en áður hefur þekkst. „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir þjálfara að fá allt að fjórar vikur til undirbúa sitt lið. Þann tíma verður að nýta vel,“ segir Pele.

Sá brasilíski, sem er í guðatölu í heimalandi sínu og gríðarlega virtur, er þegar farinn að spá í spilin fyrir keppnina og segir hann Brasilíu vera liðið með sterkasta hópinn. „Þar eru margir stórkostlegir sóknarmenn en ef allir eru heilir tel ég að Carlos Alberto Perreira þjálfari muni leika með Ronaldo og Ronaldinho í fremstu víglínu,“ segir Pele sem jafnframt telur að Wayne Rooney geti orðið ein helsta stjarna keppninnar.

„Það er ekki hægt að finna marga galla á hans alhliða leikstíl og hann er stöðugt að bæta sig. Fyrir nokkrum árum sagði ég að hann gæti vel slegið í gegn á EM og það gerði hann. Í dag er hann betri leikmaður en hann var þá,“ segir Pele.

- vig



**PELE** Segir að meiðsli leikmanna muni ráða miklu um gengi þjóðar þeirra á HM.




Óskalisti veiðimannsins!
Kennslubók á íslensku fylgir
VEIÐIKLÆR
VHS myndband
Tilboð 1.500 kr.
LOOP
Vesti
Tilboð 7.700 kr.
Fluguhnýtingasett
með kennslubók á íslensku.
Tilboð 8.500 kr.
LOOP
Adventure vöðlujakki
Tilboð 21.900 kr.
LOOP
Polaroid veiðigleraugu
Tilboð 5.900 kr.
LOOP VARMAFÖT
Polartec Power Stretch
Tilboð 19.900 kr.
MAD DOG
Vöðlur og skór
Tilboð 16.900 kr.
LOOP
Flugustangarsett með öllu
Tilboð 17.900 kr.
ALLEN
Bakpoki
Tilboð 7.900 kr.
ALLEN
Byssupoki
Tilboð 4.900 kr.
LOOP
15' ADW tvíhenda, hjól og lína.
Tilboð 46.900 kr.
LOOP
Veiðihjólataska
Tilboð 7.900 kr.
Flugubox með
10 straumflugum og 10 púpum
Tilboð 5.500 kr.
LOOP
Mittistaska
Tilboð 4.900 kr.
CASS CREEK
Gæsaæfingartæki
Tilboð 3.500 kr.
MAD DOG
Growler camojakki
Tilboð 8.900 kr.
20.000 + JÓLAKAUPAUKI:
Þeir sem versla fyrir 20.000 kr. eða meira fá sætishlíf í kaupauka meða birgðir endast!
5.000 + JÓLAKAUPAUKI:
Ef keypt er fyrir 5.000 kr. eða meira fylgir VHS myndbandið "Veiðiklær" sem er um skotveiði, matargerð og náttúru, í kaupauka.
ÚTIVIST og VEIÐI
Síðumúla 11
108 Reykjavík
Sími: 588 6500
www.utivistogveidi.is
Opið í desember: Mánud. - föstud. 10-19, laugard. 11-18, sunnud. 11-16, Þorláksmessu 10-22 og aðfangadag 10-12
Blaðsíðuna má auðveldlega klippa út og nota sem óskalista fyrir hvaða veiðimann sem er!



**PAUL JEWELL** Jewell er ekki hrifinn af leikaraskap. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Paul Jewell um Mourinho:

## Hann misskildi McCulloch

**FÓTBOLTI** Paul Jewell, knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Wigan, segist ekki hafa trú á því að Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hafi verið að gagnrýna leikstíl Wigan þegar hann sakaði leikmann Wigan um leikaraskap í viðureign liðanna fyrir skömmu sem endaði með 1-0 sigri meistaranna.

„Ég skil Mourinho alveg. Það er ekki hægt að sætta sig við leikaraskap. Hann á ekki að vera hluti af leiknum,“ sagði Jewell en Mourinho er vanur að láta leikmenn sem hann telur sýna leikaraskap heyra það.

„Ég veit hins vegar að Lee McCulloch, sem Mourinho sakaði um leikaraskap, myndi aldrei gera slíkt. Þess vegna tek ég þessum ásökunum Mourinho ekki alvarlega. Ég held að hann hafi misskilið þetta eitthvað,“ sagði Jewell.

**- mh**

Rio Ferdinand óánægður með lífið þessa dagana:

# Slæmt andrúmsloft upp á síðkastið

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand, varnarmaður Manchester United, segir að vandi félagsins þessa dagana sé fyrst og fremst slæmt andrúmsloft í leikmannahópnum, en leikmenn liðsins hafa verið niðurlútir eftir að liðið féll út úr Evrópukeppninni.

„Við vitum allir að það er ekki ásættanlegt fyrir Man. Utd. að komast ekki áfram í Meistaradeild Evrópu. Síðustu dagar hafa verið erfiðir en við leikmenn erum samt staðráðnir í því að komast í gegnum þetta skeið. Við finnum fyrir pressunni og það reynir á okkur. Við þurfum að koma félaginu á sigurbraut á ný,“ sagði Ferdinand.

Miklar vangaveltur hafa verið um hvort Alex Ferguson eigi að halda áfram sem knattspyrnustjóri liðsins en Rio Ferdinand er ekki í nokkrum vafa um að hann sé rétti maðurinn til þess að halda áfram með liðið. „Það er enginn betri en Ferguson þegar kemur að því að rífa menn upp úr lægð. Hann mun vonandi halda áfram starfi sínu hér og á eflaust eftir að ná góðum árangri á nýjan leik.“



**RIO FERDINAND** Ferdinand segir lífið erfitt þessa dagana en reynir að horfa á björtu hliðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gleðifréttir fyrir Djurgården:

## Hysén ætlar ekki að fara

**FÓTBOLTI** Forráðamenn og stuðningsmenn sænsku meistaranna í Djurgården hoppuðu hæð sína af gleði í gær þegar sænski vængmaðurinn Tobias Hysén skrifaði undir nýjan þriggja ára samning við félagið. Hysén var langbesti leikmaður liðsins á síðustu leiktíð og voru fjölmörg erlend lið á eftir hinum 23 ára gamla leikmanni, sem hefur verið að brjóta sér leið inn í sænska landsliðið að undanförnu.

„Mér hefur liðið mjög vel allan minn tíma hjá félaginu og ég trúi því að liðið geti gert það gott í Evrópukeppninni á næstu árum. Þess vegna ákvað ég að vera áfram,“ segir Hysén en sem kunnugt er leika íslensku landsliðsmennirnir Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen með Djurgarden.

**- vig**

# Tveir meiddir í æfingahóp U-21 árs landsliðsins

**Lúkas Kostic, nýráðinn þjálfari U-21 árs landsliðs Íslands, hefur boðað 36 leikmenn á fyrstu æfingar sínar. Athygli vekur að tveir leikmannana eru meiddir.**

**FÓTBOLTI** Athygli vekur að Lúkas Kostic, þjálfari U-21 landsliðs Íslands í knattspyrnu, velur tvo leikmenn í æfingahóp U-21 landsliðsins sem ennþá eru ekki leikfærir, en það eru Sverrir Garðarsson hjá FH og Keflvíkingurinn Ingvi Rafn Guðmundsson. Þeir eru báðir að jafna sig eftir erfið meiðsli og geta því ekki beitt sér á æfingunum sem fara fram 17. og 18. desember, en þetta er fyrsti hópurinn sem Lúkas velur síðan hann tók við þjálfun U-21 landsliðsins.

Lúkas segist gera þetta viljandi þar sem hann telur þá þurfa á stuðningi hans að halda.

„Ég hef fylgst vel með ungum leikmönnum á Íslandi undanfarin ár og þekki vel til þeirra flestra. Mér finnst mikilvægt að sýna efnilegum leikmönnum traust því það getur verið erfitt að lenda í slæmum meiðslum á þessum aldri. Ég valdi því Sverri og Ingva Rafn í hópinn vegna þess að ég tel þá mikilvæga leikmenn og á meðan þeir geta ekki leikið með liðinu mæta þeir á æfingar og fylgjast með þeim áherslum sem ég notast við inni á vellinum.“



**LÚKAS KOSTIC** Lúkas tók við U-21 landsliði Íslands af Eyjólfi Sverrissyni, sem var ráðinn þjálfari A-landsliðs karla. Hann þjálfaði áður U-17 landslið Íslands. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Íslandsmeistarar FH eiga flesta fulltrúa en sex leikmenn félagsins eru í æfingahópnum. Breiðablik kemur næst með fimm fulltrúa en önnur félög eru með færri leikmenn.

Lúkas segir unga leikmenn á Íslandi vera sambærilega jafnöldrum sínum í Evrópu. „Og vonandi get ég komið saman góðu liði. Ég treysti öllum þeim leikmönnum sem ég vel á æfingar hjá mér. Ég ætla að vinna samviskusamlega með þeim leikmönnum sem ég boða á æfingar og vonandi nær liðið góðum árangri.“

**- mh**

**ÆFINGAHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **MARKVERÐIR:** | |
| HRAFN DAVÍÐSSON | ÍBV |
| **MAGNÚS ÞORMAR** | **KEFLAVÍK** |
| **AÐRIR LEIKMENN:** | |
| ELLERT HREINSSON | BREIÐABLIK |
| **GUÐMANN ÞÓRISSON** | **BREIÐABLIK** |
| GUNNAR ÖRN JÓNSSON | BREIÐABLIK |
| **KÁRI ÁRSÆLSSON** | **BREIÐABLIK** |
| STEINÞÓR ÞORSTEINSSON | BREIÐABLIK |
| **ATLI GUÐNASON** | **FH** |
| DAVÍÐ VIÐARSSON | FH |
| **HEIMIR GUÐMUNDSSON** | **FH** |
| MATTHÍAS VILHJÁLMSSON | FH |
| **SVERRIR GARÐARSSON** | **FH** |
| TÓMAS LEIFSSON | FH |
| **GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON** | **FRAM** |
| HEIÐAR GEIR JÚLÍUSSON | FRAM |
| **KRISTJÁN HAUKSSON** | **FRAM** |
| EYJÓLFUR HÉÐINSSON | FYLKIR |
| **KJARTAN ÁGÚST BREIÐDAL** | **FYLKIR** |
| RAGNAR SIGURÐSSON | FYLKIR |
| **ÓSKAR ÖRN HAUKSSON** | **GRINDAVÍK** |
| FINNUR ÓLAFSSON | HK |
| **ANDRI JÚLÍUSSON** | **ÍA** |
| HAFÞÓR VILHJÁLMSSON | ÍA |
| **HELGI PÉTUR MAGNÚSSON** | **ÍA** |
| ANDRI ÓLAFSSON | ÍBV |
| **BJARNI HÓLM AÐALSTEINSSON** | **ÍBV** |
| ARNALDUR SMÁRI STEFÁNSSON | ÍR |
| **JÓN GUNNAR EYSTEINSSON** | **KA** |
| BALDUR SIGURÐSSON | KEFLAVÍK |
| **GUNNAR HILMAR KRISTINSSON** | **KEFLAVÍK** |
| INGVI RAFN GUÐMUNDSSON | KEFLAVÍK |
| **GUNNAR KRISTJÁNSSON** | **KR** |
| KRISTINN MAGNÚSSON | KR |
| **SÖLVI DAVÍÐSSON** | **KR** |
| GUÐJÓN BALDVINSSON | STJARNAN |
| **PÁLMI RAFN PÁLMASON** | **VALUR** |

Jólahlaðborð Chelsea var haldið á sunnudaginn og fór úr böndunum:

# Eiður Smári reyndi að róa niður mannskapinn

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í hlutverki sáttasemjara á jólahlaðborði Chelsea sem fram fór á sunnudagskvöldið, að því er enska götublaðið The Sun greinir frá. Partíið fór gjörsamlega úr böndunum og mátti engu muna að upp úr syði á milli dyravarða og nokkurra leikmanna Chelsea.

„Þegar speglarnir í salnum voru brotnir héldu veisluhaldarar að þeir hefðu misst stjórn á hlutunum. Leikmönnum var sagt að róa sig niður og Eiður Smári Guðjohnsen gekk á milli manna og reyndi að koma vitinu fyrir þá auk þess sem hann bað starfsfólkið um að henda engum út úr veislunni,“ sagði sjónarvottur að uppákomunni við The Sun, en hann vildi ekki koma fram undir nafni.



**FÉLAGAR** John Terry héldu engin bönd á barnum á jólahlaðborðinu hjá Chelsea um helgina en Eiður Smári var í því að koma reglu á svæðið.

Fyrirliðinn John Terry fór mikinn í boðinu eftir að hafa unnið rúmar 20 milljónir króna í spilavíti skömmu fyrir hlaðborðið og segist The Sun hafa heimildir fyrir því að Terry hafi borgað alla drykki í hófinu. Hljóðaði reikningur hans á barnum upp á 1,8 milljónir króna, sem er rétt rúmlega þau dagslaun sem hann hefur hjá Chelsea. „John skemmti sér augljóslega mjög vel og sagði dyravörðum að hleypa öllum fallegum stúlkum inn í partíið,“ sagði heimildarmaðurinn.

Knattspyrnustjórinn Jose Mourinho var ekki í veislunni og kaus þess í stað að taka á móti verðlaunum frá BBC sem persónuleiki ársins í íþróttaheiminum á Englandi. „Ég fór ekki vegna þess að þetta var þeirra partí. Leikmennirnir hafa verið frábærir í ár og áttu þetta skilið. Ég gaf þeim frí á mánudeginum til að jafna sig,“ sagði Mourinho sem hefði líklega betur átt að láta sjá sig til að hafa hemil á lærisveinum sínum.

„Þetta eru ungir drengir sem verða stundum að gera það sem þeim líkar að gera. Ég vill ekkert hafa með slíka hluti að gera. Þeir mega ekki halda að ég sé þarna að fylgjast með þeim,“ segir Mourinho.

**- vig**



**JAY BOTHOROYD** Bothroyd fer í frekari rannsóknir vegna yfirliða á næstunni. FRETTABLAÐIÐ/GETTY

Jay Boythroyd hjá Charlton:

## Féll í yfirlið og klessti á staur

**FÓTBOLTI** Jay Bothroyd, liðsfélagi Hermanns Hreiðarssonar hjá Charlton Athletic, lenti í óvenjulegu bílslysi fyrir skemmstu en hann féll í yfirlið meðan hann var að keyra bíl og endaði ökuferðina á rafmagnsstaur.

Peter Varney, talsmaður Charlton, var þó vongóður um að Boythroyd myndi ná sér fljótt. „Ég hef rætt við Boythroyd og umboðsmann hans. Við höfum áhyggjur af honum vegna þess að það hefur liðið yfir hann áður. Hann mun fara í frekari rannsóknir á næstunni og við munum fylgjast vel með þeim,” sagði Varney en jafnvel er talið að Bothroyd þjáist af einhverskonar mígreni.

Bothroyd, sem meðal annars hefur leikið með Blackburn Rovers og Perugia, hefur leikið ágætlega með Charlton á tímabilinu en hann hefur þó verið töluvert á varamannabekknum.

**- mh**



**MICHAEL OWEN** Owen hefur staðið sig ágætlega með liði Newcastle síðan hann kom til liðsins frá Real Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Michael Owen:

## Þurfum á sigrum að halda

**FÓTBOLTI** Enski landsliðsmiðherjinn Michael Owen vonast til þess að lið hans Newcastle United komist á sigurbraut eftir að liðið lagði Arsenal, 1-0. „Mér hefur ekki liðið jafn vel eftir sigur í langan tíma. Það skiptir mig miklu máli að vera í sigursælu liði og auðvitað vil ég að Newcastle vinni sem flesta leiki. Það er undir okkur komið að ná góðum árangri.“

Owen hefur verið óheppinn með meiðsli síðan hann kom til Newcastle en hann vonast nú til þess að þau séu að baki. „Núna er ég að komast í mitt besta form. Ég verð að skora mörk í næstu leikjum til þess að öðlast meira sjálfsöryggi.“

**- mh**



**ANNIKA SÖRENSTAM** Hefur verið valin kylfingur ársins.

Annika Sörenstam:

# Komin í sögubækurnar

Sænski kylfingurinn Annika Sörenstam varð í dag fyrsta konan til að hljóta hina virtu nafnbót kylfingur ársins hjá íþróttafréttamönnum tvisvar á ferlinum, en það hefur ekki gerst áður í 55 ára sögu verðlauna þessara. Sörenstam hefur fyrir löngu sannað sig sem langbesti kvenkyns kylfingur heims og hafði mikla yfirburði í ár.

Sörenstam vann verðlaunin síðast fyrir tveimur árum, en hún hlaut þau í ár eftir harða samkeppni við Colin Montgomerie og Michael Campbell.

Rick Parry hjá Liverpool:

# Verðum með í baráttunni

Rick Parry hjá Liverpool segir að markmið Liverpool um að blanda sér í slaginn um toppsætið í úrvalsdeildinni sé raunhæft og segir Rafa Benitez vera rétta manninn til að stýra liðinu á sigurbraut.

„Við erum mjög ánægðir með störf Benitez og árangurinn sem hann hefur náð kemur okkur ekkert á óvart. Það er gaman að sjá hve vel leikmennirnir bregðast við kröfum hans og það er hungur og metnaður í hópnum. Við erum ánægðir með árangurinn í fyrra, en það eina sem vantar núna er að bæta við deildarmeistaratitlum. Liðið er óðum að verða sterkara og næstu ár verða mjög spennandi fyrir Liverpool,“ sagði Parry.



**MICHAEL SCUMACHER** Ætlar að endurheimta heimsmeistaratitil ökumanna á næsta tímabili.

Formúla 1:

# Ekkert frí hjá Schumacher

**FORMÚLA** Fyrrum margfaldur heimsmeistari í Formúlu 1, Þjóðverjinn Michael Schumacher, sleppti því að taka sitt venjubundna vetrarfrí í ár eins og hann hefur gert undanfarið og hefur þess í stað fylgst náið með prófunum á Ferrari-bílnum og segist ekki geta beðið eftir að byrja að keyra á ný.

Schumacher vann fimm titla í röð þar til hinn ungi Fernando Alonso hirti af honum titilinn í haust og nú er útlit fyrir að Schumacher ætli ekki að láta það endurtaka sig. „Ég þurfti ekki á neinu fríi að halda og langaði heldur ekki að fara í frí, svo að undirbúningur minn fyrir 2006 tímabilið er þegar hafinn,“ sagði Schumacher ákveðinn. „Mig langaði að fara strax aftur að keyra og ég hlakka til að byrja,“ bætti hinn 36 ára gamli ökumaður við.

Handknattleiksmaðurinn Einar Hólmgeirsson:

# Framlengir við Grosswallstad

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson hefur ákveðið að framlengja samning sinn við þýska úrvalsdeildarfélagið Grosswallstad og mun hann skrifa undir tveggja ára samning á næstum dögum. Í samningnum er að finna ákvæði sem segir að Einar geti verið keyptur frá félaginu frá og með næstu jólum en mörg af stærstu liðum Þýskalands höfðu verið að bera víurnar í Einar.

„Þessi lið gerðu aldrei neitt meira en að lýsa yfir áhuga. Ég fékk aldrei formlegt tilboð og þau voru greinilega ekki tilbúin að bjóða í mig. Og ég vildi ekkert vera að láta hafa mig að fífli þrátt fyrir að einhver stórlið væru að bíða eftir mér og vildi ekki missa af þessum samning við Grosswallstad,“ sagði Einar við Fréttablaðið í gær og bætti því að um mjög viðunandi samning væri að ræða. Flensburg, Magdeburg, Hamburg og Gummersbach eru á meðal þeirra liða sem höfðu litið til Einars en hann hefur vaxið mjög á þeim tveimur árum sem hann hefur spilað fyrir Grosswallstad.

Einar lenti upp á kant við þjálfara sinn fyrir skemmstu og þurfti að dúsa stærstan hluta nokkurra leikja á bekknum. Hann er nú hins vegar byrjaður að spila á fullu á ný og segir þau mál úr sögunni. „Ég og þjálfarinn höfum rætt saman og það er allt í góðu. Ég er mjög ánægður með að vera búinn að ganga frá þessu og þetta er niðurstaða sem allir eru sáttir við.“



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Ætlar að framlengja samning sinn við Grosswallstad um tvö ár en hefur þó ekki gefið upp bátinn á að ganga til liðs við stærra félag.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The most beautiful thing in the world is a match well made.“**

**Svar:** Emma Woodhouse úr kvikmyndinni Emmu frá árinu 1996.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON HLAKKAR EKKERT SÉRSTAKLEGA TIL NAMMIDAGANNA

# *Okkur er ekkert mannlegt viðkomandi*



„Laugardagar eru nammidagar,“ heyri ég þulinn á Skjá einum segja reglulega með sinni drynjandi rödd. Vísar hann þar til þess að á laugardögum er nær eingöngu endursýnt efni á dagskrá. Hann er góður leikari, þulurinn, og ljær þessari fullyrðingu mikla sannfæringu; rétt eins og hann trúi því raunverulega að það sé verið að gera virkilega vel við áhorfendur. Ekki nema von að menn þurfi að vera fjögur ár í leiklistarskóla. Ég hugsa að það myndu renna á mig tvær grímur ef einhver byði mér kvöldmat og reyndi að sannfæra mig um það að kássan sem hann hefði mallað úr afgöngum liðinnar viku væri dýrindis krás.

Allt um það. Íslensk sjónvarpsframleiðsla er þakklátt sjónvarpsefni og það veit herra Ísland, Ólafur Geir Jónsson. Um skeið hefur hann haldið úti sjónvarpsstöðinni Splash.is á netinu en nú fært út kvíarnar og verða þættirnir sýndir reglulega á Sirkus með hækkandi sól á nýju ári. Þættirnir ganga út á það að herra Ísland fer út á galeiðuna í Reykjanesbæ og gerir skemmtana- og mannlífinu þar skil með sínu hætti. Af þáttunum að dæma skín sólin daglega í Keflavík, á hverju götuhorni eru undirfatasýningar og fræðsla um hjálpartæki ástarlífsins er svo gott sem partur af námsskrá grunnskólanna.

Sjálfsagt eiga nokkrir, jafnvel margir, eftir að horfa – maður er manns gaman og allt það. Ég held hins vegar að það sé tímabært að íslenskir sjónvarpsframleiðendur vendi kvæði sínu í kross og geri sjónvarpsþátt sem er ekkert mannlegt viðkomandi. Ég hugsa að dagur í lífi véla í frystihúsum landsins eða þættir úr sögu bylgjupappans væru... tja... ekki mikið meira niðurdrepandi en það sem herra Ísland býður upp á.



▶ 21.25 *Gaman*

SKEMMTIÞÁTTUR CATHERINE TATE



▶ 19.45 *Gaman*

THE SIMPSONS



▶ 21.50 *Drama*

RESCUE ME



▶ 20.00 *Matur*

JAMIE OLIVER'S SCHOOL DINNERS



▶ 19.25 *Fótbolti*

BESTU BIKARMÖRKIN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (13:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Disneystundin **17.56** Lílo og Stitch (51:65) **18.18** Sígildar teiknimyndir (13:42) **18.25** Mikki mús (13:13)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (14:24)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (13:22)**
▶ **21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (5:6)** (The Catherine Tate Show) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Juan Diego Florez** (The South Bank Show: Juan Diego Florez) Breskur þáttur um perúska tenórsöngvarann Juan Diego Florez sem er ein skærasta stjarnan á óperusviðum heimsins um þessar mundir.

**23.30** Bergsveinn gerir September í Puk **0.00** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Strong Medicine **11.05** Whose Line is it Anyway **11.30** Night Court **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Sjálfstætt fólk **14.30** Wife Swap 2 **15.15** Kevin Hill **16.00** Barnaefni **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Galdrabókin (14:24)** Nýtt íslenskt jóladagatal þar sem leikbrúður eru í aðalhlutverki.
▶ **19.45 The Simpsons (3:22)** Hómer er í skýjunum þegar hann fær aukavinnu sem matargagnrýnandi í Springfield Shopper.
**20.10 Strákarnir**
**20.40 Supernanny (6:11)** (Ofurfóstran í Bandaríkjunum) Frost hefur slegið rækilega í gegn beggja vegna Atlantshafs.
**21.25 Oprah (18:145)**
**22.10 Missing (6:18)** Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks.
**22.55 Strong Medicine (10:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)

**23.45** Stelpurnar **0.10** Most Haunted **0.55** Footballer's Wives **1.40** Numbers (B. börnum) **2.20** Joe Somebody **3.55** Twenty Four 3 (e) **4.35** Silent Witness **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Game TV**
**19.30 Game TV**
**20.00 Friends 5 (12:23)**
**20.30 Party at the Palms (4:12)** Playboy fyrirsætan, Jenny McCarthy, fer með áhorfendurna út á lífið í Las Vegas.
**21.00 So You Think You Can Dance (11:12)**
▶ **21.50 Rescue Me (11:13)** (Bitch)Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York þar sem alltaf eitthvað er í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra karlana.
**22.35 Laguna Beach (11:11)** Velkomin til paradísar, betur þekkt sem Laguna Beach í Kaliforníu.

**23.00** Fabulous Life of (5:20) **23.25** Friends 5 (12:23) (e) **23.50** The Newlyweds (8:30) **0.15** Tru Calling (8:20)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið (e)** Umsjón hafa Hlynur Sigurðsson og Þyri Ásta Hafsteinsdóttir.
**19.30 Will & Grace (e)**
▶ **20.00 Jamie Oliver's School Dinners** Jamie fer til Durham sem er þekkt fyrir að vera ein óheilbrigðasta sýslan í Bretlandi varðandi matarvenjur. Hann fer aftur í grunnskóla og er steinhissa á því hvað krakkarnir eru vanir að láta ofan í sig. Hann fer með börnin á bóndabýli og fær þau til þess að smakka mat sem að þau ertu ekki vön að borða.
**21.00 Sirrý**
**22.00 Law & Order: SVU**
**22.50 Sex and the City – 2. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Everybody loves Raymond **1.50** Da Vinci's Inquest **2.35** Fasteignasjónvarpið (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**10.10** FIFA World Cup Championship 2006

**16.20** FIFA World Cup Championship 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Sharapova** Sharapova er ein skærasta Tennisstjarna heims í dag.
**19.00 Bikarmótið í fitness 2005** (Karlar) Öflugur hópur keppenda mætti nýverið til leiks á bikarmótinu sem haldið varð í Varmá í Mosfellsbæ.
▶ **19.25 Bestu bikarmörkin** (Chelsea The Greatest Games) Glæsilegustu mörkin og eftirminnalegustu tilþrifin úr ensku bikarkeppninni.
**20.20 UEFA Champions League** (Meistaradeildin – Gullleikir)
**22.00 FIFA World Cup Championship 2006** (W1 – Sao Paulo FC)Útsending frá heimsmeistarakeppni félagsliða.

**23.40** Strákarnir í Celtic

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Muppet Christmas Carol **8.00** Beverly Hills Cop **10.00** Dalalíf **12.00** The Banger Sisters **14.00** The Muppet Christmas Carol **16.00** Beverly Hills Cop **18.00** Dalalíf **20.00 The Banger Sisters** (Grúppíurnar) Gamanmynd um tvær vinkonur. **22.00 Dickie Roberts: Former Child Star** (Dickie Roberts: Fyrrum barnastjarna) Gamanmynd með Saturday Night Live-grínistanum David Spade. **0.00** Adventures Of Ford Fairlaine (Str. b. börnum) **2.00** Hav Plenty (Str. b. börnum) **4.00** Dickie Roberts: Former Child Star (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Pop Stars Gone Bad **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** Uncut **21.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **22.00** Party @ the Palms **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Style Star **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** Uncut

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Birmingham – Fulham frá 10.12 **16.00** W.B.A. – Man. City frá 10.12 **18.00** Newcastle – Arsenal frá 10.12

**19.50 Man. Utd. – Wigan (b)**
**19.55 EB 2 Everton – West Ham (b)**
**22.15 Everton – West Ham** Leikur sem fór fram fyrr í kvöld

**0.15** Bolton – Aston Villa frá 10.12 **2.15** Dagskrárlok


# ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?




Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Juan Diego Florez **Sjónvarpið kl.22.40**

## *Perúskur tenórsöngvari*

***Besti ungi tenórinn í heiminum***



Sjónvarpið sýnir í kvöld breskan þátt um perúska tenórsöngvarann Juan Diego Florez sem er ein skærasta stjarnan á óperusviðum heimsins um þessar mundir. Placido Domingo, sem rætt er við í myndinni, gengur svo langt að segja að Florez sé besti ungi tenórinn í heiminum nú um stundir. Í þættinum segir Florez frá söngferli sínum og undraskjótum frama í sönglistinni. Fylgst er með honum á sviði og utan þess í Frakklandi, á Ítalíu og í Perú, meðal annars í móttöku í perúska sendiráðinu í París þar sem hann syngur lög eftir Rossini, Donizetti og Bellini. Eins er hann heimsóttur í hljóðver í Mílanó og til Lecce þar sem hann er við óperuæfingar. Loks er honum fylgt heim til Líma þar sem hann tekur lagið með pabba sínum, segir frá mikilvægi söngsins í perúskri menningu og heldur tónleika í helstu tónlistarhöll borgarinnar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Hermann **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Mike Skinner **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**13.00** *Fréttir*

ÍÞRÓTTAÞÁTTUR

## NFS

**.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**21.10** **Frontline** (Ghosts of Rwanda – Pt. 2)

**22.00** **Fréttir, Íþróttir og veður**

**22.30** **Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.**

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Football: UEFA Cup **13.00** Snooker: UK Championship York **16.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay **16.30** Equestrianism: World Cup Geneva **17.30** Golf: Challenge Tour **18.00** Sailing: Volvo Ocean Race **18.30** All Sports: Wednesday Selection **18.40** Sailing: Inside Alinghi **18.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **19.00** Snooker: UK Championship York **22.00** Football: UEFA Cup **23.00** Curling: European Championship Germany

**BBC PRIME**

**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Daniel Deronda **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** When Changing Rooms Met The Navy **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** A Baby to Save Our Son **21.00** How to Be a Prince **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Coupling **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Renaissance **2.00** Art and Its Histories

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Devils of the Deep **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Megastructures **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Devils of the Deep **20.00** Inside 9/11 **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Wild Indonesia **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Wild Indonesia **2.00** The Snake Buster

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See MTV **14.00** Pimp My Ride **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Switched On MTV **17.00** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** The Trip **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick **0.00** Just See MTV

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **20.30** MTV at the Movies **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** The Fabulous Life of... **0.00** VH1 Hits **5.00** VH1 Hits





**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fá Hjalti Úrsus og Steingrímur Þórðarson en þeir eru með heimildarmynd í bígerð um ævi hins þekkta aflraunamanns Jóns Páls Sigmarssonar.*

**ÞRÍR SPURÐIR** JÓLASVEINARNIR ERU KOMNIR Á KREIK OG ÞVÍ BETRA AÐ HAGA SÉR VEL

# *Hefurðu fengið kartöflu í skóinn?*

### Alveg skelfilegt

Já, ég fékk nú einhvern tíma kartöflu í skóinn og ég man að það var alveg skelfilegt! Ég man ekkert hvað það var sem ég gerði til þess að eiga kartöfluna skilið en það að fá hana fór beint inn í langtímaminnið. Það er sjokkið sem situr eftir og ég held að þetta sé heljarmikið sjokk fyrir barnssálina þó svo að við hinir fullorðnu getum hlegið að þessu.

Pétur Einarsson leikari.



### Var svo góð stelpa

Ekki svo ég muni. Ég held ég hafi bara verið svona rosalega góð stelpa, allavega á meðan ég fékk í skóinn. En ég vissi alltaf af þessum möguleika að ef maður hagaði sér ekki vel gæti einhver laumað ljótri kartöflu í skóinn en ég bara man ekki eftir að hafa orðið fyrir þeim óskunda.

Sessý söngkona.



### Aldrei fengið í skóinn

Nei, ég hef aldrei fengið kartöflu í skóinn því ég hef aldrei fengið í skóinn. Þessi siður tíðkaðist ekki á mínu heimili og ég hef því aldrei upplifað þá angist að finna kartöflu í skónum sínum. Ég man að ég öfundaði nú stundum þá sem fengu í skóinn en það voru alls ekkert allir. Ég held ég hafi ekki hlotið neinn meiriháttar skaða af því að fá ekki í skóinn.

Sif Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri viðburða hjá höfuðborgarstofu.





**LÁRÉTT**
**2** jurt **6** skammstöfun **8** umfram **9** knæpa **11** leita að **12** kryddjurt **14** gjálfra **16** skóli **17** kjökur **18** tímabil **20** klukkan **21** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1** viðartegund **3** guð **4** brá **5** skjön **7** formlaus hrúga **10** tunnu **13** skammstöfun **15** óskipt **16** með öðrum orðum **19** tveir eins.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** gras, **6** eh, **8** auk, **9** krá, **11** gá, **12** kúmen, **14** gutla, **16** ma, **17** vol, **18** öld, **20** kl, **21** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1** tekk, **3** ra, **4** augnlok, **5** ská, **7** hrúgald, **10** ámu, **13** etv, **15** allt, **16** móð, **19** dd.

allt
tilboð
Alla föstudaga



**MARÍA OG SUNNEVA** Þær stöllur standa fyrir sýningu á nýrri íslenskri hönnun sem gengur undir nafninu Kind. Vörurnar eru hannaðar úr íslensku hráefni en saumaðar í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

**KIND:** NÝ ÍSLENSK HÖNNUN LÍTUR DAGSINS LJÓS:

# Eru hvergi smeykar við dýraverndunarsinna

Í dag verður sýning í Héðinsporti á Seljavegi 2 milli klukkan fimm og sjö á nýrri íslenskri hönnun sem gengur undir nafninu Kind. Um er að ræða kvenfatnað og fylgihluti úr íslensku loðskinni sem eiga að gera konum kleift að klæða af sér íslenska veðráttu með glæsilegum hætti. „Þetta er ekki beint tískusýning heldur viljum við fá skemmtilegt fólk til að koma og skoða föt í góðri jólastemningu," segir María Ólafsdóttir en hún hannar fötin ásamt Sunnevu Vigfúsdóttur.

Þær stöllu hafa nú þegar fengið góð viðbrögð við hönnuninni og viðurkennir María að sumt af því sem verður til sýnis í dag hafi þegar verið selt. „Við erum aðallega með mokkajakka og mokkakápur sem við hönnum úr íslensku hráefni," útskýrir hún en efnið er sent til Kína þar sem það er saumað. Vörurnar komu til landsins á föstudaginn og María hafði því í nógu að snúast þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Við höfum verið að þróa sérstakt munstur sem við fundum í bókum hjá Þjóðminjasafninu og handmálum á jakkana," segir María en ennfremur er notað fiskiroð sem þær brydda með auk refaskinns í áhneppalega kraga. „Við viljum gera línuna sérstaka þannig að hún varðveiti hinn íslenska arf," segir hún. „Þetta eru þó ekki einhverjir víkingajakkar heldur eru þeir mjög veraldarvanir samfara því að vera þjóðlegir," útskýrir hún.

María segist ekki óttast dýraverndunarsinna en úti í hinum stóra heimi eru þeir iðulega mættir til að mótmæla notkun dýraskinns í föt. „Ég held að við hugsum öðruvísi hér á landi. Kindinni er líka slátrað til matar þannig að það hlýtur að vera í lagi að nýta skinnið," segir hún og hlær. Spurð hvort þetta væru ekki dýrar flíkur sagði hún að mokkajakkar og kápur kostuðu alltaf einhvern skilding. Þær reyni þó að halda verðinu sem mest niðri. „Íslenskir textíl-og skinnhönnuðir mættu líka fara að mæta meiri skilningi hjá íslenskum stjórnvöldum," segir María.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna voru tilkynntar í gær. Því miður er enginn Íslendingur á meðal hugsanlegra verðlaunahafa en þar með er ekki sagt að við eigum ekki okkar hlut á hátíðinni. Kvikmynd byggð á handriti Richard Curtis, The Girl in the Café, er tilnefnd til tveggja verðlauna en aðalleikararnir Bill Nighy og Kelly Macdonald eru hvort um sig tilnefnd. Myndin gerist á leiðtogafundi átta helstu iðnríkja heims í Reykjavík en mikið fát kom á handritshöfundinn þegar uppgötvaðist að hann hafði sett alþjóðaflugvöllinn í Reykjavík í stað Keflavíkur. Hún var síðan framlag Curtis til Live8-tónleikanna sem ætlað var að þrýsta á iðnríkin til að fella niður skuldir ríkja þriðja heimsins, en það málefni var einnig fyrirferðarmikið í kvikmyndinni sjálfri.



Árlegir jólatónleikar verða á Nasa við Austurvöll miðvikudaginn 21. desember. Að venju eru það rokkhundarnir á X-inu 97,7 sem standa fyrir þessum sérstæðu tónleikum en fjöldi tónlistarmanna mun troða upp og spila jólalög, hver með sínu nefi en meðal þeirra sem koma fram eru Hjálmar, Dr. Spock, Rass, Sign og Brain Police. Allur ágóði af miðasölunni rennur til Foreldrahúss „sem hugsar um mikilvægari hluti en gengi hlutabréfa og sterkt gengi krónunnar," svo vitnað sé beint í fréttatilkynningu útvarpsstöðvarinnar en miðaverð er 977 krónur þó mönnum sé frjálst að borga meira. Þá má einnig finna smá pillu á Pál Magnússon, útvarpsstjóra RÚV, sem nýverið sagði Rás 2 vera eina útvarpsstöðina sem sinnti íslenskri rokktónlist. Segir í fréttatilkynningunni að áhugi hans á jaðartónlist hafi vakið athygli tónlistaráhugamanna út fyrir landsteinana.



STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Skærar stjörnur á landinu í ár

Næsta ár virðist ekki ætla að gefa síðasta ári neitt eftir hvað frægt fólk varðar. Quentin Tarantino mun sem kunnugt er dveljast hér fram yfir áramótin og með honum í för verður þokkagyðjan Vanessa Ferlito. Þó að nafnið hljómi kannski ekki kunnuglega þá er hún rísandi stjarna í kvikmyndaheiminum. Leikkonan hefur verið í föstu hlutverki hjá CSI:New York og hefur auk þess leikið í myndum á borð við 25th Hour og Spiderman 2. Þá mun rapparinn RZA einnig vera hluti af föruneytinu en hann er einhver allra áhrifamesti tónlistamaðurinn í hipphopp heiminum. Góðvinir á borð við Samuel L. Jackson og Michael Madsen eru því miður ekki líklegir til að fylgja með og missa þeir því af sprengjuóðum Íslendingum sem gæti orðið næsta markaðsvaran fyrir ferðamannaiðnaðinn.

Föruneyti Tarantinos verður þó líklega ekki það eina sem sækir landann heim í kringum jólin. Á annan í jólum verður kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip To Heaven, frumsýnd og verður mjög líklega haldin alvöru galasýning í Smárabíó af því tilefni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Sigurjón Sighvatsson, annar framleiðandi myndarinnar, að vinna að því hörðum höndum að fá að minnsta kosti tvær stjörnur úr leikarahópnum en meðal þeirra sem koma til greina eru Julia Stiles, Forest Whitaker, Peter Coyote og Jeremy Renner.

Í febrúar gæti svo dregið til tíðinda aftur þegar kvikmyndin The World's Fastest Indian verður frumsýnd hér á landi. Myndin hefur fengið mjög góða dóma erlendis og eru markaðsmennirnir á fullu við kynna hana fyrir óskarinn en það styttist óðum í að tilnefningarnar verði tilkynntar. Henni er leikstýrt af Roger Donaldsson og leikur sjálfur Anthony Hopkins aðalhlutverkið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú róið að þeim öllum árum að fá leikarann hingað til lands og vera viðstaddan frumsýningu en ljóst er að um gríðarlegan feng væri að ræða ef af yrði.

freyrgigja@frettabladid.is



**TARANTINO OG VANESSA** Leikkonan unga Vanessa og leikstjórinn Tarantino sjást hér saman á tískusýningu sem haldin var fyrr á árinu. Hún hefur hægt og bítandi verið að vinna sig upp í kvikmyndaheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES


Jólagleði!
SPARIÐ 5.000,-
BORÐ + 4 STÓLAR
VERÐ ÁÐUR 54.900,-
49.900,-
„ROYAL" BORÐ + 4 STÓLAR
Glæsilegt, gegnheilt eikarborð ásamt 4 gegnheilum eikarstólum með míkrófíber áklæði. Stærð á borði 180x90 sm. Stækkunarplata: 4.990,- Borð verð: 29.900,- Stóll verð: 7.990,- Borð + 6 stólar verð áður: 64.900,- NÚ 59.900,-
SPARIÐ 10.000
VERÐ ÁÐUR 49.900,-
39.900,-
SPARIÐ 10.000
VERÐ ÁÐUR 46.900,-
36.900,-
VERÐ ÁÐUR 29.900,-
19.900,-
SPARIÐ 10.000
„WILMA" SÓFASETT
Fallegt, mjúkt og brúnt leðursófasett með grófum saumum. Leður á öllum slitflötum. 3ja sæta 210 sm 2ja 170 sm. Stóll st. 118 sm.
990,-
DISKÓ LJÓS
St. 17,5x13 sm.
E12 pera fylgir.
299,-
LAMPI MEÐ KLEMMU
Sniðugur lampi með klemmu. Þessi hentar vel við bókalestur um jólin. Fáanlegur blár, rauður, hvítur og orange. St. 18 x 8 x 12 sm.
690,-
AÐVENTUKRANS
Glæsilegur aðventukrans úr járni með skrautsteinum.
499,-
KASTARI
Glæsilegur kastari úr við og járni. St. 18,5x8,5x12 sm.
1.490,-
3JA LJÓSA KASTARI
Glæsilegur kastari úr við og járni. St. 23,5x23x12sm.
HREIN EFNI
VAREFAKTA SEGIR ALLT UM GÆÐIN
DÖNSK GÆÐAVARA
Koddi
50x70 sm.
5.990,-
16.900,-
„ANDROMEDA" GÆSADÚNSSÆNG
Lúxus gæðadúnssæng fyllt með 600 gr. af kanadískum gæsadún. Sérlega vandað og mjúkt utanyfirver, meðhöndlað með Aloe vera jurtinni, gerir þessa sæng að algjörri draumasæng! Astma- og ofnæmisviðurkennd sæng.
10 STK.
99,-
JÓLAKORT
Falleg jólakort, 10 stk. saman í einum pakka. Tvöföld kort ásamt umslagi.
VERÐ FRÁ:
139,-
FJÖLTENGI
Í miklu úrvali með og án rofa.
VERÐ FRÁ:
129,-
INNI- OG ÚTIJÓLASERÍUR
Litir á inniseríum: rauður, glær og marglit. Litir á útiseríum: rauður, blár, glær og marglit.
20 ljósa innisería 129,-
35 ljósa innisería 199,-
50 ljósa innisería 279,-
100 ljósa innisería 419,-
50 ljósa útisería 590,-
100 ljósa útisería 990,-
160 ljósa grýlukertasería 1.990,-
200 ljósa útisería 1.990,-
400 ljósa útisería 3.990,-
399,-
GRENILENGJA
Fallegar grenilengjur til að skreyta. Lengd 2,7 metrar. Gott verð!
ST. 50 X 70 SM
990,-
„HÖIE WHITE DREAM" KODDI
Fallegur koddi með góðri fyllingu og fallegu áklæði. Fylling: kúlutrefjar. Þyngd: 550g. Áklæði: bómullarcambric. Þolir þvott 60°c
VERÐ ÁÐUR: 7.990,-
5.990,-
FÓTBOLTASPIL
Þetta glæsilega og vandaða fótboltaspil er núna fáanlegt í rúmfatalagernum á frábæru verði. Hentar fyrir 2 eða 4 leikmenn.St. 121,5 x 61 x 79 sm
1.990,-
LÚXUS SATÍN SÆNGURVERASETT
Á frábæru verði! Framleitt úr úrvals 100% bómullarsatíni. Sængurver st. 140x200 sm og koddaver st. 50x70 sm. Fæst í hvítu og bláu.
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





Björgvin Halldórsson
Árogöld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR
1970-2005
Stórkostleg safnplata
í næstu verslun




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Góð og gjafmild þjóð*

Fyrir jólin skrifa pistlahöfundar gjarnan um neysluorgíuna sem þeim þykir kaupmenn efna til á þessum árstíma. Þeim finnst boðskapur jólanna drukkna í kaupgleðinni, allir fá eintómt drasl í jólagjöf og sitja uppi með himinháar skuldir. Þetta ár er engin undantekning og alltaf undrast ég jafnmikið að þeir sem þarna er lýst hafi aldrei orðið á vegi mínum. Vinir mínir gefa aðeins gjafir sem þeir hafa efni á og líta á það sem mikinn munað að geta glatt aðra á þennan hátt. Þetta er líka eini tími ársins sem við leggjum áherslu á að kaupa gjafir handa öðrum en sjálfum okkur. Auðvitað fá flestir gjafir á móti en þar sem við getum aldrei verið viss um að þær verði nákvæmlega það sem okkur langar í er það gleðin sem hlýst af því að gefa sem ræður gerðum okkar.

**KANNSKI** er tilgangur pistlanna sá að sýna að höfundurinn sé yfir svona veraldlegt vafstur hafinn. Hann ætli nú ekki að láta dreifa ösku sinni yfir teppið í Kúnígúnd í von um að geta haldið áfram að fylgjast með nýjasta jólaóróanum frá Georg Jensen eftir andlát sitt. Kannski er þetta leið til að minna á þá sem ekki hafa efni á að kaupa gjafir. Enginn þarf að segja mér neitt um það. Ég bý í næsta nágrenni við Mæðrastyrksnefnd og biðröðin fer ekki fram hjá mér.

**AUÐVITAÐ** er alltaf ástæða til að sýna hófsemi. Því mætti allt eins reka upp sama aðhaldskveinið á sumrin þegar fúlgum er eytt í tjaldvagna og sumarhús með spanplötum. Síðan mætti líka ráðleggja fólki frá því að eyða of miklu í afmælisgjafir. Sums staðar hefur myndast sú hefð að börn bjóði öllum bekknum í veisluna og það getur verið dýrt fyrir barnmarga foreldra.

**EKKI** fyrr eru jólin gengin í garð en fjölmiðlar hætta að reikna út kostnaðinn við gjafmildina og segja frá messum þar sem fólk verður að sitja undir öðrum, slík eru þrengslin. Og við erum alveg til í að sitja undir meðbræðrum okkar. Við erum nefnilega ekki vont fólk. Það eru heldur ekki bara fyrirtækjaforkólfar sem gefa fátækum ávísanir og hangikjötslæri, heldur líka venjulegt fólk sem hefur ekki meira á milli handanna en aðrir. Því finnst bara gaman að gleðja aðra og það er meðal annars það sem jólin ganga út á. ■


VINSÆLASTI HÖFUNDUR Í HEIMI
DAN BROWN



NÝ BÓK Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU EFTIR MEISTARA SPENNUSÖGUNNAR




„SÖGUHEIMURINN ER Í EINU ORÐI SAGT STÓRKOSTLEGUR ... BLEKKINGALEIKUR HÖRKUSPENNANDI SAGA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA SEM MAÐUR GETUR EKKI LÁTIÐ FRÁ SÉR ... ÞETTA ER BÓK SEM MAÐUR GERSAMLEGA GLEYPIR Í SIG. ÞAÐ ER Á HREINU.“
- Örlygur Steinn Sigurjónsson, Morgunblaðið

„SVONA Á AÐ SKRIFA SPENNUSÖGUR. ÞESSA BÓK LEGGURÐU EKKI FRÁ ÞÉR FYRR EN AÐ LESTRI LOKNUM“
- The Washington Post

BJARTUR




YFIR 10.000 EINTÖK SELD

NÝ MYNDSKREYTT ÚTGÁFA

YFIR 25.000 EINTÖK SELD



*60% loftmengunar í Reykjavík er vegna nagladekkja og tjöru!*

VELJIÐ BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKK

15%–20% AFSLÁTTUR NÆSTU DAGA



*Ekki nokkur vafi á að loftbóludekkin frá Bridgestone er ein merkasta nýjung sem fram hefur komið í þróun hjólbarða síðustu árin!*

... segir **Gunni Gunn**, margfaldur Íslandsmeistari í torfæruakstri. Hann hefur um árabil rekið hjólbarðaþjónustu í Keflavík.

**Helstu söluaðilar fyrir BRIDGESTONE:**

**REYKJAVÍK & NÁGRENNI:** ORMSSON, Lágmúla 9, Rvík. • Bílaáttan, Smiðjuvegur 30, Kópav. • Smurstöðin Klöpp, Vegmúli 4, Rvík. • ESSO, Geirsgötu 19, Rvík. • Smur, Bón og Dekk, Sætúni 4, Rvík. • Smur- og dekkjaþj. Breiðholts, Jafnaseli • Hjólbarðaþj. Hjalta, Hjallahr. 4, Hafnarf. **SUÐURNES:** Hjólbarðaþj. Gunna Gunn, Keflavík • Bílaþj. Vitatorg, Sandgerði **VESTMANNAEYJAR:** Áhaldaleigan **VESTUR- & NORÐURLAND:** Hjólbarðaviðgerðin, Akranesi • Bifreiðaþjón. Borgarnesi • Guttormur Sigurðsson, Ólafsvík • Bílagerði, Hvammstanga • Hjólbarðaþj. Óskars, Sauðárkróki • Dekkjahöllin, Akureyri • Bílaleiga Húsavíkur **AUSTURLAND:** BB Ljósaland, Fáskrúðsfirði • B.S. Bílaverkst. Neskaupstað • Bílaverkst. Ásbjörns. Eskifirði

**15%–20% AFSLÁTTUR**

ORMSSON
DEKKJAÞJÓNUSTA • LÁGMÚLA 9
SALA 530-2842 / 896-0578
VERKSTÆÐI 530-2846 / 899-2844